Stjórnartíðindi
2004 - C-deild - C2

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 192, 304, 328, 362, 389, 394, 398, 448, 472, 488, 544, 598, og 606.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

C 2

Nr. 2-73

2004

Efnisyfirlit C 2 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
2	2. feb.	Auglýsing um samning um tilraunasvæði fyrir beitingu sveiganleikaákvæða Kýótó-bókunarinnar að því er varðar orkuverkefni á Eystrasaltssvæðinu	131-140
3	2. feb.	Auglýsing um samning um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Slóveníu og Íslands, Liechtenstein og Noregs	140-158
4	2. mars	Auglýsing um samning á sviði refsiréttar um spillingu	158-175
5	2. mars	Auglýsing um samning um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum	176-183
6	2. mars	Auglýsing um gildistöku samnings um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum	183
7	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu	183
8	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Eistlands	184
9	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lettlands	184
10	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Litháens	184
11	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Rúmeníu	185
12	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Slóvakíu	185
13	2. mars	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Slóveníu	185
14	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	186-187
15	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	188-190
16	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	190-203
17	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	204-208
18	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	208-213
19	1. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	213-217
20	1. apríl	Auglýsing um viðbótarbókun við samning gegn misnotkun lyfja í íþróttum	217-221
21	1. apríl	Auglýsing um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins	222-230
22	4. maí	Auglýsing um samning um þátttöku Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu	231-263

Framhald á 3. kápusíðu.

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 – 2004

2. febrúar 2004 131 Nr. 2

AUGLÝSING

um samning um tilraunasvæði fyrir beitingu sveigjanleikaákvæða Kýótó-bókunarinnar að því er varðar orkuverkefni á Eystrasaltssvæðinu.

Hinn 19. janúar 2004 var finnska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um tilraunasvæði fyrir beitingu sveigjanleikaákvæða Kýótó-bókunarinnar að því er varðar orkuverkefni á Eystrasaltssvæðinu sem gerður var í Gautaborg 29. september 2003. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um tilraunasvæði fyrir beitingu sveigjanleikaákvæða Kýótó-bókunarinnar að því er varðar orkuverkefni á Eystrasaltssvæðinu.

Þar eð ríkisstjórnir landanna á Eystrasaltssvæðinu, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Finnlands, lýðveldisins Íslands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, konungsríkisins Noregs, lýðveldisins Póllands, Rússneska sambandsríkisins, konungsríkisins Svíþjóðar og sambandslýðveldisins Þýskalands, hér á eftir nefndar aðilar, hafa fullgilt rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) og hafa fullgilt eða hafa hafið ferlið við að fullgilda Kýótóbókunina sem samþykkt var á þriðja fundi þings aðila að rammasamningnum,

þar eð orkuráðherrar landanna á Eystrasaltssvæðinu ákváðu, í Vilníus í nóvember árið 2002, að koma á fót tilraunasvæði fyrir alþjóðlegt samstarf um beitingu sveigjanleikaákvæða, eins og sömu ráðherrar höfðu lagt drög að á þingi sínu í Helsinki árið 1999, með það að markmiði að

AGREEMENT
on a Testing Ground for Application of the Kyoto Mechanisms on Energy Projects in the Baltic Sea Region

Whereas the Governments of the countries in the Baltic Sea Region, the Kingdom of Denmark, the Republic of Estonia, the Republic of Finland, the Federal Republic of Germany, the Republic of Iceland, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Kingdom of Norway, the Republic of Poland, the Russian Federation and the Kingdom of Sweden, hereinafter named as the Parties, have ratified the United Nations Framework Convention on Climate Change (UNFCCC) and have ratified or are in the process of ratifying the Kyoto Protocol, adopted by the Conference of the Parties to the UNFCCC at its third session;

Whereas the Ministers of Energy of the Baltic Sea Region decided, in Vilnius in November 2002, to establish the Testing Ground for international cooperation in the use of flexible mechanisms, as envisaged by the same ministers at their Helsinki Conference in 1999, with the

byggja upp færni og hæfni til að beita ákvæðunum um sameiginlega framkvæmd (JI), að stuðla að því að hrinda í framkvæmd vönduðum orkuverkefnum sem leiða til útstreymisminnkunar, að þróa aðferðir og verklagsreglur í samræmi við ákvæði og viðmiðunarreglur Kýótóbókunarinnar, að taka sameiginlega á stjórnsýsluhindrunum og fjárhagslegum hindrunum og að draga úr kostnaði, einkum að því er varðar umfangslítil, sameiginleg framkvæmdarverkefni, að auðvelda myndun, tryggja útgáfu og framsal eininga fyrir minnkun útstreymis (ERU) og eininga úthlutaðs magns (AAU), sem tengjast sameiginlegum framkvæmdarverkefnum eða sem eru sprottnar af þeim, og að hrinda verkefnum skjótt í framkvæmd og bjóða heimildir vegna útstreymisminnkunar með viðeigandi hætti áður en árið 2008 gengur í garð,

þar eð umhverfis- og orkuráðherrar á Norðurlöndunum samþykktu, árið 2000, að vinna að því að koma á fót tilraunasvæði og stofna fjárfestingarsjóð í tengslum við Norræna umhverfissjóðinn (NEFCO) og staðfestu stuðning sinn árið 2001 og þar eð orkuráðherrar á Norðurlöndunum ákváðu, í sama tilgangi, í júní 2002 að koma á laggirnar Tilraunasvæðissjóði,

þar eð aðila, sem getið er í I. viðauka og skuldbundinn er samkvæmt viðauka B við Kýótóbókunina, er heimilt, skv. 6. gr. Kýótóbókunarinnar, að framselja eða afla sér, frá öðrum aðila sem um getur í I. viðauka, eininga fyrir minnkun útstreymis sem rekja má til verkefna sem miða að því að draga úr útstreymi af mannavöldum við upptök eða að nota viðtaka í meira mæli til að fjarlægja mengun í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 3. gr. bókunarinnar,

þar eð aðila, sem getið er í I. viðauka og skuldbundinn er samkvæmt viðauka B við Kýótóbókunina, er heimilt, skv. 17. gr. Kýótóbókunarinnar, að framselja eða afla sér eininga úthlutaðs magns í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 3. gr.,

með sérstakri áherslu á ákvæði 10. og 11. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar um framsal og öflun eininga fyrir minnkun útstreymis eða eininga úthlutaðs magns sem eru sprottnar af sameiginlegri framkvæmd og viðskiptum með útstreymisheimildir,

enn fremur með áherslu á að aðilar að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar urðu ásáttir um meginreglur, aðferðir, ákvæði og viðmiðunarreglur, er varða sveigjanleikaákvæði Kýótóbókunarinnar, á sjöunda þingi aðila í Marakess,

objectives to build capacity and competence to use the Joint Implementation (JI) mechanism, to promote the realisation of high quality projects in the energy sector generating emissions reductions, to develop methods and procedures in conformity with the rules and guidelines of the Kyoto Protocol, to collaborate in addressing administrative and financial barriers, and to minimise transaction costs, especially regarding small scale JI projects, to facilitate generation, ensure issuance and transfer of Emission Reduction Units (ERUs) and Assigned Amount Units (AAUs) related to or accruing from JI projects, and to implement projects early and offer credit for emissions reductions prior to 2008 by appropriate means;

Whereas the Nordic Environment Ministers and Nordic Energy Ministers in 2000 agreed to work for establishment of a Testing Ground and an investment fund in relation to the Nordic Environment Finance Corporation (NEFCO), confirmed their support in 2001 and, for the same purpose, the Nordic Energy Ministers decided in June 2002 to establish a Testing Ground Facility;

Whereas Article 6 of the Kyoto Protocol allows an Annex I Party, with a commitment inscribed in Annex B to the Kyoto Protocol to transfer to or acquire from an other Annex I Party emission reduction units (ERUs) resulting from projects aimed at reducing anthropogenic emissions by sources or enhancing anthropogenic removals by sinks for the purpose of meeting its commitments under Article 3 of the Protocol;

Whereas Article 17 of the Kyoto Protocol allows an Annex I Party with a commitment inscribed in Annex B to the Kyoto Protocol to transfer or acquire Assigned Amount Units (AAUs), for the purpose of fulfilling its commitments under Article 3;

Noting in particular Article 3.10 and 3.11 of the Kyoto Protocol on transfer and acquisition of ERUs or AAUs accruing from the use of Joint Implementation and Emissions Trading;

Further noting that the Parties to the UNFCCC agreed on the principles, modalities, rules and guidelines for the Kyoto Mechanisms at the Seventh Conference of the Parties in Marrakech;

enn fremur með áherslu á mikilvægi þess að uppfylla skuldbindingarnar skv. 5. og 7. gr. Kýótóbókunarinnar,
hafa aðilar að samningi þessum orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „eining úthlutaðs magns": eining, gefin út í innlendri skrá samkvæmt Kýótóbókuninni, sem jafngildir einu tonni koltvísýrings,
2. „BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation)": samstarf á sviði orkumála á Eystrasaltssvæðinu,
3. „svæðishandbók BASREC um verklagsreglur sem gilda um sameiginlega framkvæmd á Eystrasaltssvæðinu": handbók tekin saman vegna BASREC með leiðbeiningum um sameiginleg framkvæmdarverkefni samkvæmt þessum samningi um tilraunasvæði,
4. „eining fyrir minnkun útstreymis": eining, gefin út í innlendri skrá samkvæmt Kýótóbókuninni, sem jafngildir einu tonni koltvísýrings,
5. „heimaaðili": landið þar sem verkefnið er unnið og sem framselur einingar úthlutaðs magns og/eða einingar fyrir minnkun útstreymis,
6. „óháður aðili": aðili sem eftirlitsnefndin, sem fjallað er um í 6. gr. Kýótóbókunarinnar, faggildir til að ákvarða hvort sameiginlegt framkvæmdarverkefni og sú útstreymisminnkun, sem því fylgir, séu í samræmi við kröfur 6. gr. Kýótóbókunarinnar og sannprófa að svo sé. Þar til fyrrnefndir óháðir aðilar hafa verið faggiltir geta aðilar, sem eru faggiltir rekstraraðilar skv. 12. gr. Kýótóbókunarinnar, gegnt hlutverki óháða aðilans að því er þennan samning varðar,
7. „fjárfestingaraðili eða -aðilar": landið eða löndin sem leggja fjármagn til verkefnisins og afla sér eininga úthlutaðs magns og/eða eininga fyrir minnkun útstreymis,
8. „sameiginlegt framkvæmdarverkefni": verkefni sem er unnið í samstarfi eins eða fleiri fjárfestingaraðila og heimaaðilans í því skyni að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og er í samræmi við allar kröfur 6. gr. Kýótóbókunarinnar,
9. „sveigjanleikaákvæði Kýótóbókunarinnar":

Further noting the importance of complying with the obligations under Article 5 and 7 of the Kyoto Protocol;
The Parties to this Agreement have agreed as follows:

Article 1
Definitions.

For the purposes of the present Agreement:

1. "Assigned Amount Unit" means a unit issued in a national registry pursuant to the Kyoto Protocol and is equal to one metric tonne of carbon dioxide equivalent;
2. "BASREC" means Baltic Sea Region Energy Cooperation;
3. "BASREC Regional Handbook on Procedures for Joint Implementation in the Baltic Sea Region" means the handbook developed for BASREC to provide guidance for implementation of JI projects under this Testing Ground Agreement;
4. "Emission Reduction Unit" means a unit issued in a national registry pursuant to the Kyoto Protocol and is equal to one metric tonne of carbon dioxide equivalent;
5. "Host Party" means the country in which the project is implemented and which transfers assigned amount units and/or emission reduction units;
6. "Independent Entity" means an entity accredited by the Kyoto Protocol Article 6 Supervisory Committee to determine and verify whether a JI project and the ensuing reductions in emissions meet the requirements of Article 6 of the Kyoto Protocol. Until such Independent Entities have been accredited, entities accredited as operational entities under Article 12 of the Kyoto Protocol may, for the purpose of this Agreement, fill the functions of an Independent Entity;
7. "Investor Party/Parties" means the country/countries investing in the project and acquiring assigned amount units and/or emission reduction units;
8. "Joint Implementation project" (JI project) means a project implemented jointly by an Investor Party/Parties and a Host Party aimed at reducing emissions of greenhouse gases and that meets all requirements of Article 6 of the Kyoto Protocol;
9. "Kyoto Mechanisms" means the mechanisms

sú framkvæmd sem kveðið er á um í 6. gr. (sameiginleg framkvæmd), 12. gr. (kerfi hreinleikaþróunar) og 17. gr. (viðskipti með útstreymisheimildir) Kýótóbókunarinnar,

10. „Kýótóbókun": Kýótóbókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í hvert sinn sem vísað er til Kýótóbókunarinnar í þessum samningi er einnig vísað til allra viðeigandi ákvarðana, sem samþykktar hafa verið samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni, einkum er varða meginreglur, aðferðir, ákvæði og viðmiðunarreglur um sveigjanleikaákvæði Kýótóbókunarinnar,
11. „lögaðili": hvert félag eða fyrirtæki, í einkaeða ríkiseigu, ríkisstofnun eða stjórnvald,
12. „sannprófun": aðferð sem óháður aðili eða heimaaðili beitir til þess að sannprófa að útstreymisminnkun, sem er sprottin af sameiginlegu framkvæmdarverkefni, sé umfram það sem annars hefði orðið í samræmi við ákvæði 6. gr. Kýótóbókunarinnar.

established under Article 6 (Joint Implementation), Article 12 (Clean Development Mechanism) and Article 17 (Emissions Trading) of the Kyoto Protocol;

10. "Kyoto Protocol" means the Kyoto Protocol to the United Nations Framework Convention on Climate Change (UNFCCC). Whenever Kyoto Protocol is referred to in this Agreement, it also refers to all relevant decisions adopted under the UNFCCC and the Kyoto Protocol, in particular on principles, modalities, rules and guidelines for the Kyoto Mechanisms;
11. "Legal Entity" means any company or corporation, privately or state owned, or government institution or state authority;
12. "Verification" means a procedure where an Independent Entity or a Host Party verifies that reductions in emissions accruing from a JI project are additional to any that would otherwise occur, in accordance with the requirements of Article 6 of the Kyoto Protocol.

2. gr.

Tilraunasvæði við Eystrasalt.

Aðilar hafa orðið ásáttir um að koma á fót tilraunasvæði á Eystrasaltssvæðinu til að afla sér reynslu af og auðvelda sameiginlega framkvæmd skv. 6. gr. og viðskipti með útstreymisheimildir skv. 17. gr. Kýótóbókunarinnar og til að hrinda í framkvæmd verkefnum, sem leiða til útstreymisminnkunar fram að skuldbindingartímabilinu, sem hefst árið 2008, og meðan á því stendur, í því skyni að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum á kostnaðarhagkvæman hátt.

Article 2

Baltic Sea Region Testing Ground.

The Parties agree to establish a Testing Ground for the Baltic Sea Region to gain experience from and facilitate the use of Joint Implementation (JI) under Article 6 and Emissions Trading (ET) under Article 17 of the Kyoto Protocol and to implement projects generating emission reductions prior to and during the commitment period commencing in 2008, in order to reduce anthropogenic emissions of greenhouse gases cost-effectively.

3. gr.

Markmið með samstarfi um tilraunasvæði.

Markmiðin með samstarfi um tilraunasvæði eru, að því er varðar þennan samning, eftirfarandi:

a) að byggja upp færni og hæfni til að beita sveigjanleikaákvæðum Kýótóbókunarinnar og stuðla að sameiginlegum skilningi á hugtökum, ákvæðum og viðmiðunarreglum, er varða beitingu sveigjanleikaákvæða Kýótóbókunarinnar, í því skyni að stuðla að því að hrinda í framkvæmd vönduðum orkuverkefnum sem leiða til útstreymisminnkunar,
b) að afla reynslu í orkugeiranum með sameig-

Article 3

Objectives of Testing Ground Cooperation.

For the purposes of this Agreement, the objectives of Testing Ground Cooperation are:

a) to build capacity and competence to use the Kyoto mechanisms and promote common understanding of concepts, rules and guidelines for use of the flexible mechanisms of the Kyoto Protocol, to promote realisation of high quality projects in the energy sector generating emissions reductions;
b) to gain experience with the Joint

inlegri framkvæmd samkvæmt Kýótóbókuninni, einkum með verkefnum á sviði orkusparnaðar og orkunýtni, með því að skipta yfir í aðrar tegundir eldsneytis til að ná fram orkunýtni eða orkusparnaði og á sviði endurnýjanlegra orkugjafa,

c) að þróa aðferðir og verklagsreglur í samræmi við ákvæði og viðmiðunarreglur Kýótóbókunarinnar í því skyni að tryggja að verkefni séu vönduð í umhverfislegu tilliti,

d) að taka sameiginlega á stjórnsýsluhindrunum og fjárhagslegum hindrunum og draga úr kostnaði, einkum að því er varðar umfangslítil, sameiginleg framkvæmdarverkefni,

e) að auðvelda myndun og tryggja útgáfu og framsal eininga fyrir minnkun útstreymis og eininga úthlutaðs magns sem tengjast eða eru sprottnar af sameiginlegum framkvæmdarverkefnum og viðskiptum með útstreymisheimildir, og

f) að hrinda verkefnum skjótt í framkvæmd og bjóða heimildir vegna útstreymisminnkunar áður en árið 2008 gengur í garð.

Implementation (JI) mechanism under the Kyoto Protocol in the energy sector, especially with projects in the fields of energy saving, energy efficiency, fuel switching in combination with energy efficiency or saving, and renewable energy sources;

c) to develop methods and procedures in conformity with the rules and guidelines of the Kyoto Protocol with a view to ensuring the environmental integrity of projects;

d) to collaborate in addressing administrative and financial barriers and the level of transaction costs, especially regarding small-scale JI projects;

e) to facilitate generation, ensure issuance and transfer of ERUs and AAUs related to or accruing from JI projects and Emissions Trading and

f) to implement projects early and offer credit for emission reductions prior to 2008.

4. gr.

Þátttaka.

Þátttaka í starfsemi á tilraunasvæðinu á Eystrasaltssvæðinu er heimil lögaðilum innan opinbera geirans og einkageirans í ríkjunum á Eystrasaltssvæðinu sem eru aðilar að þessum samningi.

Article 4

Participation.

Participation in the activities on the Testing Ground for the Baltic Sea Region is open to public and private legal entities in Baltic Sea Region States that are Parties to this Agreement.

5. gr.

Framkvæmd verkefna.

Aðilar hvetja fyrirtæki, aðila á sviði iðnaðar, orkuveitur, fjármálastofnanir og svæðis- og staðaryfirvöld til að taka virkan þátt í að finna sameiginleg framkvæmdarverkefni og hrinda þeim í framkvæmd innan marka tilraunasvæðisins. Verkefni af þessu tagi skulu unnin á Eystrasaltssvæðinu.

Til að ýta undir og stuðla að framgangi sameiginlegra framkvæmdarverkefna og til að ná markmiðum þessa samnings er komið á fót Tilraunasvæðissjóði (TGF). Tilraunasvæðissjóðurinn er margþætt tæki sem gerir kleift að fjármagna sameiginleg framkvæmdarverkefni samkvæmt þessum samningi.

Article 5

Project Implementation.

The Parties encourage business, industries, energy utilities, financial institutions, regional and local authorities to take an active role in identification and implementation of Joint Implementation projects within the framework of the Testing Ground. Such projects are to be carried out in the Baltic Sea Region.

In order to foster and contribute to the implementation of JI projects and to fulfil the Objectives of this Agreement, a Testing Ground Facility (TGF) is being established. The Testing Ground Facility will serve as a multilateral financing instrument for JI projects under this Agreement.

6. gr.

Viðmiðanir, samþykki og skráning verkefna.

Öll verkefni, sem er hrint í framkvæmd samkvæmt þessum samningi, skulu unnin á Eystrasaltssvæðinu og hljóta samþykki fjárfestingaraðila og heimaaðila í samræmi við Kýótóbókunina

Article 6

Criteria, Approval and Registration of Projects.

All Projects implemented under this Agreement shall be carried out in the Baltic Sea Region and shall be approved by the Investor Party and Host Party in accordance with the

og viðeigandi ákvæði, ákvarðanir og viðmiðunarreglur samkvæmt henni. Skriflegt samþykki skal annaðhvort gefið út af Tilraunasvæðissjóðnum og heimaaðila eða fjárfestingaraðila, einum eða fleiri, og heimaaðila. Áður en skriflegt samþykki er gefið út skulu eigendur verkefnis sýna fram á hvernig fyrirhugað verkefni stuðlar að því að markmiðunum með tilraunasvæðinu verði náð.

Í samstarfinu á tilraunasvæðinu skal einkum leggja áherslu á verkefni á sviði orkumála sem miða að því að draga úr loftslagsbreytingum, einkum verkefni á sviði orkusparnaðar og orkunýtni, verkefni þar sem skipt er yfir í aðrar tegundir eldsneytis til að ná fram orkunýtni eða orkusparnaði og verkefni á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Tilraunasvæðið skal einnig vera vettvangur verkefna, sem lögaðilar í löndum aðila hrinda í framkvæmd án þess að til komi fjármögnun af hálfu Tilraunasvæðissjóðsins, að því tilskildu að þau samrýmist þessum samningi og stuðli að því að markmiðum hans verði náð með því að taka þátt í að byggja upp færni og skiptast á upplýsingum. Þegar skriflegt samþykki hefur verið gefið út skal skrá verkefni þátttakenda hjá tilraunasvæðisnefndinni sem skal komið á fót skv. 11. gr. þessa samnings.

Til þess er mælst að í öllum verkefnum, sem unnin eru samkvæmt þessum samningi, sé fylgt, eins og hæfa þykir, leiðbeiningunum í svæðishandbók BASREC um verklagsreglur um sameiginlega framkvæmd á Eystrasaltssvæðinu sem var tekin saman vegna tilraunasvæðisins á Eystrasaltssvæðinu.

7. gr.

Fullgilding og sannprófun verkefnis.

Útstreymisminnkun, sem rekja má til verkefnanna, skal sannprófuð í samræmi við Kýótóbókunina og viðeigandi ákvæði, ákvarðanir og viðmiðunarreglur samkvæmt henni. Í sannprófun felst fullgilding þeirrar útstreymisminnkunar sem rekja má til verkefnisins á tilteknu tímabili. Sannprófunin skal fara fram með því að viðhafa aðferðir við sannprófun, sem teknar eru upp samkvæmt Kýótóbókuninni, og skal hún framkvæmd, annaðhvort af óháðum aðila á vegum tilraunasvæðisnefndarinnar eða heimaaðila. Óháður aðili skal sannprófa útstreymisminnkun sem rekja má til verkefna sem unnin eru fyrir fyrsta skuldbindingartímabilið samkvæmt Kýótóbókuninni. Heimaaðila er heimilt að annast sannprófun á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-

Kyoto Protocol and the relevant rules, decisions and guidelines thereunder. A written approval shall be issued either by the Testing Ground Facility and the Host Party or by the Investor Party/Parties and the Host Party. Before a written approval is issued, project owners shall demonstrate how the proposed project will contribute to the objectives of the Testing Ground.

The co-operation within the Testing Ground shall focus on energy-related climate change mitigation projects especially in the fields of energy saving, energy efficiency, fuel switching in combination with energy efficiency or saving and renewable energy sources.

The Testing Ground shall also be open to the projects implemented by legal entities in Parties without financing through the TGF, under the precondition that they are compatible with this Agreement and contribute to the objectives of this Agreement by participating in capacity building and exchange of information. After the written approval has been issued, Participating projects shall be registered with the Testing Ground Committee to be established under Article 11 of this Agreement.

It is recommended that all the projects to be implemented under this Agreement to the extent appropriate follow the guidance given in the BASREC Regional Handbook on Procedures for Joint Implementation in the Baltic Sea Region developed for the Testing Ground of the Baltic Sea Region.

Article 7

Project Validation and Verification.

Emission reductions generated by the projects shall be subject to verification in accordance with the Kyoto Protocol and the relevant rules, decisions and guidelines hereunder. The verification process entails the validation of the amount of the emission reductions generated by the project during a specified time period. Verification shall be carried out pursuant to the verification procedures established under the Kyoto Protocol either by an independent entity under the Testing Ground Committee or by the Host Party. Emission reductions generated by the projects prior to the first commitment period under the Kyoto Protocol shall be verified by an independent entity. Verification by a Host Party may be conducted during the first commitment

bókunarinnar en eftir það að því tilskildu að hann uppfylli hæfiskröfur bókunarinnar og viðeigandi ákvæði, ákvarðanir og viðmiðunarreglur henni samkvæmt.

Hvenær sem heimaaðili á rétt á að sannprófa útstreymisminnkun getur fjárfestingaraðili eða -aðilar engu að síður gert kröfu um að óháður aðili sannprófi útstreymisminnkun.

Aðilar að þessum samningi skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gefa út einingar fyrir minnkun útstreymis og einingar úthlutaðs magns sem eru í samræmi við þá útstreymisminnkun sem sannprófuð hefur verið.

period of the Kyoto Protocol and thereafter provided that the host party meets the eligibility requirements under the Kyoto Protocol and the relevant rules, decisions and guidelines thereunder.

Whenever the Host Party is entitled to verify the emission reductions, the Investor Party/Parties may still require that emission reductions are verified by an independent entity.

The Parties to this Agreement shall undertake the necessary steps for issuance of ERUs and AAUs corresponding to the verified amount of emissions reductions.

8. gr.
Framsal heimilda.

Aðilar skulu tryggja að framsal eininga fyrir minnkun útstreymis og eininga úthlutaðs magns, sem eru sprottnar af verkefnunum, frá heimaaðilanum til fjárfestingaraðilans eða -aðilanna fari fram í tæka tíð og í samræmi við Kýótóbókunina og viðeigandi ákvæði, ákvarðanir og viðmiðunarreglur henni samkvæmt.

Framsal eininga fyrir minnkun útstreymis og eininga úthlutaðs magns, sem sönnur hafa verið færðar á, skal reist á skriflegu samþykki sem heimaaðilinn gefur út skv. 6. gr. þessa samnings.

Heimaaðilinn skal framselja sannprófaðar heimildir, sem eru sprottnar af verkefnunum, til fjárfestingaraðilans eða -aðilanna sem einingar fyrir minnkun útstreymis skv. 6. gr. Kýótóbókunarinnar eða sem einingar úthlutaðs magns skv. 17. gr. sömu bókunar. Stuðla má og að tilurð heimilda, sem má rekja til útstreymisminnkunar, með framvirkri sölu eininga úthlutaðs magns eða eininga fyrir minnkun útstreymis samkvæmt samkomulagi þátttakenda í verkefninu eða því sem þeir gefa til kynna.

Article 8
Transfer of Credits.

The Parties shall ensure the timely transfer of ERUs and AAUs accruing from the projects from the Host Party to the Investor Party/Parties in accordance with the Kyoto Protocol and the relevant rules, decisions and guidelines thereunder.

The transfer of the verified ERUs and AAUs shall be based on the written approval issued by the Host Party under Article 6 of this Agreement.

The Host Party shall transfer the verified amount of credits accruing from the projects to the Investor Party/Parties as ERUs under Article 6 of the Kyoto Protocol or AAUs under Article 17 of the Kyoto Protocol. Credits from emission reductions can also be facilitated through forward sales of AAUs or ERUs as agreed/indicated by the project participants.

9. gr.
Uppbygging færni.

Aðilar eru sammála um að vinna saman að því að byggja upp færni og hæfni að því er varðar sveigjanleikaákvæði Kýótóbókunarinnar, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum, til að greiða fyrir samstarfi á þessu sviði, þ.e. með því að standa fyrir vinnufundum, málþingum og ráðstefnum. Svæðishandbók BASREC um verklagsreglur, sem gilda um sameiginlega framkvæmd á Eystrasaltssvæðinu, hefur verið tekin saman í því skyni að stuðla að sameiginlegum skilningi á hugtökum tengdum sameiginlegri framkvæmd, að ferli sameiginlegra framkvæmdarverkefna og að því að byggja upp færni.

Article 9
Capacity Building.

The Parties agree to work together to build capacity and competence regarding the Kyoto Mechanisms in the public and private sectors to facilitate co-operation in this field, i.e. through arranging workshops, seminars and conferences. The BASREC Regional Handbook on Procedures for Joint Implementation in the Baltic Sea Region has been developed as a contribution to common understanding of JI concepts, the JI project cycle and to capacity building.

10. gr.
Miðlun reynslu.

Aðilar eru hvattir til að miðla upplýsingum og reynslu sem tengist sameiginlegri framkvæmd. Hér er meðal annars um að ræða upplýsingar um ferli sameiginlegra framkvæmdarverkefna, útgáfu heimilda og framsal þeirra. Ár hvert skal skipst á skoðunum og reynslu miðlað um málefni stofnana, aðferðir, stjórnsýsluhindranir og fjárhagslegar hindranir og kostnað í tengslum við sameiginleg framkvæmdaverkefni.

Article 10
Sharing Experience.

The Parties are encouraged to share information and experience of JI activities. Such information should include information relating to the JI project cycle, credit issuance and transfer of credits. Exchange of views and experiences on institutional matters, methodology, administrative and financial barriers as well as transaction costs for JI projects should take place on an annual basis.

11. gr.
Tilraunasvæðisnefnd.

Tilraunasvæðisnefnd skal hafa eftirlit með framvindu starfsemi á tilraunasvæðinu og skal hún skipuð fulltrúum aðila, eigi fleiri en tveimur frá hverjum aðila. Nefndin skal skrá verkefni þátttakenda og leggja sitt af mörkum, undir leiðsögn nefndar háttsettra embættismanna innan orkumálasamstarfsins á Eystrasaltssvæðinu, og eftir því sem við á, til að byggja upp færni ásamt því að miðla reynslu, sem skiptir máli, og dreifa upplýsingum. Nefndin birtir skýrslu um framfarir, framvindu og reynslu, sem skiptir máli, og leggur tillögur um frekari þróun samstarfs á tilraunasvæðinu fyrir nefnd háttsettra embættismanna innan orkumálasamstarfsins á Eystrasaltssvæðinu.

Article 11
A Testing Ground Committee.

The development of testing ground activities will be surveyed by a Testing Ground Committee to be comprised by representatives of Parties with no more than two representatives appointed by each Party. The Committee will register participating projects and under the guidance of the Group of Senior Energy Officials of the Baltic Sea Region Energy Cooperation appropriately contribute to capacity building, sharing of relevant experience and dissemination of information. The Committee reports on progress, development and relevant experience and suggests proposals concerning further development of the testing ground cooperation to the Group of Senior Energy Officials of the Baltic Sea Region Energy Cooperation.

12. gr.
Lausn deilumála.

Öll deilumál, sem varða túlkun eða framkvæmd þessa samnings, skulu leyst með samningaviðræðum milli aðila. Tilraunasvæðisnefndin skal, að beiðni deiluaðila, aðstoða við lausn deilumála.

Article 12
Dispute Settlement.

Any dispute regarding the interpretation or application of this Agreement will be resolved by consultations between the Parties. At the request of the parties to the dispute, the Testing Ground Committee shall provide assistance in the settlement of disputes.

13. gr.
Samþykki til að vera bundinn af samningi þessum.

1. Lýsa ber yfir samþykki til að vera bundinn af samningi þessum með:
   a) undirritun hjá vörsluaðila, eða
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hjá vörsluaðila, eða
   c) því að afhenda vörsluaðila aðildarskjal til vörslu.

Article 13
Consent to be Bound by this Agreement.

1. Consent to be bound by this Agreement shall be expressed by:
   a) signature with the Depositary; or
   b) signature subject to ratification, acceptance or approval followed by the deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval with the Depositary; or
   c) the deposit of an instrument of accession with the Depositary.

2. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar, skv. a- eða b-lið 1. mgr., af hálfu ríkisstjórna konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Finnlands, lýðveldisins Íslands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, konungsríkisins Noregs, lýðveldisins Póllands, Rússneska sambandsríkisins, konungsríkisins Svíþjóðar og sambandslýðveldisins Þýskalands til 31. desember 2003.
3. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar, eftir að hann öðlast gildi, skv. c-lið 1. mgr., af hálfu þeirra ríkisstjórna, er um getur í 2. mgr. og ekki hafa undirritað samninginn, og þeirra aðila að Kýótóbókuninni sem aðilar að þessum samningi samþykkja þegar aðild fer fram. Þátttaka í starfsemi á tilraunasvæðinu hefur hvorki áhrif á rétt þátttakenda til að gera aðra samninga um sveigjanleikaákvæði Kýótóbókunarinnar né á skuldbindingar þátttakenda samkvæmt Kýótóbókuninni.

2. This Agreement shall be open for signature under paragraphs 1 (a) or 1 (b) by the Governments of the Kingdom of Denmark, the Republic of Estonia, the Republic of Finland, the Federal Republic of Germany, the Republic of Iceland, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Kingdom of Norway, the Republic of Poland, the Russian Federation and the Kingdom of Sweden until 31 December 2003.
3. After its entry into force, this Agreement shall be open for accession under paragraph 1 c) by such Governments mentioned in paragraph 2 which have not signed the Agreement, and by such parties to the Kyoto Protocol which are accepted by the Parties to this Agreement at the time of accession. Participation in the Testing Ground does not affect rights of participants to enter into other agreements on the Kyoto Mechanisms, nor does it affect the obligations of Participants under the Kyoto Protocol.

14. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er sex (6) ríkisstjórnir, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., hafa lýst sig samþykkar því að vera bundnar af samningnum. Að því er aðrar ríkisstjórnir varðar skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er viðkomandi ríkisstjórn lýsir sig samþykka því að vera bundin af samningnum.

Article 14
Entry into Force.

This Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the date on which six (6) Governments mentioned in paragraph 2 of Article 13 have expressed their consent to be bound by the Agreement. For any other Government, this Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that Government expresses its consent to be bound by the Agreement.

15. gr.
Breytingar.

Samþykkja ber allar breytingar á þessum samningi og viðbótarbókunum við hann með samhljóða samþykki aðila. Breytingarnar eða viðbótarbókanirnar öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt vörsluaðilanum að þeir hafi lokið formlegri málsmeðferð sem er krafist samkvæmt landslögum þeirra.

Article 15
Amendments.

Any amendments or modifications to this Agreement, and any additional protocol to it, shall be agreed by the consensus of the Parties. The amendments, modifications or additional protocols will enter into force on the 90th day after the date on which all the Parties have notified the Depositary that they have fulfilled the formalities required by national legislation.

16. gr.
Mat, uppsögn og lok.

Aðilar skulu leggja mat á samning þennan eigi síðar en 31. desember 2005. Hafi Kýótóbókunin ekki öðlast gildi þann dag skal samningurinn falla úr gildi án frekari fyrirvara. Hafi Kýótóbók-

Article 16
Evaluation, Withdrawal and Determination.

This Agreement shall be evaluated by the Parties by 31 December 2005. If the Kyoto Protocol has not entered into force by that date, the Agreement shall terminate without any fur-

unin öðlast gildi skal samningurinn falla úr gildi frá og með 31. desember 2012.

Aðila er heimilt að falla frá þessum samningi með því að afhenda vörsluaðila skriflega tilkynningu um uppsögn. Uppsögnin kemur til framkvæmda hundrað og tuttugu (120) dögum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningu um uppsögn viðtöku.

17. gr.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Finnlands er hér með tilnefnd vörsluaðili. Vörsluaðili skal rækja skyldur sínar í samræmi við 77. gr. Vínarsamningsins um alþjóðasamningarétt sem var samþykktur 23. maí 1969.

Gjört í Gautaborg 29. september 2003 í einni frumgerð á ensku.

ther notice. In case the Kyoto Protocol has entered into force, the Agreement shall terminate as of 31 December 2012.

A Party may withdraw from this Agreement by giving written notice of the withdrawal to the Depositary. The withdrawal shall be effective one hundred twenty (120) days after receipt of the notice of withdrawal by the Depositary.

Article 17
Depositary.

The Government of Finland is hereby designated as the Depositary. The Depositary shall fulfill its duties in accordance with Article 77 of the Vienna Convention on the Law of Treaties adopted on 23 May 1969.

Done in Gothenburg on 29 September 2003, in one original version in English.

Nr. 3 2. febrúar 2004

AUGLÝSING

um samning um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Slóveníu og Íslands, Liechtenstein og Noregs.

Samningur um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs, sem gerður var í Brussel 30. janúar 2003, öðlaðist gildi 1. febrúar 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs.

LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA, hér á eftir nefnt Slóvenía, annars vegar og LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN og KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR, hér á eftir sameiginlega nefnd EFTA-ríkin innan EES, hins vegar,

TIL SAMANS nefnd „samningsaðilarnir“ hér á eftir,

HAFA Í HUGA að Slóvenía og EFTA-ríkin innan EES eru bundin sterkum böndum, einkum með fríverslunarsamningnum á milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Slóveníu,

HAFA Í HUGA hin nánu samskipti Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna innan EES vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, sem var undirritaður 2. maí 1992, og að EFTA-ríkin innan EES eru þátttakendur í innri markaðnum og samþykkja og framkvæma þar með löggjöf bandalagsins,

ÞAR EÐ Slóvenía hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu og slík aðild hefur í för með sér skilvirka framkvæmd réttarreglna Evrópubandalagsins,

ÞAR EÐ talið er rétt að þessi samningur um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Slóveníu og EFTA-ríkjanna innan EES, hér á eftir nefndur „samningurinn“, verði jafngildur bókuninni við Evrópusamninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Slóveníu hins vegar um samræmismat og samþykki iðnaðarvara, hér á eftir nefndur „PECA-samningurinn“,

HAFA Í HUGA að á þeim sviðum, sem falla undir þennan samning, eru lög bandalagsins, sem eru einnig tekin upp í EES-samninginn, innleidd efnislega í lög Slóveníu,

HAFA Í HUGA sameiginlegan stuðning sinn við meginreglurnar um frjálsan flutning á vörum og að stuðla að gæðum vöru til að tryggja heilbrigði og öryggi íbúanna og vernd umhverfisins,

AGREEMENT
on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial Products between the Republic of Slovenia and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway

THE REPUBLIC OF SLOVENIA, hereinafter referred to as Slovenia, on the one hand, and the REPUBLIC OF ICELAND, the PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN, and the KINGDOM OF NORWAY, hereinafter when referred to collectively, to be known as the EEA EFTA States, on the other,

TOGETHER hereinafter referred to as the "Parties",

CONSIDERING the close ties that exist between Slovenia and the EEA EFTA States, in particular through the Free Trade Agreement between the EFTA States and the Republic of Slovenia,

CONSIDERING the close relationship between the European Community and the EEA EFTA States through the Agreement on the European Economic Area, hereinafter referred to as the "EEA Agreement", signed on 2 May 1992, and that the EEA EFTA States are integrated into the Internal Market and thereby adopt and implement Community legislation,

WHEREAS Slovenia has applied for membership of the European Union and such membership implies the effective implementation of the *acquis* of the European Community,

WHEREAS it is appropriate to conclude this Agreement on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial products between Slovenia and the EEA EFTA States, hereinafter referred to as the "Agreement", equivalent to the Protocol to the Europe Agreement establishing an Association between the European Communities and their Member States, of the one part, and Slovenia, of the other part, on Conformity Assessment and Acceptance of Industrial Products, hereinafter referred to as the "PECA",

CONSIDERING that, in the sectors covered by this Agreement the Slovenian national law substantially takes over the Community law also incorporated into the EEA Agreement,

CONSIDERING their shared commitment to the principles of free movement of goods and to promoting product quality, so as to ensure the health and safety of their citizens and the protection of the environment,

VILJA með þessum samningi kveða á um gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara, sem uppfylla nauðsynlegar kröfur til að unnt sé að markaðssetja þær á löglegan hátt hjá samningsaðilum, og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats iðnaðarvara sem falla undir EES-löggjöf eða landslög í Slóveníu,

HAFA HUGFAST að tengslin milli EFTA-ríkjanna innan EES, með tilliti til samræmismats, falla undir EES-samninginn,

HAFA HUGFAST hver staða þeirra er sem aðilar að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, einkum að því er varðar skyldur samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir sem er hluti af samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,
HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.
Tilgangur.

1. Tilgangurinn með þessum samningi er að auðvelda Slóveníu annars vegar og einstökum EFTA-ríkjum innan EES hins vegar að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum að því er varðar iðnaðarvörur. Þessu markmiði verður best náð með því að Slóvenía samþykki og komi í framkvæmd innlendum lögum í áföngum, sem jafngilda bandalagslögum sem hafa einnig verið tekin upp í EES-samninginn.
2. Í þessum samningi er kveðið á um:
   a) gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara, sem eru tilgreindar í viðaukunum um gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara, sem uppfylla nauðsynlegar kröfur til að hægt sé að markaðssetja þær á löglegan hátt hjá samningsaðila;
   b) gagnkvæma viðurkenningu niðurstaðna samræmismats á iðnaðarvörum sem falla undir EES-löggjöf og jafngild landslög í Slóveníu, en hvort tveggja er tilgreint í viðaukunum um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
„EFTA-ríkin innan EES“: þeir aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu sem eiga aðild að EES-samningnum, þ.e. Ísland, Liechtenstein og Noregur.

DESIRING to conclude this Agreement providing for the application of the mutual acceptance of industrial products, which fulfil the requirements to be lawfully placed on the market in one of the Parties and of the mutual recognition of the results of conformity assessment of industrial products, which are subject to EEA legislation or Slovenian national law,
BEARING IN MIND that the relations with regard to conformity assessment between the EEA EFTA States are governed by the EEA Agreement,
BEARING IN MIND their status as Contracting Parties to the Agreement establishing the World Trade Organisation and conscious in particular of their obligations under the World Trade Organisation Agreement on Technical Barriers to Trade,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1
Purpose

1. The purpose of this Agreement is to facilitate the elimination by Slovenia, on the one hand, and the individual EEA EFTA States, on the other, of technical barriers to trade in respect of industrial products. The means to this end is the progressive adoption and implementation by Slovenia of national law, which is equivalent to Community law also incorporated into the EEA Agreement.
2. This Agreement provides for:
   a) The mutual acceptance of industrial products, listed in the annexes on mutual acceptance of industrial products, which fulfil the requirements to be lawfully placed on the market in one of the Parties;

   b) The mutual recognition of the results of conformity assessment of industrial products subject to EEA legislation and to the equivalent Slovenian national law, both listed in the annexes on mutual recognition of results of conformity assessment.

Article 2
Definitions

For the purpose of this Agreement,

"EEA EFTA States" means those members of the European Free Trade Association that are Parties to the EEA Agreement, i.e. Iceland, Liechtenstein and Norway.

„Iðnaðarvörur“: vörur eins og tilgreint er í 2. gr.[1] bókunarinnar við Evrópusamninginn um að koma á samstarfi milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og lýðveldisins Slóveníu hins vegar um samræmismat og samþykki iðnaðarvara (PECA).

„EES-löggjöf“: hvers konar löggerningur eða framkvæmdarvenja Evrópubandalagsins sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og síðar breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og gildir um tilteknar aðstæður, áhættu eða flokk iðnaðarvara.

„Landslög í Slóveníu“: hvers konar löggerningur eða framkvæmdarvenja sem nota skal við innleiðingu Slóveníu á lögum bandalagsins og gildir um tilteknar aðstæður, áhættu eða flokk iðnaðarvara.
„Sameiginleg nefnd“: sameiginleg nefnd sem komið er á fót skv. 13. gr. þessa samnings.
Hugtökin, sem eru notuð í þessum samningi, skulu hafa sömu merkingu og þau hafa í EES-löggjöfinni og landslögum Slóveníu.

3. gr.

Gagnkvæmt samþykki iðnaðarvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

2. mars 2004 Nr. 12

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Slóvakíu.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Slóvakíu, sem gerður var í Brussel 26. mars 2003, öðlaðist gildi 27. febrúar 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 41/2003 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

2. mars 2004 Nr. 13

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Slóveníu.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Slóveníu, sem gerður var í Brussel 26. mars 2003, öðlaðist gildi 27. febrúar 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 42/2003 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 11. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2003/835/EB frá 27. nóvember 2003, um niðurfellingu ákvörðunar þar sem aðalframkvæmdastjóra ráðsins er, í tengslum við innfellingu Schengen-gerðanna í ramma Evrópusambandsins, heimilað að koma fram fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja og gera samninga um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs" rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins og reka slíka samninga, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. mars 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 27. nóvember 2003
um niðurfellingu ákvörðunar þar sem aðalframkvæmdastjóra ráðsins er, í tengslum við innfellingu Schengen-gerðanna í ramma Evrópusambandsins, heimilað að koma fram fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja og gera samninga um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs" rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins og reka slíka samninga.
(2003/835/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

á grundvelli 7. gr. bókunar sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins þar sem Schengen-gerðirnar eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Schengen-bókunin"),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun ráðsins 1999/322/EB frá 3. maí 1999[1] var framkvæmdastjóra ráðsins heim-

1 Stjtíð. EB L 123, 13.5.1999, bls. 49.

COUNCIL DECISION
of 27 November 2003
on the repeal of the decision authorising the Secretary-General of the Council in the context of the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union to act as representative of certain Member States for the purposes of concluding contracts relating to the installation and the functioning of the "Help Desk Server" of the Management Unit and of the Sirene Network Phase II and to manage such contracts
(2003/835/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Acting on the basis of Article 7 of the Protocol annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union (hereinafter the Schengen Protocol),

Whereas:

(1) Council Decision 1999/322/EC of 3 May 1999[1] authorised the Secretary-General of

1 OJ L 123, 13.5.1999, bls. 49.

ilað, í tengslum við innfellingu Schengengerðanna í ramma Evrópusambandsins, að koma fram fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja og gera samninga um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs" rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins og reka slíka samninga.

2) Samningurinn, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 1999/322/EB um afhendingu, uppsetningu og rekstur II. áfanga Sirene-netsins og gerður var 23. ágúst 1996 við France Telecom Network Services Belgium (síðar Global One Belgium), féll úr gildi 23. ágúst 2001.
3) Samningurinn, sem gerður var við Digital Equipment SA um rekstur og uppsetningu þjónustuborðs og um getur í 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 1999/322/EB, er einnig fallinn úr gildi.
4) Það eru engin óútkljáð úrlausnarefni eða vanefndar skuldbindingar í tengslum við þessa tvo samninga.
5) Því er ekki lengur nauðsynlegt að framkvæmdastjóri ráðsins hafi með höndum þau verkefni sem honum voru falin með ákvörðun 1999/322/EB.
6) Því ber að fella ákvörðun 1999/322/EB úr gildi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.
Ákvörðun 1999/322/EB falli hér með úr gildi.

2. gr.
1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

R. CASTELLI
forseti.

the Council to act, in the context of the integration of the Schengen acquis within the European Union, as representative of certain Member States for the purposes of concluding contracts relating to the installation and the functioning of the "Help Desk Server" of the Management Unit and of the Sirene Network Phase II and to manage such contracts.
(2) The Agreement referred to in Article 1(1) of Decision 1999/322/EC on the delivery, installation and management of the Sirene Network Phase II, concluded on 23 August 1996 with France Telecom Network Services Belgium (subsequently Global One Belgium), expired on 23 August 2001.
(3) The Agreement concluded with Digital Equipment SA for the operation and setting-up of the Help Desk Server, referred to in Article 1(2) of Decision 1999/322/EC, has also expired.
(4) There are no outstanding issues or obligations arising in respect of these two Agreements.
(5) Accordingly, it is no longer necessary for the Secretary-General of the Council to carry out the tasks assigned to him by Decision 1999/322/EC.
(6) Decision 1999/322/EC should therefore be repealed,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1
Decision 1999/322/EC shall be repealed.

Article 2
1. This Decision shall take effect on the day of its adoption.
2. It shall be published in the Official Journal of the European Union.

Done at Brussels, 27 November 2003.

For the Council

The President
R. Castelli

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 11. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2003/836/EB frá 27. nóvember 2003, um niðurfellingu fjárhagsreglugerðar um fjárhagsáætlunarþáttinn í rekstri framkvæmdastjóra ráðsins á samningum, sem gerðir eru í hans nafni fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja, um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs" rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. mars 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS frá 27. nóvember 2003 um niðurfellingu fjárhagsreglugerðar um fjárhagsáætlunarþáttinn í rekstri framkvæmdastjóra ráðsins á samningum, sem gerðir eru í hans nafni fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja, um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs" rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins.

(2003/836/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af fyrsta málslið annarrar undirgreinar í 1. mgr. 2. gr. bókunar sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins þar sem Schengen-gerðirnar eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins (hér eftir nefnd „Schengen-bókunin"),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun ráðsins 1999/322/EB frá 3. maí 1999[1] var framkvæmdastjóra ráðsins heimilað, í tengslum við innfellingu Schengen-gerðanna í ramma Evrópusambandsins, að koma fram fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja

1 Stjtíð. EB L 123, 13.5.1999, bls. 49.

COUNCIL DECISION of 27 November 2003 on the repeal of the Financial Regulation governing the budgetary aspects of the management by the Secretary-General of the Council, of contracts concluded in his name, on behalf of certain Member States, relating to the installation and the functioning of the "Help Desk Server" of the Management Unit and of the Sirene Network Phase II

(2003/836/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the first sentence of the second subparagraph of Article 2(1) of the Protocol annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union (hereinafter the Schengen Protocol),

Whereas:

(1) Council Decision 1999/322/EC of 3 May 1999[1] authorised the Secretary-General of the Council to act, in the context of the integration of the Schengen acquis within the European Union, as representative of certain

1 OJ L 123, 13.5.1999, p. 49.

og gera samninga um uppsetningu og rekstur „þjónustuborðs“ rekstrardeildarinnar og um II. áfanga Sirene-netsins og að reka slíka samninga.

2) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 1999/322/EB frá 3. maí 1999 var með ákvörðun ráðsins 1989/323/EB frá 3. maí 1999[2] samin fjárhagsreglugerð um fjárhagsáætlunarþáttinn í rekstri aðalframkvæmdastjóra ráðsins á samningum sem gerðir eru í hans nafni fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja.

3) Í þeirri fjárhagsreglugerð var mælt fyrir um nákvæma málsmeðferð við gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar á þeim tekjum og útgjöldum sem nauðsynleg eru til að uppfylla þær skuldbindingar sem leiðir af samningunum sem um getur í ákvörðun 1999/322/EB.

4) Það eru engin óútkljáð úrlausnarefni eða vanefndar skuldbindingar í tengslum við þessa samninga, sem hafa fallið úr gildi.

5) Fulltrúar ríkisstjórna hlutaðeigandi aðildarríkja, sem komu saman í ráðinu, hafa létt af framkvæmdastjóranum ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar sem gerð var samkvæmt ákvörðun 1999/323/EB fyrir árin 1999, 2000 og 2001.

6) Fulltrúar ríkisstjórna hlutaðeigandi aðildarríkja, sem komu saman í ráðinu 8. apríl 2003, felldu úr gildi fjárhagsáætlunina sem komið var á samkvæmt ákvörðun 1999/323/EB fyrir árið 2002.

7) Fulltrúar ríkisstjórna hlutaðeigandi aðildarríkja, sem komu saman í ráðinu 8. apríl 2003, færðu afgang fjárhagsáætlunarinnar frá 2001 yfir á fjárhagsáætlun SISNET fyrir 2002[3].

8) Því ber að fella ákvörðun 1999/323/EB úr gildi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvörðun 1999/323/EB falli hér með úr gildi.

Member States for the purposes of concluding contracts relating to the installation and the functioning of the "Help Desk Server" of the Management Unit and of the Sirene Network Phase II and to manage such contracts.

(2) A Financial Regulation governing the budgetary aspects of the management by the Secretary-General of the Council, of contracts concluded in his name, on behalf of certain Member States, pursuant to Council Decision 1999/322/EC of 3 May 1999, was established by Council Decision 1999/323/EC of 3 May 1999[2].

(3) That Financial Regulation laid down the detailed procedures for the establishment and implementation of the budget dealing with the revenue and expenditure required to meet the obligations arising under the contracts referred to in Decision 1999/322/EC.

(4) There are no outstanding issues or obligations arising in respect of those contracts, which have expired.

(5) Final discharge has been given to the Secretary-General by the representatives of the governments of the Member States concerned, meeting within the Council, in respect of the implementation of the budgets established pursuant to Decision 1999/323/EC for 1999, 2000 and 2001.

(6) The budget established pursuant to Decision 1999/323/EC for 2002 was revoked by the representatives of the governments of the Member States concerned, meeting within the Council, on 8 April 2003.

(7) The balance out-turn of 2001 for this budget was transferred to the SISNET budget[3] for 2002 by the representatives of the governments of the Member States concerned, meeting within the Council, on 8 April 2003.

(8) Decision 1999/323/EC should therefore be repealed,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

Decision 1999/323/EC shall be repealed.

2 Stjtíð. EB L 123, 13.5.1999, bls. 51.
3 Gerð samkvæmt ákvörðun ráðsins 2000/265/EB (Stjtíð. EB L 85, 6.4.2000, bls. 12), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/171/EB (Stjtíð. EB L 69, 13.3.2003, bls. 25).

2 OJ L 123, 13.5.1999, p. 51.
3 Established pursuant to Council Decision 2000/265/EC (OJ L 85, 6.4.2000, p. 12), as last amended by Decision 2003/171/EC (OJ L 69, 13.3.2003, p. 25).

2. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

R. CASTELLI
forseti.

Article 2

1. This Decision shall take effect on the date of its adoption.
2. It shall be published in the Official Journal of the European Union.

Done at Brussels, 27 November 2003.

For the Council

The President
R. Castelli

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 11. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á tilskipun ráðsins nr. 2003/110/EB frá 25. nóvember 2003, um aðstoð vegna gegnumferðar í tengslum við brottflutning flugleiðis, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. mars 2004.

Tilskipunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2003/110/EB
frá 25. nóvember 2003
um aðstoð vegna gegnumferðar í tengslum við brottflutning flugleiðis.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 3. mgr. 63. gr.,

COUNCIL DIRECTIVE 2003/110/EC
of 25 November 2003
on assistance in cases of transit for the purposes of removal by air

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,
Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 63(3)(b) thereof,

með hliðsjón af frumkvæði sambandslýðveldisins Þýskalands,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með gagnkvæmri aðstoð í tengslum við brottflutning er tekið tillit til þess sameiginlega markmiðs að binda enda á ólöglega búsetu ríkisborgara þriðju landa sem skylt er að fari úr landi. Reglur sem eru bindandi fyrir öll aðildarríkin stuðla enn fremur að réttaröryggi og stöðluðum verklagsreglum.

2) Það ágerist mjög að bundinn er endi á búsetu ríkisborgara þriðju landa með því að flytja þá flugleiðis á brott. Þrátt fyrir viðleitni aðildarríkjanna til að nota fyrst og fremst beint flug getur reynst nauðsynlegt að nota tengiflug um gegnumferðarflugvelli annarra aðildarríkja, af fjárhagslegum ástæðum eða vegna ófullnægjandi framboðs á beinu flugi.

3) Í tilmælum ráðsins frá 22. desember 1995 um samstilltar aðgerðir og samstarf við framkvæmd ráðstafana við brottflutning[1] og ákvörðun framkvæmdanefndarinnar frá 21. apríl 1998 um samstarf milli samningsaðila varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa flugleiðis (SCH/Com-ex (98) 10)[2] hefur þegar verið fjallað um þörfina á samstarfi milli aðildarríkjanna að því er varðar brottflutning ríkisborgara þriðju landa.

4) Fullveldisréttur aðildarríkjanna skal vera óbreyttur, einkum að því er varðar beinar þvinganir gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem veita brottflutningi viðnám.

5) Samningurinn frá 14. september 1963 varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum (Tókýó-samningurinn) skal vera óbreyttur, einkum að því er varðar valdheimildir flugstjóra sem hæstráðandi um borð og ábyrgð.

6) Að því er varðar upplýsingar til flugfélaga um framkvæmd brottflutnings, með eða án fylgdar, er vísað til 9. viðauka við samning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) frá 7. desember 1944.

1 Stjtíð. EB C 5, 10.1.1996, bls. 3.
2 Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 193.

Having regard to the initiative of the Federal Republic of Germany,

Having regard to the opinion of the European Parliament,

Whereas:

(1) Mutual assistance for the purposes of removal takes into consideration the common objective of ending the illegal residence of third-country nationals who are the subject of removal orders. Rules binding on all the Member States contribute furthermore to legal certainty and standardisation of procedures.

(2) Removal by air is increasingly gaining in importance for the purpose of terminating the residence of third-country nationals. Despite the efforts of the Member States to give priority to using direct flights, it may be necessary, from an economic viewpoint or insufficient availability of direct flights, to use flight connections via airports of transit of other Member States.

(3) The Council recommendation of 22 December 1995 on concerted action and cooperation in carrying out removal measures[1] and the decision of the Executive Committee of 21 April 1998 on cooperation between the Contracting Parties in returning third-country nationals by air, (SCH/Com-ex (98) 10)[2] already address the need for cooperation between Member States in the field of removal by air of third-country nationals.

(4) The sovereignty of the Member States, particularly with regard to the use of direct force against third-country nationals resisting removal should remain unaffected.

(5) The Convention of 14 September 1963 on Offences and Certain Other Acts committed on board Aircraft (Tokyo Convention), particularly with regard to the on-board powers of the pilot responsible and matters of liability should remain unaffected.

(6) With regard to the briefing of airlines as to how to conduct unescorted and escorted removals, reference is made to Annex 9 to the Convention of the International Civil Aviation Organisation (ICAO) of 7 December 1944.

1 OJ C 5, 10.1.1996, p. 3.
2 OJ L 239, 22.9.2000, p. 193.

7) Aðildarríkin skulu, eins og tilhlýðilegt er, virða mannréttindi og grundvallarréttindi við framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum Genfarsamninginn frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967 og Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í samræmi við gildandi alþjóðlegar skuldbindingar skal ekki óska eftir eða heimila gegnumferð flugleiðis ef ríkisborgari þriðja lands á það á hættu, í þriðja landi sem er ákvörðunar- eða gegnumferðarstaður, ómannúðlega eða auðmýkjandi meðferð, pyntingar eða dauðarefsingu, eða að lífi hans eða frelsi sé ógnað sökum kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna pólitískrar sannfæringar.

8) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið[3].

9) Danmörk tekur ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi tilskipun er byggð á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er tekur til ríkisborgara þriðju landa sem uppfylla ekki eða ekki lengur viðeigandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa hvort hún tekur hana upp í landslög.

10) Að því er lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg varðar telst þessi tilskipun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur

3 Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(7) Member States are to implement this Directive with due respect for human rights and fundamental freedoms, in particular the Geneva Convention relating to the status of refugees of 28 July 1951, as amended by the New York Protocol of 31 January 1967 and the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms. In accordance with the applicable international obligations, transit by air should be neither requested nor granted if in the third country of destination or of transit the third-country national faces the threat of inhumane or humiliating treatment, torture or the death penalty, or if his life or liberty would be at risk by reason of his/her race, religion, nationality, membership of a particular social group or political conviction.

(8) The measures necessary for the implementation of this Directive should be adopted in accordance with Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission[3].

(9) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Directive, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Directive builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of part Three of the Treaty establishing the European Community to the extent that it applies to third-country nationals who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, in accordance with Article 5 of the abovementioned Protocol, Denmark is to decide within a period of six months after the Council has adopted this Directive, whether it will implement it in its national law or not.

(10) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Directive constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 by

3 OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4] að því er tekur til ríkisborgara þriðju landa sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur viðeigandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í C-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag við beitingu þess samnings[5].

11) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, taka þessi ríki ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar og eru því ekki bundin af henni eða beitingu hennar, sbr. þó 4. gr þeirrar bókunar.

12) Þessi tilskipun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari tilskipun er að skilgreina ráðstafanir í tengslum við gagnkvæma aðstoð lögbærra yfirvalda á gegnumferðarflugvöllum aðildarríkjanna að því er varðar brottflutning flugleiðis, með eða án fylgdar.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ríkisborgari þriðja lands“: einstaklingur sem er ekki ríkisborgari aðildarríkis Evrópusambandsins, lýðveldisins Íslands eða konungsríkisins Noregs,

b) „aðildarríki sem leggur fram beiðni“: aðildarríki sem framfylgir brottflutningsúrskurði að því er varðar ríkisborgara þriðja lands og óskar eftir gegnumferð um gegnumferðarflugvöll annars aðildarríkis,

c) „aðildarríki sem beiðni er beint til“ eða „aðildarríki sem farið er gegnum“: aðildar-

4 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
5 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of these two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[4], to the extent that it applies to third-country nationals who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, which fall within the area referred to in Article 1, point C, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

(11) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on the European Union and to the Treaty establishing the European Community, these Member States are not taking part in the adoption of this Directive and therefore, subject to Article 4 of that Protocol, are not bound by it or subject to its application.

(12) This Directive constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

Article 1

The purpose of this Directive is to define measures on assistance between the competent authorities at Member State airports of transit with regard to unescorted and escorted removals by air.

Article 2

For the purposes of this Directive:

(a) "third-country national" means any person who is not a national of a Member State of the European Union, the Republic of Iceland or the Kingdom of Norway;

(b) "requesting Member State" means the Member State which enforces a removal order in respect of a third-country national and requests transit via the airport of transit of another Member State;

(c) "requested Member State" or "transit Member State" means the Member State via

4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

ríkið þar sem flugvöllurinn, sem gegnumferðin fer um, er,

d) „fylgd“: allir einstaklingar frá aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, sem bera ábyrgð á að fylgja ríkisborgara þriðja lands, þ.m.t. einstaklingar sem bera ábyrgð á læknishjálp og túlkar,

e) „gegnumferð flugleiðis“: flutningur ríkisborgara þriðja lands og, ef þörf krefur, fylgdarmanns gegnum flugvallarsvæði aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, í tengslum við brottflutning flugleiðis.

3. gr.

1. Aðildarríki, sem óskar eftir að endursenda ríkisborgara þriðja lands flugleiðis, skal kanna hvort kostur sé á beinu flugi til ákvörðunarlandsins.

2. Ef aðildarríki, sem óskar eftir að endursenda ríkisborgara þriðja lands flugleiðis, á ekki kost á beinu flugi til ákvörðunarlandsins af rökstuddum, hagnýtum ástæðum getur það lagt fram beiðni um gegnumferð um annað aðildarríki flugleiðis. Ekki skal, að meginreglu til, sækja um gegnumferð flugleiðis ef ráðstafanir til brottflutnings útheimta að skipt sé um flugvöll innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem beiðni er beint til.

3. Með fyrirvara um skuldbindingarnar í 8. gr. er aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, heimilt að synja gegnumferðar flugleiðis ef:

   a) ríkisborgari þriðja lands er ákærður fyrir refsiverðan verknað samkvæmt innlendri löggjöf aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, eða óskast framseldur til að fullnægja dómi,

   b) gegnumferð um önnur ríki eða viðtaka í ákvörðunarlandinu er ekki gerleg,

   c) skipta þarf um flugvöll á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, vegna viðkomandi brottflutnings,

   d) ómögulegt er að verða við beiðni um aðstoð á tiltekinni stundu af hagnýtum ástæðum, eða

   e) ríkisborgari þriðja lands skapar hættu fyrir allsherjarreglu, almannaöryggi, lýðheilsu eða alþjóðasamskipti í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til.

4. Ef ákvæði d-liðar 3. mgr. eiga við skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um dag sem er eins nálægt deginum, sem upprunalega var óskað eftir, og unnt er, þar sem hægt er að

whose airport of transit the transit is to be effected;

(d) "escort" means all persons from the requesting Member State responsible for accompanying the third-country national, including persons responsible for medical care and interpreters;

(e) "transit by air" means the passage of the third-country national and, if necessary, the escort through the area of the airport of the requested Member State for the purposes of removal by air.

Article 3

1. A Member State wishing to return a third-country national by air shall examine whether it is possible to use a direct flight to the country of destination.

2. If a Member State wishing to return a third-country national cannot for reasonable practical circumstances use a direct flight to the country of destination, it can request transit by air via another Member State. An application for transit by air shall in principle not be made if the removal measure requires a change of airport on the territory of the requested Member State.

3. Without prejudice to the obligations of Article 8, the requested Member State may refuse transit by air if:

   (a) the third-country national under national legislation in the requested Member State is charged with criminal offences or is wanted for the carrying out of a sentence;

   (b) transit through other States or admission by the country of destination is not feasible;

   (c) the removal measure requires a change of airport on the territory of the requested Member State;

   (d) the requested assistance is impossible at a particular moment for practical reasons, or

   (e) the third-country national will be a threat to public policy, public security, public health or to the international relations of the requested Member State.

4. In the case of paragraph 3(d), the requested Member State shall as quickly as possible inform the requesting Member State of a date as close as possible to the originally requested date on which transit by air may be assist-

veita aðstoð við gegnumferð flugleiðis ef öðrum skilyrðum er fullnægt.

5. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur afturkallað áður útgefna heimild til gegnumferðar flugleiðis ef síðar koma í ljós aðstæður eins og fjallað er um í 3. mgr. sem réttlæta synjun á gegnumferð.

6. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um að heimild til gegnumferðar flugleiðis hafi verið synjað eða hún afturkölluð skv. 3. eða 5. mgr. eða um aðrar ástæður fyrir því að gegnumferð er ekki möguleg, og skal gefa skýringar á því.

4. gr.

1. Aðildarríki skal leggja fram skriflega beiðni um gegnumferð flugleiðis, með eða án fylgdar, og tilheyrandi ráðstafanir til aðstoðar skv. 1. mgr. 5. gr.
   Hún skal berast aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en tveimur dögum fyrir gegnumferð. Heimilt er að víkja frá þessum tímamörkum í sérstaklega áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.
2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um ákvörðun sína innan tveggja daga. Heimilt er að framlengja þennan frest um 48 klst. að hámarki, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Ekki skal hefja gegnumferð flugleiðis án samþykkis aðildarríkisins sem beiðni er beint til.
   Þegar aðildarríkið, sem beiðni er beint til, veitir engin svör innan frestsins sem um getur í fyrstu undirgrein, er heimilt að hefja gegnumferðina eftir tilkynningu frá aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni.
   Aðildarríkin geta ákveðið, á grundvelli tvíhliða eða marghliða samninga eða fyrirkomulags, að hefja megi gegnumferð eftir tilkynningu frá aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni.
   Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um samningana eða fyrirkomulagið sem um getur í þriðju undirgrein. Framkvæmdastjórnin skal reglulega skila skýrslu til ráðsins um slíka samninga og fyrirkomulag.
3. Við meðferð beiðna skv. 1. mgr. skal framsenda til aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, upplýsingar á því eyðublaði sem skal nota

ed, in so far as the other conditions are complied with.

5. Authorisations for transit by air which have already been issued may be revoked by the requested Member State if circumstances within the meaning of paragraph 3 subsequently come to light, justifying a refusal of the transit.

6. The requested Member State shall inform the requesting Member State forthwith of the refusal or revocation of a transit by air authorisation under paragraph 3 or 5 or of any other reason why the transit is not possible, and shall provide an explanation of the reasons.

Article 4

1. The request for escorted or unescorted transit by air and the associated assistance measures under Article 5(1) shall be made in writing by the requesting Member State.
   It shall reach the requested Member State as early as possible, and in any case no later than two days before the transit. This time limit may be waived in particularly urgent and duly justified cases.

2. The requested Member State shall inform the requesting Member State forthwith of its decision within two days. This time limit may be extended in duly justified cases by a maximum of 48 hours. Transit by air shall not be started without the approval of the requested Member State.

   Where no reply is provided by the requested Member State within the deadline referred to in the first subparagraph, the transit operations may be started by means of a notification by the requesting Member State.
   Member States may provide on the basis of bilateral or multilateral agreements or arrangements that the transit operations may be started by means of a notification by the requesting Member State.
   Member States shall notify the Commission regarding the agreements or arrangements referred to in the third subparagraph. The Commission shall regularly report to the Council on such agreements and arrangements.
3. For the purposes of dealing with the request under paragraph 1, the information on the form to be used for requesting and authoris-

þegar óskað er eftir gegnumferð flugleiðis eða hún heimiluð í samræmi við viðaukann.

Grípa skal til nauðsynlegra ráðstafana til að uppfæra og aðlaga beiðnina um gegnumferð eins og sett er fram í viðaukanum sem og aðferðir við sendingu hennar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

4. Að því er varðar beiðni um gegnumferð skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, veita aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, upplýsingarnar sem kveðið er á um í viðaukanum.
5. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna miðlægt yfirvald sem tekur við beiðnum skv. 1. mgr.

Miðlægu yfirvöldin skulu tilnefna tengiliði fyrir alla viðkomandi gegnumferðarflugvelli sem hægt er að hafa samband við á meðan á gegnumferðinni stendur.

5. gr.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gegnumferðin taki eins skamman tíma og auðið er.
   Gegnumferðin skal ekki taka lengri tíma en 24 klst.
2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal með fyrirvara um gagnkvæmt samráð við aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, veita, með þeim ráðum sem tiltæk eru og í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla, alla nauðsynlega aðstoð frá því að loftfarið lendir og dyr þess opnast þar til brottför ríkisborgara þriðja landsins hefur verið staðfest. Gagnkvæmt samráð er þó ekki nauðsynlegt í tilvikum sem um getur í b-lið.
   Þá er einkum átt við eftirfarandi tegundir aðstoðar:
   a) að taka á móti ríkisborgara þriðja lands við loftfarið og fylgja honum innan svæðis gegnumferðarflugvallarins, einkum í tengiflug hans,
   b) að veita ríkisborgara þriðja lands og, ef þörf krefur, fylgdarmanni hans læknishjálp í neyð,
   c) að sjá ríkisborgara þriðja lands og, ef þörf krefur, fylgdarmanni hans fyrir mat og drykk,
   d) að taka við, geyma og framsenda ferðaskilríki, einkum þegar um er að ræða brottflutning án fylgdar,
   e) þegar um er að ræða gegnumferð án

ing transit by air in accordance with the Annex shall be forwarded to the requested Member State.
The measures necessary for the update and the adjustment of the transit request as set out in the Annex as well as the methods of its transmission shall be taken in accordance with the procedure referred to in Article 9(2).

4. With respect to any request for transit, the requesting Member State shall provide the requested Member State with the details as provided for in the Annex.
5. The Member States shall each appoint a central authority to which requests under paragraph 1 are to be sent.
   The central authorities shall appoint contact points for all the relevant airports of transit who can be contacted throughout the transit operations.

Article 5

1. The requesting Member State shall take appropriate arrangements to ensure that the transit operation takes place in the shortest possible time.
   The transit operation shall take place at a maximum within 24 hours.
2. The requested Member State, subject to mutual consultations with the requesting Member State within available means and in compliance with relevant international standards, shall provide all the assistance measures necessary from landing and the opening of the aircraft doors until it is ensured that the third-country national has left. However, mutual consultations are not required in the cases referred to in point (b).
   This relates to the following assistance measures in particular:
   (a) meeting the third-country national at the aircraft and escorting him/her within the confines of the transit airport, in particular to his/her connecting flight;
   (b) providing emergency medical care to the third-country national and, if necessary, his/her escort;
   (c) providing sustenance for the third-country national and, if necessary, his/her escort;
   (d) receiving, keeping and forwarding travel documents, particularly in the case of unescorted removals;
   (e) in cases of unescorted transit, informing

fylgdar, að tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um brottfararstað og -tíma ríkisborgara þriðja lands frá yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis,

f) að tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, ef alvarleg óhöpp verða við gegnumferð ríkisborgara þriðja lands.

3. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur í samræmi við innlend lög:
   a) komið ríkisborgara þriðja lands fyrir og fengið honum gistingu á öruggum stað,
   b) notað lögmæt úrræði til að koma í veg fyrir eða binda enda á að ríkisborgari þriðja ríkis veiti gegnumferðinni viðnám.
4. Með fyrirvara um 1. mgr. 6. gr. getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, í þeim tilvikum þegar ekki tekst að ljúka gegnumferðinni þrátt fyrir veitta aðstoð sbr. 1. og 2. mgr., gripið til nauðsynlegra ráðstafana og veitt aðstoð við að halda gegnumferðinni áfram, að beiðni aðildarríkisins sem leggur fram beiðni og að höfðu samráði við það.

   Í slíkum tilvikum er heimilt er að framlengja frestinn sem um getur í 1. mgr. um 48 klst. að hámarki.
5. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, sem bera ábyrgð á ráðstöfununum, skulu ákvarða eðli og umfang aðstoðarinnar sem er veitt skv. 2., 3. og 4. mgr.

6. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal bera kostnað af þjónustu veittri í samræmi við b- og c-lið 2. mgr.
   Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal einnig bera annan kostnað að því marki sem hann er raunverulegur og mælanlegur.
   Aðildarríkin skulu veita fullnægjandi upplýsingar að því er varðar viðmiðanir við að meta kostnað sem um getur í annarri undirgrein.

6. gr.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal skuldbinda sig til að taka aftur við ríkisborgara þriðja lands umsvifalaust ef:
   a) heimild til gegnumferðar flugleiðis var afturkölluð eða henni synjað skv. 3. eða 5. mgr. 3. gr.,
   b) ríkisborgari þriðja lands kom án heimildar inn í aðildarríkið, sem beiðni er beint til, við gegnumferðina,
   c) brottflutningur ríkisborgara þriðja lands

the requesting Member State of the place and time of departure of the third-country national from the territory of the Member State concerned;

(f) informing the requesting Member State if any serious incidents took place during the transit of the third-country national.

3. The requested Member State may, in accordance with its national law:
   (a) place and accommodate the third-country nationals in a secure facility;
   (b) use legitimate means to prevent or end any attempt by the third-country national to resist the transit.
4. Without prejudice to Article 6(1), in cases where the completion of transit operations cannot be ensured, despite the assistance provided for in accordance with paragraphs 1 and 2, the requested Member State may, upon request by and in consultation with the requesting Member State, take all the necessary assistance measures to continue the transit operation.
   In such cases, the time limit referred to in paragraph 1 may be extended by a maximum of 48 hours.
5. The competent authorities of the requested Member State with whom responsibility for the measure lies shall decide the nature and extent of the assistance afforded under paragraphs 2, 3 and 4.
6. The costs of the services provided according to paragraph 2(b) and (c) shall be borne by the requesting Member State.
   The remaining costs shall also be borne by the requesting Member State to the extent that they are actual and quantifiable.
   Member States shall provide appropriate information with regard to the criteria of quantification of the costs referred to in the second subparagraph.

Article 6

1. The requesting Member State shall undertake to readmit the third-country national forthwith if:
   (a) the transit by air authorisation was refused or revoked under Article 3(3) or (5);
   (b) the third-country national entered the requested Member State without authorisation during the transit;
   (c) removal of the third-country national to

til gegnumferðar um annað land eða til ákvörðunarlandsins reyndist árangurslaus eða viðkomandi fór ekki um borð í tengiflugið, eða

d) gegnumferð flugleiðis er ekki möguleg af öðrum ástæðum.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal aðstoða við endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, í tilvikum sem um getur í 1. mgr. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal greiða kostnað við endursendingu ríkisborgara þriðja lands.

7. gr.

1. Við gegnumferð takmarkast vald fylgdarmanns við sjálfsvörn. Ef ekki eru til staðar lögreglumenn frá aðildarríkinu, sem farið er um, er fylgdarmönnum auk þess heimilt að bregðast við bráðri og alvarlegri hættu og grípa til réttmætra ráðstafana eins og efni standa til og aðstoða lögreglumennina við að koma í veg fyrir að ríkisborgari þriðja lands komist undan, skaði sjálfan sig eða þriðja aðila eða valdi eignatjóni.

   Í öllum tilvikum skulu fylgdarmenn uppfylla lagaákvæði aðildarríkisins sem beiðni er beint til.

2. Fylgdarmenn skulu ekki bera vopn á meðan á gegnumferð flugleiðis stendur og skulu vera borgaralega klæddir. Þeir skulu framvísa viðeigandi persónuskilríkjum, þ.m.t. heimild til gegnumferðar frá aðildarríkinu sem farið er um eða, eftir því sem við á, tilkynning sem um getur í 2. mgr. 4. gr. að ósk aðildarríkisins sem beiðni er beint til.

8. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York bókuninni frá 31. janúar 1967, alþjóðasamningum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og alþjóðasamningum um framsal á fólki.

9. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

another transit country or to the country of destination, or boarding of the connecting flight, was unsuccessful; or

(d) transit by air is not possible for another reason.

2. The requested Member State shall assist with the readmission of the third-country national to the requesting Member State in the cases referred to in paragraph 1. The requesting Member State shall bear the costs incurred in returning the third-country national.

Article 7

1. When carrying out the transit operation, the powers of the escorts shall be limited to self-defence. In addition, in the absence of law-enforcement officers from the transit Member State or for the purpose of supporting the law-enforcement officers, the escorts may use reasonable and proportionate action in response to an immediate and serious risk to prevent the third-country national from escaping, causing injury to himself/herself or to a third party, or damage to property.
   Under all circumstances escorts must comply with the legislation of the requested Member State.
2. Escorts shall not carry weapons during transit by air and shall wear civilian clothes. They shall provide means of appropriate identification, including the transit authorisation delivered by the transit Member State, or where applicable, the notification referred to in Article 4(2), at the request of the requested Member State.

Article 8

This Directive shall be without prejudice to the obligations arising from the Geneva Convention relating to the status of refugees of 28 July 1951, as amended by the New York Protocol of 31 January 1967, from international conventions on human rights and fundamental freedoms and from international conventions on the extradition of persons.

Article 9

1. The Commission shall be assisted by a committee.
2. Where reference is made to this paragraph, Articles 5 and 7 of Decision 1999/468/EC shall apply.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli fyrir 6. desember 2005 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
   Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Ákvörðun framkvæmdanefndarinnar frá 21. apríl 1998 um samstarf milli samningsaðilanna í málum er varða endursendingu útlendinga flugleiðis (SCH/Com-ex (98) 10) falli úr gildi.

12. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. TREMONTI
forseti.

The period laid down in Article 5(6) of Decision 1999/468/EC shall be set at one month.

3. The Committee shall adopt its Rules of Procedure.

Article 10

1. Member States shall bring into force the laws, regulations and administrative provisions necessary to comply with this Directive before 6 December 2005. They shall forthwith inform the Commission thereof.
   When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.
2. Member States shall communicate to the Commission the text of the main provisions of national law which they adopt in the field covered by this Directive.

Article 11

The Decision of the Executive Committee of 21 April 1998 on cooperation between the Contracting Parties in returning foreign nationals by air (SCH/Com-ex (98) 10) shall be repealed.

Article 12

This Directive shall enter into force on the day of its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 13

This Directive is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 25 November 2003.

For the Council

The President
G. Tremonti

VIÐAUKI

1. Beiðni um gegnumferð í tengslum við brottflutning flugleiðis
(í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 2003/110/EB frá 25. nóvember 2003 um aðstoð vegna gegnumferðar í tengslum við brottflutning flugleiðis (Stjtíð. EB L 321, 6.12.2003, bls. 26).

(Yfirvald sem leggur fram beiðni) Yfirvald: _____ Heimilisfang: _____ _____	Staður/Dags.: _____ Sími/bréfasími/tölvupóstur: _____ Nafn yfirmanns: _____ Undirskrift: _____

(Yfirvald sem beiðni er beint til) Yfirvald: _____ Heimilisfang: _____ _____

Almennar upplýsingar um ríkisborgara þriðja lands sem beiðnin um gegnumferð varðar

Beiðni nr.:	Kenninafn	Eiginnafn	kk/kvk	Fæðingar-dagur og -ár	Fæðingar-staður	Ríkisfang	Ferðaskilríki nr./tegund/gildis-tími	Númer vegabréfsáritana sem þriðja land hefur gefið út (ef þess er óskað)
1								
2								

Upplýsingar um flug

Flugnúmer	frá	Brottfarardagur	kl.	til	Komudagur	kl.

ANNEX

1. Transit request for the purposes of removal by air
(in accordance with Article 4 of Council Directive 2003/110/EC of 25 November 2003 on assistance in cases of transit for the purposes of removal by air (OJ L 321, 6.12.2003, p. 26).

(Requesting unit) Authority: _____ Address: _____ _____	Place/Date.: _____ Telephone/fax/e-mail: _____ Name of officer: _____ Signature: _____

(Requested unit) Authority: _____ Address: _____ _____

General information on third-country national whom the transit request concerns

Request No:	Surname	First name	m/f	Date of birth	Place of birth	Nationality	Travel document No/Type/Validity	Number of visa delivered by a third country (if required)
1								
2								

Flight details

Flight No	From	Departure date	Time	To	Arrival date	Time

Sérstakar upplýsingar

Hefur ríkisborgari þriðja lands fylgdarmann?	☐ já	☐ nei	Nafn og staða: .....
Er mælt með lögreglufylgd á flugvellinum?	☐ já	☐ nei	
Er þörf á læknishjálp?	☐ já	☐ nei	Ef já, tilgreinið: .....
Þekktir smitandi sjúkdómar? (*)	☐ já	☐ nei	Ef já, tilgreinið: .....
Hafa áður verið gerðar árangurslausar tilraunir til brottflutnings?	☐ já	☐ nei	Ef já, tilgreinið ástæður: .....

Frekari athugasemdir

ATH: Þegar beiðnin var lögð fram voru engar kunnar forsendur fyrir synjun skv. 3. og 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/110/EB.

Ákvörðun yfirvaldsins sem beiðni er beint til

Gegnumferðin er heimiluð. ☐

Gegnumferðin er ekki heimiluð. ☐

Forsendur:

(nafn/undirskrift/dags.)

(*) Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við gildandi landslög eða þjóðarétt.

Particular information

Is the third-country national accompanied by an escort?	☐ yes ☐ no	Names and functions: ....
Is the presence of a pollice escort at the airport reccomended?	☐ yes ☐ no	
Is medical care required?	☐ yes ☐ no	If so, specify: ....
Contagious identifiable diseases? (*)	☐ yes ☐ no	If so, specify: ....
Previous unsuccessful attempts at removal?	☐ yes ☐ no	If so, state reasons: ....

Further comments

_____

_____

NB: At the time the request was made, no grounds for refusal under Article 3(3) and (5) of Directive 2003/110/EC were known.

Decision of the requested unit

The transit is authorised. ☐

The transit is not authorised. ☐

Grounds:

_____

_____

_____

(Name/Signature/Date)

(*) This information shall be provided in accordance with the applicapble national or international law.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 12. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/15/EB frá 22. desember 2003, um breytingu á lið 1.2 í II. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa og gerð nýs viðauka við þau, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 12. mars 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 22. desember 2003
um breytingu á lið 1.2 í II. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa og gerð nýs viðauka við þau.
(2004/15/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 789/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði við meðferð umsókna um vegabréfsáritun[1],

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Frakklands,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og sakir standa eru möguleikar aðildarríkis til að njóta fyrirsvars annars aðildarríkis í þriðja landi, eins og kveðið er á um í lið 1.2 í II. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa, takmarkaðir og eiga einungis við ef aðildarríkið, sem óskar þess, nýtur ekki fyrirsvars í því þriðja landi.

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 2.

COUNCIL DECISION
of 22 December 2003
amending point 1.2 of Part II of the Common Consular Instructions and drawing up a new Annex thereto
(2004/15/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 789/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for examining visa applications[1],

Having regard to the initiative of the French Republic,

Whereas:

(1) The possibility of a Member State being represented by another Member State in a third country, as provided for in point 1.2 of Part II of the Common Consular Instructions (CCI), is currently confined to situations where the Member State asking to be represented has no representation in that third country.

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 2.

2) Mikil fjölgun umsókna um vegabréfsáritanir til Schengen-svæðisins hefur leitt til þess að aðildarríkin þurfa að hafa með sér samvinnu um aðferðir við útgáfu samræmdra vegabréfsáritana í þriðju löndum og að samræma og hagræða í staðsetningu skrifstofa þar sem umsóknir um vegabréfsáritanir koma til meðferðar. Jafnvel þótt aðildarríki njóti þegar fyrirsvars í þriðja landi virðist nauðsynlegt að aðildarríki eigi kost á að njóta fyrirsvars annars aðildarríkis í því þriðja landi, með fyrirvara um sanngjarna skiptingu milli aðildarríkjanna.

3) Þar að auki er rétt að gera nýjan viðauka við sameiginlegu fyrirmælin til sendiráða og ræðisskrifstofa, með tilliti til gagnsæis, með töflu yfir fyrirsvar vegna útgáfu samræmdra vegabréfsáritana.

4) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún tekur hana upp í landslög.

5) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengengerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[2] sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[3].

6) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungs-

(2) Owing to the large increase in applications for entry visas into the Schengen area there is now a need, with regard to the issuing of uniform visas in third countries, for synergy in the means deployed by the Member States and for coordination and rationalisation of the location of services whose task it is to examine visa applications. It would thus appear necessary to provide for the possibility of a Member State to be represented in a third country by another Member State even when it already has representation in that third country, subject to fair distribution between the Member States.

(3) It is appropriate moreover, for reasons of transparency, to draw up a new Annex to these CCI, concerning a table of representations for issuing uniform visas.

(4) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. As this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether or not it will transpose it in into its national law.

(5) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[2], which fall within the area referred to in Article 1, point A of Council Decision 1999/437/EC on certain arrangements for the application of that Agreement[3].

(6) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which

2 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

2 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

ríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[4]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

7) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[5]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

8) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 1.2 í II. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa:

1. Í stað a- til d-liðar komi eftirfarandi:

„a) Ef ríki hefur ekki sendiráð eða ræðisskrifstofu í tilteknu ríki má sendiráð eða ræðisskrifstofa ríkisins, sem veitir því ríki fyrirsvar, gefa út samræmda vegabréfsáritun. Vegabréfsáritunin er gefin út í nafni ríkisins, sem nýtur fyrirsvars, að fengnu leyfi þess og að höfðu samráði milli miðlægra yfirvalda ef nauðsyn krefur. Ef Benelúx-ríki hefur sendiráð eða ræðisskrifstofu skal það, að meginreglu til, sjálfkrafa veita hinum Benelúx-ríkjunum fyrirsvar, nema viðkomandi Benelúx-ríki geti í raun ekki veitt hinum Benelúx-ríkjunum fyrirsvar, en í því tilviki er hinum síðarnefndu heimilt að leita til annars samstarfsríkis um að veita þeim fyrirsvar vegna vegabréfsáritunarmála í því þriðja ríki sem um ræðir.

b) Þótt ríki hafi sendiráð eða ræðisskrifstofu í þriðja landi er því heimilt að biðja annað

4 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
5 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[4]. The United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(7) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[5]. Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(8) This Decision constitutes an act building upon the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

Point 1.2 of Part II of the Common Consular Instructions shall be amended as follows:

1. Points (a) to (d) shall be replaced by the following:

"(a) If the State responsible has no diplomatic mission or consular post in a given State, the uniform visa may be issued by the mission or post of the State representing the State responsible. The visa is issued on behalf of the State that is being represented, subject to its prior authorisation, and where necessary, to consultation between the central authorities. If one of the Benelux States has a diplomatic mission or consular post, it shall in principle automatically represent the other Benelux States, unless the Benelux State concerned is in practice unable to represent the other Benelux States, in which case the latter may call upon another partner State to represent them on visa matters in the third country in question.

(b) Even if a State has a diplomatic mission or consular post in a third country, it may

4 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
5 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

ríki, sem hefur ræðisskrifstofu í því þriðja ríki, um að veita því fyrirsvar. Samræmda vegabréfsáritunin er gefin út í nafni ríkisins sem nýtur fyrirsvars, að fengnu leyfi þess og, ef nauðsyn krefur, að höfðu samráði milli miðlægra yfirvalda.

c) Þegar samræmdar vegabréfsáritanir eru gefnar út skv. a- og b-lið skal ríkið eða ríkin sem njóta fyrirsvars gera samning við ríkið sem veitir því fyrirsvar þar sem tilgreint er:

- í hversu langan tíma fyrirsvar skuli veitt og skilyrði fyrir uppsögn þess,
- og, að því er varðar beitingu ákvæða b-liðar, fyrirkomulag á framkvæmd slíks fyrirsvars, t.d skilyrðin fyrir því að ríkið, sem veitir fyrirsvar, útvegi húsnæði og skilyrðin fyrir því að ríkið, sem veitir fyrirsvar, og ríkið, sem nýtur fyrirsvars, útvegi starfsfólk, og hugsanlegt fjárframlag af hálfu ríkisins sem nýtur fyrirsvars til ríkisins, sem veitir fyrirsvar, vegna kostnaðar sem leiðir af útgáfu vegabréfsáritananna.

d) Þegar samræmdar vegabréfsáritanir eru gefnar út samkvæmt a- og b-lið skal fyrirsvarið koma fram í töflunni yfir fyrirsvar vegna útgáfu samræmdra vegabréfsáritana í 18. viðauka."

2. Í stað orðanna „í þriðju ríkjum, þar sem ekki er fyrirsvar fyrir öll Schengen-ríki" komi „þar sem fyrirsvar er samkvæmt a- og b-lið".

3. Í stað síðasta undirliðar e-liðar komi eftirfarandi:
„– sendiráð og ræðisskrifstofur á staðnum skulu innan samstarfsramma síns tryggja að umsækjendur um vegabréfsáritanir fái viðeigandi upplýsingar um hvers konar umboð sé fólgið í fyrirsvari samkvæmt a- og b-lið."

2. gr.

Viðauki númer 18, sem ber yfirskriftina „Tafla yfir fyrirsvar vegna útgáfu samræmdra vegabréfsáritana", bætist við sameiginlegu fyrirmælin til sendiráða og ræðisskrifstofa. Viðaukinn skal saminn og uppfærður á grundvelli upplýsinga, sem sendar eru aðalskrifstofu ráðsins samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. gr. reglu-

ask another State having a consular post in that third country to represent it. The uniform visa is issued on behalf of the State that is being represented, subject to its prior authorisation, and where necessary, to consultation between the central authorities.

(c) When uniform visas are issued pursuant to (a) and (b), the form of representation shall be agreed between the State or States being represented and the State representing that or those State(s), and shall specify:

- the duration of such representation and the conditions for its termination;
- and, for the application of point (b), the arrangements for implementing such representation, including the conditions governing the provision of premises by the representing State or the provision of staff by the representing State and the State being represented, and the possible financial contribution of the State being represented to the costs involved in issuing visas incurred by the representing State.

(d) When uniform visas are issued pursuant to (a) and (b), the representation shall be reflected in the table of representation for the issuing of uniform visas set out in Annex 18."

2. In point (e), the words "in non-member countries in which not all Schengen States are represented" shall be replaced by "in the event of representation pursuant to (a) and (b)."

3. The last indent of point (e) shall be replaced by the following:
"– at local level, diplomatic missions or consular posts shall, in the framework of local consular cooperation, ensure that appropriate information on the responsibilities arising from the use of representation pursuant to (a) and (b) is made available to visa applicants."

Article 2

An Annex, numbered 18 and entitled "Table of representations for issuing uniform visas", shall be added to the CCI. This Annex shall be drawn up and updated on the basis of information communicated to the General Secretariat of the Council pursuant to the procedure referred to in Article 2 of Regulation (EC) No 789/2001 for

gerðar (EB) nr. 789/2001, um breytingar á handbókinni að því er varðar útgáfu Schengen-vegabréfsáritana í þriðju ríkjum, þar sem ekki er fyrirsvar fyrir öll Schengen-ríki, og skal hann koma í stað handbókarinnar.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MATTEOLI
forseti.

amendments to the manual concerning the issuance of Schengen visas in third States in which not all the Schengen States are represented and shall replace the manual.

Article 3

This Decision shall apply as from the date of its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 4

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 22 December 2003.

For the Council

The President
A. Matteoli

Nr. 18 1. apríl 2004

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 12. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/17/EB frá 22. desember 2003, um breytingu á lið 1.4 í V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa og lið 4.1.2 í I. hluta sameiginlegu handbókarinnar um að ferðasjúkratrygging verði hluti af þeim fylgiskjölum sem krafist er fyrir útgáfu samræmdrar komuáritunar, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlast gildi 1. júní 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS frá 22. desember 2003 um breytingu á lið 1.4 í V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa og lið 4.1.2 í I. hluta sameiginlegu handbókarinnar um að ferðasjúkratrygging verði hluti af þeim fylgiskjölum sem krafist er fyrir útgáfu samræmdrar komuáritunar.

(2004/17/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 789/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði við meðferð umsókna um vegabréfsáritun[1],

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 790/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærum[2],

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Grikklands,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 22. lið niðurstaðna fundarins í Tampere lagði leiðtogaráðið áherslu á að „móta beri frekar sameiginlega, virka stefnu varðandi vegabréfsáritanir og frumfölsuð skilríki, þ.m.t. nánari samvinna milli ræðisskrifstofa Evrópusambandsins í þriðju löndum...".

2) Grundvallarskilyrði fyrir beitingu sameiginlegrar stefnu um útgáfu vegabréfsáritana er að skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana verði samhæfð eins og unnt er, einkum fylgiskjöl sem tengjast framfærslu og eru lögð fram með umsóknum.

3) Nauðsynlegt er að umsækjendur um vegabréfsáritun hafi, ásamt fylgiskjölunum sem þeim ber að leggja fram, sönnun fyrir því að þeir hafi einstaklings- eða hópferðatryggingu til að greiða hugsanlegan kostnað í tengslum við heimsendingu af læknisfræðilegum ástæðum, brýna læknismeðferð og/eða meðhöndlun á sjúkrahúsi í neyðartil-

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 2.
2 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 5.

COUNCIL DECISION of 22 December 2003 amending Part V, point 1.4, of the Common Consular Instructions and Part I, point 4.1.2 of the Common Manual as regards inclusion of the requirement to be in possession of travel medical insurance as one of the supporting documents for the grant of a uniform entry visa

(2004/17/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 789/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for examining visa applications[1],

Having regard to Council Regulation (EC) No 790/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for carrying out border checks and surveillance[2],

Having regard to the initiative of the Hellenic Republic,

Whereas:

(1) Point 22 of the Tampere European Council conclusions stressed that "a common active policy on visas and false documents should be further developed, including closer cooperation between EU consulates in third countries ...".

(2) An essential condition for the application of a common policy on the issuing of visas is the greatest possible harmonisation of the conditions for the issuing of visas, in particular as regards the supporting documents relating to means of subsistence which are submitted in support of applications.

(3) It is necessary for visa applicants to be in possession, among the supporting documents they are required to produce, of evidence of individual or group travel insurance to cover any expenses which might arise in connection with repatriation for medical reasons, urgent medical attention and/or emergency hospital treatment during their stay in

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 2.
2 OJ L 116, 26.4.2001, p. 5.

vikum á meðan þeir dvelja á yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja sem beita ákvæðum Schengen-gerðanna að fullu.

4) Umsækjendur skulu að jafnaði vera tryggðir í því ríki þar sem þeir eru búsettir. Ef ekki er unnt að koma því við skulu þeir reyna að fá tryggingu í öðru landi.

5) Ráðlegt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að handhafar diplómatavegabréfa, almennra vegabréfa eða annarra vegabréfa njóti undanþágu frá kröfunum um ferðatryggingu og að ríkisborgarar tiltekinna þriðju ríkja þurfi ekki að uppfylla þessa kröfu, innan samstarfsramma sendiráða og ræðisskrifstofa á staðnum. Að auki getur sendiráð eða ræðisskrifstofa, sem fær umsóknina til meðferðar, veitt undanþágu frá þessari kröfu í sérstökum tilvikum þegar við á.

6) Ráðlegt er að í þeim hluta vegabréfsáritunarmiðans, sem ætlaður er undir upplýsingar frá einstökum löndum, komi fram hvort handhafi vegabréfsáritunarinnar hafi fengið undanþágu frá kröfunni um ferðatryggingu. Rétt er að breyta sameiginlegu handbókinni í þá veru að geti handhafi ekki sýnt fram á að hann hafi slíka tryggingu á landamærastöðinni skuli viðkomandi landamæravörður sannreyna að slík athugasemd hafi verið færð inn.

7) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun er byggð á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún tekur hana upp í landslög.

8) Að því er lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og

the territory of the Member States applying in full the provisions of the Schengen acquis.

(4) Applicants should in principle underwrite insurance in their State of residence. Where this is not possible, they should seek to obtain insurance in any other country.

(5) It is advisable to provide for the possibility of exceptions to the requirement to be in possession of travel insurance in the case of holders of diplomatic, official duty and other official passports and to provide for the possibility of establishing, in the framework of local consular cooperation, that nationals of certain third States should not have to comply with this requirement. In addition, it should be possible for the diplomatic or consular post examining the application to waive this requirement in specific cases where it considers it appropriate to do so.

(6) It is advisable for a comment to be made in the national entries section of the visa sticker in order to make it clear whether the holder of the visa has been exempted from the requirement to possess travel insurance. The Common Manual should be amended to provide that where the holder cannot produce evidence of such insurance at the border crossing point, the responsible officer must check whether such a comment has been made.

(7) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark will, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will implement it in its national law.

(8) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the

lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[3] sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[4].

9) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[5]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

10) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[6]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

11) Þessi ákvörðun er gerð sem er byggð á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við þriðja undirlið annarrar undirgreinar liðar 1.4. í V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa á eftir orðunum „(sjá 7. viðauka)(1)“:

„Að auki skulu umsækjendur leggja fram með umsókn um vegabréfsáritun til stuttrar dvalar eða ferðar staðfestingu á því að vera handhafi gildrar einstaklings- eða hópferðatryggingu sem greitt geti hugsanlegan kostnað í tengslum við heimsendingu af

3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
4 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31
5 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
6 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[3], which fall within the area referred to in Article 1, point A, of Council Decision 1999/437/EC on certain arrangements for the application of that Agreement[4].

(9) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[5]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(10) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[6], Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(11) This Decision constitutes an act building upon the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

The following shall be added to the third indent, after the words "(see Annex 7)(1);", of the second subparagraph of point 1.4 of Part V of the Common Consular Instructions:

"In addition, in support of an application for a short-term or travel visa, applicants must show that they are in possession of adequate and valid individual or group travel insurance to cover any expenses which might arise in connection with repatriation for medical rea-

3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
5 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
6 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

læknisfræðilegum ástæðum, brýna læknismeðferð og/eða meðhöndlun á sjúkrahúsi í neyðartilvikum.
Umsækjendur skulu að jafnaði vera tryggðir í því ríki þar sem þeir eru búsettir. Ef ekki er unnt að koma því við skulu þeir reyna að fá tryggingu í öðru landi. Gangi gestgjafinn frá tryggingu fyrir umsækjandann skal hann gera það á eigin búsetustað.
Tryggingin skal gilda á öllu yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja, sem beita ákvæðum Schengen-gerðanna að fullu, allan þann tíma sem hlutaðeigandi dvelur þar. Lágmarksvernd skal vera 30 000 evrur.

Að jafnaði skal leggja fram sönnun fyrir þessari tryggingu þegar vegabréfsáritunin er gefin út.
Til þess bært sendiráð eða ræðisskrifstofa, sem fær umsóknir um vegabréfsáritanir til meðferðar, getur ákvarðað að þessari kröfu hafi verið fullnægt þegar það hefur gengið úr skugga um að starf umsækjandans veiti honum næga tryggingavernd.
Sendiráðum og ræðisskrifstofum er heimilt að ákveða, í hverju tilviki fyrir sig, að veita undanþágu frá þessari kröfu handhöfum diplómatavegabréfa, almennra vegabréf og annarra þjónustuvegabréfa eða til að vernda þjóðarhagsmuni sem varða utanríkis- eða þróunarmál eða aðra grundvallarhagsmuni.

Einnig er heimilt að veita undanþágur frá kröfunni um að leggja fram sönnun fyrir ferðatryggingu þegar sannreynt þykir, innan samstarfsramma sendiráða og ræðisskrifstofa á staðnum, að ríkisborgurum tiltekinna þriðju landa reynist ómögulegt að afla slíkrar tryggingar.
Þegar meta á hvort trygging er viðunandi geta aðildarríkin kannað hvort hægt sé að endurheimta kröfur á hendur tryggingafélaginu í aðildarríki, í Sviss eða Liechtenstein,".

sons, urgent medical attention and/or emergency hospital treatment.

Applicants should in principle underwrite insurance in their State of residence. Where this is not possible, they should seek to obtain insurance in any other country. If the host underwrites insurance for the applicant, he should do this in his own place of residence. The insurance must be valid throughout the territory of the Member States applying in full the provisions of the Schengen acquis and cover the entire period of the person's stay. The minimum coverage shall be EUR 30000.
In principle, the proof of this insurance shall be submitted when the visa is issued.

The diplomatic mission or consular post competent to examine a visa application may decide that this requirement has been met where it is established that an adequate level of insurance may be assumed in the light of the applicant's professional situation.
Diplomatic missions or consular posts may, on a case by case basis, decide to make an exception from this requirement for holders of diplomatic, official duty and other official passports, or when this protects national interests in the field of foreign policy, development policy or other areas of vital public interest.
Exceptions from the requirement to produce evidence of travel insurance may also be made when, in the framework of local consular cooperation, it is established that it is impossible for nationals of certain third States to acquire such insurance.

When assessing whether an insurance is adequate, Member States may ascertain whether claims against the insurance company would be recoverable in a Member State, Switzerland or Liechtenstein; ".

2. gr.

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í lok liðar 4.1.2 í I. hluta sameiginlegu handbókarinnar:

„Í samræmi við þriðja undirlið annarrar undirgreinar liðar 1.4 í V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa skulu umsækjendur hafa, sem fylgiskjöl með umsókn um vegabréfsáritun til stuttrar dvalar

Article 2

The following subparagraphs shall be added at the end of point 4.1.2 of Part I of the Common Manual:

"In accordance with Part V, point 1.4, second paragraph, third indent of the Common Consular Instructions applicants must show, in support of an application for a short-term or travel visa, that they are in possession of

eða ferðar, sönnun fyrir því að þeir hafi gilda einstaklings- eða hópferðatryggingu til að greiða hugsanlegan kostnað í tengslum við heimsendingu af læknisfræðilegum ástæðum, brýna læknismeðferð og/eða meðhöndlun á sjúkrahúsi í neyðartilvikum.

Þó kann ríkisborgari þriðja lands, sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun, að hafa fengið undanþágu frá framangreindri kvöð. Í slíkum tilvikum skal sendiráðið, ræðisskrifstofan eða landamæraeftirlitið setja athugasemdina - „ENGRAR TRYGGINGAR KRAFIST“ - inn í þann hluta vegabréfsáritunarmiðans sem ætlaður er undir upplýsingar frá einstökum löndum.“

adequate and valid individual or group travel insurance to cover any expenses which might arise in connection with repatriation for medical reasons, urgent medical attention and/or emergency hospital treatment.

However, a third-country national subject to the visa requirement may have been exempted from the abovementioned requirement. In such cases, the diplomatic mission, consular representation or border control authority will affix a comment - 'NO INSURANCE REQUIRED' - to that effect in the national entries section of the visa sticker."

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Article 3

This Decision shall apply from 1 June 2004.

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MATTEOLI
forseti.

Done at Brussels, 22 December 2003.

For the Council

The President
A. Matteoli

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 12. mars 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/14/EB frá 22. desember 2003, um breytingu á þriðju undirgrein (grunnforsendur við meðferð umsókna) V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 12. mars 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS frá 22. desember 2003 um breytingu á þriðju undirgrein (grunnforsendur við meðferð umsókna) V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa.

(2004/14/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 789/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði við meðferð umsókna um vegabréfsáritun[1],

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Ítalíu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundum leiðtogaráðsins í Tampere, Laeken, Sevilla og Þessalóníku voru aðildarríkin hvött til að móta frekar sameiginlega stefnu sína í vegabréfsáritunarmálum og auka samstarf milli fulltrúa í sendiráðum og ræðisskrifstofum sínum í þriðju löndum.

2) Greining á gögnum varðandi ólöglegan innflutning fólks hefur leitt í ljós að vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (til skemmtiferða, viðskipta-, náms- eða vinnuferða eða heimsóknar til ættingja) eru oftast notaðar til að komast á löglegan hátt inn á yfirráðasvæði ríkjanna, sem eiga aðild að Schengen-samningnum, og fara síðan huldu höfðu eftir að vegabréfsáritunin fellur úr gildi.

3) Til að meta hættuna á ólöglegum innflytjendum er nauðsynlegt að auka samstarf milli sendiráða og ræðisskrifstofa þegar ákvarða skal hvaða viðbótar- og/eða aukagagna skuli krefjast við útgáfu vegabréfsáritana og samþykkja sameiginlegar aðferðir við að greina frumfölsuð eða breytingarfölsuð skilríki á skilvirkari hátt.

4) Matið á hættunni á ólöglegum innflytjendum verður að byggjast á ýmsum þáttum og meðal annars hefur niðurstaðan úr viðtali sendiráðsins eða ræðisskrifstofunnar við umsækjanda um vegabréfsáritun grundvallarþýðingu.

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 2.

COUNCIL DECISION of 22 December 2003 amending the third subparagraph (Basic criteria for examining applications) of Part V of the Common Consular Instructions

(2004/14/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 789/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for examining visa applications[1],

Having regard to the initiative of the Italian Republic,

Whereas:

(1) The European Councils of Tampere, Laeken, Seville and Thessaloniki have called on the Member States to develop their common visa policy further and to step up local consular cooperation between their representations in third countries.

(2) An analysis of the data concerning illegal immigration has shown that short-term visas (tourism, business, study, work or family visits) are the ones most often used for the purpose of regularly entering the territory of the Contracting Parties to the Schengen Convention and then going underground when the visa expires.

(3) In order to assess an immigration risk, it appears necessary further to step up local consular cooperation in determining what supplementary and/or additional documents should be required for issuing visas and as regards the adoption of common mechanisms for detecting false or falsified documents more effectively.

(4) Among the various factors on which the assessment of an immigration risk must be based, the outcome of the interview to which the visa applicant is subjected by the diplomatic mission or consular post is also of fundamental importance.

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 2.

5) Sendiráð og ræðisskrifstofur verða því að geta beitt valdi sínu á skilvirkari hátt til að meta hættuna á ólöglegum innflytjendum.

6) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún tekur hana upp í landslög.

7) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[2], sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB[3] um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.

8) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 19. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[4]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

9) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi

(5) Diplomatic missions and consular posts should therefore be in a position to exercise more effectively the powers they possess to assess an immigration risk.

(6) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark, annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. As this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether or not it will transpose it in into its national law.

(7) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[2], which falls within the area referred to in Article 1, point A of Council Decision 1999/437/EC[3] on certain arrangements for the application of that Agreement.

(8) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 19 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[4]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(9) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28

2 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
4 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

2 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
4 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[5]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

10) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað þriðju undirgreinar (grunnforsendur við meðferð umsókna) V. hluta sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa komi eftirfarandi:

„Hvert sendiráð eða ræðisskrifstofa ber fulla ábyrgð á því að meta hættu á ólöglegum innflytjendum. Meðferð umsókna beinist að því að finna hugsanlega innflytjendur sem leitast við að komast til aðildarríkjanna og setjast þar að með því að nota vegabréfsáritun til skemmtiferða, viðskipta-, náms- eða vinnuferða eða heimsóknar til ættingja. Því er nauðsynlegt að vera sérstaklega vakandi fyrir „áhættuhópum", atvinnuleysingjum, fólki án fastra tekna o.s.frv. Einnig hefur viðtalið við umsækjandann, þar sem spurt er um tilgang ferðarinnar, grundvallarþýðingu. Enn fremur er heimilt að krefjast frekari gagna til staðfestingar, en slíkt er samkomulagsatriði milli sendiráða og ræðisskrifstofa á staðnum. Sendiráð eða ræðisskrifstofur verða einnig að nýta samstarfið til að greina betur frumfölsuð eða breytingarfölsuð skilríki, sem eru lögð fram til staðfestingar umsóknum um vegabréfsáritun. Leiki einhver vafi á gildi skilríkja og skjala, sem eru lögð fram til staðfestingar, þ.m.t. sannleiksgildi innihaldsins eða áreiðanleika þeirra yfirlýsinga sem gefnar eru í viðtölum, skal sendiráð eða ræðisskrifstofa ekki gefa út vegabréfsáritun."

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[5]; Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(10) This Decision constitutes an act building upon the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

The third subparagraph (Basic criteria for examining applications) of Part V of the Common Consular Instructions shall be replaced by the following:

"The diplomatic mission or consular post shall assume full responsibility in assessing whether there is an immigration risk. The purpose of examining applications is to detect those applicants who are seeking to immigrate to the Member States and set themselves up there, using grounds such as tourism, business, study, work or family visits as a pretext. Therefore, it is necessary to be particularly vigilant when dealing with 'risk categories', unemployed persons, those with no regular income, etc. To the same end, fundamental importance attaches to the interview held with the applicant to determine the purpose of the journey. Additional supporting documentation, agreed through local consular cooperation if possible, may also be required. The diplomatic mission or consular post must also draw on local consular cooperation to enhance its capacity to detect false or falsified documents submitted in support of some visa applications. If there is any doubt as to the authenticity of the papers and supporting documents submitted, including doubt as to the veracity of their contents, or over the reliability of statements collected during interview, the diplomatic mission or consular post shall refrain from issuing the visa."

Article 2

This Decision shall apply as from the date of its publication in the Official Journal of the European Union.

5 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

3. gr.
Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

A. Matteoli
forseti.

Article 3
This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 22 December 2003.

For the Council

The President
A. Matteoli

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samning gegn misnotkun lyfja í íþróttum.

Hinn 30. mars 2004 var viðbótarbókun við samning frá 16. nóvember 1989 gegn misnotkun lyfja í íþróttum, sem gerð var í Varsjá 12. september 2002, undirrituð fyrir Íslands hönd án fyrirvara um fullgildingu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1991 þar sem samningurinn er birtur. Viðbótarbókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2004.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN
við samning gegn misnotkun lyfja í íþróttum.

Ríkin, sem eiga aðild að bókun þessari við samning gegn misnotkun lyfja í íþróttum (ETS nr. 135) sem var undirritaður í Strassborg 16. nóvember 1989 (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

telja að almennur samningur um gagnkvæma viðurkenningu á eftirlitsaðgerðum gegn lyfjamisnotkun, sem um getur í d-lið 3. mgr. 4. gr. og b-lið 3. mgr. 7. gr. samningsins, myndi auka skilvirkni fyrrnefnds lyfjaeftirlits með því að stuðla að samhæfingu, gagnsæi og skilvirkni núgildandi og síðari tví- eða marghliða samninga um lyfjamisnotkun, sem eru gerðir á þessu sviði, og með því að veita nauðsynlega heimild til slíks lyfjaeftirlits sé enginn samningur í gildi þar um,

ADDITIONAL PROTOCOL
to the Anti-Doping Convention

The States parties to this Protocol to the Anti-Doping Convention (ETS No. 135), signed in Strasbourg on 16 November 1989 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Considering that a general agreement on the mutual recognition of the anti-doping controls referred to in Articles 4.3.d and 7.3.b of the Convention, would increase the effectiveness of these controls by contributing to the harmonisation, the transparency and the efficiency of existing and future bilateral or multilateral doping agreements reached in this area and by providing the necessary authority for such controls in the absence of any agreement on the matter,

óska þess að auka og efla framkvæmd ákvæða samningsins,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Gagnkvæm viðurkenning á eftirliti með lyfjamisnotkun.

1. Aðilar skulu, með ákvæði 2. mgr. 3. gr., d-liðar 3. mgr. 4. gr. og b-liðar 3. mgr. 7. gr. samningsins í huga, viðurkenna með gagnkvæmum hætti hæfi íþróttasamtaka eða landssamtaka gegn lyfjamisnotkun til að framkvæma eftirlit á yfirráðasvæðum sínum með lyfjamisnotkun íþróttamanna frá öðrum ríkjum, sem eiga aðild að samningnum, í samræmi við innlendar reglugerðir gistilandsins. Niðurstöður lyfjaeftirlitsins skal tilkynna samtímis landssamtökum gegn lyfjamisnotkun og íþróttasambandi í heimalandi hlutaðeigandi íþróttamanns, landssamtökum gegn lyfjamisnotkun í gistilandinu og alþjóðasérsambandinu.
2. Aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma fyrrnefnt lyfjaeftirlit sem geta verið til viðbótar lyfjaeftirliti sem fer fram með skírskotun til eldri tvíhliða samnings eða annars sérstaks samnings. Í því skyni að tryggja samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla skal votta að íþróttasamtök eða landssamtök gegn lyfjamisnotkun uppfylli ISO-gæðastaðla um eftirlit með lyfjamisnotkun sem eftirlitsnefndin, sem var stofnsett með skírskotun til 10. gr. samningsins, viðurkennir.
3. Aðilar skulu viðurkenna með sama hætti hæfi Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar (WADA) og annarra eftirlitssamtaka með lyfjamisnotkun, sem starfa innan vébanda hennar, til þess að skipa svo fyrir að íþróttamenn þeirra sæti lyfjaeftirliti utan keppni, hvort heldur er á yfirráðasvæðum þeirra eða annars staðar. Niðurstöður slíkra prófa skal tilkynna landssamtökum gegn lyfjamisnotkun í heimalandi hlutaðeigandi íþróttamanna. Allt slíkt lyfjaeftirlit skal fara fram í samráði við íþróttasamtökin, sem um getur í c-lið 3. mgr. 4. gr. samningsins, í samræmi við gildandi reglugerðir og innlend lagaákvæði gistilandsins.

2. gr.
Bætt framkvæmd samningsins.

1. Eftirlitsnefndin, sem var stofnsett í samræmi við 10. gr. samningsins, skal hafa yfirumsjón

Wishing to enhance and reinforce the application of the provisions of the Convention,

Have agreed as follows:

Article 1
Mutual recognition of doping controls

1. Bearing in mind the provisions of Articles 3.2, 4.3.d and 7.3.b of the Convention, the Parties shall mutually recognise the competence of sports or national anti-doping organisations to conduct doping controls on their territory, in compliance with the national regulations of the host country, on sportsmen and women coming from other Parties to the Convention. The result of such controls shall be communicated simultaneously to the national anti-doping organisation and national sports federation of the sportsman or sportswoman concerned, to the national anti-doping organisation of the host country, and to the international sports federation.
2. The Parties shall take such measures as are necessary for the conduct of such controls, which may be in addition to those carried out by virtue of a previous bilateral or other specific agreement. In order to ensure compliance with internationally recognised standards, the sports or national anti-doping organisations shall be certified to the ISO quality standards for doping control recognised by the Monitoring Group, set up by virtue of Article 10 of the Convention.
3. The Parties shall similarly recognise the competence of the World Anti-Doping Agency (WADA) and of other doping control organisations operating under its authority to conduct out-of-competition controls on their sportsmen and women, whether on their territory or elsewhere. The results of these tests shall be communicated to the national anti-doping organisation of the sportsmen and women concerned. Any such controls shall be carried out, in agreement with the sports organisations referred to in Article 4.3.c of the Convention, in accordance with regulations in force and with the provisions of national law of the host country.

Article 2
Reinforcing the application of the Convention

1. The Monitoring Group set up in accordance with Article 10 of the Convention shall super-

með því með hvaða hætti hver aðili að samningnum beitir ákvæðum hans og hrindir þeim í framkvæmd. Matsnefnd annast framkvæmd þessa eftirlits og skal eftirlitsnefndin skipa menn til setu í nefndinni í því augnamiði. Val matsnefndarmanna skal byggja á viðurkenndu hæfi þeirra á sviði aðgerða gegn lyfjamisnotkun.

2. Matsnefndin yfirfer landsskýrslur, sem hlutaðeigandi aðilar skila fyrirfram, og fer í vettvangsheimsóknir ef nauðsyn krefur. Matsnefndin leggur fyrir eftirlitsnefndina matsskýrslu, byggða á athugunum matsnefndarinnar á framkvæmd samningsins, þar sem fram koma niðurstöður hennar og hugsanleg tilmæli. Matsskýrslur skulu aðgengilegar almenningi. Hlutaðeigandi aðili á rétt á að gera athugasemdir við niðurstöður matsnefndarinnar sem skulu vera hluti skýrslunnar.
3. Landskýrslur skal vinna og vettvangsheimsóknir skulu vera samkvæmt áætlun sem eftirlitsnefndin samþykkir að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila. Aðilar skulu heimila heimsókn matsnefndarinnar og skuldbinda sig til að hvetja hlutaðeigandi innlenda aðila til þess að vinna með henni í einu og öllu.
4. Tilfæra ber verkhætti við mat (þ.m.t. samþykkta áætlun um mat á framkvæmd samningsins), heimsóknir og eftirfylgni í reglum sem eftirlitsnefndin samþykkir.

3. gr.
Fyrirvarar.

Enga fyrirvara má gera við ákvæði bókunar þessarar.

4. gr.
Yfirlýsing um samþykki þess að vera bundinn af bókun þessari.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki, sem hafa undirritað samninginn eða eru aðilar að honum, og geta þau lýst sig samþykk því að vera bundin af henni með:
   a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
2. Undirritunaraðila samningsins er hvorki

vise the application and implementation of the Convention in respect of each of the Parties thereto. This supervision shall be carried out by an evaluation team whose members shall be appointed for the purpose by the Monitoring Group. Members of the evaluation team shall be chosen on the basis of their recognised competence in the anti-doping field.

2. The evaluation team shall examine national reports submitted beforehand by the Parties concerned and shall conduct visits on the spot where necessary. On the basis of its observations on the implementation of the Convention, it shall submit to the Monitoring Group an evaluation report containing its conclusions and possible recommendations. The evaluation reports shall be public. The Party concerned has the right to make observations on the conclusions of the evaluation team, which shall form part of the report.
3. The national reports shall be prepared and the evaluation visits carried out according to a schedule adopted by the Monitoring Group, in consultation with the Parties concerned. The Parties shall authorise the visit of the evaluation team and undertake to encourage the national bodies concerned to co-operate fully with it.
4. The operating procedures for the evaluations (including an agreed scheme for the evaluation of the implementation of the Convention), visits and follow-up shall be specified in rules adopted by the Monitoring Group.

Article 3
Reservations

No reservation may be made to the provisions of this Protocol.

Article 4
Expression of consent to be bound

1. This Protocol shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and the other States signatories or Parties to the Convention, which may express their consent to be bound by:
   a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval, or
   b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.
2. A Signatory to the Convention may not sign

heimilt að undirrita bókun þessa án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki né afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, nema hann hafi lýst sig eða lýsi sig jafnframt samþykkan því að vera bundinn af samningnum.

3. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

5. gr.
Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki samningsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. Bókun þessi öðlast gildi, að því er varðar ríki sem síðar lýsa sig samþykk því að vera bundin af henni, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá undirritunardegi eða þeim degi er skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er lagt fram til vörslu.

6. gr.
Aðild.

1. Eftir að bókun þessi hefur verið lögð fram til undirritunar getur sérhvert ríki, sem gerist aðili að samningnum, einnig gerst aðili að henni.
2. Aðild fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins aðildarskjal sem tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að það er afhent til vörslu.

7. gr.
Landsvæði þar sem bókunin gildir.

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem bókun þessi skal gilda.
2. Sérhvert ríki getur hvenær sem er síðar og með yfirlýsingu, sem er send aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, útvíkkað gildissvið bókunar þessarar til þess að það megi ná til sérhvers annars landsvæðis sem er tilgreint í yfirlýsingunni. Bókunin öðlast gildi, að því er slíkt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir

this Protocol without reservation as to ratification, acceptance or approval, nor deposit an instrument or ratification, acceptance or approval, unless it has previously or simultaneously expressed its consent to be bound by the Convention.

3. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 5
Entry into force

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States party to the Convention have expressed their consent to be bound by it in accordance with the provisions of Article 4.
2. In respect of any State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of signature or of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 6
Accession

1. After the opening for signature of this Protocol, any State which will accede to the Convention may also accede to this Protocol.
2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe, which shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of its deposit.

Article 7
Territorial application

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the

frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu, sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

8. gr.
Uppsögn.

1. Sérhverjum aðila er hvenær sem er heimilt að segja bókun þessari upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningu þar um.

Article 8
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

9. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, öðrum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn eða eru aðilar að honum, og sérhverju ríki, sem hefur verið boðin aðild að samningnum, um:

a) sérhverja undirritun;
b) afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu;
c) sérhvern gildistökudag bókunar þessarar í samræmi við 5., 6. og 7. gr. hennar;
d) sérhverja uppsögn;
e) sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Varsjá hinn 12. september 2002 í einu eintaki á ensku og frönsku, og eru báðir þessir textar jafngildir, sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda sérhverju aðildarríki Evrópuráðsins, öðrum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn eða eru aðilar að honum, og sérhverju ríki, sem er boðið að gerast aðili að samningnum, staðfest eintök.

Article 9
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the other States signatories or Parties to the Convention and any State which has been invited to accede to it of:

a) any signature;
b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c) any date of entry into force of this Protocol in accordance with its Articles 5, 6 and 7;
d) any denunciation;
e) any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Warsaw, this 12th day of September 2002, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the other States signatories or Parties to the Convention, and to any State invited to accede to the Convention.

AUGLÝSING

um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósónlagsins.

Hinn 31. mars 2004 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósónlagsins frá 16. september 1987, sem gerð var í Peking 3. desember 1999, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989, þar sem samningurinn er birtur, 15/1993, 1/1994 og 5/2000. Breytingin öðlaðist gildi 31. mars 2004.

Breytingin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Lagfæringar á greinum 2A og 2B, lagfæringar á grein 2C og lagfæringar á grein 2H í bókuninni, sem gerðar voru í Peking 3. desember 1999 og öðluðust gildi 28. júlí 2002, eru birtar sem fylgiskjöl 2, 3 og 4.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.

BREYTING
á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins sem samþykkt var á 11. fundi aðila.

1. gr.
Breyting.

A. 2. gr., 5. tl.
Í 5. tl. 2. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

2A til 2E
skal setja:
2A til 2F

B. 2. gr., 8 tl. (a) og 11. tl.
Í 8. tl. (a) og 11. tl. 2. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:
2A til 2H
skal setja:
2A til 2I

C. Grein 2F, 8. tl.
Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 7. tl. greinar 2F:
Hver aðili sem framleiðir eitt eða fleiri af þessum efnum skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2004, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C að meðaltali ekki fram úr:

AMENDMENT
to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer adopted by the Eleventh Meeting of the Parties

Article 1
Amendment

A. Article 2, paragraph 5
In paragraph 5 of Article 2 of the Protocol, for the words:
Articles 2A to 2E
there shall be substituted:
Articles 2A to 2F

B. Article 2, paragraphs 8(a) and 11
In paragraphs 8(a) and 11 of Article 2 of the Protocol, for the words:
Articles 2A to 2H
there shall be substituted:
Articles 2A to 2I

C. Article 2F, paragraph 8
The following paragraph shall be added after paragraph 7 of Article 2F of the Protocol:
Each Party producing one or more of these substances shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2004, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, the average of:

(a) Summu reiknaðs magns neyslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C og 2,8% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka A, og

(b) Summu reiknaðs magns framleiðslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C og 2,8% af reiknuðu magni framleiðslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka A.

Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á takmörkuðum efnum í flokki I í Viðauka C skv. ofangreindri skilgreiningu.

D. Grein 2I

Eftirfarandi grein skal bæta við bókunina aftan við grein 2H:

Grein 2I: Brómklórmetan

Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2002, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, verði reiknað magn neyslu og framleiðslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki III í Viðauka C ekki umfram núll. Töluliður þessi skal gilda nema að því leyti að aðilar ákveði að heimila það magn framleiðslu eða neyslu sem þeir hafa fallist á að sé nauðsynlegt til að uppfylla bráðanotkun.

E. Grein 3

Í 3. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

2, 2A til 2H

skal setja:

2, 2A til 2I

F. 4. gr., 1. tl. D og E

Eftirfarandi tölulíðum skal bæta við bókunina aftan við 1. tl. C í 4. gr.:

1. tl. D. Frá 1. janúar 2004 skal hver aðili banna innflutning á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C frá öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

1. tl. E. Innan eins árs frá því að tölulíður þessi tekur gildi skal hver aðili banna innflutning á takmörkunarskyldum efnum í flokki III í Viðauka C frá öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

(a) The sum of its calculated level of consumption in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex C and two point eight per cent of its calculated level of consumption in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex A; and

(b) The sum of its calculated level of production in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex C and two point eight per cent of its calculated level of production in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex A.

However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex C as defined above.

D. Article 2I

The following Article shall be inserted after Article 2H of the Protocol:

Article 2I: Bromochloromethane

Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2002, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption and production of the controlled substance in Group III of Annex C does not exceed zero. This paragraph will apply save to the extent that the Parties decide to permit the level of production or consumption that is necessary to satisfy uses agreed by them to be essential.

E. Article 3

In Article 3 of the Protocol, for the words:

Articles 2, 2A to 2H

there shall be substituted:

Articles 2, 2A to 2I

F. Article 4, paragraphs 1 quin. and 1 sex.

The following paragraphs shall be added to Article 4 of the Protocol after paragraph 1 qua:

1 quin. As of 1 January 2004, each Party shall ban the import of the controlled substances in Group I of Annex C from any State not party to this Protocol.

1 sex. Within one year of the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the import of the controlled substance in Group III of Annex C from any State not party to this Protocol.

G. 4. gr., 2. tl. D og E

Eftirfarandi töluliðum skal bæta við bókunina aftan við 2. tl. C í 4. gr.:

2. tl. D. Frá 1 janúar 2004 skal hver aðili banna útflutning á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C frá öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

2. tl. E. Innan eins árs frá því að töluliður þessi tekur gildi skal hver aðili banna útflutning á takmörkunarskyldum efnum í flokki III í Viðauka C til allra ríkja sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

G. Article 4, paragraphs 2 quin. and 2 sex.

The following paragraphs shall be added to Article 4 of the Protocol after paragraph 2 qua:

2 quin. As of 1 January 2004, each Party shall ban the export of the controlled substances in Group I of Annex C to any State not party to this Protocol.

2 sex. Within one year of the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the export of the controlled substance in Group III of Annex C to any State not party to this Protocol.

H. 4. gr., 5. til 7. tl.

Í 5. til 7. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

Viðaukum A og B, flokki II í Viðauka C og Viðauka E
skal setja:
Viðaukum A, B, C og E

H. Article 4, paragraphs 5 to 7

In paragraphs 5 to 7 of Article 4 of the Protocol, for the words:

Annexes A and B, Group II of Annex C and Annex E
there shall be substituted:
Annexes A, B, C and E

I. 4. gr., 8. tl.

Í 8. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

greinum 2A til 2E, greinum 2G og 2H
skal setja:
greinum 2A til 2I

I. Article 4, paragraph 8

In paragraph 8 of Article 4 of the Protocol, for the words:

Articles 2A to 2E, Articles 2G and 2H
there shall be substituted:
Articles 2A to 2I

J. 5. gr., 4. tl.

Í 4. tl. 5. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

2A til 2H
skal setja:
2A til 2I

J. Article 5, paragraph 4

In paragraph 4 of Article 5 of the Protocol, for the words:

Articles 2A to 2H
there shall be substituted:
Articles 2A to 2I

K. 5. gr., 5. og 6. tl.

Í 5. og 6. tl. 5. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

greinum 2A til 2E
skal setja:
greinum 2A til 2E og grein 2I

K. Article 5, paragraphs 5 and 6

In paragraphs 5 and 6 of Article 5 of the Protocol, for the words:

Articles 2A to 2E
there shall be substituted:
Articles 2A to 2E and Article 2I

L. 5. gr. 8 tl. B (a)

Eftirfarandi málslið skal bæta við bókunina aftan við undirlið 8 B (a) 5. gr.:

Frá 1. janúar 2016 skal hver aðili sem beitir 1. tl. þessarar greinar fylgja takmörkunarráðstöfunum þeim sem lýst er í 8. tl. greinar 2F og leggja meðaltal reiknaðs magns framleiðslu og neyslu á árinu 2015 til grundvallar hvað takmörkunarráðstafanir þessar varðar.

L. Article 5, paragraph 8 ter (a)

The following sentence shall be added at the end of subparagraph 8 ter (a) of Article 5 of the Protocol:

As of 1 January 2016 each Party operating under paragraph 1 of this Article shall comply with the control measures set out in paragraph 8 of Article 2F and, as the basis for its compliance with these control measures, it shall use the average of its calculated levels of production and consumption in 2015;

M. 6. gr.
Í 6. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:
2A til 2H
skal setja:
2A til 2I

N. 7. gr., 2. tl.
Í 2. tl. 7. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

Viðaukum B og C
skal setja:
Viðauka B og flokkum I og II í Viðauka C

O. 7. gr., 3. tl.
Eftirfarandi málslið skal bæta við bókunina aftan við 1. málslið 3. tl. 7. gr.:

Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um árlegt magn þess takmörkunarskylda efnis sem skráð er í Viðauka E sem notað er til svælingar á vörusendingum og til meðhöndlunar á farmi fyrir flutning.

P. 10. gr.
Í 1. tl. 10. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

greinum 2A til 2E
skal setja:
greinum 2A til 2E og grein 2I

Q. 17. gr.
Í 17. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:
2A til 2H
skal setja:
2A til 2I

R. Viðauki C
Eftirfarandi flokki skal bæta við Viðauka C bókunarinnar:

Flokkur	*Efni*	*Fjöldi ísómera*	*Ósón-eyðingar-hæfni*
Flokkur III			
CH_2BrCl	brómklórmetan	1	0,12

M. Article 6
In Article 6 of the Protocol, for the words:
Articles 2A to 2H
there shall be substituted:
Articles 2A to 2I

N. Article 7, paragraph 2
In paragraph 2 of Article 7 of the Protocol, for the words:
Annexes B and C
there shall be substituted:
Annex B and Groups I and II of Annex C

O. Article 7, paragraph 3
The following sentence shall be added after the first sentence of paragraph 3 of Article 7 of the Protocol:
Each Party shall provide to the Secretariat statistical data on the annual amount of the controlled substance listed in Annex E used for quarantine and pre-shipment applications.

P. Article 10
In paragraph 1 of Article 10 of the Protocol, for the words:
Articles 2A to 2E
there shall be substituted:
Articles 2A to 2E and Article 2I

Q. Article 17
In Article 17 of the Protocol, for the words:
Articles 2A to 2H
there shall be substituted:
Articles 2A to 2I

R. Annex C
The following group shall be added to Annex C to the Protocol:

Group	*Substance*	*Number of Isomers*	*Ozone-Depleting Potential*
Group III			
CH_2BrCl	bromochloromethane	1	0,12

2. gr.
Tengsl við 1997 breytinguna.
Engu ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að afhenda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal að breytingu þessari nema það hafi áður eða samtímis afhent slíkt skjal vegna breytingarinnar er sam-

Article 2
Relationship to the 1997 Amendment
No State or regional economic integration organization may deposit an instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Amendment unless it has previously, or simultaneously, deposited such an instrument to

þykkt var á níunda fundi aðila í Montreal 17. september 1997.

3. gr.
Gildistaka.

1. Breyting þessi skal öðlast gildi 1. janúar 2001, enda hafi að minnsta kosti tuttugu ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, sem eru aðilar að Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósónlagsins, afhent fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjöl sín vegna þessarar breytingar. Hafi þessu skilyrði ekki verið fullnægt fyrir þann dag skal breytingin öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem skilyrðinu er fullnægt.

2. Að því er varðar 1. tl. skal skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir, ekki talið viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

3. Eftir gildistöku breytingar þessarar eins og kveðið er á um í 1. tl., skal breytingin öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum aðila að bókuninni á nítugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal hans er afhent.

the Amendment adopted at the Ninth Meeting of the Parties in Montreal, 17 September 1997.

Article 3
Entry into force

1. This Amendment shall enter into force on 1 January 2001, provided that at least twenty instruments of ratification, acceptance or approval of the Amendment have been deposited by States or regional economic integration organizations that are Parties to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer. In the event that this condition has not been fulfilled by that date, the Amendment shall enter into force on the ninetieth day following the date on which it has been fulfilled.
2. For the purposes of paragraph 1, any such instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.
3. After the entry into force of this Amendment, as provided under paragraph 1, it shall enter into force for any other Party to the Protocol on the ninetieth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Fylgiskjal 2.

LAGFÆRINGAR
á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Lagfæringar er varða takmörkunarskyld efni í viðauka A.

A. Grein 2A: Klórflúorkolefni (CFC).

1. Í stað þriðja málsliðar 4. tl. í grein 2A bókunarinnar komi eftirfarandi málsliður:

> Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað magn framleiðslu hans fara fram úr þessum takmörkunum um sem nemur meðalársframleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.

ADJUSTMENTS
to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer

Adjustments relating to controlled substances in Annex A

A. Article 2A: CFCs

1. The third sentence of paragraph 4 of Article 2A of the Protocol shall be replaced by the following sentence:

> However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by a quantity equal to the annual average of its production of the controlled substances in Group I of Annex A for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.

2. Eftirfarandi töluliðir bætast við á eftir 4. tl. í grein 2A bókunarinnar:

5. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2003, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr áttatíu af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efnum til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.
6. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2005, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr fimmtíu af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efnum til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.
7. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2007, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr fimmtán af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efnum til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.
8. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2010, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr núlli.

9. Við útreikning á grundvallarþörfum heima fyrir skv. 4.-8. tl. hér að framan skal taka með í útreikningnum á meðalársframleiðslu aðila allar framleiðsluheimildir sem hann hefur framselt skv. 5. tl. 2. gr. en ekki framleiðsluheimildir sem

2. The following paragraphs shall be added after paragraph 4 of Article 2A of the Protocol:

5. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2003 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed eighty per cent of the annual average of its production of those substances for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.
6. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2005 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed fifty per cent of the annual average of its production of those substances for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.
7. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2007 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed fifteen per cent of the annual average of its production of those substances for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.
8. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2010 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed zero.
9. For the purposes of calculating basic domestic needs under paragraphs 4 to 8 of this Article, the calculation of the annual average of production by a Party includes any production entitlements that it has transferred in accordance with para-

hann hefur fengið framseldar skv. 5. tl. 2. gr.

B. Grein 2B: Halónar.

1. Í stað þriðja málsliðar 2. tl. í grein 2B bókunarinnar komi eftirfarandi málsliður:

   Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað magn framleiðslu hans fara fram úr þessum takmörkunum fram til 1. janúar 2002 um allt að fimmtán af hundraði af reiknuðu magni framleiðslu hans á árinu 1986; eftir það má það fara fram úr þeim takmörkunum um sem nemur meðalársframleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki II í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.

2. Eftirfarandi töluliðir bætast við á eftir 2. tl. í grein 2B bókunarinnar:

   3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2005, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki II í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr fimmtíu af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efnum til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1997, að báðum árum meðtöldum.
   4. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2010, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki II í Viðauka A til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr núlli.

graph 5 of Article 2, and excludes any production entitlements that it has acquired in accordance with paragraph 5 of Article 2.

B. Article 2B: Halons

1. The third sentence of paragraph 2 of Article 2B of the Protocol shall be replaced by the following sentence:

   However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may, until 1 January 2002 exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1986; thereafter, it may exceed that limit by a quantity equal to the annual average of its production of the controlled substances in Group II of Annex A for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.

2. The following paragraphs shall be added after paragraph 2 of Article 2B of the Protocol:

   3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2005 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group II of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed fifty per cent of the annual average of its production of those substances for basic domestic needs for the period 1995 to 1997 inclusive.
   4. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2010 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group II of Annex A for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed zero.

Fylgiskjal 3.

LAGFÆRINGAR á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Lagfæringar er varða takmörkunarskyld efni í viðauka B.

Grein 2C: Önnur fullhalógentengd klórflúorkolefni.

1. Í stað þriðja málsliðar 3. tl. í grein 2C bókunarinnar komi eftirfarandi málsliður:

   Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað magn framleiðslu hans fara fram úr þessum takmörkunum fram til 1. janúar 2003 um allt að fimmtán af hundraði af reiknuðu magni framleiðslu hans á árinu 1989; eftir það má það fara fram úr þeim takmörkunum um sem nemur áttatíu af hundraði af meðalársframleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka B til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1998 til 2000, að báðum árum meðtöldum.

2. Eftirfarandi töluliðir bætast við á eftir 3. tl. í grein 2C bókunarinnar:

   4. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2007, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka B til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr fimmtán af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efnum til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1998 til 2000, að báðum árum meðtöldum.
   5. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2010, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskyldu efnunum í flokki I í Viðauka B til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr núlli.

ADJUSTMENTS to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer

Adjustments relating to controlled substances in Annex B

Article 2C: Other fully halogenated CFCs

1. The third sentence of paragraph 3 of Article 2C of the Protocol shall be replaced by the following sentence:

   However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may, until 1 January 2003 exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989; thereafter, it may exceed that limit by a quantity equal to eighty per cent of the annual average of its production of the controlled substances in Group I of Annex B for basic domestic needs for the period 1998 to 2000 inclusive.

2. The following paragraphs shall be added after paragraph 3 of Article 2C of the Protocol:

   4. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2007 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex B for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed fifteen per cent of the annual average of its production of those substances for basic domestic needs for the period 1998 to 2000 inclusive.
   5. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2010 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substances in Group I of Annex B for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed zero.

Fylgiskjal 4.

LAGFÆRINGAR á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Lagfæringar er varða takmörkunarskylda efnið í viðauka E.

Grein 2H: Metýlbrómíð.

1. Í stað þriðja málsliðar 5. tl. í grein 2H bókunarinnar komi eftirfarandi málsliður:

   Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað magn framleiðslu hans fara fram úr þessum takmörkunum fram til 1. janúar 2002 um allt að fimmtán af hundraði af reiknuðu magni framleiðslu hans á árinu 1991; eftir það má það fara fram úr þeim takmörkunum um sem nemur meðalársframleiðslu hans á takmörkunarskylda efninu í Viðauka E til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1998, að báðum árum meðtöldum.

2. Eftirfarandi töluliðir bætast við á eftir 5. tl. í grein 2H bókunarinnar:

   5A. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2005, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskylda efninu í Viðauka E til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr áttatíu af hundraði af meðalársframleiðslu hans á viðkomandi efni til að uppfylla grundvallarþarfir heima fyrir á tímabilinu 1995 til 1998, að báðum árum meðtöldum.

   5B. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2015, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn framleiðslu hans á takmörkunarskylda efninu í Viðauka E til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., ekki fram úr núlli.

ADJUSTMENTS to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer

Adjustments relating to the controlled substance in Annex E

Article 2H: Methyl bromide

1. The third sentence of paragraph 5 of Article 2H of the Protocol shall be replaced by the following sentence:

   However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may, until 1 January 2002 exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1991; thereafter, it may exceed that limit by a quantity equal to the annual average of its production of the controlled substance in Annex E for basic domestic needs for the period 1995 to 1998 inclusive.

2. The following paragraphs shall be added after paragraph 5 of Article 2H of the Protocol:

   5 *bis*. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2005 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substance in Annex E for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed eighty per cent of the annual average of its production of the substance for basic domestic needs for the period 1995 to 1998 inclusive.

   5 *ter*. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2015 and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of production of the controlled substance in Annex E for the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 does not exceed zero.

AUGLÝSING

um samning um þátttöku Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hinn 21. apríl 2004 var aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu sem gerður var í Lúxemborg 14. október 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er birtur. Alþingi hafði með lögum nr. 8 frá 22. mars 2004, um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum, heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. maí 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu.

EVRÓPUBANDALAGIÐ,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,
(hér á eftir nefnd „aðildarríki EB“)

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
(hér á eftir nefnd „EFTA-ríki“)

(nefnast saman hér á eftir „núverandi samningsaðilar“)

og

LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,
LÝÐVELDIÐ MALTA,
LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,
LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,
LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,

ÞAR EÐ sáttmáli um aðild lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu (hér á eftir nefndur „aðildarsáttmáli“) var undirritaður í Aþenu 16. apríl 2003,

ÞAR EÐ, skv. 128. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Óportó 2. maí 1992, er Evrópuríki, sem gengur í bandalagið, skylt að sækja um aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“),

ÞAR EÐ lýðveldið Tékkland, lýðveldið Eistland, lýðveldið Kýpur, lýðveldið Lettland, lýðveldið Litháen, lýðveldið Ungverjaland, lýðveldið Malta, lýðveldið Pólland, lýðveldið Slóvenía og lýðveldið Slóvakía hafa sótt um að gerast aðilar að EES-samningnum,

ÞAR EÐ fjallað skal um skilyrði og skilmála fyrir slíkri þátttöku í samningi milli núverandi samningsaðila og umsóknarríkjanna,

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

1. Lýðveldið Tékkland, lýðveldið Eistland, lýðveldið Kýpur, lýðveldið Lettland, lýðveldið Litháen, lýðveldið Ungverjaland, lýðveldið Malta, lýðveldið Pólland, lýðveldið Slóvenía og lýðveldið Slóvakía öðlast hér með aðild að EES-samningnum og nefnast hér á eftir „nýju samningsaðilarnir“.
2. Um leið og samningur þessi öðlast gildi skulu ákvæði EES-samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar voru fyrir 1. nóvember 2002, verða bindandi fyrir nýju samningsaðilana með sömu skilmálum og fyrir núverandi samningsaðila og með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í samningi þessum.
3. Viðaukar við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

2. gr.

1) AÐLÖGUN MEGINMÁLS EES-SAMNINGSINS
   a) INNGANGSORÐ
      Eftirfarandi komi í stað skrárinnar yfir samningsaðila:
      „EVRÓPUBANDALAGIÐ,
      KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
      LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
      KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
      SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
      LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
      LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
      KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
      LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
      ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,
LÝÐVELDIÐ MALTA,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
1. In this Regulation “immigration liaison officer” means a representative of one of the Member States, posted abroad by the immigration service or other competent authorities in order to establish and maintain contacts with the authorities of the host country with a view to contributing to the prevention and combating of illegal immigration, the return of illegal immigrants and the management of legal migration.
2. For the purpose of this Regulation, as immigration liaison officers shall also be considered the liaison officers who are dealing with immigration issues as part of their duties.
3. The immigration liaison officers could be posted to the national consular authorities of Member States in third countries or to the relevant authorities of other Member States, but also to the competent authorities of the third countries, as well as to international organisations for a reasonable time period to be determined by the posting Member State.
4. This Regulation is without prejudice to the tasks of immigration liaison officers within the framework of their responsibilities under national law, policies or procedures or under special agreements concluded with the host country or international organisations.

2. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að tengifulltrúar þess í innflytjendamálum komi á og viðhaldi beinum tengslum við lögbær yfirvöld í gistilandinu eða viðeigandi stofnun í gistilandinu,

Article 2

1. Each Member State shall ensure that its immigration liaison officers establish and maintain direct contacts with the competent authorities in the host country and any appro-

með það fyrir augum að greiða fyrir og flýta söfnun upplýsinga og upplýsingaskiptum.

2. Tengifulltrúar innflytjendamála skulu safna upplýsingum sem nota á við rekstur, skipulagningu eða hvort tveggja. Upplýsingarnar skulu einkum varða málefni eins og:

   - straum ólöglegra innflytjenda sem eru upprunnir í gistilandinu eða ferðast þar í gegn,
   - leiðir sem þessi straumur ólöglegra innflytjenda fer til að komast inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
   - starfsaðferðir þeirra, þ.m.t. flutningatæki sem þeir nota, þátttaka millilíða o.s.frv.,
   - tilvist og starfsemi ólögmætra samtaka sem stunda smygl á innflytjendum,
   - óhöpp eða atburði sem geta verið eða orðið valdir að nýrri þróun að því er varðar straum ólöglegra innflytjenda,
   - aðferðir við grunnfölsun eða breytingarfölsun persónuskilríkja og ferðaskilríkja,
   - leiðir og aðferðir til að aðstoða yfirvöld gistiríkjanna við að koma í veg fyrir straum ólöglegra innflytjenda sem eru upprunnir á yfirráðasvæði þeirra eða ferðast þar í gegn,
   - leiðir og aðferðir til að greiða fyrir endursendingu ólöglegra innflytjenda til upprunalands þeirra,
   - löggjöf og réttarvenjur sem lúta að framangreindum málefnum,
   - upplýsingar sem sendar eru um viðvörunarkerfið.

3. Tengifulltrúar innflytjendamála skulu einnig eiga rétt á að veita aðstoð við að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og greiða fyrir endursendingu þeirra til upprunalands þeirra.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að tengifulltrúar þeirra í innflytjendamálum inni af hendi verkefni sín innan ramma skyldustarfa sinna og í samræmi við ákvæði innlendra laga og samninga eða samþykktir, sem hafa verið gerðar við gistilönd eða alþjóðastofnanir, þ.m.t. ákvæði um vernd persónuupplýsinga.

priate organisation within the host country, with a view to facilitating and expediting the collection and exchange of information.

2. Immigration liaison officers shall collect information for use either at the operational level, or at a strategic level, or both. Such information shall in particular concern issues such as:

   - flows of illegal immigrants originating from or transiting through the host country,
   - routes followed by those flows of illegal immigrants in order to reach the territories of the Member States,
   - their modus operandi, including the means of transport used, the involvement of intermediaries, etc.,
   - the existence and activities of criminal organisations involved in the smuggling of immigrants,
   - incidents and events that may be or become the cause for new developments with respect to flows of illegal immigrants,
   - methods used for counterfeiting or falsifying identity documents and travel documents,
   - ways and means to assist the authorities in host countries in preventing illegal immigration flows originating from or transiting through their territories,
   - ways and means to facilitate the return and repatriation of illegal immigrants to their countries of origin,
   - legislation and legal practices relevant to the issues referred to above,
   - information transmitted via the early warning system.

3. Immigration liaison officers shall also be entitled to render assistance in establishing the identity of third country nationals and in facilitating their return to their country of origin.

4. Member States shall ensure that their immigration liaison officers carry out their tasks within the framework of their responsibilities and in compliance with the provisions, including those on the protection of personal data, laid down in their national laws and in any agreements or arrangements concluded with host countries or international organisations.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru, ráðinu og framkvæmdastjórninni, kerfisbundið og án tafar, um útsenda tengifulltrúa sína í innflytjendamálum, þ.m.t. lýsing á hlutverki þeirra. Framkvæmdastjórnin skal safna þessum upplýsingum saman og koma þeim á framfæri við ráðið og aðildarríkin.
2. Hvert aðildarríki skal einnig gera hinum aðildarríkjunum grein fyrir fyrirhuguðum útsendingum tengifulltrúa innflytjendamála til þriðju landa, til þess að hin aðildarríkin geti lýst áhuga á að gera samstarfssamning við viðkomandi aðildarríki um slíka útsendingu, eins og um getur í 5. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tengifulltrúar þeirra í innflytjendamálum, sem eru sendir til sama þriðja lands eða svæðis, komi á staðbundnu eða svæðisbundnu samstarfsneti sín á milli. Einkum skulu tengifulltrúar innflytjendamála í slíku samstarfi:

   – hittast reglulega og þegar þörf krefur,
   – skiptast á upplýsingum og hagnýtri reynslu,
   – samræma afstöðu gagnvart flytjendum í atvinnurekstri, þegar við á,
   – sækja sameiginleg sérnámskeið, þegar við á,
   – skipuleggja upplýsingafundi og námskeið fyrir starfsfólk sendiráða og ræðisskrifstofa aðildarríkjanna í gistilandinu, þegar við á,
   – taka upp sameiginlegar aðferðir við að safna viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. áhættugreiningar, á skipulegan hátt og greina lögbærum yfirvöldum sendiaðildarríkisins frá þeim,
   – taka þátt í samningu skýrslna tvisvar á ári um sameiginlega starfsemi þeirra, í samræmi við 1. mgr. 6. gr.,
   – koma á reglulegu sambandi við áþekk net í gistilandinu og í nærliggjandi þriðju löndum, eftir því sem við á.
2. Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna skulu eiga rétt á að taka þátt í fundum sem eru skipulagðir innan ramma nets tengifulltrúa innflytjendamála en ef starfsemin krefst þess má þó halda fundi í fjarveru full-

Article 3

1. Member States shall systematically and without delay inform one another, the Council and the Commission of their secondments of immigration liaison officers, including a description of their duties. The Commission shall provide a collection of this information to the Council and Member States.
2. Each Member State shall also inform the others of its intentions as regards the secondment of immigration liaison officers to third countries, so as to allow the other Member States to express an interest in concluding a cooperative agreement with the Member State concerned on such secondment, as referred to in Article 5.

Article 4

1. Member States shall ensure that their immigration liaison officers posted to the same third countries or regions constitute local or regional cooperation networks among each other. Within the framework of such networks immigration liaison officers shall, in particular:
   – meet regularly and whenever necessary,
   – exchange information and practical experience,
   – coordinate positions to be adopted in contacts with commercial carriers, when appropriate,
   – attend joint specialised training courses, when appropriate,
   – organise information sessions and training courses for members of the diplomatic and consular staff of the missions of the Member States in the host country, when appropriate,
   – adopt common approaches as to methods of collecting and reporting strategically relevant information, including risk analyses, to the competent authorities of the sending Member States,
   – contribute to the biannual reports of their common activities, which are drafted in accordance with Article 6(1),
   – set up regular contacts with similar networks in the host country and in neighbouring third countries, as appropriate.
2. Representatives of the European Commission shall be entitled to participate in the meetings organised within the framework of immigration liaison officers network, although if operational considerations so require, meet-

trúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna. Einnig má bjóða öðrum stofnunum og yfirvöldum þátttöku, eftir því sem við á.

3. Aðildarríkið sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins skal eiga frumkvæðið að slíkum fundum. Ef formennskuríkið á ekki fulltrúa í landinu eða á svæðinu skal aðildarríkið, sem fer með varaformennsku, eiga frumkvæðið að því að halda fundinn.

5. gr.

1. Aðildarríkin geta gert tvíhliða eða marghliða samning um að tengifulltrúar innflytjendamála, sem aðildarríki sendir til þriðju landa eða alþjóðastofnunar, skuli einnig gæta hagsmuna eins eða fleiri hinna aðildarríkjanna.

2. Aðildarríkin geta einnig samþykkt að tengifulltrúar innflytjendamála þeirra skipti með sér tilteknum verkefnum.

6. gr.

1. Aðildarríkið sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins eða, ef það aðildarríki á ekki fulltrúa í landinu eða á svæðinu, aðildarríkið sem fer með varaformennsku skal, við hver misserislok, semja skýrslu fyrir ráðið og framkvæmdastjórnina um starfsemi nets tengifulltrúa innflytjendamála, sem það á fulltrúa í, sem og um ástand í gistiríkinu í málefnum er varða ólöglegan innflutning fólks.

2. Semja skal slíkar skýrslur í samræmi við fyrirmynd og framsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður.

3. Þessar skýrslur eru mikilvægur upplýsingabrunnur fyrir framkvæmdastjórnina þegar hún, í lok formennskutíma síns, semur og leggur fyrir ráðið matsskýrslu um ástandið í hverju þriðja landi þar sem aðildarríkin hafa útsenda tengifulltrúa innflytjendamála.

4. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli framangreindra skýrslna láta gera samantekt á staðreyndum og setja í ársskýrslu sína um þróun sameiginlegrar stefnu í málefnum er varða ólöglegan innflutning fólks, smygl á fólki og mansal, ytri landamæri og endursendingu ólöglegra íbúa. Þegar framkvæmdaings may be held in the absence of a representative of the European Commission. Other bodies and authorities may also be invited, as appropriate.

3. The Member State holding the Presidency of the Council of the European Union shall take the initiative to hold such meetings. If the Member State holding the Presidency is not represented in the country or region, it is up to the Member State serving as acting Presidency to take the initiative to hold the meeting.

Article 5

1. Member States may bilaterally or multilaterally agree that immigration liaison officers who are posted to a third country or international organisation by a Member State shall also look after the interests of one or more other Member States.

2. Member States may also agree that their immigration liaison officers shall share certain tasks among each other.

Article 6

1. The Member State holding the Presidency of the Council of the European Union or, if this Member State is not represented in the country or region, the Member State serving as acting Presidency shall draw up by the end of each semester a report on the activities of immigration liaison officers networks in which it has a representative, as well as on the situation in the host country, in matters relating to illegal immigration to the Council and the Commission.

2. Such reports shall be drawn up in accordance with a model and a format established by the Commission.

3. These reports will constitute an essential form of information for the preparation, at the end of each Presidency, of an evaluation report to be submitted to the Council, and drafted by the Commission, on the existing situation in every third country, where Member States' immigration liaison officers are posted.

4. The Commission shall, on the basis of the abovementioned reports include a factual summary in its annual report on the development of a common policy on illegal immigration, smuggling and trafficking of human beings, external borders and the return of illegal residents. When presenting its evaluation

stjórnin leggur mat sitt fyrir ráðið getur hún lagt fram tillögur sínar eða tilmæli ef þurfa þykir.

7. gr.

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ákvæði um samstarf sendiráða og ræðisskrifstofa á staðarvísu sem er að finna í sameiginlegum fyrirmælum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa[7].

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. janúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

to the Council, the Commission may make such proposals or recommendations as it deems appropriate.

Article 7

This Regulation is without prejudice to the provisions on Consular cooperation at a local level contained in the Common Consular Instructions on visas for the diplomatic missions and consular posts[7].

Article 8

This Regulation shall enter into force on 5 January 2004.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 19 February 2004.

For the Council

The President
M. McDowell

7 Stjtíð. EB C 313, 16.12.2002, bls. 1.

7 OJ C 313, 16.12.2002, p. 1.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 4. júní 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/191/EB frá 23. febrúar 2004, um viðmiðanir og fyrirkomulag vegna endurgreiðslu kostnaðar sem leiðir af beitingu tilskipunar 2001/40/EB um gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum um brottvísun ríkisborgara þriðju landa, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 4. júní 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. júní 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 23. febrúar 2004
um viðmiðanir og fyrirkomulag vegna endurgreiðslu kostnaðar sem leiðir af beitingu tilskipunar 2001/40/EB um gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum um brottvísun ríkisborgara þriðju landa.
(2004/191/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999 áréttaði leiðtogaráðið þann ásetning sinn að skapa svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti. Til að svo megi verða þarf sameiginleg, evrópsk stefna um hælisveitingar og fólksflutninga bæði að miða að sanngjarnri meðferð ríkisborgara þriðju landa og betri stjórn á straumi innflytjenda. Leiðtoga-

COUNCIL DECISION
of 23 February 2004
setting out the criteria and practical arrangements for the compensation of the financial imbalances resulting from the application of Directive 2001/40/EC on the mutual recognition of decisions on the expulsion of third-country nationals
(2004/191/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 63(3) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the opinion of the European Parliament,

Whereas:

(1) The Tampere European Council on 15 and 16 October 1999 reaffirmed its resolve to create an area of freedom, security and justice. For that purpose, a common European policy on asylum and migration should aim both at fair treatment of third country nationals and better management of migration flows. These objectives were confirmed by

ráðið staðfesti þessi markmið á fundi sínum í Laeken 14. og 15. desember 2001 og á fundi sínum í Sevilla 21. og 22. júní 2002. Sérstök áhersla var lögð á þörfina á að berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks, þ.m.t. að grípa til viðeigandi ráðstafana til að stuðla að endursendingu ólöglegra íbúa.

2) Beiting ákvörðunar 2001/40/EB[1] getur leitt til kostnaðar ef ekki er hægt að framfylgja ákvörðunum um brottvísun á kostnað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða þriðja aðila, þrátt fyrir viðleitni fullnustuaðildarríkisins. Því ber að samþykkja viðeigandi viðmiðanir og fyrirkomulag við tvíhliða endurgreiðslur aðildarríkjanna.

3) Þessi ákvörðun skal einnig vera grundvöllur fyrir því að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi sem nauðsynlegt er vegna framkvæmdar ákvæða 24. gr. Schengen-samningsins.

4) Þar eð aðildarríkin geta ekki með einhlítum hætti náð þeim markmiðum sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. sameiginleg ábyrgð á kostnaði í tengslum við samvinnu milli aðildarríkjanna við brottvísun ríkisborgara þriðju landa þegar um er að ræða gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum um brottvísun, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar hafa víðtæk áhrif, getur bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.

5) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem koma m.a. fram í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari ákvörðun er einkum leitast eftir að tryggja að mannlegri reisn sé sýnd full virðing ef um brottvísun og brottflutning er að ræða, eins og fram kemur í 1., 18. og 19. gr. sáttmálans.

6) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun kemur

1 Stjtíð. EB L 149, 2.6.2001, bls. 34.

the Laeken European Council on 14 and 15 December 2001 and the Seville European Council on 21 and 22 June 2002. The need to fight against illegal immigration, including taking appropriate measures to promote the return of illegal residents, was particularly emphasised.

(2) The application of Directive 2001/40/EC[1] may result in financial imbalances where expulsion decisions, despite the efforts made by the enforcing Member State, cannot be effected at the expense of the third country national concerned or of a third party. Appropriate criteria and practical arrangements for the bilateral compensation of Member States should therefore be adopted.

(3) This Decision should also constitute the basis for establishing the criteria and practical arrangements required for the implementation of the provisions of Article 24 of the Schengen Convention.

(4) Since the objective of the proposed action, namely financial burden-sharing for cooperation between Member States on expulsion of third-country nationals in the case of mutual recognition of expulsion decisions cannot be sufficiently achieved by the Member States and can therefore, by reason of the effects of the action, be better achieved at Community level, the Community may adopt measures, in accordance with the principle of subsidiarity as set out in Article 5 of the Treaty. In accordance with the principle of proportionality, as set out in that Article, this Decision does not go beyond what is necessary in order to achieve that objective.

(5) This Decision respects the fundamental rights and observes the principles reflected in particular in the Charter of Fundamental Rights of the European Union. In particular this Decision seeks to ensure full respect for human dignity in the event of expulsion and removal, as reflected in Articles 1, 18 and 19 of the Charter.

(6) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application.

1 OJ L 149, 2.6.2001, p. 34.

til með að byggja á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er tekur til ríkisborgara þriðju landa, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur viðeigandi skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna, mun Danmörk, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt ákvörðun þessa hvort hún muni taka hana upp í landslög.

7) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á Schengen-gerðunum í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[2] að því er tekur til ríkisborgara þriðju landa sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir stuttri dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt ákvæðum Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í C-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[3].

8) Breska konungsríkið hefur tilkynnt, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að það óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar ákvörðunar. Að því marki sem þessi ákvörðun hrindir einnig ákvæðum 24. gr. Schengen-samningsins í framkvæmd, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2001/40/EB, á hún ekki við um Breska konungsríkið.

9) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og með fyrirvara um 4. gr. þeirrar bókunar tekur Írland ekki þátt í samþykkt og beitingu þessarar ákvörðunar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar.

2 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

Given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community to the extent that it applies to third-country nationals who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, Denmark will, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will implement it in its national law.

(7) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[2], to the extent that it applies to third-country nationals who do not fulfil or who no longer fulfil the conditions for a short stay applicable within the territory of a Member State by virtue of the provisions of the Schengen acquis, which fall within the area referred to in Article 1, point C, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[3].

(8) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland, annexed to the Treaty on the European Union and to the Treaty establishing the European Community, the United Kingdom has notified its wish to take part in the adoption and application of this Decision. To the extent that this Decision also implements the provisions of Article 24 of the Schengen Convention, in accordance with Article 7 of Directive 2001/40/EC, it does not affect the United Kingdom.

(9) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland, annexed to the Treaty on the European Union and to the Treaty establishing the European Community, and without prejudice to Article 4 of the said Protocol, Ireland is not taking part in the adoption and application of this Decision

2 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

10) Þessi tilskipun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari ákvörðun eru settar fram viðeigandi viðmiðanir og fyrirkomulag vegna endurgreiðslu kostnaðar sem getur leitt af beitingu tilskipunar 2001/40/EB ef ekki er unnt að láta brottvísun fara fram á kostnað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.

2. gr.

1. Ákvörðunaraðildarríkið skal endurgreiða fullnustuaðildarríkinu þann kostnað sem getur leitt af beitingu tilskipunar 2001/40/EB ef ekki er unnt að láta brottvísun fara fram á kostnað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.
   Fullnustuaðildarríkið skal veita ákvörðunaraðildarríkinu almennar upplýsingar um leiðbeinandi kostnað við brottvísanir.

2. Endurgreiðslan skal fara fram að beiðni fullnustuaðildarríkisins á grundvelli lágmarksraunkostnaðar og á grundvelli eftirfarandi þátta:
   a) Flutningskostnaður. Þar á meðal er raunkostnaður við flugfargjöld, sem nemur allt að því verði sem gefið er upp í opinberri gjaldskrá Alþjóðasambands flugfélaga fyrir viðkomandi flug á fullnustutímanum. Unnt er að fara fram á endurgreiðslu raunkostnaðar við flutning á landi eða sjó, með bíl, lest eða báti, á grundvelli fargjalds fyrir ferð á öðru farrými í lest eða báti fyrir viðkomandi vegalengd á fullnustutímanum.
   b) Umsýslukostnaður. Þar á meðal er raunkostnaður við vegabréfsáritun og gjöld fyrir útgáfu ferðaskilríkja til endursendingar (ferðabréf).
   c) Ferðadagpeningar fylgdarmanna. Þessi kostnaður skal ákvarðaður í samræmi við gildandi innlend lög og/eða venju.
   d) Gistikostnaður fylgdarmanna. Þar á meðal er raunkostnaður við dvöl þessara aðila á gegnumferðarsvæði þriðja lands

and is not bound by it or subject to its application.

(10) This Directive constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

This Decision sets out appropriate criteria and practical arrangements for the compensation of the financial imbalances which may result from the application of Directive 2001/40/EC where expulsion cannot be effected at the expense of the national(s) of the third country concerned.

Article 2

1. The issuing Member State shall compensate the enforcing Member State for financial imbalances, which may result from the application of Directive 2001/40/EC where expulsion cannot be effected at the expense of the national(s) of the third country concerned.
   The enforcing Member State shall provide the issuing Member State with general information about the indicative costs of the removal operations.
2. The reimbursement shall take place at the request of the enforcing Member State on the basis of the minimum actual costs and on the basis of the following principles:
   (a) transport costs. These include the actual costs for flight tickets up to the amount of the official IATA tariff for the respective flight at the time of enforcement. The actual costs for land or maritime transport by car, train or boat can be claimed on the basis of a second class train or boat ticket for the respective distance at the time of enforcement;
   (b) administrative costs. These include the actual costs for visa fees and the fees for the issuing of return travel documents (laissez-passer);
   (c) mission allowances per diem for the escorts. These are to be determined in accordance with the applicable national legislation and/or practice;
   (d) accommodation costs for the escorts. These include actual costs for these persons' stay in a transit area of a third coun-

og eins stutta dvöl í upprunalandinu og nauðsyn krefur til að ljúka verkefninu. Endurgreiðsla skal ekki reidd af hendi fyrir fleiri fylgdarmenn en tvo með hverjum einstaklingi sem er endursendur, nema þörf sé á fleiri fylgdarmönnum að mati fullnustuaðildarríkisins og í samráði við ákvörðunaraðildarríkið.

e) Gistikostnaður þess sem er endursendur. Þar á meðal er raunkostnaður við dvöl þess, sem er endursendur, í viðeigandi húsnæði í samræmi við gildandi innlend lög og/eða venju fullnustuaðildarríkisins. Endurgreiða skal að hámarki þriggja mánaða dvöl. Ef talið er að dvöl þess, sem er endursendur, verði lengri en þrír mánuðir skulu fullnustuaðildarríkið og ákvörðunaraðildarríkið koma sér saman um greiðslu viðbótarkostnaðarins.

f) Lækniskostnaður. Þar á meðal er raunkostnaður við að veita þeim sem er endursendur og fylgdarmönnum hans læknismeðferð í neyðartilvikum, þ.m.t. óhjákvæmileg útgjöld vegna innlagnar á sjúkrahús.

Þegar þörf krefur skal fullnustuaðildarríkið hafa samráð við ákvörðunaraðildarríkið og skulu þau koma sér saman um greiðslu kostnaðar, sem er umfram þann sem settur er fram í þessari málsgrein, eða viðbótarkostnaðar.

try and for their strictly necessary short stay for the implementation of their mission in the country of origin. For the purpose of reimbursement, the number of escorts shall not exceed two persons per returnee, unless, on the basis of the assessment of the enforcing Member State and in agreement with the issuing Member State, more escorts are required;

(e) accommodation costs for the returnee. These include the actual costs for the returnee's stay in an appropriate facility in accordance with the applicable national legislation and/or practice of the enforcing Member State. A maximum period of three months of stay shall be reimbursed. Where the returnee's stay is expected to last longer than three months, the enforcing Member State and the issuing Member State shall agree to the additional costs;

(f) medical costs. These include the actual costs for the provision of medical treatment to the returnee and the escorts in emergency cases, including necessary hospitalisation expenses.

Where necessary, the enforcing Member State shall consult the issuing Member State and agree on costs exceeding those set out in this paragraph or on additional costs.

3. gr.

1. Beiðni um endurgreiðslu skal lögð fram skriflega ásamt kvittunum fyrir útlögðum, endurheimtanlegum kostnaði.
2. Einungis er heimilt að leggja fram beiðni um endurgreiðslu í tengslum við ákvarðanir um brottvísun sem eru gefnar út eftir að þessi ákvörðun öðlast gildi.
   Ekki er heimilt að krefjast endurgreiðslu vegna fullnustu ákvarðana um brottvísun sem eru gefnar út meira en fjórum árum fyrir fullnustu þeirra.
3. Heimilt er að hafna beiðnum um endurgreiðslu sem eru lagðar fram eftir að meira en eitt ár er liðið frá fullnustu.
4. Hvert aðildarríki skal koma á innlendum tengiliði í tengslum við framkvæmd þessarar ákvörðunar og senda viðeigandi gögn til hinna aðildarríkjanna.
   Innlendur tengiliður fullnustuaðildarríkisins skal senda sérhverja beiðni um endurgreiðslu

Article 3

1. Reimbursement requests shall be made in writing and shall be accompanied by documentary proof of the recoverable costs.
2. Requests for reimbursement can only be made for expulsion decisions, which are issued after this Decision takes effect.

   Reimbursement cannot be claimed for the enforcement of expulsion decisions, issued more than four years prior to their enforcement.
3. Requests for reimbursement submitted more than one year after the enforcement has taken place may be rejected.
4. Each Member State shall establish a national contact point for the implementation of this Decision and communicate the relevant data to the other Member States.
   Any request for reimbursement shall be sent by the national contact point of the enforcing

til innlends tengiliðar ákvörðunaraðildarríkisins, sem skal tilkynna tengiliði fullnustuaðildarríkisins um viðtöku hennar.

5. Innlendur tengiliður ákvörðunaraðildarríkisins skal tilkynna innlendum tengiliði fullnustuaðildarríkisins innan þriggja mánaða um samþykkt eða synjun beiðninnar. Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni skal koma fram rökstuðningur ef um synjun er að ræða.

6. Greiðslur skulu inntar af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlendur tengiliður ákvörðunaraðildarríkisins hefur samþykkt greiðsluna.
7. Tilkynna skal innlendum tengiliðum fullnustuaðildarríkisins og ákvörðunaraðildarríkisins um greiðslur og synjanir um endurgreiðslu.

4. gr.

1. Til þess að unnt sé að fylgjast með að framkvæmd þessarar ákvörðunar, sem og framkvæmd tilskipunar 2001/40/EB, sé snurðulaus skal hver innlendur tengiliður veita upplýsingar reglulega, einkum varðandi: heildarfjölda fullnusturáðstafana sem eru gerðar samkvæmt tilskipun 2001/40/EB og endurgreiddar í samræmi við þessa ákvörðun og heildarfjölda synjana um endurgreiðslu ásamt rökstuðningi fyrir slíkum synjunum.
2. Slíkum upplýsingum mega einnig fylgja tilmæli sem miða að því að bæta viðmiðanir og fyrirkomulag þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

B. COWEN
forseti.

Member State to the national contact point of the issuing Member State, which shall inform the national contact point of the enforcing Member State of the receipt of the request.
5. Within a maximum of three months the national contact point of the issuing Member State shall communicate to the national contact point of the enforcing Member State the acceptance or the refusal of the request. Such a communication shall be in writing, stating the reasons in case of refusal.
6. Payments shall be made within a maximum of three months from the acceptance of the payment by the national contact point of the issuing Member State.
7. The national contact points of the enforcing Member State and of the issuing Member State shall be informed of payments and of refusals to reimburse.

Article 4

1. In order to monitor the smooth implementation of this Decision as well as of the Directive 2001/40/EC, each national contact point shall regularly provide information concerning in particular: the total number of enforcement measures taken under Directive 2001/40/EC which were reimbursed in accordance to this Decision and the total number of refusals to reimburse together with the reasons for such refusals.
2. Such information may also include recommendations with a view to improving the criteria and practical arrangements of this Decision.

Article 5

This Decision shall take effect on the day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 6

This Decision is addressed to the Member States.

Done at Brussels, 23 February 2004.

For the Council

The President
B. Cowen

AUGLÝSING

um rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir.

Hinn 14. júní 2004 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna rammasamnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir sem gerður var í Genf 21. maí 2003. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir.

Inngangsorð.

Aðilar að þessum samningi

hafa einsett sér að láta rétt sinn til að vernda lýðheilsu hafa forgang,

viðurkenna að tóbaksneysla er faraldur sem breiðist út og er vandamál í samfélagi þjóðanna sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir lýðheilsu sem aftur krefst sem víðtækastrar alþjóðlegrar samvinnu og þess að öll lönd taki þátt í því að bregðast við á heimsvísu á skilvirkan, viðeigandi og heildstæðan hátt,

taka undir áhyggjur alþjóðasamfélagsins af hinum skelfilegu afleiðingum sem tóbaksneysla og óbeinar reykingar hafa á heilsu, samfélag, fjárhag og umhverfi um heim allan,

hafa verulegar áhyggjur af vaxandi neyslu og framleiðslu á vindlingum og öðrum tóbaksvörum í heiminum, einkum í þróunarlöndunum, svo og af þeim byrðum sem þetta leggur á fjölskyldur, fátækt fólk og heilbrigðiskerfið,

viðurkenna að vísindaleg gögn hafa með óyggjandi hætti sýnt fram á að tóbaksneysla og óbeinar reykingar valda dauða, sjúkdómum og fötlun og að nokkur tími líður frá því að byrjað er á reyk-

WHO FRAMEWORK CONVENTION on Tobacco Control

Preamble

The Parties to this Convention,

Determined to give priority to their right to protect public health,

Recognizing that the spread of the tobacco epidemic is a global problem with serious consequences for public health that calls for the widest possible international cooperation and the participation of all countries in an effective, appropriate and comprehensive international response,

Reflecting the concern of the international community about the devastating worldwide health, social, economic and environmental consequences of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke,

Seriously concerned about the increase in the worldwide consumption and production of cigarettes and other tobacco products, particularly in developing countries, as well as about the burden this places on families, on the poor, and on national health systems,

Recognizing that scientific evidence has unequivocally established that tobacco consumption and exposure to tobacco smoke cause death, disease and disability, and that there is a time lag

ingum og annars konar neyslu tóbaks þar til vart verður sjúkdóma er tengjast tóbaksneyslu,

viðurkenna einnig að vindlingar og sumar aðrar tóbaksvörur eru þróaðar á þann hátt að veki og viðhaldi fíkn og að í þeim og í reyknum frá þeim er að finna efnasambönd, sem eru lyfjafræðilega virk, stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi, og að tóbaksfíkn er flokkuð sérstaklega sem sjúklegt ástand í alþjóðlegum flokkunarkerfum fyrir sjúkdóma,

hafa í huga að fyrir liggja skýr vísindaleg gögn um skaðleg áhrif tóbaksreyks fyrir fæðingu á heilsu og þroska barna,

hafa þungar áhyggjur af sívaxandi reykingum og annarri tóbaksnotkun meðal barna og unglinga um allan heim, einkum af reykingum sífellt yngri barna,

eru uggandi yfir auknum reykingum og annarri tóbaksnotkun meðal kvenna og ungra stúlkna og hafa í huga að nauðsynlegt er að konur taki fullan þátt í stefnumótun og framkvæmd á öllum stigum og að þörf er fyrir sérstaka kynbundna stefnu í tóbaksvörnum,

hafa þungar áhyggjur af miklum reykingum og annarri tóbaksnotkun meðal frumbyggjaþjóða,

hafa verulegar áhyggjur af áhrifum hvers konar auglýsinga, kynninga og kostunar sem miða að því að hvetja til notkunar tóbaksvara,

viðurkenna að samvinna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir hvers konar ólögleg viðskipti með vindlinga og aðrar tóbaksvörur, þ.m.t. smygl, ólögleg framleiðsla og eftirlíkingar,

hafa í huga að nauðsynlegt er að veita, nú og í framtíðinni, nægt fjármagn og leggja til fullnægjandi tækni til aðgerða á sviði tóbaksvarna á öllum stigum og þá einkum í þróunarlöndunum og löndum með umbreytingarhagkerfi,

viðurkenna að nauðsynlegt er að þróa viðeigandi aðferðir til að takast á við félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar þess, til lengri tíma litið, að ná árangri í að draga úr eftirspurn eftir tóbaki,

eru minnugir þeirra félagslegu og efnahagslegu erfiðleika sem tóbaksvarnaáætlanir gætu valdið,

between the exposure to smoking and the other uses of tobacco products and the onset of tobacco-related diseases,

Recognizing also that cigarettes and some other products containing tobacco are highly engineered so as to create and maintain dependence, and that many of the compounds they contain and the smoke they produce are pharmacologically active, toxic, mutagenic and carcinogenic, and that tobacco dependence is separately classified as a disorder in major international classifications of diseases,

Acknowledging that there is clear scientific evidence that prenatal exposure to tobacco smoke causes adverse health and developmental conditions for children,

Deeply concerned about the escalation in smoking and other forms of tobacco consumption by children and adolescents worldwide, particularly smoking at increasingly early ages,

Alarmed by the increase in smoking and other forms of tobacco consumption by women and young girls worldwide and keeping in mind the need for full participation of women at all levels of policy-making and implementation and the need for gender-specific tobacco control strategies,

Deeply concerned about the high levels of smoking and other forms of tobacco consumption by indigenous peoples,

Seriously concerned about the impact of all forms of advertising, promotion and sponsorship aimed at encouraging the use of tobacco products,

Recognizing that cooperative action is necessary to eliminate all forms of illicit trade in cigarettes and other tobacco products, including smuggling, illicit manufacturing and counterfeiting,

Acknowledging that tobacco control at all levels and particularly in developing countries and in countries with economies in transition requires sufficient financial and technical resources commensurate with the current and projected need for tobacco control activities,

Recognizing the need to develop appropriate mechanisms to address the long-term social and economic implications of successful tobacco demand reduction strategies,

Mindful of the social and economic difficulties that tobacco control programmes may engender

til skemmri eða lengri tíma, í sumum þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi og viðurkenna þörf þeirra fyrir tæknilega og fjárhagslega aðstoð í tengslum við áætlanir um sjálfbæra þróun sem eru mótaðar innanlands,

in the medium and long term in some developing countries and countries with economies in transition, and recognizing their need for technical and financial assistance in the context of nationally developed strategies for sustainable development,

eru meðvitaðir um það mikilvæga starf, sem mörg ríki inna af hendi í tóbaksvörnum, og lofa forystu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og viðleitni annarra stofnana og aðila á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra og svæðisbundinna milliríkjastofnana til þess að þróa ráðstafanir í tóbaksvörnum,

Conscious of the valuable work being conducted by many States on tobacco control and commending the leadership of the World Health Organization as well as the efforts of other organizations and bodies of the United Nations system and other international and regional intergovernmental organizations in developing measures on tobacco control,

leggja áherslu á sérstakt framlag frjálsra félagasamtaka og annarra aðila í borgaralegu samfélagi, sem tengjast ekki tóbaksiðnaðinum, þ.m.t. samtök fólks í heilbrigðisstéttum, kvenfélög, ungmennahreyfingar, samtök umhverfissinna og neytenda og háskóla- og heilbrigðisstofnanir, til tóbaksvarna á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og að þátttaka þeirra í aðgerðum á sviði tóbaksvarna á innlendum og alþjóðlegum vettvangi skiptir þar sköpum,

Emphasizing the special contribution of non-governmental organizations and other members of civil society not affiliated with the tobacco industry, including health professional bodies, women's, youth, environmental and consumer groups, and academic and health care institutions, to tobacco control efforts nationally and internationally and the vital importance of their participation in national and international tobacco control efforts,

viðurkenna að nauðsynlegt er að vera á varðbergi gagnvart hugsanlegum tilraunum tóbaksiðnaðarins til að grafa undan eða spilla fyrir viðleitni til tóbaksvarna svo og að fá upplýsingar um allt sem tóbaksiðnaðurinn aðhefst og hefur neikvæð áhrif á tóbaksvarnir,

Recognizing the need to be alert to any efforts by the tobacco industry to undermine or subvert tobacco control efforts and the need to be informed of activities of the tobacco industry that have a negative impact on tobacco control efforts,

minna á 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 16. desember 1966, en þar segir að réttur hvers manns sé að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að því marki sem best gerist,

Recalling Article 12 of the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, adopted by the United Nations General Assembly on 16 December 1966, which states that it is the right of everyone to the enjoyment of the highest attainable standard of physical and mental health,

minna einnig á inngangsorð stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þar sem segir að það teljist til grundvallarréttinda hvers manns að njóta heilsu að því marki sem best gerist án tillits til kynþáttar, trúar, stjórnmálaskoðana, efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna,

Recalling also the preamble to the Constitution of the World Health Organization, which states that the enjoyment of the highest attainable standard of health is one of the fundamental rights of every human being without distinction of race, religion, political belief, economic or social condition,

eru staðráðnir í að stuðla að tóbaksvörnum á grundvelli ríkjandi og viðeigandi vísindalegra, tæknilegra og efnahagslegra þátta,

Determined to promote measures of tobacco control based on current and relevant scientific, technical and economic considerations,

minna á að í samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 18. desember 1979, er kveðið á um að ríki, sem eiga aðild að

Recalling that the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, adopted by the United Nations General Assembly on 18 December 1979, provides that

þeim samningi, skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði heilsugæslu,

minna enn fremur á að í samningnum um réttindi barnsins, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 20. nóvember 1989, er kveðið á um að ríki, sem eiga aðild að þeim samningi, viðurkenni rétt barnsins til að njóta heilsu að því marki sem best gerist,

og hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

States Parties to that Convention shall take appropriate measures to eliminate discrimination against women in the field of health care,

Recalling further that the Convention on the Rights of the Child, adopted by the United Nations General Assembly on 20 November 1989, provides that States Parties to that Convention recognize the right of the child to the enjoyment of the highest attainable standard of health,

Have agreed, as follows:

I. HLUTI: INNGANGUR.

1. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum merkir:

a) „ólögleg viðskipti“: hvers konar starfshætti eða háttsemi sem er bönnuð að lögum og varðar framleiðslu, sendingu, móttöku, vörslu, dreifingu, sölu eða kaup, svo og hvers konar starfshætti eða háttsemi sem miðar að því að greiða fyrir slíku,

b) „svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“: stofnun sem sett er á fót af fullvalda ríkjum og aðildarríkin hafa veitt vald varðandi ýmis málefni, þ.m.t. heimild til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir aðildarríkin að því er þau málefni varðar,[1]

c) „auglýsing og kynning á tóbaki“: hvers konar viðskiptaorðsendingar, tilmæli eða aðgerðir sem hafa það að markmiði, þau áhrif eða líklegu áhrif að kynna tóbaksvörur eða tóbaksnotkun, með beinum eða óbeinum hætti,

d) „tóbaksvarnir“: ýmiss konar stefnumótun sem miðar að því að draga úr framboði, eftirspurn og skaðsemi og að bæta heilsu almennings með því að koma í veg fyrir eða minnka neyslu á tóbaksvörum og óbeinar reykingar,

e) „tóbaksiðnaður“: tóbaksframleiðendur, heildsala og innflytjendur tóbaksvara,

f) „tóbaksvörur“: vörur, unnar að öllu leyti eða að hluta til úr tóbakslaufum sem hráefni, til að reykja, soga að sér, tyggja eða taka í nefið,

1 Þar sem við á vísar „innlendur“ einnig til svæðisstofnana um efnahagssamvinnu.

PART I: INTRODUCTION

Article 1
Use of terms

For the purposes of this Convention:

(a) "illicit trade" means any practice or conduct prohibited by law and which relates to production, shipment, receipt, possession, distribution, sale or purchase including any practice or conduct intended to facilitate such activity;

(b) "regional economic integration organization" means an organization that is composed of several sovereign states, and to which its Member States have transferred competence over a range of matters, including the authority to make decisions binding on its Member States in respect of those matters[1];

(c) "tobacco advertising and promotion" means any form of commercial communication, recommendation or action with the aim, effect or likely effect of promoting a tobacco product or tobacco use either directly or indirectly;

(d) "tobacco control" means a range of supply, demand and harm reduction strategies that aim to improve the health of a population by eliminating or reducing their consumption of tobacco products and exposure to tobacco smoke;

(e) "tobacco industry" means tobacco manufacturers, wholesale distributors and importers of tobacco products;

(f) "tobacco products" means products entirely or partly made of the leaf tobacco as raw material which are manufactured to be used for smoking, sucking, chewing or snuffing;

1 Where appropriate, national will refer equally to regional economic integration organizations.

g) „kostun tóbaksiðnaðarins“: hvers konar framlag til viðburða, starfsemi eða einstaklinga sem hefur það markmið, þau áhrif eða líklegu áhrif að kynna tóbaksvöru eða tóbaksnotkun, með beinum eða óbeinum hætti.

2. gr.
Tengsl milli þessa samnings og annarra samninga og löggerninga.

1. Aðilar eru hvattir til að koma í framkvæmd ráðstöfunum, sem ganga lengra en krafist er í þessum samningi og bókunum við hann, til þess að vernda betur heilbrigði manna og ekkert í þessum gerningum kemur í veg fyrir að aðili geti gert ríkari kröfur sem samrýmast ákvæðum þeirra og eru í samræmi við þjóðarétt.
2. Ákvæði samningsins og bókana við hann skulu í engu hafa áhrif á rétt aðila til að gera tvíhliða eða marghliða samninga, þ.m.t. samningar sem ná til svæða eða undirsvæða, um málefni er varða eða koma til viðbótar samningnum og bókunum við hann, að því tilskildu að samningarnir samrýmist skuldbindingum þeirra samkvæmt samningnum og bókunum við hann. Hlutaðeigandi aðilar skulu tilkynna slíka samninga til þings aðila fyrir milligöngu skrifstofunnar.

II. HLUTI: MARKMIÐ, MEGINREGLUR OG ALMENNAR SKULDBINDINGAR

3. gr.
Markmið.

Markmiðið með þessum samningi og bókunum við hann er að vernda núlifandi og komandi kynslóðir fyrir þeim skelfilegu afleiðingum sem tóbaksnotkun og óbeinar reykingar geta haft í heilsufarslegu, félagslegu, umhverfistengdu og efnahagslegu tilliti, með því að setja fram ramma fyrir ráðstafanir í tóbaksvörnum sem aðilar skulu koma í framkvæmd á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi í því skyni að draga stöðugt og verulega úr fjölda þeirra sem nota tóbak og verða fyrir óbeinum reykingum.

4. gr.
Meginreglur.

Aðilar skulu m.a. fylgja eftirfarandi meginreglum til þess að ná fram markmiðum þessa samnings og bókana við hann og koma ákvæðum hans í framkvæmd:

(g) "tobacco sponsorship" means any form of contribution to any event, activity or individual with the aim, effect or likely effect of promoting a tobacco product or tobacco use either directly or indirectly.

Article 2
Relationship between this Convention and other agreements and legal instruments

1. In order to better protect human health, Parties are encouraged to implement measures beyond those required by this Convention and its protocols, and nothing in these instruments shall prevent a Party from imposing stricter requirements that are consistent with their provisions and are in accordance with international law.
2. The provisions of the Convention and its protocols shall in no way affect the right of Parties to enter into bilateral or multilateral agreements, including regional or subregional agreements, on issues relevant or additional to the Convention and its protocols, provided that such agreements are compatible with their obligations under the Convention and its protocols. The Parties concerned shall communicate such agreements to the Conference of the Parties through the Secretariat.

PART II: OBJECTIVE, GUIDING PRINCIPLES AND GENERAL OBLIGATIONS

Article 3
Objective

The objective of this Convention and its protocols is to protect present and future generations from the devastating health, social, environmental and economic consequences of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke by providing a framework for tobacco control measures to be implemented by the Parties at the national, regional and international levels in order to reduce continually and substantially the prevalence of tobacco use and exposure to tobacco smoke.

Article 4
Guiding principles

To achieve the objective of this Convention and its protocols and to implement its provisions, the Parties shall be guided, inter alia, by the principles set out below:

1. Rétt er að upplýsa hvern mann um þær heilsufarslegu afleiðingar, tilhneigingu til fíknar og hættu á dauða, sem tóbaksneysla og óbeinar reykingar hafa í för með sér, og rétt er að íhuga að setja skilvirk lög, reglur eða stjórnsýsluákvæði eða gera aðrar ráðstafanir á viðeigandi stjórnsýslustigi til að vernda alla menn fyrir óbeinum reykingum.
2. Nauðsynlegt er að fyrir hendi sé öflug pólitísk samstaða um að þróa og styðja, á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi, heildstæðar ráðstafanir sem taka til fjölmargra málaflokka og samræma viðbrögð, þar sem tekið er tillit til þess:
   a) að gera þarf ráðstafanir til að vernda alla menn fyrir tóbaksreyk,
   b) að gera þarf ráðstafanir til að koma í veg fyrir að menn byrji að neyta tóbaks og vinna að því að menn hætti eða dragi úr neyslu tóbaks í hvaða formi sem er,
   c) að gera þarf ráðstafanir til að stuðla að þátttöku einstaklinga úr hópi frumbyggja og samfélaga þeirra í þróun, framkvæmd og mati á tóbaksvarnaáætlunum sem svara þörfum þeirra og sjónarmiðum í félagslegu og menningarlegu tilliti, og

   d) að gera þarf ráðstafanir til takast á við kynbundna áhættuþætti þegar stefna er mótuð í tóbaksvörnum.
3. Mikilvægur hluti samningsins er alþjóðleg samvinna, einkum miðlun á tækni, þekkingu og í formi fjárhagsaðstoðar, svo og útvegun á viðeigandi sérfræðiþekkingu í því skyni að setja fram og framkvæma skilvirkar tóbaksvarnaáætlanir, þar sem tekið er tillit til menningar á hverjum stað, auk félagslegra, efnahagslegra, pólitískra og lagalegra þátta.
4. Heildstæðar ráðstafanir, sem taka til fjölmargra málaflokka, og viðbrögð á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi til að draga úr neyslu á öllum tóbaksvörum eru afar mikilvæg til að koma, í samræmi við meginreglur um lýðheilsu, í veg fyrir sjúkdóma, ótímabæra fötlun og dauða af völdum tóbaksneyslu og óbeinna reykinga.
5. Mál er tengjast bótaábyrgð, eins og hver aðili ákveður hana í lögsögu sinni, eru mikilvægur hluti heildstæðra tóbaksvarna.

6. Rétt er að viðurkenna og taka með í reikninginn, í tengslum við innlendar áætlanir um sjálfbæra þróun, að tæknileg og fjárhagleg aðstoð er afar mikilvæg til að styðja við efna-

1. Every person should be informed of the health consequences, addictive nature and mortal threat posed by tobacco consumption and exposure to tobacco smoke and effective legislative, executive, administrative or other measures should be contemplated at the appropriate governmental level to protect all persons from exposure to tobacco smoke.
2. Strong political commitment is necessary to develop and support, at the national, regional and international levels, comprehensive multisectoral measures and coordinated responses, taking into consideration:

   (a) the need to take measures to protect all persons from exposure to tobacco smoke;
   (b) the need to take measures to prevent the initiation, to promote and support cessation, and to decrease the consumption of tobacco products in any form;
   (c) the need to take measures to promote the participation of indigenous individuals and communities in the development, implementation and evaluation of tobacco control programmes that are socially and culturally appropriate to their needs and perspectives; and
   (d) the need to take measures to address gender-specific risks when developing tobacco control strategies.
3. International cooperation, particularly transfer of technology, knowledge and financial assistance and provision of related expertise, to establish and implement effective tobacco control programmes, taking into consideration local culture, as well as social, economic, political and legalfactors, is an important part of the Convention.
4. Comprehensive multisectoral measures and responses to reduce consumption of all tobacco products at the national, regional and international levels are essential so as to prevent, in accordance with public health principles, the incidence of diseases, premature disability and mortality due to tobacco consumption and exposure to tobacco smoke.
5. Issues relating to liability, as determined by each Party within its jurisdiction, are an important part of comprehensive tobacco control.
6. The importance of technical and financial assistance to aid the economic transition of tobacco growers and workers whose livelihoods are seriously affected as a consequence

hagslega aðlögun tóbaksræktenda og verkamanna ef tóbaksvarnaáætlanir hafa mikil áhrif á lífsafkomu þeirra í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi sem eru aðilar.

7. Áríðandi er að fá liðstyrk hins borgaralega samfélags við að ná markmiðum þessa samnings og bókana við hann.

5. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Hver aðili skal, í samræmi við þennan samning og þær bókanir við hann sem hann á aðild að, móta, koma í framkvæmd, uppfæra reglulega og endurskoða heildstæða, innlenda stefnumótun og áætlanagerð í tóbaksvarnamálum sem taka til fjölmargra málaflokka.
2. Í þessu skyni skal hver aðili, í samræmi við getu sína:
   a) koma á fót eða styrkja og fjármagna samræmt, innlent kerfi eða landsmiðstöðvar tóbaksvarna, og
   b) samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum og vinna, í samvinnu við aðra aðila og eftir því sem við á, að undirbúningi viðeigandi stefnumála til að koma í veg fyrir og draga úr tóbaksneyslu, nikótínfíkn og óbeinum reykingum.
3. Við undirbúning og framkvæmd stefnumála sinna á sviði lýðheilsu, er varða tóbaksvarnir, skulu aðilar gæta þess, í samræmi við landslög, að í þeim stefnumálum sé ekki að finna áhrif af viðskiptahagsmunum né öðrum hagsmunum tóbaksiðnaðarins.
4. Aðilar skulu starfa saman að mótun tillagna að ráðstöfunum, málsmeðferð og viðmiðunarreglum vegna framkvæmdar samningsins og þeirra bókana sem þeir eiga aðild að.

5. Aðilar skulu, eftir því sem við á, eiga samstarf við alþjóðlegar og svæðisbundnar milliríkjastofnanir og aðra aðila til að ná markmiðum samningsins og þeirra bókana sem þeir eiga aðild að.

6. Aðilar skulu, með því fjármagni og tilföngum sem þeir hafa til umráða, vinna saman í tvíhliða og marghliða fjármögnunarkerfum að því að afla fjár til skilvirkrar framkvæmdar samningsins.

of tobacco control programmes in developing country Parties, as well as Parties with economies in transition, should be recognized and addressed in the context of nationally developed strategies for sustainable development.

7. The participation of civil society is essential in achieving the objective of the Convention and its protocols.

Article 5
General obligations

1. Each Party shall develop, implement, periodically update and review comprehensive multisectoral national tobacco control strategies, plans and programmes in accordance with this Convention and the protocols to which it is a Party.
2. Towards this end, each Party shall, in accordance with its capabilities:
   (a) establish or reinforce and finance a national coordinating mechanism or focal points for tobacco control; and
   (b) adopt and implement effective legislative, executive, administrative and/or other measures and cooperate, as appropriate, with other Parties in developing appropriate policies for preventing and reducing tobacco consumption, nicotine addiction and exposure to tobacco smoke.

3. In setting and implementing their public health policies with respect to tobacco control, Parties shall act to protect these policies from commercial and other vested interests of the tobacco industry in accordance with national law.
4. The Parties shall cooperate in the formulation of proposed measures, procedures and guidelines for the implementation of the Convention and the protocols to which they are Parties.
5. The Parties shall cooperate, as appropriate, with competent international and regional intergovernmental organizations and other bodies to achieve the objectives of the Convention and the protocols to which they are Parties.
6. The Parties shall, within means and resources at their disposal, cooperate to raise financial resources for effective implementation of the Convention through bilateral and multilateral funding mechanisms.

III. HLUTI: RÁÐSTAFANIR TIL AÐ DRAGA ÚR EFTIRSPURN EFTIR TÓBAKI

6. gr.

Ráðstafanir í verðlags- og skattamálum til að draga úr eftirspurn eftir tóbaki.

1. Aðilar viðurkenna að ráðstafanir í verðlags- og skattamálum eru skilvirk og mikilvæg leið til að draga úr tóbaksneyslu ýmissa samfélagshópa, einkum meðal ungmenna.

2. Með fyrirvara um rétt aðila, sem fullvalda ríkja, til að ákveða og marka stefnu sína í skattamálum skal hver aðili taka mið af eigin markmiðum í heilbrigðismálum varðandi tóbaksvarnir og samþykkja eða viðhalda, eftir því sem við á, ráðstöfunum sem geta falið í sér eftirfarandi:
   a) að framfylgja stefnu um skattlagningu tóbaksvara og, þar sem við á, verðlagningu þeirra í því skyni að stuðla að markmiðum í heilbrigðismálum sem miða að því að draga úr tóbaksneyslu, og
   b) að banna eða takmarka, eftir því sem við á, sölu og/eða innflutning ferðamanna á skatt- og tollfrjálsum tóbaksvörum.

3. Aðilar skulu, í samræmi við 21. gr., gera, í reglubundnum skýrslum sínum til þings aðila, grein fyrir hlutfalli skattaálaga á tóbaksvörur og þróun tóbaksneyslu.

7. gr.

Ráðstafanir, ótengdar verðlagningu, til að draga úr eftirspurn eftir tóbaki.

Aðilar viðurkenna að heildstæðar ráðstafanir, ótengdar verðlagningu, eru skilvirk og mikilvæg leið til að draga úr tóbaksneyslu. Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum, sem nauðsynlegar teljast til að koma skuldbindingum hans skv. 8.-13. gr. í framkvæmd, og starfa, eftir því sem við á, með öðrum aðilum, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu alþjóðastofnana, að því að koma þeim í framkvæmd. Þing aðila skal gera tillögu um viðeigandi viðmiðunarreglur varðandi framkvæmd ákvæða þessara greina.

8. gr.

Vernd gegn óbeinum reykingum.

1. Aðilar viðurkenna að vísindaleg gögn hafa

PART III: MEASURES RELATING TO THE REDUCTION OF DEMAND FOR TOBACCO

Article 6

Price and tax measures to reduce the demand for tobacco

1. The Parties recognize that price and tax measures are an effective and important means of reducing tobacco consumption by various segments of the population, in particular young persons.
2. Without prejudice to the sovereign right of the Parties to determine and establish their taxation policies, each Party should take account of its national health objectives concerning tobacco control and adopt or maintain, as appropriate, measures which may include:
   (a) implementing tax policies and, where appropriate, price policies, on tobacco products so as to contribute to the health objectives aimed at reducing tobacco consumption; and
   (b) prohibiting or restricting, as appropriate, sales to and/or importations by international travellers of tax- and duty-free tobacco products.
3. The Parties shall provide rates of taxation for tobacco products and trends in tobacco consumption in their periodic reports to the Conference of the Parties, in accordance with Article 21.

Article 7

Non-price measures to reduce the demand for tobacco

The Parties recognize that comprehensive non-price measures are an effective and important means of reducing tobacco consumption. Each Party shall adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures necessary to implement its obligations pursuant to Articles 8 to 13 and shall cooperate, as appropriate, with each other directly or through competent international bodies with a view to their implementation. The Conference of the Parties shall propose appropriate guidelines for the implementation of the provisions of these Articles.

Article 8

Protection from exposure to tobacco smoke

1. Parties recognize that scientific evidence has

með óyggjandi hætti staðfest að óbeinar reykingar valda dauða, sjúkdómum og fötlun.

2. Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd, á þeim svæðum sem innlend lögsaga nær til í skilningi landslaga, og stuðla ötullega, á öðrum sviðum lögsögu, að því að samþykkt verði og komið í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum sem mæla fyrir um vernd gegn óbeinum reykingum á vinnustöðum innanhúss, í almenningsfarartækjum, á stöðum innanhúss fyrir almenning og, eftir því sem við á, á öðrum stöðum fyrir almenning.

unequivocally established that exposure to tobacco smoke causes death, disease and disability.

2. Each Party shall adopt and implement in areas of existing national jurisdiction as determined by national law and actively promote at other jurisdictional levels the adoption and implementation of effective legislative, executive, administrative and/or other measures, providing for protection from exposure to tobacco smoke in indoor workplaces, public transport, indoor public places and, as appropriate, other public places.

9. gr.

Eftirlit með innihaldsefnum tóbaksvara.

Þing aðila skal, í samráði við þar til bærar alþjóðastofnanir, gera tillögu um viðmiðunarreglur um prófanir og mælingar á innihalds- og losunarefnum tóbaksvara, svo og eftirlit með þessum innihalds- og losunarefnum. Hver aðili skal, þar sem lögbær innlend yfirvöld samþykkja slíkt, samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum sem varða slíkar prófanir og mælingar og slíkt eftirlit.

Article 9

Regulation of the contents of tobacco products

The Conference of the Parties, in consultation with competent international bodies, shall propose guidelines for testing and measuring the contents and emissions of tobacco products, and for the regulation of these contents and emissions. Each Party shall, where approved by competent national authorities, adopt and implement effective legislative, executive and administrative or other measures for such testing and measuring, and for such regulation.

10. gr.

Skipulag upplýsingagjafar um tóbaksvörur.

Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd, í samræmi við landslög, skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum sem skylda framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara til þess að veita stjórnvöldum upplýsingar um innihalds- og losunarefni tóbaksvara. Hver aðili skal enn fremur samþykkja og grípa til skilvirkra ráðstafana til að birta almenningi upplýsingar um eiturefni í tóbaksvörum og þau losunarefni sem þær kunna að gefa frá sér.

Article 10

Regulation of tobacco product disclosures

Each Party shall, in accordance with its national law, adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures requiring manufacturers and importers of tobacco products to disclose to governmental authorities information about the contents and emissions of tobacco products. Each Party shall further adopt and implement effective measures for public disclosure of information about the toxic constituents of the tobacco products and the emissions that they may produce.

11. gr.

Pökkun og merkingar á tóbaksvörum.

1. Hver aðili skal, innan þriggja ára frá því að þessi samningur tekur gildi gagnvart honum, samþykkja og grípa til, í samræmi við landslög sín, skilvirkra ráðstafana sem tryggja að:

   a) pökkun og merking tóbaksvara verði ekki til þess að kynna tóbaksvöru með röngum, villandi eða sviksamlegum hætti eða með því að gefa ranglega í skyn að

Article 11

Packaging and labelling of tobacco products

1. Each Party shall, within a period of three years after entry into force of this Convention for that Party, adopt and implement, in accordance with its national law, effective measures to ensure that:
   (a) tobacco product packaging and labelling do not promote a tobacco product by any means that are false, misleading, deceptive or likely to create an erroneous

eiginleikar hennar, heilsufarsleg áhrif, hættur eða losunarefni séu önnur en þau eru, þ.m.t. í tengslum við hugtök, lýsingu, vörumerki, skýringamyndir eða önnur tákn sem gefa, beint eða óbeint, ranglega í skyn að tiltekin tóbaksvara valdi minni skaða en aðrar tóbaksvörur. Hér getur verið um að ræða hugtök á borð við „lítil tjara“, „léttar“, „mjög léttar“ eða „mildar“, og

b) á hverjum einingarpakka og pakkningu tóbaksvara og á öllum ytri umbúðum og merkingum þeirra séu einnig viðvaranir sem lýsa skaðlegum áhrifum tóbaksnotkunar og jafnvel annar viðeigandi texti. Þessar viðvaranir og textar:

i) skulu vera viðurkennd af lögbæru innlendu yfirvaldi,
ii) skulu notuð til skiptis,
iii) skulu vera með stóru og skýru letri, augsýnileg og læsileg,
iv) ættu að þekja a.m.k. helming af stærstu sýnilegu flötunum og skulu aldrei ná yfir minna en 30% af þeim,

v) geta verið eða falið í sér myndir eða skýringarmyndir.

2. Á hverjum einingarpakka og pakkningu tóbaksvara og á öllum ytri pakkningum og merkingum slíkra vara skulu, auk viðvarana sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera upplýsingar um viðeigandi innihalds- og losunarefni tóbaksvörunnar eins og innlend yfirvöld skilgreina þau.
3. Hver aðili skal krefjast þess að viðvaranir og aðrar textaupplýsingar, sem eru tilgreindar í b-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, séu birtar á hverjum einingarpakka og pakkningu tóbaksvara og á öllum ytri pakkningum og merkingum slíkra vara á aðaltungumáli hans, einu eða fleirum.
4. Í þessari grein merkir hugtakið „ytri pakkningar og merking“, í tengslum við tóbaksvörur, hvers konar pakkningar og merkingar sem eru notaðar við smásölu vörunnar.

impression about its characteristics, health effects, hazards or emissions, including any term, descriptor, trademark, figurative or any other sign that directly or indirectly creates the false impression that a particular tobacco product is less harmful than other tobacco products. These may include terms such as "low tar", "light", "ultra-light", or "mild"; and

(b) each unit packet and package of tobacco products and any outside packaging and labelling of such products also carry health warnings describing the harmful effects of tobacco use, and may include other appropriate messages. These warnings and messages:

(i) shall be approved by the competent national authority,
(ii) shall be rotating,
(iii) shall be large, clear, visible and legible,
(iv) should be 50% or more of the principal display areas but shall be no less than 30% of the principal display areas,
(v) may be in the form of or include pictures or pictograms.

2. Each unit packet and package of tobacco products and any outside packaging and labelling of such products shall, in addition to the warnings specified in paragraph 1(b) of this Article, contain information on relevant constituents and emissions of tobacco products as defined by national authorities.
3. Each Party shall require that the warnings and other textual information specified in paragraphs 1(b) and paragraph 2 of this Article will appear on each unit packet and package of tobacco products and any outside packaging and labelling of such products in its principal language or languages.
4. For the purposes of this Article, the term "outside packaging and labelling" in relation to tobacco products applies to any packaging and labelling used in the retail sale of the product.

12. gr.

Fræðsla, miðlun, þjálfun og vitund almennings.

Hver aðili skal ýta undir og auka vitund almennings um þau málefni er snerta tóbaksvarnir og nota til þess öll tiltæk miðlunartæki

Article 12

Education, communication, training and public awareness

Each Party shall promote and strengthen public awareness of tobacco control issues, using all available communication tools, as appropriate.

eftir því sem við á. Hver aðili skal í þessu skyni samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum til að auka og efla:

a) víðtækan aðgang að skilvirkum og heildstæðum fræðsluáætlunum og áætlunum sem miða að því að efla vitund almennings um heilsufarslega áhættu, m.a. um ávanabindandi eiginleika tóbaksneyslu og óbeinar reykingar,
b) vitund almennings um heilsufarslega áhættu af tóbaksneyslu og óbeinum reykingum og um kosti þess að láta af tóbaksnotkun og lifa án tóbaks eins og tilgreint er í 2. mgr. 14. gr.,
c) aðgang almennings, í samræmi við landslög, að margs konar upplýsingum um tóbaksiðnaðinn, eftir því sem máli skiptir fyrir markmið þessa samnings,
d) skilvirkar og viðeigandi þjálfunaráætlanir og áætlanir sem miða að auknum skilningi á og vitund um gildi tóbaksvarna og er beint að þeim sem starfa við heilbrigðisþjónustu, samfélagsþjónustu, félagsþjónustu, fjölmiðlun, að menntamálum, við ákvarðanatöku og við stjórnun og að öðrum þeim sem málið varðar,
e) vitund og þátttöku opinberra og einkarekinna stofnana og frjálsra félagasamtaka, sem tengjast ekki tóbaksiðnaðinum, í því að móta og framkvæma áætlanir og stefnu í tóbaksvörnum sem taka til fjölmargra málaflokka, og
f) vitund almennings um og aðgengi að upplýsingum um neikvæðar afleiðingar tóbaksframleiðslu og tóbaksneyslu á heilsufar, efnahag og umhverfi.

13. gr.
Auglýsingar, kynningar og kostun tóbaksiðnaðarins.

1. Aðilar gera sér grein fyrir því að algert bann við auglýsingum, kynningum og kostun myndi draga úr neyslu tóbaksvara.

2. Hver aðili skal, í samræmi við stjórnarskrá sína eða stjórnskipunarreglur, leggja algert bann við hvers konar auglýsingum, kynningum og kostun tóbaksiðnaðarins. Þetta skal einnig fela í sér algert bann við auglýsingum, kynningum og kostun yfir landamæri frá yfirráðasvæði aðilans, með fyrirvara um það lagaumhverfi og þá tækni sem hann býr við. Hver aðili skal, að því er þetta varðar og innan fimm ára frá því að þessi samningur öðlast gildi gagnvart honum, setja viðeigandi

Towards this end, each Party shall adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures to promote:

(a) broad access to effective and comprehensive educational and public awareness programmes on the health risks including the addictive characteristics of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke;
(b) public awareness about the health risks of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke, and about the benefits of the cessation of tobacco use and tobacco-free lifestyles as specified in Article 14.2;
(c) public access, in accordance with national law, to a wide range of information on the tobacco industry as relevant to the objective of this Convention;
(d) effective and appropriate training or sensitization and awareness programmes on tobacco control addressed to persons such as health workers, community workers, social workers, media professionals, educators, decision-makers, administrators and other concerned persons;
(e) awareness and participation of public and private agencies and nongovernmental organizations not affiliated with the tobacco industry in developing and implementing intersectoral programmes and strategies for tobacco control; and
(f) public awareness of and access to information regarding the adverse health, economic, and environmental consequences of tobacco production and consumption.

Article 13
Tobacco advertising, promotion and sponsorship

1. Parties recognize that a comprehensive ban on advertising, promotion and sponsorship would reduce the consumption of tobacco products.
2. Each Party shall, in accordance with its constitution or constitutional principles, undertake a comprehensive ban of all tobacco advertising, promotion and sponsorship. This shall include, subject to the legal environment and technical means available to that Party, a comprehensive ban on crossborder advertising, promotion and sponsorship originating from its territory. In this respect, within the period of five years after entry into force of this Convention for that Party, each

lög, reglur, stjórnsýsluákvæði og/eða gera aðrar ráðstafanir og gefa skýrslu um það í samræmi við 21. gr.

3. Aðili, sem er þannig bundinn af stjórnarskrá sinni eða stjórnskipunarreglum að honum er ekki fært að ákveða algert bann, skal beita takmörkunum gagnvart hvers konar auglýsingum, kynningum og kostun tóbaksiðnaðarins. Meðal annars er átt við takmarkanir á eða algert bann við auglýsingum, kynningum og kostun sem hafa áhrif yfir landamæri frá yfirráðasvæði aðilans, með fyrirvara um það lagaumhverfi og þá tækni sem hann býr við. Hver aðili skal í þessu skyni setja viðeigandi lög, reglur, stjórnsýsluákvæði og/eða gera aðrar ráðstafanir og gefa skýrslu um það í samræmi við 21. gr.
4. Hver aðili skal að lágmarki, og í samræmi við stjórnarskrá sína eða stjórnskipunarreglur:

a) banna hvers konar auglýsingar, kynningar og kostun tóbaksiðnaðarins sem felast í því að kynna tóbaksvörur með röngum, villandi eða sviksamlegum hætti eða þannig að gefið sé ranglega í skyn að eiginleikar, heilsufarsleg áhrif, heilsuvá eða losunarefni séu önnur en þau eru,
b) gera þá kröfu að auglýsingum og, eftir því sem við á, kynningum og kostun tóbaksiðnaðarins fylgi viðvaranir eða skilaboð varðandi heilsu eða annað,
c) setja skorður við því að almenningur fái beina eða óbeina hvatningu til að kaupa tóbaksvörur,
d) ef ekki liggur fyrir algert bann, gera þá kröfu að tóbaksiðnaðurinn veiti viðeigandi stjórnvöldum upplýsingar um kostnað við þær auglýsingar, kynningar og kostun sem ekki hefur enn verið lagt bann við. Þeim stjórnvöldum er heimilt að birta þessar upplýsingar opinberlega, með fyrirvara um landslög, og á þingi aðila skv. 21. gr.,

e) setja algert bann við eða, ef aðili er ekki í þeirri aðstöðu að geta sett algert bann vegna stjórnarskrár eða stjórnskipunarreglna sinna, takmarka auglýsingar, kynningar og kostun tóbaksiðnaðarins í hljóðvarpi, sjónvarpi, prentmiðlum og, eftir því sem við á, öðrum miðlum, t.d. á Netinu, innan fimm ára, og

f) banna eða, ef aðili er ekki í þeirri aðstöðu að

Party shall undertake appropriate legislative, executive, administrative and/or other measures and report accordingly in conformity with Article 21.

3. A Party that is not in a position to undertake a comprehensive ban due to its constitution or constitutional principles shall apply restrictions on all tobacco advertising, promotion and sponsorship. This shall include, subject to the legal environment and technical means available to that Party, restrictions or a comprehensive ban on advertising, promotion and sponsorship originating from its territory with cross-border effects. In this respect, each Party shall undertake appropriate legislative, executive, administrative and/or other measures and report accordingly in conformity with Article 21.
4. As a minimum, and in accordance with its constitution or constitutional principles, each Party shall:

(a) prohibit all forms of tobacco advertising, promotion and sponsorship that promote a tobacco product by any means that are false, misleading or deceptive or likely to create an erroneous impression about its characteristics, health effects, hazards or emissions;

(b) require that health or other appropriate warnings or messages accompany all tobacco advertising and, as appropriate, promotion and sponsorship;
(c) restrict the use of direct or indirect incentives that encourage the purchase of tobacco products by the public;
(d) require, if it does not have a comprehensive ban, the disclosure to relevant governmental authorities of expenditures by the tobacco industry on advertising, promotion and sponsorship not yet prohibited. Those authorities may decide to make those figures available, subject to national law, to the public and to the Conference of the Parties, pursuant to Article 21;
(e) undertake a comprehensive ban or, in the case of a Party that is not in a position to undertake a comprehensive ban due to its constitution or constitutional principles, restrict tobacco advertising, promotion and sponsorship on radio, television, print media and, as appropriate, other media, such as the internet, within a period of five years; and
(f) prohibit, or in the case of a Party that is not

geta sett algert bann vegna stjórnarskrár eða stjórnskipunarreglna sinna, takmarka kostun tóbaksiðnaðarins á alþjóðlegum viðburðum, starfsemi og/eða þátttakendum í þeim.

5. Aðilar eru hvattir til að setja ákvæði sem ganga lengra en skuldbindingar samkvæmt 4. mgr.
6. Aðilar skulu starfa saman að því að þróa tækni og aðrar nauðsynlegar aðferðir til að vinna að því að unnt sé að koma í veg fyrir auglýsingar yfir landamæri.
7. Aðilar, sem hafa lagt bann við auglýsingum, kynningum og kostun tóbaksiðnaðarins í tiltekinni mynd, hafa rétt fullvalda ríkis til að leggja bann við því að auglýsingar, kynningar og kostun tóbaksiðnaðarins í þeirri mynd komi inn á yfirráðasvæði þeirra yfir landamæri og geta lagt við því sömu viðurlög og í tilviki innlendra auglýsinga, kynninga og kostunar sem upprunnar eru á yfirráðasvæði þeirra í samræmi við landslög. Þessi málsgrein felur hvorki í sér stuðning né samþykki við nein tiltekin viðurlög.
8. Aðilar skulu huga að því að semja bókun um viðeigandi ráðstafanir, sem kalla á alþjóðlega samvinnu, um algert bann við auglýsingum, kynningum og kostun yfir landamæri.

14. gr.

Ráðstafanir gegn tóbaksfíkn til að stöðva tóbaksneyslu og draga úr eftirspurn.

1. Hver aðili skal móta og miðla viðeigandi heildstæðum og samþættum viðmiðunarreglum sem byggjast á vísindarannsóknum og bestu framkvæmd að teknu tilliti til aðstæðna og forgangsmála innanlands og gera skilvirkar ráðstafanir til að stuðla að því að menn hætti tóbaksneyslu og boðin sé fullnægjandi meðferð við tóbaksfíkn.
2. Í þessu skyni skal hver aðili leitast við að:

   a) móta og hrinda í framkvæmd skilvirkum áætlunum, sem miða að því að tóbaksnotkun sé hætt á stöðum á borð við menntastofnanir, heilsugæslustöðvar, vinnustaði og þar sem íþróttir eru stundaðar,

   b) setja greiningu og meðferð við tóbaksfíkn og ráðgjöf fyrir þá, sem vilja hætta að nota tóbak, inn í innlendar áætlanir og stefnumótun á sviði heilbrigðis- og

in a position to prohibit due to its constitution or constitutional principles restrict, tobacco sponsorship of international events, activities and/or participants therein.

5. Parties are encouraged to implement measures beyond the obligations set out in paragraph 4.
6. Parties shall cooperate in the development of technologies and other means necessary to facilitate the elimination of cross-border advertising.
7. Parties which have a ban on certain forms of tobacco advertising, promotion and sponsorship have the sovereign right to ban those forms of cross-border tobacco advertising, promotion and sponsorship entering their territory and to impose equal penalties as those applicable to domestic advertising, promotion and sponsorship originating from their territory in accordance with their national law. This paragraph does not endorse or approve of any particular penalty.
8. Parties shall consider the elaboration of a protocol setting out appropriate measures that require international collaboration for a comprehensive ban on cross-border advertising, promotion and sponsorship.

Article 14

Demand reduction measures concerning tobacco dependence and cessation

1. Each Party shall develop and disseminate appropriate, comprehensive and integrated guidelines based on scientific evidence and best practices, taking into account national circumstances and priorities, and shall take effective measures to promote cessation of tobacco use and adequate treatment for tobacco dependence.
2. Towards this end, each Party shall endeavour to:
   (a) design and implement effective programmes aimed at promoting the cessation of tobacco use, in such locations as educational institutions, health care facilities, workplaces and sporting environments;

   (b) include diagnosis and treatment of tobacco dependence and counselling services on cessation of tobacco use in national health and education programmes, plans

fræðslumála, með þátttöku heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem starfa við samfélagsþjónustu og félagsþjónustu, eftir því sem við á,

c) stofna til áætlana á heilsugæslustöðvum og endurhæfingarmiðstöðvum um að greina tóbaksfíkn, gefa ráð við henni, koma í veg fyrir hana og meðhöndla hana, og

d) vinna með öðrum aðilum að því að auðvelda aðgengi að meðferð við tóbaksfíkn á viðráðanlegu verði, þ.m.t. lyfjavörur skv. 22. gr. Slíkar vörur og innihaldsefni þeirra geta m.a. verið lyf, vörur til lyfjagjafar og sjúkdómsgreiningar þegar við á.

and strategies, with the participation of health workers, community workers and social workers as appropriate;

(c) establish in health care facilities and rehabilitation centres programmes for diagnosing, counselling, preventing and treating tobacco dependence; and

(d) collaborate with other Parties to facilitate accessibility and affordability for treatment of tobacco dependence including pharmaceutical products pursuant to Article 22. Such products and their constituents may include medicines, products used to administer medicines and diagnostics when appropriate.

IV. HLUTI: RÁÐSTAFANIR TIL AÐ DRAGA ÚR FRAMBOÐI Á TÓBAKI

15. gr.

Ólögleg viðskipti með tóbaksvörur.

1. Aðilar gera sér grein fyrir því að grundvallarþáttur í tóbaksvörnum er að koma í veg fyrir hvers konar ólögleg viðskipti með tóbaksvörur, þ.m.t. smygl, ólögleg framleiðsla og eftirlíkingar, sem og mótun og framkvæmd viðeigandi landslaga, auk samninga sem taka til undirsvæða, svæða og heimsins alls.

2. Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum og stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum til að tryggja að hver einingarpakki og pakkning tóbaksvara og ytri umbúðir þeirra séu merktar þannig að aðilar geti ákvarðað uppruna þeirra, og í samræmi við landslög og viðeigandi tvíhliða eða marghliða samninga, ákvarðað flutningsleið og vaktað, skráð og stjórnað flutningi tóbaksvara og stöðu þeirra að lögum. Að auki skal hver aðili:

a) krefjast þess að á einingarpökkum og pakkningum tóbaksvara til smásölu og heildsölu á innanlandsmarkaði sé merkingin „Sala einungis heimiluð í (setjið inn heiti lands, landshluta, landsvæðis eða sambandsríkis)“ eða aðrar skilvirkar merkingar sem gefa til kynna endanlegan

PART IV: MEASURES RELATING TO THE REDUCTION OF THE SUPPLY OF TOBACCO

Article 15

Illicit trade in tobacco products

1. The Parties recognize that the elimination of all forms of illicit trade in tobacco products, including smuggling, illicit manufacturing and counterfeiting, and the development and implementation of related national law, in addition to subregional, regional and global agreements, are essential components of tobacco control.

2. Each Party shall adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures to ensure that all unit packets and packages of tobacco products and any outside packaging of such products are marked to assist Parties in determining the origin of tobacco products, and in accordance with national law and relevant bilateral or multilateral agreements, assist Parties in determining the point of diversion and monitor, document and control the movement of tobacco products and their legal status. In addition, each Party shall:

(a) require that unit packets and packages of tobacco products for retail and wholesale use that are sold on its domestic market carry the statement: “Sales only allowed in (insert name of the country, subnational, regional or federal unit)” or carry any other effective marking indicating the

ákvörðunarstað eða gætu aðstoðað yfirvöld við að skera úr um hvort varan sé löglega til sölu á innanlandsmarkaði, og

b) huga að því, eftir því sem við á, að þróa hentugt fyrirkomulag við að fylgjast með og hafa uppi á vörum í því skyni að styrkja dreifingarkerfið enn frekar og greiða fyrir rannsókn á ólöglegum viðskiptum.

3. Hver aðili skal krefjast þess að upplýsingar á pakkningum eða merkingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar skulu vera læsilegar og/eða birtast á aðaltungumáli eða -málum aðilans.

4. Með það að markmiði að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með tóbaksvörur skal hver aðili:

a) vakta og safna gögnum um viðskipti með tóbaksvörur yfir landamæri, þ.m.t. ólögleg viðskipti, og skiptast á upplýsingum við tolla- og skattayfirvöld og önnur yfirvöld, eftir því sem við á, í samræmi við landslög og viðeigandi tvíhliða eða marghliða samninga,

b) setja eða styrkja löggjöf með viðeigandi viðurlögum við og úrræðum gegn ólöglegum viðskiptum með tóbaksvörur, þ.m.t. eftirlíkingar og smyglaðir vindlingar,

c) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öllum búnaði til framleiðslu, eftirlíkingum og smygluðum vindlingum og öðrum tóbaksvörum, sem hafa verið gerð upptæk, sé eytt með umhverfisvænum aðferðum þar sem því verður við komið eða fargað í samræmi við landslög,

d) samþykkja og beita ráðstöfunum til að vakta, sannreyna og stjórna geymslu og dreifingu á tollfrjálsum tóbaksvörum í vöruskemmum eða flutningi í lögsögu sinni, og

e) samþykkja ráðstafanir, eftir því sem við á, sem heimila að afrakstur af ólöglegum viðskiptum með tóbaksvörur sé gerður upptækur.

5. Upplýsingar, sem aflað er samkvæmt a- og d-lið 4. mgr. þessarar greinar, skulu aðilar leggja fram, eftir því sem við á, í heild í reglubundnum skýrslum sínum til þings aðila í samræmi við 21. gr.

6. Aðilar skulu, eftir því sem við á og í samræmi

final destination or which would assist authorities in determining whether the product is legally for sale on the domestic market; and

(b) consider, as appropriate, developing a practical tracking and tracing regime that would further secure the distribution system and assist in the investigation of illicit trade.

3. Each Party shall require that the packaging information or marking specified in paragraph 2 of this Article shall be presented in legible form and/or appear in its principal language or languages.

4. With a view to eliminating illicit trade in tobacco products, each Party shall:

(a) monitor and collect data on cross-border trade in tobacco products, including illicit trade, and exchange information among customs, tax and other authorities, as appropriate, and in accordance with national law and relevant applicable bilateral or multilateral agreements;

(b) enact or strengthen legislation, with appropriate penalties and remedies, against illicit trade in tobacco products, including counterfeit and contraband cigarettes;

(c) take appropriate steps to ensure that all confiscated manufacturing equipment, counterfeit and contraband cigarettes and other tobacco products are destroyed, using environmentally friendly methods where feasible, or disposed of in accordance with national law;

(d) adopt and implement measures to monitor, document and control the storage and distribution of tobacco products held or moving under suspension of taxes or duties within its jurisdiction; and

(e) adopt measures as appropriate to enable the confiscation of proceeds derived from the illicit trade in tobacco products.

5. Information collected pursuant to subparagraphs 4(a) and 4(d) of this Article shall, as appropriate, be provided in aggregate form by the Parties in their periodic reports to the Conference of the Parties, in accordance with Article 21.

6. The Parties shall, as appropriate and in accor-

við landslög, hvetja til samvinnu milli stofnana innanlands, sem og við svæðisbundnar og alþjóðlegar milliríkjastofnanir um rannsóknir, lögsókn og dómsmeðferð með það fyrir augum að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með tóbaksvörur. Sérstök áhersla skal lögð á samvinnu á vettvangi svæða og undirsvæða til að berjast gegn ólöglegum viðskiptum með tóbaksvörur.

7. Hver aðili skal leitast við að samþykkja og beita frekari ráðstöfunum, þ.m.t. leyfisveitingar, eftir því sem við á, til að hafa eftirlit með eða stjórna framleiðslu og dreifingu á tóbaksvörum með það að markmiði að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti.

16. gr.

Sala til ólögráða barna og úr þeirra hendi.

1. Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum og stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum á viðeigandi stjórnsýslustigi í því skyni að banna sölu á tóbaksvörum til þeirra sem ekki hafa náð tilskildum aldri að landslögum eða eru yngri en 18 ára. Þessar ráðstafanir geta falist í því:
   a) að krefjast þess að allir seljendur tóbaksvara setji fram skýra og áberandi tilkynningu inni á sölustað um bann við tóbakssölu til þeirra sem hafa ekki náð tilskildum aldri og, leiki vafi á aldri, geri kröfu um að sérhver kaupandi tóbaks sanni með viðeigandi hætti að hann hafi náð lögaldri,
   b) að banna að selja tóbaksvörur með einhverjum þeim hætti að kaupendur hafi beinan aðgang að þeim, svo sem í hillum verslana,
   c) að banna framleiðslu og sölu á sætindum, nasli, leikföngum eða öðrum hlutum sem hafa á sér yfirbragð tóbaksvara og höfða til þeirra sem eru undir lögaldri,
   d) að tryggja að tóbakssjálfsalar sem falla undir lögsögu hans séu ekki aðgengilegir ólögráða börnum eða stuðli að sölu tóbaksvara til þeirra.
2. Hver aðili skal banna eða stuðla að banni á dreifingu ókeypis tóbaksvara til almennings og einkum þeirra sem eru undir lögaldri.
3. Hver aðili skal leitast við að banna sölu á vindlingum í stykkjatali eða litlum pökkum sem gera verð slíkra vara viðráðanlegra fyrir þá sem eru undir lögaldri.
4. Aðilar viðurkenna að til þess að auka skil-

dance with national law, promote cooperation between national agencies, as well as relevant regional and international intergovernmental organizations as it relates to investigations, prosecutions and proceedings, with a view to eliminating illicit trade in tobacco products. Special emphasis shall be placed on cooperation at regional and subregional levels to combat illicit trade of tobacco products.

7. Each Party shall endeavour to adopt and implement further measures including licensing, where appropriate, to control or regulate the production and distribution of tobacco products in order to prevent illicit trade.

Article 16

Sales to and by minors

1. Each Party shall adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures at the appropriate government level to prohibit the sales of tobacco products to persons under the age set by domestic law, national law or eighteen. These measures may include:
   (a) requiring that all sellers of tobacco products place a clear and prominent indicator inside their point of sale about the prohibition of tobacco sales to minors and, in case of doubt, request that each tobacco purchaser provide appropriate evidence of having reached full legal age;
   (b) banning the sale of tobacco products in any manner by which they are directly accessible, such as store shelves;
   (c) prohibiting the manufacture and sale of sweets, snacks, toys or any other objects in the form of tobacco products which appeal to minors; and
   (d) ensuring that tobacco vending machines under its jurisdiction are not accessible to minors and do not promote the sale of tobacco products to minors.
2. Each Party shall prohibit or promote the prohibition of the distribution of free tobacco products to the public and especially minors.
3. Each Party shall endeavour to prohibit the sale of cigarettes individually or in small packets which increase the affordability of such products to minors.
4. The Parties recognize that in order to

virkni ráðstafana til að koma í veg fyrir sölu tóbaks til þeirra sem eru undir lögaldri ætti, eftir því sem við á, að beita þeim, ásamt öðrum ráðstöfunum, samkvæmt þessum samningi.

5. Aðila er heimilt, við undirritun, fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild að samningnum eða hvenær sem er eftir það, að gefa til kynna, með bindandi skriflegri yfirlýsingu, að hann skuldbindi sig til að leyfa ekki uppsetningu tóbakssjálfsala í lögsögu sinni eða, ef við á, til að setja algert bann við slíkum sjálfsölum. Vörsluaðilinn skal dreifa yfirlýsingunni, sem er gefin samkvæmt þessari grein, til allra aðila að samningnum.

6. Hver aðili skal samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum, þ.m.t. viðurlög gegn seljendum og dreifingaraðilum, til þess að tryggja að þeir uppfylli þær skuldbindingar er um getur í 1.-5. mgr. þessarar greinar.

7. Hver aðili ætti, eftir því sem við á, að samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum eða öðrum ráðstöfunum í því skyni að þeim, sem eru undir tilskildum aldri að landslögum eða yngri en 18 ára, verði bannað að selja tóbaksvörur.

increase their effectiveness, measures to prevent tobacco product sales to minors should, where appropriate, be implemented in conjunction with other provisions contained in this Convention.

5. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention or at any time thereafter, a Party may, by means of a binding written declaration, indicate its commitment to prohibit the introduction of tobacco vending machines within its jurisdiction or, as appropriate, to a total ban on tobacco vending machines. The declaration made pursuant to this Article shall be circulated by the Depositary to all Parties to the Convention.

6. Each Party shall adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures, including penalties against sellers and distributors, in order to ensure compliance with the obligations contained in paragraphs 1-5 of this Article.

7. Each Party should, as appropriate, adopt and implement effective legislative, executive, administrative or other measures to prohibit the sales of tobacco products by persons under the age set by domestic law, national law or eighteen.

17. gr.
Stuðningur við aðra fjárhagslega hagkvæma starfsemi.

Aðilar skulu í samvinnu hver við annan og þar til bærar alþjóðlegar og svæðisbundnar milliríkjastofnanir stuðla að því, eftir því sem við á, að skapa önnur lífvænleg störf fyrir verkamenn í tóbaksiðnaði, ræktendur og, eftir því sem við á, einstaka seljendur.

Article 17
Provision of support for economically viable alternative activities

Parties shall, in cooperation with each other and with competent international and regional intergovernmental organizations, promote, as appropriate, economically viable alternatives for tobacco workers, growers and, as the case may be, individual sellers.

V. HLUTI: UMHVERFISVERND

PART V: PROTECTION OF THE ENVIRONMENT

18. gr.
Umhverfisvernd og heilsuvernd.

Aðilar samþykkja, jafnhliða því að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi, að taka tilhlýðilegt tillit til umhverfisverndar og umhverfistengdrar heilsuverndar að því er varðar tóbaksrækt og framleiðslu á yfirráðasvæðum hvers um sig.

Article 18
Protection of the environment and the health of persons

In carrying out their obligations under this Convention, the Parties agree to have due regard to the protection of the environment and the health of persons in relation to the environment in respect of tobacco cultivation and manufacture within their respective territories.

VI. HLUTI: BÓTAÁBYRGÐ

19. gr.
Bótaábyrgð.

1. Aðilar skulu, að því er tóbaksvarnir varðar, íhuga að setja lög eða efla núverandi löggjöf sína, þar sem þörf krefur, í því skyni að taka til meðferðar refsiábyrgð og einkaréttarábyrgð, þ.m.t. skaðabætur þar sem við á.

2. Aðilar skulu skiptast á upplýsingum á vettvangi þings aðila í samræmi við 21. gr., þ.m.t.:

   a) upplýsingar um heilsufarsleg áhrif af neyslu tóbaksvara og óbeinum reykingum í samræmi við a-lið 3. mgr. 20. gr., og

   b) upplýsingar um gildandi lög og reglur sem og viðeigandi réttarkerfi.

3. Aðilar skulu, eftir því sem við á og samþykkt hefur verið með gagnkvæmum hætti innan marka innlendrar löggjafar, stefnumörkunar, lagaframkvæmdar og viðeigandi gildandi ákvæða í milliríkjasamningum, bjóða hver öðrum aðstoð við málarekstur er tengist einkaréttarábyrgð og refsiábyrgð sem samrýmist ákvæðum þessa samnings.
4. Samningurinn hefur hvorki áhrif á né takmarkar aðgangsrétt aðila að dómstólum hver annars sé slíkur réttur fyrir hendi.
5. Þing aðila getur, í upphafi ef það reynist unnt og með hliðsjón af því starfi sem er unnið á viðeigandi alþjóðavettvangi, tekið til athugunar mál sem varða bótarétt, þ.m.t. viðeigandi alþjóðlegar aðferðir, sem beitt er gagnvart þessum málflokki, og viðeigandi leiðir til að aðstoða aðila, ef þess er óskað, við lagasetningu og aðrar ráðstafanir í samræmi við þessa grein.

VII. HLUTI: VÍSINDALEG OG TÆKNILEG SAMVINNA OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

20. gr.
Rannsóknir, eftirlit og upplýsingaskipti.

1. Aðilar skuldbinda sig til að þróa og styðja rannsóknir innanlands á sviði tóbaksvarna og samræma rannsóknaráætlanir á því sviði á

PART VI: QUESTIONS RELATED TO LIABILITY

Article 19
Liability

1. For the purpose of tobacco control, the Parties shall consider taking legislative action or promoting their existing laws, where necessary, to deal with criminal and civil liability, including compensation where appropriate.
2. Parties shall cooperate with each other in exchanging information through the Conference of the Parties in accordance with Article 21 including:
   (a) information on the health effects of the consumption of tobacco products and exposure to tobacco smoke in accordance with Article 20.3(a); and
   (b) information on legislation and regulations in force as well as pertinent jurisprudence.
3. The Parties shall, as appropriate and mutually agreed, within the limits of national legislation, policies, legal practices and applicable existing treaty arrangements, afford one another assistance in legal proceedings relating to civil and criminal liability consistent with this Convention.
4. The Convention shall in no way affect or limit any rights of access of the Parties to each other's courts where such rights exist.
5. The Conference of the Parties may consider, if possible, at an early stage, taking account of the work being done in relevant international fora, issues related to liability including appropriate international approaches to these issues and appropriate means to support, upon request, the Parties in their legislative and other activities in accordance with this Article.

PART VII: SCIENTIFIC AND TECHNICAL COOPERATION AND COMMUNICATION OF INFORMATION

Article 20
Research, surveillance and exchange of information

1. The Parties undertake to develop and promote national research and to coordinate research programmes at the regional and

svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi. Hver aðili skal í þessu skyni:

a) eiga frumkvæði, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu alþjóðlegra og svæðisbundinna milliríkjastofnana eða annarra aðila, að því að rannsóknir og mat, á vísindalegum grunni, fari fram og jafnframt vinna saman að því að ýta undir og hvetja til rannsókna þar sem fengist er við áhrifaþætti og afleiðingar tóbaksneyslu og óbeinna reykinga, sem og rannsókna sem miða að því að uppgötva hvaða ræktun geti komið í stað tóbaksræktunar, og

b) ýta undir og efla, með stuðningi þar til bærra alþjóðlegra og svæðisbundinna milliríkjastofnana og annarra stofnana, fræðslu, þjálfun og stuðning við alla þá sem starfa að tóbaksvörnum, þ.m.t. við rannsóknir, framkvæmd og mat.

2. Aðilar skulu, eftir því sem við á, gera áætlanir um landsbundið, svæðisbundið og alþjóðlegt eftirlit með umfangi, sniði, áhrifavöldum og afleiðingum tóbaksneyslu og óbeinna reykinga. Aðilar ættu í þessu skyni að fella tóbakseftirlitsáætlanir að innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum eftirlitsáætlunum í heilbrigðismálum, þannig að upplýsingar séu samanburðarhæfar og unnt sé að greina þær á svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi eftir því sem við á.

3. Aðilar gera sér grein fyrir mikilvægi fjárhagslegrar og tæknilegrar aðstoðar frá alþjóðlegum og svæðisbundnum milliríkjastofnunum og öðrum stofnunum. Hver aðili skal leitast við:

a) að koma smám saman á fót innlendu kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit með tóbaksneyslu og tengdum félagslegum, efnahagslegum og heilsufarslegum vísbendum,

b) að vinna með þar til bærum alþjóðlegum og svæðisbundnum milliríkjastofnunum og öðrum stofnunum, þ.m.t. ríkisstofnanir og óopinberar stofnanir, að svæðisbundnu og alþjóðlegu eftirliti með tóbaki og skiptast á upplýsingum um vísbenda sem tilgreindir eru í a-lið 3. mgr. þessarar greinar, og

c) að vinna með Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni að því að þróa almennar viðmiðunarreglur eða aðferðir við að safna, greina og miðla eftirlitsgögnum um ástandið í tóbaksmálum.

international levels in the field of tobacco control. Towards this end, each Party shall:

(a) initiate and cooperate in, directly or through competent international and regional intergovernmental organizations and other bodies, the conduct of research and scientific assessments, and in so doing promote and encourage research that addresses the determinants and consequences of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke as well as research for identification of alternative crops; and

(b) promote and strengthen, with the support of competent international and regional intergovernmental organizations and other bodies, training and support for all those engaged in tobacco control activities, including research, implementation and evaluation.

2. The Parties shall establish, as appropriate, programmes for national, regional and global surveillance of the magnitude, patterns, determinants and consequences of tobacco consumption and exposure to tobacco smoke. Towards this end, the Parties should integrate tobacco surveillance programmes into national, regional and global health surveillance programmes so that data are comparable and can be analysed at the regional and international levels, as appropriate.

3. Parties recognize the importance of financial and technical assistance from international and regional intergovernmental organizations and other bodies. Each Party shall endeavour to:

(a) establish progressively a national system for the epidemiological surveillance of tobacco consumption and related social, economic and health indicators;

(b) cooperate with competent international and regional intergovernmental organizations and other bodies, including governmental and nongovernmental agencies, in regional and global tobacco surveillance and exchange of information on the indicators specified in paragraph 3(a) of this Article; and

(c) cooperate with the World Health Organization in the development of general guidelines or procedures for defining the collection, analysis and dissemination of tobacco-related surveillance data.

4. Aðilar skulu, með fyrirvara um landslög, stuðla að og greiða fyrir skiptum á opinberum upplýsingum um vísindi, tækni, félagshagfræði, viðskipti og lög, sem og upplýsingum um starfsaðferðir tóbaksiðnaðarins og ræktun tóbaks, að svo miklu leyti sem þennan samning varðar, og við það taka tillit til sérþarfa þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi sem eru aðilar. Hver aðili skal leitast við:

   a) að koma á fót í áföngum og viðhalda uppfærðum gagnagrunni um lög og reglur um tóbaksvarnir og, eftir því sem við á, upplýsingum um framkvæmd þeirra, sem og réttarkerfi, og hafa samvinnu um þróun áætlana um tóbaksvarnir innan svæða og á alþjóðavísu,
   b) að koma á fót í áföngum og viðhalda uppfærðum gögnum úr innlendum eftirlitsáætlunum í samræmi við a-lið 3. mgr. þessarar greinar, og
   c) að hafa samvinnu við þar til bærar alþjóðastofnanir um að koma á fót í áföngum og viðhalda alþjóðakerfi til að safna með reglubundnum hætti og miðla upplýsingum um tóbaksræktun, framleiðslu og starfsemi tóbaksiðnaðarins sem hefur áhrif á samninginn eða innlenda starfsemi á sviði tóbaksvarna.
5. Rétt er að aðilar starfi saman í svæðisbundnum og alþjóðlegum milliríkjastofnunum og fjármála- og þróunarstofnunum, sem þeir eiga aðild að, við að styrkja og hvetja til þess að skrifstofunni sé útvegaður tæknibúnaður og fjármagn til að aðstoða þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, við að uppfylla skuldbindingar sínar um rannsóknir, eftirlit og upplýsingaskipti.

21. gr.

Rannsóknir og upplýsingaskipti.

1. Hver aðili skal, fyrir milligöngu skrifstofunnar, leggja fyrir þing aðila reglubundnar skýrslur um framkvæmd þessa samnings og skal m.a. eftirfarandi koma fram í þeim:

   a) upplýsingar um lög, reglur, stjórnsýsluákvæði eða aðrar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd,
   b) upplýsingar, eftir því sem við á, um takmarkanir eða hindranir við framkvæmd

4. The Parties shall, subject to national law, promote and facilitate the exchange of publicly available scientific, technical, socioeconomic, commercial and legal information, as well as information regarding practices of the tobacco industry and the cultivation of tobacco, which is relevant to this Convention, and in so doing shall take into account and address the special needs of developing country Parties and Parties with economies in transition. Each Party shall endeavour to:
   (a) progressively establish and maintain an updated database of laws and regulations on tobacco control and, as appropriate, information about their enforcement, as well as pertinent jurisprudence, and cooperate in the development of programmes for regional and global tobacco control;
   (b) progressively establish and maintain updated data from national surveillance programmes in accordance with paragraph 3(a) of this Article; and
   (c) cooperate with competent international organizations to progressively establish and maintain a global system to regularly collect and disseminate information on tobacco production, manufacture and the activities of the tobacco industry which have an impact on the Convention or national tobacco control activities.
5. Parties should cooperate in regional and international intergovernmental organizations and financial and development institutions of which they are members, to promote and encourage provision of technical and financial resources to the Secretariat to assist developing country Parties and Parties with economies in transition to meet their commitments on research, surveillance and exchange of information.

Article 21

Reporting and exchange of information

1. Each Party shall submit to the Conference of the Parties, through the Secretariat, periodic reports on its implementation of this Convention, which should include the following:
   (a) information on legislative, executive, administrative or other measures taken to implement the Convention;

   (b) information, as appropriate, on any constraints or barriers encountered in its

samningsins og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að ryðja þeim úr vegi,

c) upplýsingar, eftir því sem við á, um fjárhagslega og tæknilega aðstoð sem látin er í té eða fengin til tóbaksvarna,
d) upplýsingar um eftirlit og rannsóknir eins og tilgreint er í 20. gr., og
e) upplýsingar sem eru tilgreindar í 3. mgr. 6. gr., 2. mgr., 3. mgr. og d-lið 4. mgr. 13. gr., 5. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 19. gr.

2. Þing aðila skal ákveða hversu oft og með hvaða sniði skýrslur aðila skulu gerðar. Hver aðili skal taka saman frumskýrslu innan tveggja ára frá gildistöku samningsins gagnvart honum.

3. Þing aðila skal, skv. 22. og 26. gr., kanna á hvern hátt megi veita þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, aðstoð við að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein.

4. Skýrslugjöf og upplýsingaskipti samkvæmt þessum samningi skulu vera með fyrirvara um landslög um trúnaðarkvaðir og vernd upplýsinga. Aðilar skulu, samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi, vernda hvers konar trúnaðarupplýsingar sem skipst er á.

22. gr.

Samvinna á sviði vísinda, tækni og lagasetningar og miðlun sérþekkingar á þessum sviðum.

1. Aðilar skulu vinna saman, beint eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana, að því að auka möguleika sína á að uppfylla þær skuldbindingar sem þessi samningur hefur í för með sér og taka tillit til þarfa þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi sem eru aðilar. Slík samvinna skal stuðla að því að miðla með gagnkvæmu samkomulagi tæknilegri, vísindalegri og lagalegri sérfræðiþekkingu og tæknilausnum í því skyni að koma á fót og styrkja innlenda stefnumótun og áætlanir á sviði tóbaksvarna, sem miða m.a. að því:
   a) að greiða fyrir þróun, miðlun og öflun tækni, þekkingar, hæfni, getu og sérfræðiþekkingar sem tengist tóbaksvörnum,

   b) að láta í té þekkingu sem tengist tækni, vísindum, lögum og annarri sérfræðiþekkingu til að koma á og styrkja stefnumótun og áætlanir á sviði tóbaksvarna

implementation of the Convention, and on the measures taken to overcome these barriers;
(c) information, as appropriate, on financial and technical assistance provided or received for tobacco control activities;
(d) information on surveillance and research as specified in Article 20; and
(e) information specified in Articles 6.3, 13.2, 13.3, 13.4(d), 15.5 and 19.2.

2. The frequency and format of such reports by all Parties shall be determined by the Conference of the Parties. Each Party shall make its initial report within two years of the entry into force of the Convention for that Party.
3. The Conference of the Parties, pursuant to Articles 22 and 26, shall consider arrangements to assist developing country Parties and Parties with economies in transition, at their request, in meeting their obligations under this Article.
4. The reporting and exchange of information under the Convention shall be subject to national law regarding confidentiality and privacy. The Parties shall protect, as mutually agreed, any confidential information that is exchanged.

Article 22

Cooperation in the scientific, technical, and legal fields and provision of related expertise

1. The Parties shall cooperate directly or through competent international bodies to strengthen their capacity to fulfill the obligations arising from this Convention, taking into account the needs of developing country Parties and Parties with economies in transition. Such cooperation shall promote the transfer of technical, scientific and legal expertise and technology, as mutually agreed, to establish and strengthen national tobacco control strategies, plans and programmes aiming at, inter alia:

   (a) facilitation of the development, transfer and acquisition of technology, knowledge, skills, capacity and expertise related to tobacco control;
   (b) provision of technical, scientific, legal and other expertise to establish and strengthen national tobacco control strategies, plans and programmes, aiming

sem miða að framkvæmd samningsins, m.a. með því að:

i) að aðstoða, sé þess óskað, við að þróa góðan lagalegan grundvöll, jafnt sem tækniáætlanir, þ.m.t. áætlanir um að koma í veg fyrir að fólk byrji að nota tóbak, áætlanir um að fá menn til að hætta að nota tóbak og áætlanir um varnir gegn óbeinum reykingum,

ii) að aðstoða, ef svo ber undir, starfsfólk í tóbaksframleiðslu við uppbyggingu annars lífsviðurværis sem nægir því til framfærslu og samrýmist lögum,

iii) að aðstoða, eftir því sem við á, tóbaksræktendur við að taka upp í staðinn aðra ræktun sem er fjárhagslega hagkvæm,

c) að styðja þá starfsmenn, sem málið varðar, við að afla sér viðeigandi fræðslu og þjálfun og auka skilning sinn í samræmi við 12. gr.,

d) að útvega, eftir því sem við á, nauðsynlegt efni, búnað og vörur, svo og aðstoð við flutning, vegna stefnumótunar og áætlana á sviði tóbaksvarna,

e) að greina aðferðir til tóbaksvarna, þ.m.t. heildstæð meðferð við nikótínfíkn, og

f) að efla, eftir því sem við á, rannsóknir sem miða að því að auka framboð á heildstæðri meðferð við nikótínfíkn á viðráðanlegu verði.

2. Þing aðila skal efla og greiða fyrir miðlun sérþekkingar í tækni, vísindum og lögum og tæknilausnum með því að tryggja fjárhagslegan stuðning í samræmi við 26. gr.

at implementation of the Convention through, inter alia:

(i) assisting, upon request, in the development of a strong legislative foundation as well as technical programmes, including those on prevention of initiation, promotion of cessation and protection from exposure to tobacco smoke;

(ii) assisting, as appropriate, tobacco workers in the development of appropriate economically and legally viable alternative livelihoods in an economically viable manner; and

(iii) assisting, as appropriate, tobacco growers in shifting agricultural production to alternative crops in an economically viable manner;

(c) support for appropriate training or sensitization programmes for appropriate personnel in accordance with Article 12;

(d) provision, as appropriate, of the necessary material, equipment and supplies, as well as logistical support, for tobacco control strategies, plans and programmes;

(e) identification of methods for tobacco control, including comprehensive treatment of nicotine addiction; and

(f) promotion, as appropriate, of research to increase the affordability of comprehensive treatment of nicotine addiction.

2. The Conference of the Parties shall promote and facilitate transfer of technical, scientific and legal expertise and technology with the financial support secured in accordance with Article 26.

VIII. HLUTI: STOFNANAÞÆTTIR OG FJÁRMAGN

23. gr.
Þing aðila.

1. Þingi aðila er hér með komið á fót. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal boða til fyrsta fundar þingsins eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings. Þingið skal á fyrsta fundi sínum ákvarða vettvang síðari reglubundinna funda og hvenær þeir skuli haldnir.

2. Aukafundir þings aðila skulu haldnir á þeim

PART VIII: INSTITUTIONAL ARRANGEMENTS AND FINANCIAL RESOURCES

Article 23
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established. The first session of the Conference shall be convened by the World Health Organization not later than one year after the entry into force of this Convention. The Conference will determine the venue and timing of subsequent regular sessions at its first session.

2. Extraordinary sessions of the Conference of

tímum sem þingið kann að telja nauðsynlegt eða samkvæmt skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að innan sex mánaða frá því að skrifstofan tilkynnir aðilum um beiðnina sé hún studd af að minnsta kosti einum þriðja hluta þeirra.

3. Þing aðila skal með almennu samkomulagi setja sér starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

4. Þing aðila skal, með samhljóða samþykki, setja reglur um fjármál sín og reglur um fjármögnun þeirra undirnefnda, sem það kann að koma á fót, og enn fremur ákvæði um fjármál sem gilda um starfsemi skrifstofunnar. Þingið skal, á hverjum reglulegum fundi sínum, samþykkja fjárhagsáætlun fyrir fjárhagstímabilið fram að næsta reglulega fundi.
5. Þing aðila skal endurskoða, með reglubundnum hætti, framkvæmd þessa samnings og taka nauðsynlegar ákvarðanir til að efla skilvirka framkvæmd hans og því er heimilt að samþykkja bókanir og viðauka við samninginn og breytingar á honum í samræmi við 28., 29. og 33. gr. Það skal í þessu skyni:

   a) hvetja til og greiða fyrir upplýsingaskiptum skv. 20. og 21. gr.,

   b) stuðla að og leiða þróun og reglulegar umbætur á sambærilegum aðferðum við rannsóknir og söfnun gagna er varða skilvirka framkvæmd samningsins og rannsaka þau, auk þeirra gagna sem kveðið er á um í 20. gr.,
   c) ýta undir, eftir því sem við á, mótun, framkvæmd og mat á stefnu og áætlunum svo og á stefnumálum, löggjöf og öðrum ráðstöfunum,

   d) fjalla um skýrslur sem aðilar leggja fram í samræmi við 21. gr. og samþykkja reglubundnar skýrslur um framkvæmd samningsins,
   e) ýta undir og auðvelda öflun fjármagns til framkvæmdar samningnum í samræmi við 26. gr.,

   f) koma á fót undirnefndum, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til að ná markmiðum þessa samnings,
   g) æskja, eftir því sem við á, samvinnu við og þjónustu og upplýsinga frá þar til bærum og viðeigandi stofnunum og

the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to them by the Secretariat of the Convention, it is supported by at least one-third of the Parties.
3. The Conference of the Parties shall adopt by consensus its Rules of Procedure at its first session.
4. The Conference of the Parties shall by consensus adopt financial rules for itself as well as governing the funding of any subsidiary bodies it may establish as well as financial provisions governing the functioning of the Secretariat. At each ordinary session, it shall adopt a budget for the financial period until the next ordinary session.
5. The Conference of the Parties shall keep under regular review the implementation of the Convention and take the decisions necessary to promote its effective implementation and may adopt protocols, annexes and amendments to the Convention, in accordance with Articles 28, 29 and 33. Towards this end, it shall:
   (a) promote and facilitate the exchange of information pursuant to Articles 20 and 21;
   (b) promote and guide the development and periodic refinement of comparable methodologies for research and the collection of data, in addition to those provided for in Article 20, relevant to the implementation of the Convention;
   (c) promote, as appropriate, the development, implementation and evaluation of strategies, plans, and programmes, as well as policies, legislation and other measures;
   (d) consider reports submitted by the Parties in accordance with Article 21 and adopt regular reports on the implementation of the Convention;
   (e) promote and facilitate the mobilization of financial resources for the implementation of the Convention in accordance with Article 26;
   (f) establish such subsidiary bodies as are necessary to achieve the objective of the Convention;
   (g) request, where appropriate, the services and cooperation of, and information provided by, competent and relevant organi-

aðilum innan Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum og svæðisbundnum milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum og óháðum aðilum, í því skyni að styrkja framkvæmd þessa samnings, og

h) íhuga aðrar aðgerðir, eftir því sem við á, til að ná markmiðum þessa samnings í ljósi þeirrar reynslu sem fæst við framkvæmd hans.

6. Þing aðila skal setja viðmiðanir um þátttöku áheyrnarfulltrúa í störfum þess.

24. gr.
Skrifstofan.

1. Þing aðila skal tilnefna fastaskrifstofu og gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna starfsemi hennar. Þing aðila skal leitast við að ganga frá slíkri tilnefningu á fyrsta fundi sínum.

2. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal annast skrifstofuhald samkvæmt þessum samningi uns fastaskrifstofa hefur verið tilnefnd og henni komið á fót.

3. Skrifstofan hefur þessi störf með höndum:

a) að undirbúa fundi í þingi aðila og undirstofnunum og veita þeim þjónustu eftir þörfum,

b) að senda áfram skýrslur sem skrifstofunni berast samkvæmt þessum samningi,

c) að styðja aðila, sé þess óskað, og þá einkum þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, við söfnun og miðlun upplýsinga sem krafist er í samræmi við ákvæði þessa samnings,

d) að taka saman skýrslur um störf sín samkvæmt samningnum undir leiðsögn þings aðila og leggja fyrir þingið,

e) að tryggja, undir leiðsögn þings aðila, nauðsynlega samræmingu við þar til bærar alþjóðlegar og svæðisbundnar milliríkjastofnanir og aðrar stofnanir,

f) að gera, undir leiðsögn þings aðila, þær stjórnunarlegu eða samningsbundnu ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi skrifstofunnar, og

g) að annast önnur skrifstofustörf, sem eru

zations and bodies of the United Nations system and other international and regional intergovernmental organizations and nongovernmental organizations and bodies as a means of strengthening the implementation of the Convention; and

(h) consider other action, as appropriate, for the achievement of the objective of the Convention in the light of experience gained in its implementation.

6. The Conference of the Parties shall establish the criteria for the participation of observers at its proceedings.

Article 24
Secretariat

1. The Conference of the Parties shall designate a permanent secretariat and make arrangements for its functioning. The Conference of the Parties shall endeavour to do so at its first session.

2. Until such time as a permanent secretariat is designated and established, secretariat functions under this Convention shall be provided by the World Health Organization.

3. Secretariat functions shall be:

(a) to make arrangements for sessions of the Conference of the Parties and any subsidiary bodies and to provide them with services as required;

(b) to transmit reports received by it pursuant to the Convention;

(c) to provide support to the Parties, particularly developing country Parties and Parties with economies in transition, on request, in the compilation and communication of information required in accordance with the provisions of the Convention;

(d) to prepare reports on its activities under the Convention under the guidance of the Conference of the Parties and submit them to the Conference of the Parties;

(e) to ensure, under the guidance of the Conference of the Parties, the necessary coordination with the competent international and regional intergovernmental organizations and other bodies;

(f) to enter, under the guidance of the Conference of the Parties, into such administrative or contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions; and

(g) to perform other secretariat functions

tilgreind í þessum samningi og bókunum við hann, og önnur þau störf sem þing aðila kann að ákveða.

25. gr.
Tengsl milli þings aðila og milliríkjastofnana.

Þingi aðila er heimilt að óska eftir samvinnu við þar til bærar alþjóðlegar og svæðisbundnar milliríkjastofnanir, þ.m.t. fjármála- og þróunarstofnanir, í því skyni að eiga samstarf um tæknimál og fjármál sem miðar að því að ná markmiðum þessa samnings.

26. gr.
Fjármögnun.

1. Aðilar gera sér grein fyrir mikilvægi fjármagns við að ná markmiðum þessa samnings.

2. Hver aðili skal, í samræmi við innlend áform, forgangsverkefni og áætlanir styðja, með fjárframlögum, innlenda starfsemi sem miðar að því að ná markmiðum þessa samnings.

3. Aðilar skulu, eftir því sem við á, ýta undir að nýttar séu tvíhliða boðleiðir, boðleiðir bundnar svæðum og undirsvæðum og aðrar marghliða boðleiðir til að fjármagna þróun heildstæðra tóbaksvarnaáætlana, sem taka til fjölmargra málaflokka, í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi sem eru aðilar. Því er rétt að skoða og styðja, í stað tóbaksframleiðslu, aðra fjárhagslega hagkvæma kosti, þ.m.t. að skipta um ræktun, í samhengi við innlenda stefnumótun á sviði sjálfbærrar þróunar.
4. Aðilar, sem eiga fulltrúa í viðeigandi svæðisbundnum og alþjóðlegum milliríkjastofnunum og fjármála- og þróunarstofnunum, skulu hvetja þær til að veita þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, fjárhagslega aðstoð til að gera þeim kleift að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, án takmörkunar á rétti til þátttöku í þessum stofnunum.

5. Aðilar eru sammála um að:
   a) til þess að gera aðilum kleift að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum skuli, í þágu allra aðila, einkum þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi, beina öllu tiltæku fjármagni

specified by the Convention and by any of its protocols and such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

Article 25
Relations between the Conference of the Parties and intergovernmental organizations

In order to provide technical and financial cooperation for achieving the objective of this Convention, the Conference of the Parties may request the cooperation of competent international and regional intergovernmental organizations including financial and development institutions.

Article 26
Financial resources

1. The Parties recognize the important role that financial resources play in achieving the objective of this Convention.
2. Each Party shall provide financial support in respect of its national activities intended to achieve the objective of the Convention, in accordance with its national plans, priorities and programmes.
3. Parties shall promote, as appropriate, the utilization of bilateral, regional, subregional and other multilateral channels to provide funding for the development and strengthening of multisectoral comprehensive tobacco control programmes of developing country Parties and Parties with economies in transition. Accordingly, economically viable alternatives to tobacco production, including crop diversification should be addressed and supported in the context of nationally developed strategies of sustainable development.
4. Parties represented in relevant regional and international intergovernmental organizations, and financial and development institutions shall encourage these entities to provide financial assistance for developing country Parties and for Parties with economies in transition to assist them in meeting their obligations under the Convention, without limiting the rights of participation within these organizations.
5. The Parties agree that:
   (a) to assist Parties in meeting their obligations under the Convention, all relevant potential and existing resources, financial, technical, or otherwise, both public and private that are available for tobacco

og hugsanlegri tækni og öðrum meðulum sem til eru, jafnt frá hinu opinbera sem einkaaðilum, í einn farveg og nota til tóbaksvarna,

b) skrifstofan skuli, sé þess óskað, veita þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, ráðgjöf um mögulega fjármögnun, til þess að greiða fyrir því að þau geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum,

c) þing aðila skuli, á fyrsta fundi sínum, endurskoða færar og hugsanlegar leiðir og aðferðir við aðstoð og byggja slíka endurskoðun á rannsókn, sem skrifstofan lætur gera, og öðrum viðeigandi upplýsingum, og kanna ágæti þeirra, og

d) þing aðila skuli taka niðurstöður fyrrnefndrar endurskoðunar til greina þegar það ákvarðar hvort bæta þurfi gildandi fyrirkomulag eða stofna alþjóðasjóð með frjálsum framlögum eða koma á öðru viðeigandi fjármagnsfyrirkomulagi til að beina viðbótarfjármagni, eftir því sem þörf krefur, til þróunarlanda og landa með umbreytingarhagkerfi, sem eru aðilar, í því skyni að aðstoða þau við að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

control activities, should be mobilized and utilized for the benefit of all Parties, especially developing countries and countries with economies in transition;

(b) the Secretariat shall advise developing country Parties and Parties with economies in transition, upon request, on available sources of funding to facilitate the implementation of their obligations under the Convention;

(c) the Conference of the Parties in its first session shall review existing and potential sources and mechanisms of assistance based on a study conducted by the Secretariat and other relevant information, and consider their adequacy; and

(d) the results of this review shall be taken into account by the Conference of the Parties in determining the necessity to enhance existing mechanisms or to establish a voluntary global fund or other appropriate financial mechanisms to channel additional financial resources, as needed, to developing country Parties and Parties with economies in transition to assist them in meeting the objectives of the Convention.

IX. HLUTI: LAUSN DEILUMÁLA

27. gr.
Lausn deilumála.

1. Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðila um það hvernig beri að túlka samning þennan eða beita ákvæðum hans skulu hlutaðeigandi aðilar leitast við að finna lausn á ágreiningnum eftir diplómatískum leiðum með samningaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum sem þeir sjálfir velja, þ.m.t. sáttaumleitanir. Leiði sáttaumleitanir ekki til samkomulags eru deiluaðilar skyldugir til að leita áfram leiða til að leysa ágreininginn.

2. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að lýsa því yfir skriflega við vörsluaðila við fullgildingu, staðfestingu, samþykki, formlega staðfestingargerð eða aðild að samningnum, eða hvenær sem er eftir það, að það eða hún fallist á og skuldbindi sig til að hlíta sérstakri gerðardóms-

PART IX: SETTLEMENT OF DISPUTES

Article 27
Settlement of disputes

1. In the event of a dispute between two or more Parties concerning the interpretation or application of this Convention, the Parties concerned shall seek through diplomatic channels a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their own choice, including good offices, mediation, or conciliation. Failure to reach agreement by good offices, mediation or conciliation shall not absolve parties to the dispute from the responsibility of continuing to seek to resolve it.

2. When ratifying, accepting, approving, formally confirming or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a State or regional economic integration organization may declare in writing to the Depositary that, for a dispute not resolved in accordance with paragraph 1 of this Article, it accepts, as

meðferð í samræmi við málsmeðferð, sem þing aðila samþykkir með samhljóða samþykki, hafi ágreiningur ekki verið leystur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda um sérhverja bókun gagnvart þeim sem eru aðilar að henni, nema kveðið sé á um annað í bókuninni.

compulsory, ad hoc arbitration in accordance with procedures to be adopted by consensus by the Conference of the Parties.

3. The provisions of this Article shall apply with respect to any protocol as between the parties to the protocol, unless otherwise provided therein.

X. HLUTI: ÞRÓUN SAMNINGSINS

28. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Hverjum aðila er heimilt að leggja fram breytingartillögur við samning þennan. Þing aðila fjallar um slíkar tillögur.
2. Breytingar á samningnum skulu samþykktar af þingi aðila. Skrifstofan skal senda aðilum texta allra breytingartillagna við samninginn eigi síðar en sex mánuðum fyrir þingfundinn þar sem leggja á tillögurnar fram til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda breytingartillögurnar öllum þeim sem hafa undirritað þennan samning svo og vörsluaðila, honum til upplýsingar.

3. Aðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná almennu samkomulagi um breytingartillögur við þennan samning. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og ekkert samkomulag náðst er lokaúrræðið að samþykkja breytinguna með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Í þessari grein merkir „aðilar sem viðstaddir eru og greiða atkvæði“ aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Skrifstofan skal senda vörsluaðilanum hverja þá breytingu sem hefur verið samþykkt og skal hann senda hana áfram til allra aðila til staðfestingar.
4. Skjöl um staðfestingu breytinga skulu falin vörsluaðila til varðveislu. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 3. mgr. hér að framan, öðlast gildi að því er þá aðila varðar, sem hafa staðfest hana, á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur móttekið staðfestingarskjal frá að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum aðila að þessum samningi.

5. Að því er alla aðra aðila varðar öðlast breyt-

PART X: DEVELOPMENT OF THE CONVENTION

Article 28

Amendments to this Convention

1. Any Party may propose amendments to this Convention. Such amendments will be considered by the Conference of the Parties.
2. Amendments to the Convention shall be adopted by the Conference of the Parties. The text of any proposed amendment to the Convention shall be communicated to the Parties by the Secretariat at least six months before the session at which it is proposed for adoption. The Secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories of the Convention and, for information, to the Depositary.
3. The Parties shall make every effort to reach agreement by consensus on any proposed amendment to the Convention. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-quarters majority vote of the Parties present and voting at the session. For purposes of this Article, Parties present and voting means Parties present and casting an affirmative or negative vote. Any adopted amendment shall be communicated by the Secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for acceptance.

4. Instruments of acceptance in respect of an amendment shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 of this Article shall enter into force for those Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of acceptance by at least two-thirds of the Parties to the Convention.
5. The amendment shall enter into force for any

ingin gildi á nítugasta degi eftir að aðili afhendir vörsluaðila skjal sitt um staðfestingu umræddrar breytingar til varðveislu.

29. gr.
Samþykkt viðauka við þennan samning og breytingar á þeim.

1. Viðaukar við þennan samning og tillögur um breytingar á þeim skulu lögð fram, samþykkt og öðlast gildi í samræmi við málsmeðferðina sem getið er í 28. gr.
2. Viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans og, ef ekki er skýlaust kveðið á um annað, telst tilvísun í samninginn jafnframt tilvísun til hvaða viðauka sem er við hann.
3. Í viðauka skal aðeins setja skrár, eyðublöð og hvers konar annað lýsandi efni sem varðar málefni er lúta að málsmeðferð, vísindum, tækni eða stjórnsýslu.

XI. HLUTI: LOKAÁKVÆÐI

30. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

31. gr.
Uppsögn.

1. Aðili getur sagt þessum samningi upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvenær sem er að tveimur árum liðnum frá því að hann öðlast gildi að því er hann varðar.

2. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að vörsluaðili tók við tilkynningu um uppsögn eða þann dag síðar sem tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn, ef hann ber upp síðar.
3. Aðili sem segir upp samningnum telst einnig hafa sagt upp þeim bókunum sem hann á aðild að.

32. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Hver aðili að þessum samningi fer með eitt atkvæði, þó með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu

other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of acceptance of the said amendment.

Article 29
Adoption and amendment of annexes to this Convention

1. Annexes to this Convention and amendments thereto shall be proposed, adopted and shall enter into force in accordance with the procedure set forth in Article 28.
2. Annexes to the Convention shall form an integral part thereof and, unless otherwise expressly provided, a reference to the Convention constitutes at the same time a reference to any annexes thereto.
3. Annexes shall be restricted to lists, forms and any other descriptive material relating to procedural, scientific, technical or administrative matters.

PART XI: FINAL PROVISIONS

Article 30
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

Article 31
Withdrawal

1. At any time after two years from the date on which this Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.
2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year from the date of receipt by the Depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.
3. Any Party that withdraws from the Convention shall be considered as also having withdrawn from any protocol to which it is a Party.

Article 32
Right to vote

1. Each Party to this Convention shall have one vote, except as provided for in paragraph 2 of this Article.
2. Regional economic integration organizations,

skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með atkvæðafjölda sem svarar til þess hve mörg aðildarríki þeirra eru aðilar að samningnum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

33. gr.
Bókanir.

1. Hvaða aðili sem er getur lagt fram tillögu að bókunum. Þing aðila fjallar um slíkar tillögur.

2. Þingi aðila er heimilt að samþykkja bókanir við þennan samning. Reyna skal eftir fremsta megni að ná almennu samkomulagi um samþykki þeirra. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og ekkert samkomulag náðst er lokaúrræðið að samþykkja bókunina með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Í þessari grein merkir „aðilar sem viðstaddir eru og greiða atkvæði“ aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti.
3. Skrifstofan skal senda aðilum allar tillögur að bókunum eigi síðar en sex mánuðum fyrir fundinn þar sem leggja á þær fram til samþykktar.
4. Einungis aðilar að samningnum geta gerst aðilar að bókun.
5. Bókun við þennan samning er einungis bindandi gagnvart aðilum að þeirri bókun sem um ræðir. Aðeins aðilum að bókun er heimilt að taka ákvarðanir um málefni sem varða einungis umrædda bókun.
6. Skilyrði fyrir gildistöku bókunar skulu sett fram í því skjali.

34. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir alla aðila að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og hver þau ríki sem eru ekki aðilar að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni en eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum, svo og fyrir svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, í höfuðstöðvum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf frá 16. júní 2003 til 22. júní 2003 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, frá 30. júní 2003 til 29. júní 2004.

in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their Member States that are Parties to the Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its Member States exercises its right, and vice versa.

Article 33
Protocols

1. Any Party may propose protocols. Such proposals will be considered by the Conference of the Parties.
2. The Conference of the Parties may adopt protocols to this Convention. In adopting these protocols every effort shall be made to reach consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the protocol shall as a last resort be adopted by a three-quarters majority vote of the Parties present and voting at the session. For the purposes of this Article, Parties present and voting means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

3. The text of any proposed protocol shall be communicated to the Parties by the Secretariat at least six months before the session at which it is proposed for adoption.
4. Only Parties to the Convention may be parties to a protocol.
5. Any protocol to the Convention shall be binding only on the parties to the protocol in question. Only Parties to a protocol may take decisions on matters exclusively relating to the protocol in question.
6. The requirements for entry into force of any protocol shall be established by that instrument.

Article 34
Signature

This Convention shall be open for signature by all Members of the World Health Organization and by any States that are not Members of the World Health Organization but are members of the United Nations and by regional economic integration organizations at the World Health Organization Headquarters in Geneva from 16 June 2003 to 22 June 2003, and thereafter at United Nations Headquarters in New York, from 30 June 2003 to 29 June 2004.

35. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki, formleg staðfestingargerð eða aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild ríkja og formlegri staðfestingargerð eða aðild svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Aðild að honum skal vera opin frá og með deginum eftir að fresti til undirritunar lýkur. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, formlega staðfestingargerð eða aðild skulu afhent vörsluaðila til varðveislu.

2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem verður aðili að samningi þessum án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili að honum, er bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt samningi þessum. Þegar um er að ræða þær stofnanir, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að þessum samningi, skulu stofnunin og aðildarríki hennar ákveða hvernig hvert og eitt þeirra efnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríkin ekki samtímis neytt réttar síns samkvæmt samningnum.

3. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í skjölum sínum um formlega staðfestingargerð eða aðild, greina frá valdsviði sínu í þeim málum sem samningurinn nær til. Stofnanir þessar skulu enn fremur tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það aðilum, ef verulegar breytingar verða á valdsviði þeirra.

Article 35
Ratification, acceptance, approval, formal confirmation or accession

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance, approval or accession by States and to formal confirmation or accession by regional economic integration organizations. It shall be open for accession from the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval, formal confirmation or accession shall be deposited with the Depositary.
2. Any regional economic integration organization which becomes a Party to the Convention without any of its Member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of those organizations, one or more of whose Member States is a Party to the Convention, the organization and its Member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the Member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.
3. Regional economic integration organizations shall, in their instruments relating to formal confirmation or in their instruments of accession, declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention. These organizations shall also inform the Depositary, who shall in turn inform the Parties, of any substantial modification in the extent of their competence.

36. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi þegar fertugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, formlega staðfestingargerð eða aðild er afhent vörsluaðila til varðveislu.
2. Að því er varðar hvert ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum að uppfylltum þeim skilyrðum fyrir gildistöku sem eru tilgreind í 1. mgr. hér að framan, öðlast samningur þessi gildi á nítugasta degi eftir að viðkomandi ríki afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.
3. Að því er varðar hverja svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem afhendir skjal um

Article 36
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit of the fortieth instrument of ratification, acceptance, approval, formal confirmation or accession with the Depositary.
2. For each State that ratifies, accepts or approves the Convention or accedes thereto after the conditions set out in paragraph 1 of this Article for entry into force have been fulfilled, the Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „Varsjársamningur“ merkir samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eða Varsjársamninginn, eins og honum var breytt í Haag 1955, eftir því hvor þeirra gildir um flutning samkvæmt samningi sem um getur í b-lið;

b) „samningsbundinn flytjandi“ merkir aðila sem gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning, samkvæmt ákvæðum Varsjársamningsins, við farþega eða sendanda eða við aðila sem er í fyrirsvari fyrir farþegann eða sendandann;

CONVENTION
Supplementary to the Warsaw Convention, for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Performed by a Person Other than the Contracting Carrier

THE STATES SIGNATORY TO THE PRESENT CONVENTION

NOTING that the Warsaw Convention does not contain particular rules relating to international carriage by air performed by a person who is not a party to the agreement for carriage,

CONSIDERING that it is therefore desirable to formulate rules to apply in such circumstances,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article I

In this Convention:

a) "Warsaw Convention" means the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air signed at Warsaw on 12 October 1929, or the Warsaw Convention as amended at The Hague, 1955, according to whether the carriage under the agreement referred to in paragraph b) is governed by the one or by the other;

b) "contracting carrier" means a person who as a principal makes an agreement for carriage governed by the Warsaw Convention with a passenger or consignor or with a person acting on behalf of the passenger or consignor;

c) „flytjandi í raun“ merkir aðila, annan en samningsbundna flytjandann, sem framkvæmir þann flutning, sem fjallað er um í b-lið, allan eða að hluta í umboði samningsbundna flytjandans en er ekki, að því er slíkan hluta varðar, flytjandi sem framkvæmir gagnfæran flutning í skilningi Varsjársamningsins.

Gera skal ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða nema sannað sé hið gagnstæða.

II. gr.

Framkvæmi flytjandi í raun flutning allan eða að hluta, það er flutning sem Varsjársamningurinn gildir um samkvæmt samningnum sem um getur í b-lið I. gr., skulu ákvæði Varsjársamningsins gilda um bæði samningsbundna flytjandann og flytjanda í raun, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, hinn fyrrnefnda að því er varðar allan flutning sem fjallað er um í flutningssamningnum og hinn síðarnefnda einungis að því er varðar þann flutning sem hann framkvæmir.

III. gr.

1. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun og starfsmanna hans og umboðsmanna á vettvangi starfs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi samningsbundna flytjandans, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir.

2. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna, sem er innan verksviðs þeirra, sé einnig athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir. Engin slík athöfn eða athafnaleysi skal, samt sem áður, gera flytjanda í raun skaðabótaskyldan umfram þau mörk sem um getur í 22. gr. Varsjársamningsins. Allir sérsamningar þar sem samningsbundni flytjandinn tekst skyldur á herðar sem Varsjársamningurinn kveður ekki á um eða fellur frá réttindum sem samningur þessi heimilar eða sérhver yfirlýsing um hagsmuni sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað, sem fjallað er um í 22. gr. fyrrnefnds samnings, skulu ekki binda flytjanda í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

IV. gr.

Kvartanir, bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt Varsjársamningnum, skulu hafa sömu þýðingu, hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða flytjanda í raun. Fyrirmæli, sem um getur í 12. gr. Varsjársamningsins, skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

c) "actual carrier" means a person, other than the contracting carrier, who, by virtue of authority from the contracting carrier, performs the whole or part of the carriage contemplated in paragraph b) but who is not with respect to such part a successive carrier within the meaning of the Warsaw Convention.

Such authority is presumed in the absence of proof to the contrary.

Article II

If an actual carrier performs the whole or part of carriage which, according to the agreement referred to in Article I, paragraph b), is governed by the Warsaw Convention, both the contracting carrier and the actual carrier shall, except as otherwise provided in this Convention, be subject to the rules of the Warsaw Convention, the former for the whole of the carriage contemplated in the agreement, the latter solely for the carriage which he performs.

Article III

1. The acts and omissions of the actual carrier and of his servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the contracting carrier.

2. The acts and omissions of the contracting carrier and of his servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the actual carrier. Nevertheless, no such act or omission shall subject the actual carrier to liability exceeding the limits specified in Article 22 of the Warsaw Convention. Any special agreement under which the contracting carrier assumes obligations not imposed by the Warsaw Convention or any waiver of rights conferred by that Convention or any special declaration of interest in delivery at destination contemplated in Article 22 of the said Convention, shall not affect the actual carrier unless agreed to by him.

Article IV

Any complaint to be made or order to be given under the Warsaw Convention to the carrier shall have the same effect whether addressed to the contracting carrier or to the actual carrier. Nevertheless, orders referred to in Article 12 of the Warsaw Convention shall only be effective if addressed to the contracting carrier.

V. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, ber öllum starfsmönnum eða umboðsmönnum hans eða samningsbundna flytjandans, geti þeir sannað að þeir hafi framkvæmt störf sín innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær takmarkanir á ábyrgð sem þeim flytjanda, sem þeir eru stafsmenn eða umboðsmenn hjá, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti sem samkvæmt Varsjársamningnum kemur í veg fyrir að unnt sé að skírskota til marka ábyrgðar.

VI. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, skal heildarfjárhæð, sem unnt er að fá þann flytjanda og samningsbundna flytjandann og starfsmenn þeirra og umboðsmenn, sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns, dæmda til þess að greiða, ekki vera hærri en hæsta bótafjárhæð sem unnt er að dæma annaðhvort samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun til þess að greiða samkvæmt samningi þessum, en engum aðila, sem um er getið, skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

VII. gr.

Stefnandi getur, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfum sínum, að eigin vali, hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hvorum fyrir sig. Sé málið einvörðungu höfðað gegn öðrum fyrrnefndra flytjenda ber honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn komi einnig að meðferð þess fyrir rétti og fer slík málsmeðferð og áhrif slíkrar aðkomu eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

VIII. gr.

Höfða skal skaðabótamál, sem er fjallað um í VII. gr. samnings þessa, að vali stefnanda, annaðhvort fyrir dómstóli sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum, eins og kveðið er á um í 28. gr. Varsjársamningsins, eða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun á lögheimili eða hefur aðalskrifstofu sína.

IX. gr.

1. Öll samningsákvæði, sem miða að því að leysa samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun undan ábyrgð samkvæmt samningi þessum eða að því að ákvarða lægri ábyrgðarmörk en þau sem gilda samkvæmt samningi þessum, skulu ógild, en í ógildingu sérhvers slíks ákvæðis felst ekki ógilding samn-

Article V

In relation to the carriage performed by the actual carrier, any servant or agent of that carrier or of the contracting carrier shall, if he proves that he acted within the scope of his employment, be entitled to avail himself of the limits of liability which are applicable under this Convention to the carrier whose servant or agent he is unless it is proved that he acted in a manner which, under the Warsaw Convention, prevents the limits of liability from being invoked.

Article VI

In relation to the carriage performed by the actual carrier, the aggregate of the amounts recoverable from that carrier and the contracting carrier, and from their servants and agents acting within the scope of their employment, shall not exceed the highest amount which could be awarded against either the contracting carrier or the actual carrier under this Convention, but none of the persons mentioned shall be liable for a sum in excess of the limit applicable to him.

Article VII

In relation to the carriage performed by the actual carrier, an action for damages may be brought, at the option of the plaintiff, against that carrier or the contracting carrier, or against both together or separately. If the action is brought against only one of those carriers, that carrier shall have the right to require the other carrier to be joined in the proceedings, the procedure and effects being governed by the law of the court seised of the case.

Article VIII

Any action for damages contemplated in Article VII of this Convention must be brought, at the option of the plaintiff, either before a court in which an action may be brought against the contracting carrier, as provided in Article 28 of the Warsaw Convention, or before the court having jurisdiction at the place where the actual carrier is ordinarily resident or has his principal place of business.

Article IX

1. Any contractual provision tending to relieve the contracting carrier or the actual carrier of liability under this Convention or to fix a lower limit than that which is applicable according to this Convention shall be null and void, but the nullity of any such provision does not involve the nullity of the whole

ingsins í heild sem ákvæði samnings þessa gilda um eftir sem áður.
2. Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, á málsgreinin hér á undan ekki við um samningsákvæði sem fjalla um hvarf eða tjón sem rekja má til eðlislægs ágalla, eiginleika eða ágalla þess farms sem er fluttur.
3. Ógild skulu vera hvers konar ákvæði í flutningssamningi og hvers konar sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa varðandi þau lög sem fara skal eftir eða varðandi lögsögu. Þegar um er að ræða flutning farms skal þó heimilt að semja um gerðardómsákvæði, samanber þó ákvæði samnings þessa, enda fari gerðardómsmeðferðin fram innan einhverrar lögsögu sem um getur í VIII. gr.

X. gr.

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur flytjendanna tveggja gagnvart hvor öðrum, með fyrirvara um ákvæði VII. gr.

XI. gr.

Samningur þessi skal, fram til þess dags er hann öðlast gildi í samræmi við ákvæði XIII. gr., liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem þann dag er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða einhverra sérstofnana þeirra.

XII. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.
2. Afhenda ber skjöl um fullgildingu ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu.

XIII. gr.

1. Jafnskjótt og fimm undirritunarríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu samnings þessa til vörslu öðlast hann gildi þeirra í milli á nítugasta degi eftir þann dag er fimmta skjalið um fullgildingu er afhent.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju því ríki, sem fullgildir hann eftir það, á nítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu til vörslu.
2. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal láta skrá samning þennan hjá Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaflugmálastofnuninni jafnskjótt og hann öðlast gildi.

XIV. gr.

1. Samningur þessi skal, eftir að hann hefur öðlast

agreement, which shall remain subject to the provisions of this Convention.
2. In respect of the carriage performed by the actual carrier, the preceding paragraph shall not apply to contractual provisions governing loss or damage resulting from the inherent defect, quality or vice of the cargo carried.
3. Any clause contained in an agreement for carriage and all special agreements entered into before the damage occurred by which the parties purport to infringe the rules laid down by this Convention, whether by deciding the law to be applied, or by altering the rules as to jurisdiction, shall be null and void. Nevertheless, for the carriage of cargo arbitration clauses are allowed, subject to this Convention, if the arbitration is to take place in one of the jurisdictions referred to in Article VIII.

Article X

Except as provided in Article VII, nothing in this Convention shall affect the rights and obligations of the two carriers between themselves.

Article XI

Until the date on which this Convention comes into force in accordance with the provisions of Article XIII, it shall remain open for signature on behalf of any State which at that date is a Member of the United Nations or of any of the Specialized Agencies.

Article XII

1. This Convention shall be subject to ratification by the signatory States.
2. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of the United States of Mexico.

Article XIII

1. As soon as five of the signatory States have deposited their instruments of ratification of this Convention, it shall come into force between them on the ninetieth day after the date of the deposit of the fifth instrument of ratification.

It shall come into force for each State ratifying thereafter on the ninetieth day after the deposit of its instrument of ratification.

2. As soon as this Convention comes into force, it shall be registered with the United Nations and the International Civil Aviation Organization by the Government of the United States of Mexico.

Article XIV

1. This Convention shall, after it has come into

gildi, liggja frammi til aðildar af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra.

2. Ríki fær aðild að samningi þessum með því að ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna er afhent aðildarskjal sem tekur gildi frá og með nítugasta degi frá þeim degi er slík afhending fer fram.

XV. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að segja upp samningi þessum með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna.
2. Uppsögn skal taka gildi sex mánuðum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við tilkynningu um uppsögn.

XVI. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, jafnhliða fullgildingu samnings þessa eða aðild að honum eða hvenær sem er eftir það, að lýsa því yfir, með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, að gildissvið samnings þessa skuli ná til allra þeirra landsvæða þar sem það fer með samskipti við önnur ríki.
2. Gildissvið samningsins skal ná til þeirra landsvæða, sem eru talin upp í fyrrnefndri tilkynningu, níutíu dögum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við slíkri tilkynningu.
3. Hverju aðildarríki er heimilt, í samræmi við ákvæði XV. gr., að segja upp samningi þessum sérstaklega fyrir hvert þeirra landsvæða, þar sem það fer með samskipti við önnur ríki, eða öll þeirra.

XVII. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

XVIII. gr.

Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra um:

a) sérhverja undirritun samnings þessa og dagsetningu hennar;
b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu eða aðild og dagsetningu hennar;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa í samræmi við 1. mgr. XIII. gr.;
d) viðtöku sérhverrar tilkynningar um uppsögn og viðtökudag hennar;

force, be open for accession by any State Member of the United Nations or of any of the Specialized Agencies.
2. The accession of a State shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Government of the United States of Mexico and shall take effect as from the ninetieth day after the date of such deposit.

Article XV

1. Any Contracting State may denounce this Convention by notification addressed to the Government of the United States of Mexico.
2. Denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Government of the United States of Mexico of the notification of denunciation.

Article XVI

1. Any Contracting State may at the time of its ratification of or accession to this Convention or at any time thereafter declare by notification to the Government of the United States of Mexico that the Convention shall extend to any of the territories for whose international relations it is responsible.

2. The Convention shall, ninety days after the date of the receipt of such notification by the Government of the United States of Mexico, extend to the territories named therein.
3. Any Contracting State may denounce this Convention, in accordance with the provisions of Article XV, separately for any or all of the territories for the international relations of which such State is responsible.

Article XVII

No reservation may be made to this Convention.

Article XVIII

The Government of the United States of Mexico shall give notice to the International Civil Aviation Organization and to all States Members of the United Nations or of any of the Specialized Agencies:

a) of any signature of this Convention and the date thereof;
b) of the deposit of any instrument of ratification or accession and the date thereof;
c) of the date on which this Convention comes into force in accordance with Article XIII, paragraph 1;
d) of the receipt of any notification of denunciation and the date thereof;

e) viðtöku sérhverrar yfirlýsingar eða tilkynningar, sem er gefin út skv. XVI. gr., og viðtökudag hennar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Gvadalajara hinn 18. september 1961 á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir þrír gildir. Ef um ósamræmi er að ræða skal franski textinn ráða, en Varsjársamningurinn frá 12. október 1929 var gerður á frönsku. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna mun láta gera opinbera þýðingu á texta samningsins á rússnesku.

Afhenda ber samning þennan ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu, en samningurinn mun liggja frammi til undirritunar hjá henni í samræmi við ákvæði XI. gr., og skal fyrrnefnd ríkisstjórn senda Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra staðfest afrit af honum.

e) of the receipt of any declaration or notification made under Article XVI and the date thereof.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, having been duly authorized, have signed this Convention.

DONE at Guadalajara on the eighteenth day of September One Thousand Nine Hundred and Sixty-one in three authentic texts drawn up in the English, French and Spanish languages. In case of any inconsistency, the text in the French language, in which language the Warsaw Convention of 12 October 1929 was drawn up, shall prevail. The Government of the United States of Mexico will establish an official translation of the text of the Convention in the Russian language.

This Convention shall be deposited with the Government of the United States of Mexico with which, in accordance with Article XI, it shall remain open for signature, and that Government shall send certified copies thereof to the International Civil Aviation Organization and to all States Members of the United Nations or of any Specialized Agency.

AUGLÝSING

um gerðir sem fela í sér breytingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 16. júlí 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/201/DIM frá 19. febrúar 2004, um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni, og reglugerð ráðsins nr. 378/2004 frá 19. febrúar 2004, um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni, sem fela í sér breytingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingarnar öðluðust gildi að því er Ísland varðar 16. júlí 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og reglugerðin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2004/201/DIM frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 30. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 31. gr. (a- og b-lið) og 34. gr. (c-lið 2. mgr.),

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Grikklands[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Schengen-upplýsingakerfið (hér á eftir nefnt „SIS-upplýsingakerfið"), sem komið var á í samræmi við ákvæði IV. bálks samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-samn-

1 Stjtíð. EB C 82, 5.4.2003, bls. 25.
2 Áliti var skilað 23. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

COUNCIL DECISION 2004/201/JHA of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty on European Union, and in particular Article 30(1)(a) and (b), Article 31(a) and (b) and Article 34(2)(c) thereof,

Having regard to the initiative of the Hellenic Republic[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) The Schengen Information System (hereinafter referred to as the "SIS") set up pursuant to the provisions of Title IV of the Convention of 1990 implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders (hereinafter referred to as the

1 OJ C 82, 5.4.2003, p. 25.
2 Opinion delivered on 23 September 2003 (not yet published in the Official Journal).

ingurinn")[3], er nauðsynlegt tæki til beitingar ákvæðum Schengen-gerðanna eins og þær eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt ákvæðum 92. gr Schengen-samningsins er landseiningum aðildarríkjanna ekki heimilt að skiptast beint á SIS-gögnum. Þeim er einungis heimilt að skiptast á gögnum fyrir milligöngu tæknilegu stoðeiningarinnar í Strassborg. Þó er rétt að tvíhliða eða marghliða skipti fari fram á tilteknum viðbótarupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða Schengen-samningsins. Einkum er þörf á slíkum viðbótarupplýsingum í tengslum við aðgerðir sem grípa þarf til skv. 25., 39., 46., 95.– 100. gr., 102. gr. (3. mgr.), 104. gr. (3. mgr.), 106., 107. 109. og 110. gr. Schengen-samningsins. Sirene-skrifstofur í hverju aðildarríki skulu annast skipti á þessum viðbótarupplýsingum.

3) Í Sirene-handbókinni er starfsmönnum Sirene-skrifstofa í hverju aðildarríki veittar nákvæmar leiðbeiningar varðandi þær reglur og þá málsmeðferð sem gilda um tvíhliða eða marghliða skipti á slíkum viðbótarupplýsingum.

4) Tryggja skal einsleitni Sirene-handbókarinnar. Rétt er að beita tæknilegu Schengen-gerðunum í þeim tilgangi.

5) Breytingar á 1. hluta Sirene-handbókarinnar skulu, samkvæmt þessari ákvörðun, takmarkast við að endurspegla gildandi útgáfu ákvæða Schengen-samningsins.

6) Nauðsynlegt er að koma á málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni í samræmi við viðeigandi ákvæði í hinum ýmsu sáttmálum.

7) Nauðsynlegur lagagrundvöllur fyrir síðari breytingar á Sirene-handbókinni samanstendur af tveimur aðskildum gerningum: þessari ákvörðun, sem byggist á 30. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 31. gr. (a- og b-lið) og 34. gr. (c-lið 2. mgr.) sáttmálans um Evrópusambandið, og reglugerð ráðsins (EB) nr. 378/2004 frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni[4], sem byggist á 66. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Ástæðan er sú, eins og fram

3 Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.
4 Stjtíð. EB L 64, 2.3.2004, bls. 5.

"Schengen Convention")[3] constitutes an essential tool for the application of the provisions of the Schengen acquis as integrated into the framework of the European Union.

(2) Pursuant to the provisions of Article 92 of the Schengen Convention, the national sections of the Member States cannot exchange SIS data directly between themselves; they may only exchange data via the technical support function in Strasbourg. However, it is appropriate for certain supplementary information required for implementing certain provisions of the Schengen Convention correctly to be exchanged bilaterally or multilaterally. Such supplementary information is needed in particular in relation to the action required pursuant to Articles 25, 39, 46, 95 to 100, 102(3), 104(3), 106, 107, 109 and 110 of the Schengen Convention. The exchange of this supplementary information is carried out by the Sirene offices of each Member State.

(3) The Sirene Manual is a set of instructions to operators in the Sirene offices of each of the Member States which describes in detail the rules and procedures governing the bilateral or multilateral exchange of such supplementary information.

(4) Uniformity of the Sirene Manual should be ensured. The Schengen technical acquis should be applicable here.

(5) Amendments to Part 1 of the Sirene Manual pursuant to this Decision should be confined to reflecting the applicable version of the provisions of the Schengen Convention.

(6) It is necessary to establish a procedure for amending the Sirene Manual in accordance with the relevant provisions of the various Treaties.

(7) The legislative basis required for allowing future amendments to the Sirene Manual consists of two separate instruments: this Decision based on Articles 30(1)(a) and (b), 31(a) and (b) and 34(2)(c) of the Treaty on European Union and Council Regulation (EC) No 378/2004 of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual[4] based on Article 66 of the Treaty establishing the European Community. The reason for this is that, as set out in Article 92 of the

3 OJ L 239, 22.9.2000, p. 19.
4 See page 5 of this Official Journal.

kemur í 92. gr. Schengen-samningsins, að með SIS-upplýsingakerfinu geta yfirvöldin, sem aðildarríkin hafa tilnefnt, leitað vélrænt að skráningum um einstaklinga og eignir vegna landamæraeftirlits og annars eftirlits lögreglu og tolls inni í landinu í samræmi við landslög, sem og vegna útgáfu vegabréfsáritana, veitingar dvalarleyfa eða framkvæmdar laga um útlendinga með skírskotun til beitingar þeirra ákvæða Schengen-gerðanna sem varða för fólks. Skiptin á viðbótarupplýsingum, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd ákvæða Schengen-samningsins, sem um getur í annarri forsendu og Sirene-skrifstofur í hverju aðildarríki annast, þjóna einnig þessum tilgangi sem og að aðstoða almennt við lögreglusamvinnu.

Schengen Convention, the SIS is to enable the authorities designated by the Member States, by means of an automated search procedure, to have access to alerts on persons and property for the purposes of border checks and other police and customs checks carried out within the country in accordance with national law, as well as for the purposes of issuing visas, residence permits and the administration of legislation on aliens in the context of the application of the provisions of the Schengen acquis relating to the movement of persons. The exchange of the supplementary information required for implementing the provisions of the Schengen Convention referred to in recital 2, carried out by the Sirene offices of each Member State, also serves these purposes, as well as assisting with police cooperation generally.

8) Þótt nauðsynlegur lagagrundvöllur samanstandi af tveimur aðskildum gerningum hefur það ekki áhrif á þá grundvallarreglu að SIS-upplýsingakerfið er, og ætti að vera áfram, eitt samþætt upplýsingakerfi og að Sirene-skrifstofurnar ættu að leysa verkefni sín áfram af hendi á samþættan hátt.

(8) The fact that the legislative basis required consists of two separate instruments does not affect the principle that the SIS constitutes, and should continue to constitute, one single, integrated, information system and that the Sirene offices should continue to carry out their tasks in an integrated manner.

9) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um málsmeðferð þegar gera þarf nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar henni, sem endurspegla viðkomandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 378/2004, til að tryggja að notað sé sérstakt framkvæmdarferli við breytingu á Sirene-handbókinni í heild.

(9) This Decision sets out procedures for the taking of measures necessary for its implementation which mirror the relevant provisions of Regulation (EC) No 378/2004, so as to ensure that there will be one single implementing process for the amendment of the Sirene Manual as a whole.

10) Gera skal ráðstafanir til að gera fulltrúum Íslands og Noregs kleift að koma að starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur verið til umfjöllunar í bréfaskiptum milli bandalagsins og Íslands og Noregs[5], sem fylgja með sem viðauki við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[6].

(10) An arrangement should be made to allow representatives of Iceland and Norway to be associated with the work of committees assisting the Commission in the exercise of its implementing powers. Such an arrangement has been contemplated in the Exchange of Letters between the Community and Iceland and Norway[5], annexed to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis[6].

11) Ákvörðun þessi og þátttaka Breska konungsríkisins og Írlands í samþykkt og beitingu hennar eru með fyrirvara um ráðstafanirnar

(11) This Decision and the United Kingdom's and Ireland's participation in its adoption and application are without prejudice to the

5 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 53.
6 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 53.
6 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.

vegna þátttöku Breska konungsríkisins og Írlands í Schengen-gerðunum að hluta, sem ráðið skilgreinir í ákvörðun 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[7] og ákvörðun 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[8].

12) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í Sirene-handbókinni er starfsmönnum Sirene-skrifstofa í hverju aðildarríki veittar nákvæmar leiðbeiningar varðandi þær reglur og þá málsmeðferð sem gilda um tvíhliða eða marghliða skipti á viðbótarupplýsingum, sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða Schengen-samningsins, eins og hann er felldur inn í ramma Evrópusambandsins.

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 3. gr., breyta innganginum, 1. hluta og 2. hluta, innganginum að 3. hluta og liðum 3.1.1, 3.1.2, 3.1.3, 3.1.4, 3.1.5, 3.1.7, 3.1.8, 3.1.9, 3.1.10 og 3.2 í 3. hluta, innganginum að 4. hluta og liðum 4.1.1, 4.1.2, 4.2, 4.3, 4.3.1, 4.3.2, 4.3.3, 4.4, 4.4.1, 4.4.2, 4.4.3, 4.5.1, 4.5.2, 4.7, 4.8, 4.9 og 4.10 í 4. hluta, innganginum að 5. hluta og liðum 5.1.1, 5.1.2.1, 5.1.2.3, 5.1.2.4, 5.1.2.5, 5.1.2.6, 5.1.2.7, 5.2 og 5.3 í 5. hluta og 1., 2., 3. og 4. viðauka, innganginum og eyðublöðum A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L, M og P í 5. viðauka og 6. viðauka við Sirene-handbókina.
2. Einnig er heimilt að taka upp viðbótarleiðbeiningar, þ.m.t. aðrir viðaukar, í Sirene-handbókina í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 3. gr. Breytingar á 5. viðauka geta einkum falist í að semja fleiri eyðublöð ef nauðsyn krefur.

7 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
8 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

arrangements for the United Kingdom's and Ireland's partial participation in the Schengen acquis defined by the Council in Decisions 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[7] and 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[8], respectively.

(12) This Decision constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the Act of Accession,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

The Sirene Manual shall constitute a set of instructions to operators in the Sirene offices of each Member State which establishes the rules and procedures governing the bilateral or multilateral exchange of supplementary information which is required in order to implement correctly certain provisions of the Schengen Convention, as integrated into the framework of the European Union.

Article 2

1. The Introduction, Part 1 and Part 2, the introduction of Part 3 and points 3.1.1, 3.1.2, 3.1.3, 3.1.4, 3.1.5, 3.1.7, 3.1.8, 3.1.9, 3.1.10 and 3.2 of Part 3, the introduction of Part 4 and points 4.1.1, 4.1.2, 4.2, 4.3, 4.3.1, 4.3.2, 4.3.3, 4.4, 4.4.1, 4.4.2, 4.4.3, 4.5.1, 4.5.2, 4.7, 4.8, 4.9 and 4.10 of Part 4, the introduction of Part 5 and points 5.1.1, 5.1.2.1, 5.1.2.3, 5.1.2.4, 5.1.2.5, 5.1.2.6, 5.1.2.7, 5.2 and 5.3 of Part 5, Annexes 1, 2, 3 and 4, the introduction and forms A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L, M and P in Annex 5 and Annex 6 of the Sirene Manual shall be amended by the Commission in accordance with the regulatory procedure referred to in Article 3.
2. Additional instructions, including other Annexes, may also be introduced into the Sirene Manual in accordance with the regulatory procedure referred to in Article 3. In the case of Annex 5, such changes may in particular include the creation of additional forms where these prove necessary.

7 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
8 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

3. gr.

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar stjórnsýslunefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Nefndin skal setja sér starfsreglur að tillögu formanns á grundvelli staðlaðra starfsreglna sem birtar hafa verið í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

5. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki áliti ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal og tilkynna það Evrópuþinginu.

6. Ráðinu er heimilt að taka ákvörðun með auknum meirihluta um tillöguna innan tveggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það.
   Láti ráðið þess getið með auknum meirihluta, innan þess frests, að það sé mótfallið tillögunni skal framkvæmdastjórnin taka hana til endurskoðunar. Henni er heimilt að leggja breytta tillögu fyrir ráðið, leggja tillöguna fram aftur eða leggja fram tillögu um réttarreglur.
   Hafi ráðið, þegar fresturinn rennur út, hvorki samþykkt framkvæmdargerðina, sem lögð er til, né látið í ljósi andstöðu við tillögu að framkvæmdarráðstöfunum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðina.

Article 3

1. Where reference is made to this Article, the Commission shall be assisted by a Regulatory Committee composed of the representatives of the Member States and chaired by the representative of the Commission.

2. The committee shall adopt its rules of procedure on a proposal by the chair on the basis of standard rules of procedure which have been published in the Official Journal of the European Union.

3. The representative of the Commission shall submit to the committee a draft of the measures to be taken. The committee shall deliver its opinion on the draft within a time limit which the chairman may lay down according to the urgency of the matter. The opinion shall be delivered by the majority laid down in Article 205(2) of the Treaty establishing the European Community, in the case of decisions which the Council is required to adopt on a proposal from the Commission. The votes of the representatives of the Member States within the committee shall be weighted in the manner set out in that Article. The chairman shall not vote.

4. The Commission shall adopt the measures envisaged if they are in accordance with the opinion of the committee.

5. If the measures envisaged are not in accordance with the opinion of the committee, or if no opinion is delivered, the Commission shall, without delay, submit to the Council a proposal relating to the measures to be taken and shall inform the European Parliament.

6. The Council may act by qualified majority on the proposal, within two months from the date of referral to the Council.

   If within that period the Council has indicated by qualified majority that it opposes the proposal, the Commission shall re-examine it. It may submit an amended proposal to the Council, resubmit its proposal or present a legislative proposal.

   If on the expiry of that period the Council has neither adopted the proposed implementing act nor indicated its opposition to the proposal for implementing measures, the proposed implementing act shall be adopted by the Commission.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

Article 4

This Decision shall take effect on the day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

Done at Brussels, 19 February 2004.

For the Council

The President
M. McDowell

Fylgiskjal 2.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 378/2004 frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 66. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Grikklands[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Schengen-upplýsingakerfið (hér á eftir nefnt „SIS-upplýsingakerfið"), sem komið var á í samræmi við ákvæði IV. bálks samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn")[3], er nauðsynlegt tæki til beitingar ákvæðum Schengen-gerðanna eins og þær eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt ákvæðum 92. gr Schengen-samningsins er landseiningum aðildarríkjanna ekki heimilt að skiptast beint á SIS-gögnum. Þeim er einungis heimilt að skipt-

1 Stjtíð. EB C 82, 5.4.2003, bls. 21.
2 Áliti var skilað 23. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
3 Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.

COUNCIL REGULATION (EC) No 378/2004 of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 66 thereof,

Having regard to the initiative of the Hellenic Republic[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

(1) The Schengen Information System, (hereinafter referred to as the "SIS") set up pursuant to the provisions of Title IV of the Convention of 1990 implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders (hereinafter referred to as the "Schengen Convention")[3], constitutes an essential tool for the application of the provisions of the Schengen acquis as integrated into the framework of the European Union.

(2) Pursuant to the provisions of Article 92 of the Schengen Convention, the national sections of the Member States cannot exchange SIS data directly between themselves; they

1 OJ C 82, 5.4.2003, p. 21.
2 Opinion delivered on 23 September 2003 (not yet published in the Official Journal).
3 OJ L 239, 22.9.2000, p. 19.

ast á gögnum fyrir milligöngu tæknilegu stoðeiningarinnar í Strassborg. Þó er rétt að tvíhliða eða marghliða skipti fari fram á tilteknum viðbótarupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða Schengen-samningsins. Einkum er þörf á slíkum viðbótarupplýsingum í tengslum við aðgerðir sem grípa þarf til skv. 25., 39., 46., 95.–100. gr., 102. gr. (3. mgr.), 104. gr. (3. mgr.), 106., 107., 109. og 110. gr. Schengen-samningsins. Sirene-skrifstofur í hverju aðildarríki skulu annast skipti á þessum viðbótarupplýsingum.

3) Í Sirene-handbókinni er starfsmönnum Sirene-skrifstofa í hverju aðildarríki veittar nákvæmar leiðbeiningar varðandi þær reglur og þá málsmeðferð sem gilda um tvíhliða eða marghliða skipti á slíkum viðbótarupplýsingum.

4) Tryggja skal einsleitni Sirene-handbókarinnar. Rétt er að beita tæknilegu Schengengerðunum í þeim tilgangi.

5) Breytingar á 1. hluta Sirene-handbókarinnar skulu, samkvæmt þessari reglugerð, takmarkast við að endurspegla gildandi útgáfu ákvæða Schengen-samningsins.

6) Nauðsynlegt er að koma á málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni í samræmi við viðeigandi ákvæði í hinum ýmsu sáttmálum.

7) Nauðsynlegur lagagrundvöllur fyrir síðari breytingar á Sirene-handbókinni samanstendur af tveimur aðskildum gerningum: þessari reglugerð, sem byggist á 66. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og ákvörðun ráðsins 2004/201/DIM frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni[4], sem byggist á 30. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 31. gr. (a- og b-lið) og 34. gr. (c-lið 2. mgr.) sáttmálans um Evrópusambandið. Ástæðan er sú, eins og fram kemur í 92. gr. Schengen-samningsins, að með SIS-upplýsingakerfinu geta yfirvöldin, sem aðildarríkin hafa tilnefnt, leitað vélrænt að skráningum um einstaklinga og eignir vegna landamæraeftirlits og annars eftirlits lögreglu og tolls inni í landinu í samræmi við landslög, sem og vegna útgáfu vegabréfsáritana, veitingar dvalarleyfa eða framkvæmdar laga um útlendinga með skírskotun til beit-

may only exchange data via the technical support function in Strasbourg. However, it is appropriate for certain supplementary information required for implementing certain provisions of the Schengen Convention correctly to be exchanged bilaterally or multilaterally. Such supplementary information is needed in particular in relation to the action required pursuant to Articles 25, 39, 46, 95 to 100, 102(3), 104(3), 106, 107, 109 and 110 of the Schengen Convention. The exchange of this supplementary information is carried out by the Sirene offices of each Member State.

(3) The Sirene Manual is a set of instructions to operators in the Sirene offices of each of the Member States which describes in detail the rules and procedures governing the bilateral or multilateral exchange of such supplementary information.

(4) Uniformity of the Sirene Manual should be ensured. The Schengen technical acquis should be applicable here.

(5) Amendments to Part 1 of the Sirene Manual pursuant to this Regulation should be confined to reflecting the applicable version of the provisions of the Schengen Convention.

(6) It is necessary to establish a procedure for amending the Sirene Manual in accordance with the relevant provisions of the various Treaties.

(7) The legislative basis required for allowing future amendments to the Sirene Manual consists of two separate instruments: this Regulation based on Article 66 of the Treaty establishing the European Community and Council Decision 2004/201/JHA of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual[4] based on Articles 30(1)(a) and (b), 31(a) and (b) and 34(2)(c) of the Treaty on European Union. The reason for this is that, as set out in Article 92 of the Schengen Convention, the SIS is to enable the authorities designated by the Member States, by means of an automated search procedure, to have access to alerts on persons and property for the purposes of border checks and other police and customs checks carried out within the country in accordance with national law, as well as for the purposes of issuing visas, residence per-

4 Stjtíð. EB L 64, 2.3.2004, bls. 45.

4 See page 45 of this Official Journal.

ingar þeirra ákvæða Schengen-gerðanna sem varða för fólks. Skiptin á viðbótarupplýsingum, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd ákvæða Schengen-samningsins, sem um getur í annarri forsendu og Sirene-skrifstofur í hverju aðildarríki annast, þjóna einnig þessum tilgangi sem og að aðstoða almennt við lögreglusamvinnu.

mits and the administration of legislation on aliens in the context of the application of the provisions of the Schengen acquis relating to the movement of persons. The exchange of the supplementary information required for implementing the provisions of the Schengen Convention referred to in recital 2, carried out by the Sirene offices of each Member State, also serves these purposes, as well as assisting with police cooperation generally.

8) Þótt nauðsynlegur lagagrundvöllur samanstandi af tveimur aðskildum gerningum hefur það ekki áhrif á þá grundvallarreglu að SIS-upplýsingakerfið er, og ætti að vera áfram, eitt samþætt upplýsingakerfi og að Sirene-skrifstofurnar ættu að leysa verkefni sín áfram af hendi á samþættan hátt.

(8) The fact that the legislative basis required consists of two separate instruments does not affect the principle that the SIS itself constitutes, and should continue to constitute, one single, integrated, information system, and that the Sirene offices should continue to carry out their tasks in an integrated manner.

9) Gera skal ráðstafanir til að gera fulltrúum Íslands og Noregs kleift að koma að starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur verið til umfjöllunar í bréfaskiptum milli bandalagsins og Íslands og Noregs[5], sem fylgja með sem viðauki við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[6].

(9) An arrangement should be made to allow representatives of Iceland and Norway to be associated with the work of committees assisting the Commission in the exercise of its implementing powers. Such an arrangement has been contemplated in the Exchange of Letters between the Community and Iceland and Norway[5], annexed to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis[6].

10) Reglugerð þessi og þátttaka Breska konungsríkisins og Írlands í samþykkt og beitingu hennar eru með fyrirvara um ráðstafanirnar vegna þátttöku Breska konungsríkisins og Írlands í Schengen-gerðunum að hluta, sem ráðið skilgreinir í ákvörðun 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[7] og ákvörðun 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[8].

(10) This Regulation and the United Kingdom's and Ireland's participation in its adoption and application are without prejudice to the arrangements for the United Kingdom's and Ireland's partial participation in the Schengen acquis defined by the Council in Decisions 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[7] and Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[8] respectively.

5 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 53.
6 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
7 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
8 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 53.
6 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
7 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
8 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

11) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggir á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa hvort hún muni taka hana upp í landslög.

12) Þessi reglugerð er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

13) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið[9].

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í Sirene-handbókinni er starfsmönnum Sireneskrifstofa í hverju aðildarríki veittar nákvæmar leiðbeiningar varðandi þær reglur og þá málsmeðferð sem gilda um tvíhliða eða marghliða skipti á viðbótarupplýsingum, sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða Schengen-samningsins, eins og hann er felldur inn í ramma Evrópusambandsins.

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 2. mgr. 3. gr., breyta innganginum, 1. hluta og 2. hluta, innganginum að 3. hluta og liðum 3.1.3, 3.1.5, 3.1.6, 3.1.8, 3.1.9 og 3.1.10 í 3. hluta, innganginum að 4. hluta og liðum 4.3, 4.3.1, 4.3.3, 4.5.1, 4.6, 4.8, 4.9 og 4.10 í 4. hluta, innganginum að 5. hluta og liðum 5.1.1, 5.1.2.2, 5.2 og 5.3 í 5. hluta og 1., 2. og 3. viðauka, töflu 3 og 4 í 4. viðauka, inngang-

9 Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(11) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark, annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Regulation and is not bound by it or subject to its application. Given that this Regulation builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol decide within a period of six months after the Council has adopted this Regulation whether it will implement it in its national law.

(12) This Regulation constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the Act of Accession.

(13) The measures necessary for the implementation of this Regulation should be adopted in accordance with Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission[9],

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1

The Sirene Manual shall constitute a set of instructions to operators in the Sirene offices of each Member State which establishes the rules and procedures governing the bilateral or multilateral exchange of supplementary information which is required in order to implement correctly certain provisions of the Schengen Convention, as integrated into the framework of the European Union.

Article 2

1. The Introduction, Part 1 and Part 2, the Introduction to Part 3 and points 3.1.3, 3.1.5, 3.1.6, 3.1.8, 3.1.9 and 3.1.10 of Part 3, the Introduction to Part 4 and points 4.3, 4.3.1, 4.3.3, 4.5.1, 4.6, 4.8, 4.9 and 4.10 of Part 4, the Introduction to Part 5 and points 5.1.1, 5.1.2.2, 5.2 and 5.3 of Part 5, and Annexes 1, 2 and 3, tables 3 and 4 in Annex 4, the Introduction and forms C, E, G, I, J, K, L, M, N and O in Annex 5 and Annex 6 to the

9 OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

inum og eyðublöðum C, E, G, I, J, K, L, M, N og O í 5. viðauka og 6. viðauka við Sirenehandbókina.

2. Einnig er heimilt að taka upp viðbótarleiðbeiningar, þ.m.t. aðrir viðaukar, í Sirenehandbókina í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Breytingar á 5. viðauka geta einkum falist í að semja fleiri eyðublöð ef nauðsyn krefur.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

   Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

Sirene Manual shall be amended by the Commission in accordance with the regulatory procedure referred to in Article 3(2).

2. Additional instructions, including other Annexes, may also be introduced into the Sirene Manual in accordance with the regulatory procedure referred to in Article 3(2). In the case of Annex 5, such changes may in particular include the creation of additional forms where these prove necessary.

Article 3

1. The Commission shall be assisted by a Committee.
2. Where reference is made to this paragraph, Articles 5 and 7 of Decision 1999/468/EC shall apply.

   The period laid down in Article 5(6) of Decision 1999/468/EC shall be set at two months.
3. The Committee shall adopt its Rules of Procedure.

Article 4

This Regulation shall enter into force on the day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 19 February 2004.

For the Council

The President
M. McDowell

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um sérréttindi og friðhelgi Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Samningur um sérréttindi og friðhelgi Alþjóðlega sakamáladómstólsins, sem gerður var í New York 9. september 2002, öðlaðist gildi 22. júlí 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/2003 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. júlí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Nr. 51 30. september 2004

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Hinn 30. júní 2004 var danska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003. Alþingi hafði með ályktun 19. maí 2004 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2004. Samtímis féll úr gildi Norðurlandasamningur um almannatryggingar frá 15. júní 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/1993, þar sem samningurinn er birtur, og 15/1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. september 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR um almannatryggingar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa, frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) gekk í gildi, beitt ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig gagnvart þeim sem flytja á milli norrænu landanna,

sem gerðu með sér Norðurlandasamning um almannatryggingar 15. júní 1992 til viðbótar við fyrrgreinda reglugerð en með honum skuldbinda Norðurlöndin sig til að beita ákvæðum reglugerðarinnar að verulegu leyti einnig gagnvart tilteknum hópum manna sem reglugerðin tekur ekki beint til, þ.e.a.s. þeim sem eru ekki eða hafa ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar eða eru ekki ríkisborgarar í landi sem er aðili að EES-samningnum,

sem vísa m.a. til 8. gr., 36. gr. og b-liðar 2. mgr. 46. gr. b, 63. gr. og 70. gr. framangreindrar reglugerðar,

sem vilja laga samninginn að þeirri þróun sem orðið hefur á framangreindri reglugerð og á löggjöf norrænu landanna um almannatryggingar,

sem hafa hliðsjón af reglugerð ráðsins um að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og láta ákvæði þeirra taka til þeirra ríkisborgara þriðju landa sem falla ekki undir ákvæðin einungis á grundvelli ríkisfangs síns,

sem vísa til þess að ákvæðum 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal beitt gagnvart ríkisborgara þriðja lands þegar hann hefur lagalegan rétt til að dveljast og starfa þar, svo og að leita sér atvinnu í norrænu landi eftir að hann hefur skráð sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun,

sem hafa komið sér saman um sérákvæði fyrir Danmörku samkvæmt fylgiskjali með þessum samningi,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar og er hann svohljóðandi:

I. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
   1) „norrænt land“ merkir
   hvert og eitt samningslandanna ásamt sjálfsstjórnarsvæðunum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum að því marki sem þessi svæði hafa samþykkt að samningurinn skuli gilda fyrir þau,
   2) „reglugerðin“ merkir
   reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
   3) „framkvæmdareglugerðin“ merkir
   reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
   4) „grunnlífeyrir“ merkir
   almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma sem lokið er, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, þar á meðal þann almenna lífeyri eða viðbótarlífeyri sem greiddur er þeim sem fær lítinn eða engan starfstengdan lífeyri,
   5) „starfstengdur lífeyrir“ merkir
   almennan lífeyri sem fer einungis til þeirra sem hafa verið á vinnumarkaði samkvæmt innlendri löggjöf,
   6) „búseta“ merkir
   að maður sé búsettur í norrænu landi samkvæmt þjóðskrá þess ef ekki eru sérstakar ástæður til annars.
2. Önnur hugtök í þessum samningi hafa sömu merkingu og þau hafa í reglugerðinni, framkvæmdareglugerðinni eða í innlendri löggjöf norrænu landanna.

2. gr.

Efnislegt gildissvið.

Þessi samningur gildir um alla löggjöf sem tekur til efnislegs gildissviðs reglugerðarinnar.

3. gr.

Persónulegt gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um alla einstaklinga sem falla undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar.
2. Samningur þessi gildir einnig um eftirtalda einstaklinga sem falla ekki undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar:
   a) einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf í norrænu landi
   b) aðstandendur eða eftirlifendur sem rekja rétt sinn til einstaklinga sem um getur í a-lið.

4. gr.

Rýmkun gildissviðs reglugerðarinnar.

Ef ekki er annars getið í þessum samningi skal rýmka gildissvið reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar þannig að reglugerðirnar taki til allra þeirra sem falla undir þennan samning og eru búsettir í norrænu landi.

II. HLUTI
ÁKVÆÐI UM HVAÐA LÖGGJÖF SKULI BEITA

5. gr.

Einstaklingar utan vinnumarkaðar.

1. Að því er varðar einstaklinga sem eru ekki eða hafa ekki verið launþegar eða sjálfstætt starfandi í skilningi reglugerðarinnar er löggjöfinni í því norræna landi þar sem þeir eru búsettir beitt.
2. Maki og börn undir 18 ára aldri, sem fylgja launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi frá einu norrænu landi til annars, skulu, þegar ákvæði d-liðar 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 14. gr. a og 17. gr. reglugerðarinnar hafa í för með sér að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fellur áfram undir löggjöf í fyrrnefnda landinu, einnig falla áfram undir löggjöf þess lands eins og þau sem fylgja honum væru áfram búsett þar.

6. gr.

Einstaklingar á vinnumarkaði.

Við beitingu ákvæða í II. bálki reglugerðarinnar telst einnig starf við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni lands sem starf í því landi.

III. HLUTI
SÉRÁKVÆÐI UM RÉTT TIL BÓTA

1. kafli.
Veikindi og meðganga og fæðing.

7. gr.

Greiðsla vegna kostnaðar við heimferð.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar en fær aðstoð meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að vegna veikindanna verður viðkomandi að nota dýrari ferðamáta en hann ella mundi gera.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þá meðferð sem hann þarfnast.

2. kafli.
Bætur vegna örorku, elli og andláts.

8. gr.

Lágmarksbúsetutími til að öðlast rétt til grunnlífeyris.

1. Einstaklingur, sem er ekki eða hefur ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar, á því aðeins rétt á grunnlífeyri frá norrænu landi að hann hafi öðlast rétt til slíks lífeyris í því landi á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu þar.
2. Ekki er hægt að uppfylla skilyrði 1. mgr. með vísan til búsetu- og tryggingatímabila í öðrum löndum.
3. Tímabil, sem leiðir til lífeyrisréttar í öðru landi og reglugerðin eða þessi samningur gildir um, skal ekki reikna með þegar sannreyna á hvort skilyrði um búsetu samkvæmt 1. mgr. hafi verið fullnægt.

9. gr.

Grunnlífeyrir á grundvelli búsetu í landi sem er aðili að EES-samningnum.

Einstaklingur á rétt á grunnlífeyri sem hann hefur öðlast í norrænu landi á meðan hann er búsettur í landi sem er aðili að EES-samningnum. Hið sama á við um búsetu í Færeyjum og á Grænlandi að því marki sem samningurinn á við um þessi svæði.

10. gr.

Samkomulag samkvæmt b-lið 2. mgr. 46. gr. b í reglugerðinni.

Hafi skilyrðum fyrir því að lífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra trygginga- eða búsetutímabila, sem hefðu komið til hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu tekið tillit til hluta ætlaðra tímabila. Sá hluti er ákveðinn á grundvelli raunverulegra trygginga- eða búsetutímabila sem eru notuð við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tímabila í landinu og samanlagðra raunverulegra tímabila í löndunum.

11. gr.

Tiltekin tímabil fyrir 1994.

Hafi einstaklingur öðlast rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi á grundvelli búsetu í landinu fyrir 1. janúar 1994 og á sama tíma öðlast rétt til starfstengds lífeyris í öðru norrænu landi skal grunnlífeyrir fyrir þetta tímabil eingöngu koma frá síðarnefnda landinu. Hafi einstaklingur á þessu tímabili öðlast samtímis rétt til starfstengds lífeyris frá fleiri norrænum löndum, og þar af hafi eitt þeirra verið búsetuland hans, skal grunnlífeyrir einungis koma frá síðastnefnda landinu.

3. kafli.
Atvinnuleysisbætur.

12. gr.

Undanþágur frá tilteknum kröfum um að tímabilum sé lokið.

Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um atvinnuleysisbætur eða hafi fengið atvinnuleysisbætur í því norræna landi þar sem sótt er um bætur. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða atvinnuleysisbætur greiddar innan fimm ára frá þeim degi sem sótt var um atvinnu hjá opinberri vinnumiðlun og, ef við á, um félagaskráningu hjá viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

IV. HLUTI
ÖNNUR ÁKVÆÐI

13. gr.
Framkvæmdarákvæði.

Þar til bær stjórnvöld skulu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

14. gr.
Samskiptastofnun.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í hverju norrænu landi skal vera samskiptastofnun sem tilnefnd er af þar til bæru stjórnvaldi.

15. gr.
Afsal endurgreiðslna.

1. Ef ekki er samið um annað milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.
2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi skv. c-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að fara til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem ástand hans krefst.

16. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnir hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni að þær hafi staðfest samninginn.
2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og þing Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.
3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um viðtöku þessara tilkynninga og hvenær samningurinn öðlast gildi.

17. gr.
Uppsögn samningsins.

1. Óski einn aðili eftir að segja samningnum upp skal hann afhenda danska utanríkisráðuneytinu skriflega tilkynningu þess efnis og skal ráðuneytið gera öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.
2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.
3. Sé samningnum sagt upp haldast áfram þau réttindi sem fengin eru á grundvelli hans.

18. gr.
Eldri ákvæði.

1. Við gildistöku samnings þessa fellur Norðurlandasamningurinn frá 15. júní 1992 um almannatryggingar úr gildi. Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bótafjárhæða sem greiddar eru við gildistöku samningsins.
2. Grunnlífeyrir til ríkisborgara í norrænu landi, sem fram til 31. desember 1993 var greiddur samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamningsins frá 5. mars 1981 um almannatryggingar eða samkvæmt innlendri löggjöf í einu eða fleiri landanna og er áfram greiddur frá gildistöku þessa samnings sam-

kvæmt ákvæðum hans, skal reiknaður samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða þessum samningi ef rétthafi sækir um grunnlífeyri frá öðru norrænu landi.

3. Umsóknir um bætur sem eru lagðar fram eftir gildistöku þessa samnings skulu afgreiddar samkvæmt þessum samningi einnig þegar um er að ræða bætur fyrir tímabil fyrir gildistökuna.

19. gr.

Undirritun.

Frumtexti samnings þessa skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Karlskrona hinn 18. ágúst 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

FYLGISKJAL

Sérákvæði fyrir Danmörku varðandi 4. gr.

Að því er varðar

- 7. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar
- 69. og 70. gr. reglugerðarinnar
- grunnlífeyri í 8. og 9. gr. samningsins

skal beiting reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar einungis taka til ríkisborgara í norrænu landi og því gilda 8. og 9. gr. samningsins aðeins fyrir norræna ríkisborgara.

30. september 2004 Nr. 52

AUGLÝSING

um samning um afnám áskilnaðar um staðfestingu erlendra opinberra skjala.

Hinn 28. september 2004 var hollenska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um afnám áskilnaðar um staðfestingu erlendra opinberra skjala sem gerður var í Haag 5. október 1961. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. september 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um afnám áskilnaðar um staðfestingu erlendra opinberra skjala.

(Gerður 5. október 1961)

Ríkin, sem undirrita samning þennan,

vilja afnema áskilnað um staðfestingu erlendra opinberra skjala hjá sendierindrekum og ræðismönnum,

hafa ákveðið að gera með sér samning þar að lútandi og hafa komið sér saman um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningur þessi gildir um opinber skjöl sem hafa verið gefin út á landsvæði samningsríkis og ber að framvísa á landsvæði annars samningsríkis.

Í samningi þessum teljast eftirtalin skjöl vera opinber skjöl:

a. skjöl frá yfirvaldi eða embættismanni, sem tengist rétti eða dómstóli ríkisins, þ.m.t. skjöl frá saksóknara, dómritara eða stefnuvotti („huissier de justice"),

b. stjórnsýsluskjöl,
c. lögbókandagerðir,
d. opinber vottorð, sem eru sett á skjöl sem einstaklingar undirrita sem einkaaðilar, t.d. opinber vottorð, þar sem kemur fram að skjal hafi verið skrásett eða að það hafi verið til á tilteknum degi, og opinber sannvottun eða sannvottun lögbókanda á undirritunum.

Samningur þessi gildir þó ekki um:

a. skjöl sem sendierindrekar og ræðismenn gefa út,
b. stjórnsýsluskjöl sem tengjast verslunarviðskiptum eða tollamálum með beinum hætti.

2. gr.

Hvert samningsríki skal undanþiggja frá staðfestingu skjöl sem samningur þessi gildir um og ber að framvísa á landsvæði þess. Í samningi þessum merkir staðfesting einungis formsatriði sem felst í því að sendierindrekar eða ræðismenn landsins, þar sem framvísa á skjalinu, staðfesta

CONVENTION
Abolishing the Requirement of Legalisation for Foreign Public Documents

(Concluded October 5, 1961)

The States signatory to the present Convention,

Desiring to abolish the requirement of diplomatic or consular legalisation for foreign public documents,

Have resolved to conclude a Convention to this effect and have agreed upon the following provisions:

Article 1

The present Convention shall apply to public documents which have been executed in the territory of one Contracting State and which have to be produced in the territory of another Contracting State.

For the purposes of the present Convention, the following are deemed to be public documents:

a) documents emanating from an authority or an official connected with the courts or tribunals of the State, including those emanating from a public prosecutor, a clerk of a court or a process-server ("huissier de justice");
b) administrative documents;
c) notarial acts;
d) official certificates which are placed on documents signed by persons in their private capacity, such as official certificates recording the registration of a document or the fact that it was in existence on a certain date and official and notarial authentications of signatures.

However, the present Convention shall not apply:

a) to documents executed by diplomatic or consular agents;
b) to administrative documents dealing directly with commercial or customs operations.

Article 2

Each Contracting State shall exempt from legalisation documents to which the present Convention applies and which have to be produced in its territory. For the purposes of the present Convention, legalisation means only the formality by which the diplomatic or consular agents

rétta undirskrift þess sem undirritar, það umboð sem sá er undirritaði skjalið hafði til þess og, ef við á, hvert innsiglið eða stimpillinn á skjalinu er.

3. gr.

Eina formsatriðið, sem unnt er að krefjast til þess að staðfesta að um rétta undirskrift sé að ræða, staðfesta það umboð sem sá er undirritaði skjalið hafði til þess og, ef við á, staðfesta hvert innsiglið eða stimpillinn á skjalinu er, er að jafnframt sé lagt fram vottorðið sem er lýst í 4. gr. og þar til bært yfirvald í útgáfuríkinu gefur út.

Eigi er þó unnt að krefjast þess formsatriðis, er um getur í málsgreininni hér á undan, þegar það hefur verið afnumið eða einfaldað eða skjalið sjálft er undanþegið frá staðfestingu, annaðhvort með lögum eða reglugerðum eða samkvæmt venjum, sem í gildi eru í útgáfuríkinu, eða með samningi milli tveggja eða fleiri samningsríkja.

4. gr.

Vottorðið, er um getur í fyrstu málsgrein 3. gr., skal setja í skjalið sjálft eða á viðfestan seðil („allonge“) og skal það vera í samræmi við fyrirmyndina í viðauka við samning þennan.

Þó er heimilt að það sé samið á opinberu tungumáli yfirvaldsins sem gefur það út. Þá mega stöðluðu hugtökin í vottorðinu vera á öðru tungumáli. Yfirskriftin „Apostille (Convention de la Haye du 5 octobre 1961)“ skal vera á frönsku.

5. gr.

Vottorðið skal gefið út að beiðni þess sem undirritaði skjalið eða annars handhafa þess.

Þegar eyðublaðið fyrir vottorðið er rétt fyllt út staðfestir það rétta undirskrift þess sem undirritar skjalið, það umboð sem hann hafði til þess og, ef við á, hvert innsiglið eða stimpillinn á skjalinu er.

Undirskriftin, innsiglið og stimpillinn á vottorðinu eru undanþegin staðfestingu.

6. gr.

Hvert samningsríki skal tilnefna yfirvöld, með vísan til opinbers hlutverks þeirra, sem eru til þess bær að gefa út vottorðið sem um getur í fyrstu málsgrein 3. gr.

Það skal tilkynna utanríkisráðuneyti Hollands um tilnefninguna þegar það afhendir skjal sitt um

of the country in which the document has to be produced certify the authenticity of the signature, the capacity in which the person signing the document has acted and, where appropriate, the identity of the seal or stamp which it bears.

Article 3

The only formality that may be required in order to certify the authenticity of the signature, the capacity in which the person signing the document has acted and, where appropriate, the identity of the seal or stamp which it bears, is the addition of the certificate described in Article 4, issued by the competent authority of the State from which the document emanates.

However, the formality mentioned in the preceding paragraph cannot be required when either the laws, regulations, or practice in force in the State where the document is produced or an agreement between two or more Contracting States have abolished or simplified it, or exempt the document itself from legalisation.

Article 4

The certificate referred to in the first paragraph of Article 3 shall be placed on the document itself or on an "allonge", it shall be in the form of the model annexed to the present Convention.

It may, however, be drawn up in the official language of the authority which issues it. The standard terms appearing therein may be in a second language also. The title "Apostille (Convention de La Haye du 5 octobre 1961)" shall be in the French language.

Article 5

The certificate shall be issued at the request of the person who has signed the document or of any bearer.

When properly filled in, it will certify the authenticity of the signature, the capacity in which the person signing the document has acted and, where appropriate, the identity of the seal or stamp which the document bears.

The signature, seal and stamp on the certificate are exempt from all certification.

Article 6

Each Contracting State shall designate by reference to their official function, the authorities who are competent to issue the certificate referred to in the first paragraph of Article 3.

It shall give notice of such designation to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands at

fullgildingu eða aðild eða yfirlýsingu sína um útvíkkun til vörslu. Það skal einnig tilkynna um breyttar tilnefningar á yfirvöldum.

7. gr.

Yfirvöld, sem eru tilnefnd í samræmi við 6. gr., skulu hvert um sig halda skrá eða spjaldskrá yfir vottorð, sem þau hafa gefið út, þar sem tilgreint er:

a. númer og dagsetning vottorðsins,
b. nafn þess sem undirritaði opinbera skjalið og það umboð sem hlutaðeigandi hafði til þess eða, ef skjal er ekki undirritað, heiti yfirvaldsins sem setti á það innsiglið eða stimplaði það.

Yfirvaldið, sem gaf vottorðið út, skal ganga úr skugga um að atriðin, sem vottorðið hefur að geyma, séu í samræmi við það sem kemur fram í skránni eða spjaldskránni, fari einhver, sem á hagsmuna að gæta, fram á það.

8. gr.

Þegar tvö eða fleiri samningsríki hafa gert með sér samning eða samkomulag þar sem ákvæði eru um að staðfesting á undirskrift, innsigli eða stimpli sé háð tilteknum formsatriðum, skal samningur þessi því aðeins ganga framar þeim ákvæðum að þau formsatriði séu strangari en formsatriðið er um getur í 3. og 4. gr.

9. gr.

Hvert samningsríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sendierindrekar þess eða ræðismenn staðfesti skjöl í tilvikum þar sem kveðið er á um undanþágu í samningi þessum.

10. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á níunda fundi Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt og af hálfu Írlands, Íslands, Liechtenstein og Tyrklands.

Samning þennan skal fullgilda og afhenda skjöl um fullgildingu utanríkisráðuneyti Hollands til vörslu.

11. gr.

Samningur þessi öðlast gildi á sextugasta degi frá því að þriðja skjalið um fullgildingu, er um getur í annarri málsgrein 10. gr., hefur verið afhent til vörslu.

the time it deposits its instrument of ratification or of accession or its declaration of extension. It shall also give notice of any change in the designated authorities.

Article 7

Each of the authorities designated in accordance with Article 6 shall keep a register or card index in which it shall record the certificates issued, specifying:

a) the number and date of the certificate,
b) the name of the person signing the public document and the capacity in which he has acted, or in the case of unsigned documents, the name of the authority which has affixed the seal or stamp.

At the request of any interested person, the authority which has issued the certificate shall verify whether the particulars in the certificate correspond with those in the register or card index.

Article 8

When a treaty, convention or agreement between two or more Contracting States contains provisions which subject the certification of a signature, seal or stamp to certain formalities, the present Convention will only override such provisions if those formalities are more rigorous than the formality referred to in Articles 3 and 4.

Article 9

Each Contracting State shall take the necessary steps to prevent the performance of legalisations by its diplomatic or consular agents in cases where the present Convention provides for exemption.

Article 10

The present Convention shall be open for signature by the States represented at the Ninth Session of the Hague Conference on Private International Law and Iceland, Ireland, Liechtenstein and Turkey.

It shall be ratified, and the instruments of ratification shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

Article 11

The present Convention shall enter into force on the sixtieth day after the deposit of the third instrument of ratification referred to in the second paragraph of Article 10.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem fullgildir hann síðar, á sextugasta degi frá því að skjal þess um fullgildingu hefur verið afhent til vörslu.

12. gr.

Ríki, sem ekki er getið í 10. gr., getur gerst aðili að samningi þessum eftir að hann öðlast gildi samkvæmt fyrstu málsgrein 11. gr. Skjal um aðild skal afhent utanríkisráðuneyti Hollands til vörslu.

Slík aðild skal aðeins gilda í samskiptum ríkisins sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem andmæla ekki aðild þess fyrstu sex mánuði eftir að tilkynningunni, er um getur í d-lið 15. gr., er veitt viðtaka. Tilkynna ber utanríkisráðuneyti Hollands um öll slík andmæli.

Samningurinn öðlast gildi milli ríkisins sem gerist aðili og þeirra ríkja sem ekki hafa andmælt aðild þess á sextugasta degi frá því að sex mánaða fresturinn, er um getur í málsgreininni hér á undan, rann út.

13. gr.

Þegar ríki undirritar samning þennan, fullgildir hann eða gerist aðili að honum getur það lýst því yfir að hann skuli taka til allra landsvæða, sem það fer með alþjóðasamskipti fyrir, eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing skal taka gildi þann dag er samningur þessi öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.

Hvenær sem er eftir það skal tilkynna fyrrnefnda útvíkkun utanríkisráðuneyti Hollands.

Þegar ríki, sem hefur undirritað samninginn og fullgilt hann, gefur út yfirlýsingu um útvíkkun öðlast samningurinn gildi gagnvart viðkomandi landsvæðum í samræmi við 11. gr. Þegar ríki, sem hefur gerst aðili að samningnum, gefur út yfirlýsingu um útvíkkun öðlast samningurinn gildi gagnvart viðkomandi landsvæðum í samræmi við 12. gr.

14. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi er hann öðlast gildi í samræmi við fyrstu málsgrein 11. gr., einnig gagnvart ríkjum sem hafa fullgilt hann eða gerst aðilar að honum eftir það.

The Convention shall enter into force for each signatory State which ratifies subsequently on the sixtieth day after the deposit of its instrument of ratification.

Article 12

Any State not referred to in Article 10 may accede to the present Convention after it has entered into force in accordance with the first paragraph of Article 11. The instrument of accession shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

Such accession shall have effect only as regards the relations between the acceding State and those Contracting States which have not raised an objection to its accession in the six months after the receipt of the notification referred to in sub-paragraph d) of Article 15. Any such objection shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

The Convention shall enter into force as between the acceding State and the States which have raised no objection to its accession on the sixtieth day after the expiry of the period of six months mentioned in the preceding paragraph.

Article 13

Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that the present Convention shall extend to all the territories for the international relations of which it is responsible, or to one or more of them. Such a declaration shall take effect on the date of entry into force of the Convention for the State concerned.

At any time thereafter, such extensions shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

When the declaration of extension is made by a State which has signed and ratified, the Convention shall enter into force for the territories concerned in accordance with Article 11. When the declaration of extension is made by a State which has acceded, the Convention shall enter into force for the territories concerned in accordance with Article 12.

Article 14

The present Convention shall remain in force for five years from the date of its entry into force in accordance with the first paragraph of Article 11, even for States which have ratified it or acceded to it subsequently.

Hafi samningnum ekki verið sagt upp endurnýjast hann með þegjandi samþykki á fimm ára fresti.

Uppsögn skal tilkynnt utanríkisráðuneyti Hollands eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

Heimilt er að takmarka uppsögn við tiltekin landsvæði sem samningurinn tekur til.

Uppsögn hefur einungis áhrif gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn gildir áfram fyrir hin samningsríkin.

15. gr.

Utanríkisráðuneyti Hollands skal kunngera ríkjunum, er um getur 10. gr., og ríkjunum, sem hafa gerst aðilar að samningnum í samræmi við 12. gr., um eftirfarandi:

a. tilkynningarnar er um getur í annarri málsgrein 6. gr.,
b. undirskriftirnar og fullgildingarnar er um getur í 10. gr.,
c. þann dag er samningur þessi öðlast gildi samkvæmt fyrstu málsgrein 11. gr.,
d. aðild og andmæli, er um getur í 12. gr., og gildistökudag slíkrar aðildar,
e. útvíkkanir, er um getur í 13. gr., og hvaða dag þær taka gildi,
f. uppsagnir er um getur í þriðju málsgrein 14. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 5. október 1961 á frönsku og ensku, og skal franski textinn ráða ef ágreiningur rís um túlkun, í einu eintaki sem skal afhenda til vörslu í skjalasafni utanríkisráðuneytis Hollands og skal senda staðfest endurrit hans, eftir diplómatískum leiðum, hverju því ríki sem átti fulltrúa á níunda fundi Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt, svo og Írlandi, Íslandi, Liechtenstein og Tyrklandi.

If there has been no denunciation, the Convention shall be renewed tacitly every five years.

Any denunciation shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands at least six months before the end of the five year period.

It may be limited to certain of the territories to which the Convention applies.

The denunciation will only have effect as regards the State which has notified it. The Convention shall remain in force for the other Contracting States.

Article 15

The Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands shall give notice to the States referred to in Article 10, and to the States which have acceded in accordance with Article 12, of the following:

a) the notifications referred to in the second paragraph of Article 6;
b) the signatures and ratifications referred to in Article 10;
c) the date on which the present Convention enters into force in accordance with the first paragraph of Article 11;
d) the accessions and objections referred to in Article 12 and the date on which such accessions take effect;
e) the extensions referred to in Article 13 and the date on which they take effect;
f) the denunciations referred to in the third paragraph of Article 14.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed the present Convention.

Done at The Hague the 5th October 1961, in French and in English, the French text prevailing in case of divergence between the two texts, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Government of the Netherlands, and of which a certified copy shall be sent, through the diplomatic channel, to each of the States represented at the Ninth Session of the Hague Conference on Private International Law and also to Iceland, Ireland, Liechtenstein and Turkey.

VIÐAUKI VIÐ SAMNINGINN

Fyrirmynd að vottorði

Vottorðið skal vera í formi rétthyrnings og skulu hliðar hans vera a.m.k. 9 cm langar.

APOSTILLE

(Convention de La Haye du 5 octobre 1961)

1. Land: _____

Þetta opinbera skjal:

2. er undirritað af _____
3. samkvæmt heimild sinni sem _____
4. og ber innsigli/stimpil _____

_____

Staðfest

5. staður: _____ 6. hinn _____
7. af _____
8. Nr. _____

9. Innsigli/stimpill: 10. Undirritun:

_____ _____

ANNEX TO THE CONVENTION

Model of certificate

The certificate will be in the form of a square with sides at least 9 centimetres long

APOSTILLE

(Convention de La Haye du 5 octobre 1961)

1. Country: _____

This public document

2. has been signed by _____

3. acting in the capacity of _____

4. bears the seal/stamp of _____

_____

Certified

5. at _____ 6. the _____

7. by _____

8. N° _____

9. Seal/stamp: 10. Signature:

_____ _____

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins vegna nýrra aðildarríkja.

Gerðar voru breytingar á 26. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 vegna aðildar Mónakó að ráðinu 5. október 2004, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950 þar sem stofnskráin er birt. Ákveðið var að Mónakó skyldi öðlast rétt á 2 fulltrúum á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Albanía	4
Andorra	2
Armenía	4
Austurríki	6
Aserbaídsjan	6
Belgía	7
Bosnía og Hersegóvína	5
Búlgaría	6
Króatía	5
Kýpur	3
Tékkland	7
Danmörk	5
Eistland	3
Finnland	5
Frakkland	18
Georgía	5
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Lettland	3
Liechtenstein	2
Litháen	4
Lúxemborg	3
Malta	3
Moldóva	5
Mónakó	2
Holland	7

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of representatives given below:

Albania	4
Andorra	2
Armenia	4
Austria	6
Azerbaijan	6
Belgium	7
Bosnia and Herzegovina	5
Bulgaria	6
Croatia	5
Cyprus	3
Czech Republic	7
Denmark	5
Estonia	3
Finland	5
France	18
Georgia	5
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Latvia	3
Liechtenstein	2
Lithuania	4
Luxembourg	3
Malta	3
Moldova	5
Monaco	2
Netherlands	7

Noregur	5	Norway	5
Pólland	12	Poland	12
Portúgal	7	Portugal	7
Rúmenía	10	Romania	10
Rússland	18	Russia	18
San Maríno	2	San Marino	2
Serbía og Svartfjallaland	7	Serbia and Montenegro	7
Slóvakía	5	Slovak Republic	5
Slóvenía	3	Slovenia	3
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Makedónía	3	"the former Yugoslav Republic of Macedonia"	3
Tyrkland	12	Turkey	12
Úkraína	12	Ukraine	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	18"	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18"

Nr. 54 22. október 2004

AUGLÝSING

um samning um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði: samning um mannréttindi og líflæknisfræði, viðbótarbókun um bann við einræktun manna og viðbótarbókun varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum.

Hinn 12. október 2004 voru aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna samnings um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði: samnings um mannréttindi og líflæknisfræði sem gerður var í Oviedó 4. apríl 1997; viðbótarbókunar við samninginn um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði, um bann við einræktun manna, sem gerð var í París 12. janúar 1998; og viðbótarbókunar við samninginn um mannréttindi og líflæknisfræði varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum sem gerð var í Strassborg 24. janúar 2002.

Samningurinn og viðbótarbókunin um bann við einræktun manna öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2005. Tilkynnt verður um gildistöku viðbótarbókunarinnar varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, viðbótarbókunin um bann við einræktun manna sem fylgiskjal 2 og viðbótarbókunin varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum sem fylgiskjal 3.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði: Samningur um mannréttindi og líflæknisfræði.

Inngangsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki og Evrópubandalagið, sem hafa undirritað samning þennan,

hafa í huga almennu mannréttindayfirlýsinguna sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 10. desember 1948,

hafa í huga sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950,

hafa í huga félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961,

hafa í huga alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966,

hafa í huga samning um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 28. janúar 1981,

hafa einnig í huga samning um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna, og að ein leiðin að þessu markmiði er að viðhalda og styrkja jafnt mannréttindi sem mannfrelsi,

gera sér grein fyrir hraðri þróun í líffræði og læknisfræði,

eru þess fullviss að nauðsynlegt sé að virða manninn, bæði sem einstakling og sem hluta mannkyns, og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja reisn hans,

gera sér grein fyrir að misnotkun líffræði og læknisfræði getur stefnt mannlegri reisn í hættu,

staðhæfa að framfarir í líffræði og læknisfræði beri að nýta núlifandi og komandi kynslóðum til hagsbóta,

CONVENTION
for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine: Convention on Human Rights and Biomedicine

Preamble

The member States of the Council of Europe, the other States and the European Community, signatories hereto,

Bearing in mind the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10 December 1948;

Bearing in mind the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950;

Bearing in mind the European Social Charter of 18 October 1961;

Bearing in mind the International Covenant on Civil and Political Rights and the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights of 16 December 1966;

Bearing in mind the Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data of 28 January 1981;

Bearing also in mind the Convention on the Rights of the Child of 20 November 1989;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of a greater unity between its members and that one of the methods by which that aim is to be pursued is the maintenance and further realisation of human rights and fundamental freedoms;

Conscious of the accelerating developments in biology and medicine;

Convinced of the need to respect the human being both as an individual and as a member of the human species and recognising the importance of ensuring the dignity of the human being;

Conscious that the misuse of biology and medicine may lead to acts endangering human dignity;

Affirming that progress in biology and medicine should be used for the benefit of present and future generations;

leggja áherslu á nauðsyn alþjóðasamstarfs í þeim tilgangi að láta allt mannkyn njóta góðs af starfsemi á sviði líffræði og læknisfræði,

viðurkenna að mikilvægt er að stuðla að almennri umræðu um þau álitamál sem tengjast starfsemi á sviði líffræði og læknisfræði og um svör við þeim álitamálum,

vilja minna alla þjóðfélagsþegna á réttindi sín og skyldur,

hafa hliðsjón af störfum þingsins á þessu sviði, meðal annars tilmælum nr. 1160 (1991) um gerð samnings um lífsiðfræði,

hafa einsett sér að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda mannlega reisn og grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga með hliðsjón af starfsemi á sviði líffræði og læknisfræði,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

Stressing the need for international co-operation so that all humanity may enjoy the benefits of biology and medicine;

Recognising the importance of promoting a public debate on the questions posed by the application of biology and medicine and the responses to be given thereto;

Wishing to remind all members of society of their rights and responsibilities;

Taking account of the work of the Parliamentary Assembly in this field, including Recommendation 1160 (1991) on the preparation of a convention on bioethics;

Resolving to take such measures as are necessary to safeguard human dignity and the fundamental rights and freedoms of the individual with regard to the application of biology and medicine,

Have agreed as follows:

I. kafli.
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur og markmið.

Aðilar að þessum samningi skulu vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna og tryggja öllum, án mismununar, að friðhelgi þeirra eða önnur réttindi og mannfrelsi séu ekki skert við hagnýtingu líffræði og læknisfræði.

Hver aðili skal taka í landslög þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hrinda ákvæðum hans í framkvæmd.

2. gr.
Maðurinn í öndvegi.

Taka skal hagsmuni og velferð mannsins fram yfir einbera hagsmuni samfélags eða vísinda.

3. gr.
Jafn aðgangur að heilbrigðisþjónustu.

Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja jafnan aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu í lögsögu sinni, að teknu tilliti til þarfar fyrir heilbrigðisþjónustu og úrræða sem völ er á.

Chapter I
General provisions

Article 1
Purpose and object

Parties to this Convention shall protect the dignity and identity of all human beings and guarantee everyone, without discrimination, respect for their integrity and other rights and fundamental freedoms with regard to the application of biology and medicine.

Each Party shall take in its internal law the necessary measures to give effect to the provisions of this Convention.

Article 2
Primacy of the human being

The interests and welfare of the human being shall prevail over the sole interest of society or science.

Article 3
Equitable access to health care

Parties, taking into account health needs and available resources, shall take appropriate measures with a view to providing, within their jurisdiction, equitable access to health care of appropriate quality.

4. gr.
Starfsskyldur og siðareglur.

Hvers kyns inngrip á sviði heilbrigðisþjónustu, að meðtöldum rannsóknum, skulu fara fram í samræmi við viðeigandi starfsskyldur og siðareglur.

Article 4
Professional standards

Any intervention in the health field, including research, must be carried out in accordance with relevant professional obligations and standards.

II. kafli.
Samþykki.

Chapter II
Consent

5. gr.
Almenn regla.

Inngrip á sviði helbrigðisþjónustu er óheimilt nema að fengnu upplýstu og óþvinguðu samþykki þess sem á í hlut.

Hlutaðeigandi skal fá viðeigandi upplýsingar fyrir fram um tilgang og eðli inngripsins svo og afleiðingar þess og þá áhættu sem því fylgir.

Hlutaðeigandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem vera skal.

Article 5
General rule

An intervention in the health field may only be carried out after the person concerned has given free and informed consent to it.

This person shall beforehand be given appropriate information as to the purpose and nature of the intervention as well as on its consequences and risks.

The person concerned may freely withdraw consent at any time.

6. gr.
Vernd þeirra sem geta ekki veitt samþykki.

1. Með fyrirvara um 17. og 20. gr. hér að aftan er því aðeins heimilt að beita inngripi gagnvart þeim, sem getur ekki veitt til þess samþykki, að það sé beinlínis í þágu hans sjálfs.
2. Þegar ólögráða ungmenni getur ekki, að lögum, veitt samþykki sitt fyrir inngripi er það aðeins heimilt að fengnu leyfi frá talsmanni þess, yfirvaldi eða öðrum einstaklingi eða stofnun sem kveðið er á um í lögum.

   Sjónarmið hins ólögráða skulu látin vega þeim mun þyngra sem hann hefur náð hærri aldri og meiri þroska.

3. Þegar fullorðinn maður getur ekki, að lögum, veitt samþykki fyrir inngripi vegna geðröskunar eða geðfötlunar, sjúkdóms eða af öðrum sambærilegum ástæðum, er það aðeins heimilt að fengnu leyfi frá talsmanni hans, yfirvaldi eða öðrum einstaklingi eða stofnun sem kveðið er á um í lögum.
   Hlutaðeigandi skal taka þátt í ákvörðuninni eftir því sem við verður komið.
4. Talsmaður, yfirvald, einstaklingur eða stofnun, sem getið er í 2. og 3. mgr., skal fá þær upplýsingar sem um getur í 5. gr. með sömu skilyrðum og þar eru sett.
5. Heimild þá sem um getur í 2. og 3. mgr. má taka aftur hvenær sem vera skal með hagsmuni hlutaðeigandi að leiðarljósi.

Article 6
Protection of persons not able to consent

1. Subject to Articles 17 and 20 below, an intervention may only be carried out on a person who does not have the capacity to consent, for his or her direct benefit.
2. Where, according to law, a minor does not have the capacity to consent to an intervention, the intervention may only be carried out with the authorisation of his or her representative or an authority or a person or body provided for by law.
   The opinion of the minor shall be taken into consideration as an increasingly determining factor in proportion to his or her age and degree of maturity.
3. Where, according to law, an adult does not have the capacity to consent to an intervention because of a mental disability, a disease or for similar reasons, the intervention may only be carried out with the authorisation of his or her representative or an authority or a person or body provided for by law.
   The individual concerned shall as far as possible take part in the authorisation procedure.
4. The representative, the authority, the person or the body mentioned in paragraphs 2 and 3 above shall be given, under the same conditions, the information referred to in Article 5.
5. The authorisation referred to in paragraphs 2 and 3 above may be withdrawn at any time in the best interests of the person concerned.

7. gr.
Vernd þeirra sem þjást af geðröskun.

Ef maður þjáist af alvarlegri geðröskun er því aðeins heimilt, án samþykkis hans, að beita inngripi gagnvart honum í þeim tilgangi að veita meðferð við geðröskuninni, enda eigi hann heilsutjón á hættu að öðrum kosti, með fyrirvara um verndarákvæði í lögum, meðal annars um umsjón, eftirlit og áfrýjunarleiðir.

8. gr.
Neyðartilvik.

Ef ekki reynist unnt að leita viðeigandi samþykkis vegna neyðartilviks er heimilt að beita tafarlaust hverju því inngripi sem er nauðsynlegt frá læknisfræðilegu sjónarmiði með heilsu hlutaðeigandi að leiðarljósi.

9. gr.
Óskir sem komið hafa fram áður.

Þegar sjúklingur er ófær um að láta vilja sinn í ljós á þeirri stundu sem inngripi er beitt skal taka tillit til óska sem hann hefur sett fram áður í þeim efnum.

III. kafli.
Einkalíf og réttur til upplýsinga.

10. gr.
Einkalíf og réttur til upplýsinga.

1. Allir eiga rétt á því að einkalíf þeirra sé virt þegar upplýsingar um heilsufar þeirra eru annars vegar.
2. Allir eiga rétt á að kynna sér allar upplýsingar sem safnað er um heilsufar þeirra. Engu að síður skal virða óskir einstaklinga um að fá ekki slíkar upplýsingar.
3. Í undantekningartilvikum er heimilt, í þágu sjúklings, að setja í lög takmarkanir á réttindum þeim sem um getur í 2. mgr.

IV. kafli.
Genamengi mannsins.

11. gr.
Bann við mismunun.

Óheimilt er að mismuna nokkrum manni á grundvelli erfðauppruna.

Article 7
Protection of persons who have a mental disorder

Subject to protective conditions prescribed by law, including supervisory, control and appeal procedures, a person who has a mental disorder of a serious nature may be subjected, without his or her consent, to an intervention aimed at treating his or her mental disorder only where, without such treatment, serious harm is likely to result to his or her health.

Article 8
Emergency situation

When because of an emergency situation the appropriate consent cannot be obtained, any medically necessary intervention may be carried out immediately for the benefit of the health of the individual concerned.

Article 9
Previously expressed wishes

The previously expressed wishes relating to a medical intervention by a patient who is not, at the time of the intervention, in a state to express his or her wishes shall be taken into account.

Chapter III
Private life and right to information

Article 10
Private life and right to information

1. Everyone has the right to respect for private life in relation to information about his or her health.
2. Everyone is entitled to know any information collected about his or her health. However, the wishes of individuals not to be so informed shall be observed.
3. In exceptional cases, restrictions may be placed by law on the exercise of the rights contained in paragraph 2 in the interests of the patient.

Chapter IV
Human genome

Article 11
Non-discrimination

Any form of discrimination against a person on grounds of his or her genetic heritage is prohibited.

12. gr.
Erfðafræðiprófanir með forspárgildi.

Óheimilt er að gera prófanir, sem segja fyrir um arfgenga sjúkdóma eða gera kleift annaðhvort að greina að maðurinn beri í sér gen sem veldur sjúkdómi eða að hann hafi arfgenga hneigð eða næmi fyrir sjúkdómi, nema í lækningaskyni eða vegna vísindarannsókna í lækningaskyni, og með þeim fyrirvara að leitað sé viðeigandi erfðaráðgjafar.

13. gr.
Inngrip í genamengi mannsins.

Inngrip, í þeim tilgangi að breyta genamengi mannsins, eru eingöngu heimil í því skyni að fyrirbyggja, greina eða lækna sjúkdóma og því aðeins að tilgangurinn sé ekki sá að kalla fram breytingar á genamengi afkomendanna.

14. gr.
Bann við því að velja kyn.

Óheimilt skal að beita tæknifrjóvgun í þeim tilgangi að velja kyn ófædds barns nema í því skyni að koma í veg fyrir alvarlegan, arfgengan og kynbundinn sjúkdóm.

V. kafli.
Vísindarannsóknir.

15. gr.
Almenn regla.

Frjálst er að stunda vísindarannsóknir á sviði líffræði og læknisfræði, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings og önnur lagaákvæði sem mæla fyrir um vernd mannsins.

16. gr.
Vernd þeirra sem gangast undir rannsóknir.

Rannsóknir á mönnum eru óheimilar nema öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

i. ekki séu til aðferðir sem skila sambærilegum árangri og rannsóknir á mönnum;
ii. áhættan, sem manninum kann að vera búin, sé ekki óhæfilega mikil í samanburði við hugsanlegan hag af rannsóknunum;
iii. lögbær yfirvöld hafi samþykkt rannsóknaverkefnið að undangenginni óháðri athugun á vísindalegu gildi þess, meðal annars mati á því hversu mikilvægt markmiðið með því er, og þverfaglegri athugun á því hvort það sé ásættanlegt frá siðferðilegu sjónarmiði;

Article 12
Predictive genetic tests

Tests which are predictive of genetic diseases or which serve either to identify the subject as a carrier of a gene responsible for a disease or to detect a genetic predisposition or susceptibility to a disease may be performed only for health purposes or for scientific research linked to health purposes, and subject to appropriate genetic counselling.

Article 13
Interventions on the human genome

An intervention seeking to modify the human genome may only be undertaken for preventive, diagnostic or therapeutic purposes and only if its aim is not to introduce any modification in the genome of any descendants.

Article 14
Non-selection of sex

The use of techniques of medically assisted procreation shall not be allowed for the purpose of choosing a future child's sex, except where serious hereditary sex-related disease is to be avoided.

Chapter V
Scientific research

Article 15
General rule

Scientific research in the field of biology and medicine shall be carried out freely, subject to the provisions of this Convention and the other legal provisions ensuring the protection of the human being.

Article 16
Protection of persons undergoing research

Research on a person may only be undertaken if all the following conditions are met:

i. there is no alternative of comparable effectiveness to research on humans;
ii. the risks which may be incurred by that person are not disproportionate to the potential benefits of the research;
iii. the research project has been approved by the competent body after independent examination of its scientific merit, including assessment of the importance of the aim of the research, and multidisciplinary review of its ethical acceptability;

iv. sá sem gengst undir rannsóknirnar hafi fengið upplýsingar um rétt sinn og þá vernd sem lög mæla fyrir um;
v. samþykkið, sem kveðið er á um í 5. gr., hafi verið veitt sérstaklega og með óyggjandi og skriflegum hætti. Heimilt sé að afturkalla slíkt samþykki hvenær sem vera skal.

17. gr.
Vernd þeirra sem geta ekki veitt samþykki sitt til rannsókna.

1. Rannsóknir á manni, sem getur ekki veitt samþykki sitt til þeirra í samræmi við 5. gr., eru óheimilar nema öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
   i. skilyrðunum sem sett eru í i- til iv-lið í 16. gr. sé fullnægt;
   ii. að niðurstöður rannsóknanna geti orðið til að bæta heilsu hans sjálfs í raun;
   iii. þess sé ekki kostur að gera rannsóknir með sambærilegum árangri á þeim sem geta veitt til þeirra samþykki sitt;
   iv. heimildin, sem kveðið er á um í 6. gr., hafi verið veitt sérstaklega og með skriflegum hætti; og
   v. hlutaðeigandi hreyfi ekki andmælum.
2. Í undantekningartilvikum og með þeim verndarskilyrðum, sem lög mæla fyrir um, má heimila rannsóknir þótt ekki sé við því að búast að niðurstöður þeirra verði hlutaðeigandi til beinnar heilsubótar, enda sé þeim skilyrðum fullnægt, sem mælt er fyrir um í i-, iii-, iv- og v-lið 1. mgr. hér að framan, ásamt eftirtöldum viðbótarskilyrðum:
   i. markmið rannsóknanna sé að auka verulega vísindalega þekkingu á ástandi hlutaðeigandi eða þeim sjúkdómi eða röskun sem þjáir hann, með það fyrir augum að fá út niðurstöður sem orðið geta til hagsbóta honum sjálfum eða öðrum í sama aldurshópi eða þeim sem þjást af sama sjúkdómi eða kvilla eða hafa sömu einkenni;
   ii. rannsóknirnar hafi aðeins lágmarksáhættu og lágmarksálag í för með sér fyrir hlutaðeigandi.

18. gr.
Rannsóknir á fósturvísum í tilraunaglasi (*in vitro*).

1. Ef lög heimila rannsóknir á fósturvísum í til-

iv. the persons undergoing research have been informed of their rights and the safeguards prescribed by law for their protection;
v. the necessary consent as provided for under Article 5 has been given expressly, specifically and is documented. Such consent may be freely withdrawn at any time.

Article 17
Protection of persons not able to consent to research

1. Research on a person without the capacity to consent as stipulated in Article 5 may be undertaken only if all the following conditions are met:
   i. the conditions laid down in Article 16, sub-paragraphs i to iv, are fulfilled;
   ii. the results of the research have the potential to produce real and direct benefit to his or her health;
   iii. research of comparable effectiveness cannot be carried out on individuals capable of giving consent;
   iv. the necessary authorisation provided for under Article 6 has been given specifically and in writing; and
   v. the person concerned does not object.
2. Exceptionally and under the protective conditions prescribed by law, where the research has not the potential to produce results of direct benefit to the health of the person concerned, such research may be authorised subject to the conditions laid down in paragraph 1, sub-paragraphs i, iii, iv and v above, and to the following additional conditions:
   i. the research has the aim of contributing, through significant improvement in the scientific understanding of the individual's condition, disease or disorder, to the ultimate attainment of results capable of conferring benefit to the person concerned or to other persons in the same age category or afflicted with the same disease or disorder or having the same condition;
   ii. the research entails only minimal risk and minimal burden for the individual concerned.

Article 18
Research on embryos *in vitro*

1. Where the law allows research on embryos *in*

raunaglasi (in vitro) skulu þau tryggja að fósturvísirinn sé verndaður með fullnægjandi hætti.
2. Bannað er að framleiða mannlega fósturvísa í vísindaskyni.

VI. kafli.
Brottnám líffæra og vefja úr lifandi gjöfum til ígræðslu.

19. gr.
Almenn regla.

1. Einungis er heimilt að nema brott líffæri eða vefi úr lifandi gjafa til ígræðslu til þess að lækna þegann og þegar hvorki er tiltækt heppilegt líffæri eða vefur úr látnum manni né önnur lækningaaðferð sem skilar sambærilegum árangri.

2. Nauðsynlegt samþykki, sem kveðið er á um í 5. gr., skal veitt sérstaklega og með óyggjandi hætti og annað hvort skriflega eða hjá opinberum aðilum.

20. gr.
Vernd þeirra sem geta ekki veitt samþykki sitt fyrir brottnámi líffæris.

1. Óheimilt er að nema brott líffæri eða vefi úr þeim sem getur ekki veitt samþykki fyrir því í samræmi við 5. gr.
2. Í undantekningartilvikum og með þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir um, má heimila brottnám endurnýjanlegra vefja úr þeim sem getur ekki veitt samþykki fyrir því, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

   i. ekki sé tiltækur heppilegur gjafi sem gæti veitt samþykki;
   ii. þeginn sé systkini gjafans;

   iii. gjöfin verði að stuðla að því að bjarga lífi þegans;
   iv. heimildin, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 6. gr., hafi verið veitt sérstaklega og með skriflegum hætti, í samræmi við lög og með samþykki lögbærs aðila;

   v. væntanlegur gjafi hreyfi ekki andmælum.

vitro, it shall ensure adequate protection of the embryo.

2. The creation of human embryos for research purposes is prohibited.

Chapter VI
Organ and tissue removal from living donors for transplantation purposes

Article 19
General rule

1. Removal of organs or tissue from a living person for transplantation purposes may be carried out solely for the therapeutic benefit of the recipient and where there is no suitable organ or tissue available from a deceased person and no other alternative therapeutic method of comparable effectiveness.
2. The necessary consent as provided for under Article 5 must have been given expressly and specifically either in written form or before an official body.

Article 20
Protection of persons not able to consent to organ removal

1. No organ or tissue removal may be carried out on a person who does not have the capacity to consent under Article 5.
2. Exceptionally and under the protective conditions prescribed by law, the removal of regenerative tissue from a person who does not have the capacity to consent may be authorised provided the following conditions are met:
   i. there is no compatible donor available who has the capacity to consent;
   ii. the recipient is a brother or sister of the donor;
   iii. the donation must have the potential to be life-saving for the recipient;
   iv. the authorisation provided for under paragraphs 2 and 3 of Article 6 has been given specifically and in writing, in accordance with the law and with the approval of the competent body;
   v. the potential donor concerned does not object.

VII. kafli.
Bann við fjárhagslegum ávinningi og ráðstöfun líkamshluta manna.

21. gr.
Bann við fjárhagslegum ávinningi.
Óheimilt er að hafa fjárhagslegan ávinning af mannslíkamanum og hlutum hans sem slíkum.

22. gr.
Ráðstöfun líkamshluta sem hafa verið numdir brott.
Þegar líkamshluti manns er numinn brott meðan inngrip stendur yfir er einungis heimilt að varðveita hann og ráðstafa honum í öðrum tilgangi en þeim sem brottnám hans helgaðist af, ef fylgt er viðeigandi málsmeðferð við að upplýsa þann sem á í hlut og leita samþykkis hans.

VIII. kafli.
Brot gegn ákvæðum samningsins.

23. gr.
Brot gegn réttindum og meginreglum.
Aðilar skulu tryggja viðeigandi réttarvernd til að koma í veg fyrir eða stöðva með skömmum fyrirvara ólögmæt brot á réttindum og meginreglum sem mælt er fyrir um í þessum samningi.

24. gr.
Bætur fyrir ótilhlýðilegt tjón.
Sá sem hefur orðið fyrir ótilhlýðilegu tjóni vegna inngrips á rétt á sanngjörnum bótum með þeim skilyrðum og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem lög mæla fyrir um.

25. gr.
Viðurlög.
Aðilar skulu kveða á um hæfileg viðurlög sem beita skal við brot á ákvæðum hans.

IX. kafli.
Tengsl milli þessa samnings og annarra ákvæða.

26. gr.
Takmörkun réttinda.
1. Óheimilt er að setja skorður við því að réttindi séu nýtt eða verndarákvæði, sem þessi samningur felur í sér, nema mælt sé fyrir um slíkar skorður í lögum og þær séu nauðsyn-

Chapter VII
Prohibition of financial gain and disposal of a part of the human body

Article 21
Prohibition of financial gain
The human body and its parts shall not, as such, give rise to financial gain.

Article 22
Disposal of a removed part of the human body
When in the course of an intervention any part of a human body is removed, it may be stored and used for a purpose other than that for which it was removed, only if this is done in conformity with appropriate information and consent procedures.

Chapter VIII
Infringements of the provisions of the Convention

Article 23
Infringement of the rights or principles
The Parties shall provide appropriate judicial protection to prevent or to put a stop to an unlawful infringement of the rights and principles set forth in this Convention at short notice.

Article 24
Compensation for undue damage
The person who has suffered undue damage resulting from an intervention is entitled to fair compensation according to the conditions and procedures prescribed by law.

Article 25
Sanctions
Parties shall provide for appropriate sanctions to be applied in the event of infringement of the provisions contained in this Convention.

Chapter IX
Relation between this Convention and other provisions

Article 26
Restrictions on the exercise of the rights
1. No restrictions shall be placed on the exercise of the rights and protective provisions contained in this Convention other than such as are prescribed by law and are necessary in

legar lýðræðislegu samfélagi til að tryggja öryggi almennings, fyrirbyggja glæpi, vernda almannaheilbrigði eða vernda réttindi og frelsi annarra.
2. Óheimilt er að láta takmarkanir á borð við þær, sem um getur í síðustu málsgrein, taka til 11., 13., 14., 16., 17., 19., 20. og 21. gr.

27. gr.
Víðtækari vernd.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlkað svo að það takmarki eða hafi með öðrum hætti áhrif á þann kost aðila að veita víðtækari vernd við hagnýtingu líffræði og læknisfræði en mælt er fyrir um í samningi þessum.

X. kafli.
Almenn umræða.

28. gr.
Almenn umræða.

Aðilar að samningnum skulu sjá til þess að grundvallarspurningar, sem vakna vegna framfara í líffræði og læknisfræði, hljóti viðeigandi umfjöllun á opinberum vettvangi, einkum í ljósi þeirra áhrifa sem þær framfarir hafa á sviði lækninga, félagsmála, efnahagsmála, siðferðis og réttarfars, og að leitað sé ráðgjafar vegna hugsanlegrar hagnýtingar þeirra.

XI. kafli.
Túlkun samningsins og eftirfylgni.

29. gr.
Túlkun samningsins.

Mannréttindadómstóll Evrópu getur gefið ráðgefandi álit um lögfræðileg álitamál, sem varða túlkun þessa samnings, án beinnar vísunar til tiltekinna mála sem eru fyrir dómstólum, að beiðni:

- ríkisstjórnar aðila, eftir að hafa tilkynnt það hinum aðilunum;
- nefndarinnar samkvæmt 32. gr., og skal hún þá eingöngu skipuð fulltrúum aðila að þessum samningi, og skal ákvörðun nefndarinnar tekin með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

30. gr.
Skýrslur um beitingu samningsins.

Að beiðni framkvæmdastjóra Evrópuráðsins

a democratic society in the interest of public safety, for the prevention of crime, for the protection of public health or for the protection of the rights and freedoms of others.
2. The restrictions contemplated in the preceding paragraph may not be placed on Articles 11, 13, 14, 16, 17, 19, 20 and 21.

Article 27
Wider protection

None of the provisions of this Convention shall be interpreted as limiting or otherwise affecting the possibility for a Party to grant a wider measure of protection with regard to the application of biology and medicine than is stipulated in this Convention.

Chapter X
Public debate

Article 28
Public debate

Parties to this Convention shall see to it that the fundamental questions raised by the developments of biology and medicine are the subject of appropriate public discussion in the light, in particular, of relevant medical, social, economic, ethical and legal implications, and that their possible application is made the subject of appropriate consultation.

Chapter XI
Interpretation and follow-up of the Convention

Article 29
Interpretation of the Convention

The European Court of Human Rights may give, without direct reference to any specific proceedings pending in a court, advisory opinions on legal questions concerning the interpretation of the present Convention at the request of:
- the Government of a Party, after having informed the other Parties;
- the Committee set up by Article 32, with membership restricted to the Representatives of the Parties to this Convention, by a decision adopted by a two-thirds majority of votes cast.

Article 30
Reports on the application of the Convention

On receipt of a request from the Secretary

skal hver aðili skýra með hvaða hætti landslög hans tryggja árangursríka framkvæmd allra ákvæða þessa samnings.

XII. kafli.
Bókanir.

31. gr.
Bókanir.

Gera má bókanir í samræmi við ákvæði 32. gr. með það fyrir augum að móta meginreglurnar, sem samningur þessi geymir, á tilteknum sviðum.

Bókanirnar skulu lagðar fram til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað þennan samning. Þær skulu háðar fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Ríki, sem hefur undirritað samninginn, er óheimilt að fullgilda, staðfesta eða samþykkja bókanirnar nema það fullgildi, staðfesti eða samþykki samninginn sjálfan áður eða samtímis.

XIII. kafli.
Breytingar á samningnum.

32. gr.
Breytingar á samningnum.

1. Framkvæmdanefnd um lífsiðfræði (CDBI), eða hver sú nefnd önnur sem ráðherranefndin tilnefnir, skal inna af hendi verkefni þau sem falin eru „nefndinni“ samkvæmt þessari grein og 29. gr.

2. Með fyrirvara um sérákvæði 29. gr. er hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverjum aðila að samningnum, sem á ekki aðild að Evrópuráðinu, heimilt að skipa fulltrúa í nefndina og ráða þar einu atkvæði þegar hún sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin með þessum samningi.

3. Hvert það ríki, sem um getur í 33. gr. eða er boðið að gerast aðili að samningnum í samræmi við ákvæði 34. gr. en er ekki aðili að honum, getur skipað áheyrnarfulltrúa í nefndina. Ef Evrópubandalagið er ekki aðili getur það skipað áheyrnarfulltrúa í nefndina.

4. Til þess að unnt sé að fylgjast með framförum á sviði vísinda skal nefndin taka samning þennan til athugunar eigi síðar en fimm árum

General of the Council of Europe any Party shall furnish an explanation of the manner in which its internal law ensures the effective implementation of any of the provisions of the Convention.

Chapter XII
Protocols

Article 31
Protocols

Protocols may be concluded in pursuance of Article 32, with a view to developing, in specific fields, the principles contained in this Convention.

The Protocols shall be open for signature by Signatories of the Convention. They shall be subject to ratification, acceptance or approval. A Signatory may not ratify, accept or approve Protocols without previously or simultaneously ratifying accepting or approving the Convention.

Chapter XIII
Amendments to the Convention

Article 32
Amendments to the Convention

1. The tasks assigned to "the Committee" in the present article and in Article 29 shall be carried out by the Steering Committee on Bioethics (CDBI), or by any other committee designated to do so by the Committee of Ministers.
2. Without prejudice to the specific provisions of Article 29, each member State of the Council of Europe, as well as each Party to the present Convention which is not a member of the Council of Europe, may be represented and have one vote in the Committee when the Committee carries out the tasks assigned to it by the present Convention.
3. Any State referred to in Article 33 or invited to accede to the Convention in accordance with the provisions of Article 34 which is not Party to this Convention may be represented on the Committee by an observer. If the European Community is not a Party it may be represented on the Committee by an observer.
4. In order to monitor scientific developments, the present Convention shall be examined within the Committee no later than five years

eftir að hann öðlast gildi og eftir það jafnoft og nefndin telur við hæfi.

5. Allar tillögur um breytingar á þessum samningi og allar tillögur um bókun eða breytingu á bókun, sem lagðar eru fram af hálfu aðila, nefndarinnar eða ráðherranefndarinnar, skulu sendar framkvæmdastjóra Evrópuráðsins og skal hann framsenda þær aðildarríkjum Evrópuráðsins, Evrópubandalaginu, öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn, öllum aðilum, öllum ríkjum, sem boðið hefur verið að undirrita samninginn í samræmi við ákvæði 33. gr., og öllum ríkjum sem boðið hefur verið að gerast aðilar að honum í samræmi við ákvæði 34. gr.

6. Nefndin skal fjalla um tillögurnar eigi fyrr en tveimur mánuðum eftir að framkvæmdastjórinn hefur framsent þær í samræmi við 5. mgr. Nefndin skal leggja texta, sem samþykktur hefur verið með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða, fyrir ráðherranefndina til samþykktar. Þegar ráðherranefndin hefur samþykkt textann skal hann sendur aðilum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
7. Sérhver breyting öðlast gildi gagnvart þeim aðilum sem hafa staðfest hana fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er mánuður frá því að fimm aðilar, þar af að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, hafa tilkynnt framkvæmdastjóranum að þeir hafi staðfest hana.

   Gagnvart hverjum þeim aðila sem staðfestir breytinguna síðar öðlast hún gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er mánuður frá því að téður aðili tilkynnir framkvæmdastjóranum að hann hafi staðfest hana.

XIV. kafli.
Lokaákvæði.

33. gr.
Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og ríkja, sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og af hálfu Evrópubandalagsins.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu,

from its entry into force and thereafter at such intervals as the Committee may determine.

5. Any proposal for an amendment to this Convention, and any proposal for a Protocol or for an amendment to a Protocol, presented by a Party, the Committee or the Committee of Ministers shall be communicated to the Secretary General of the Council of Europe and forwarded by him to the member States of the Council of Europe, to the European Community, to any Signatory, to any Party, to any State invited to sign this Convention in accordance with the provisions of Article 33 and to any State invited to accede to it in accordance with the provisions of Article 34.
6. The Committee shall examine the proposal not earlier than two months after it has been forwarded by the Secretary General in accordance with paragraph 5. The Committee shall submit the text adopted by a two-thirds majority of the votes cast to the Committee of Ministers for approval. After its approval, this text shall be forwarded to the Parties for ratification, acceptance or approval.
7. Any amendment shall enter into force, in respect of those Parties which have accepted it, on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which five Parties, including at least four member States of the Council of Europe, have informed the Secretary General that they have accepted it.

   In respect of any Party which subsequently accepts it, the amendment shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which that Party has informed the Secretary General of its acceptance.

Chapter XIV
Final clauses

Article 33
Signature, ratification and entry into force

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe, the non-member States which have participated in its elaboration and by the European Community.
2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratifi-

staðfestingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að þrjú ríki, þ.m.t. að minnsta kosti tvö aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

4. Samningurinn öðlast gildi, að því er varðar hvert undirritunarríki sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi að skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þess var afhent til vörslu.

34. gr.

Ríki sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við aðilana, boðið ríkjum utan Evrópuráðsins að gerast aðilar að samningi þessum með ákvörðun sem tekin er með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða samþykki fulltrúa samningsríkjanna sem eiga rétt til setu í nefndinni.

2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart sérhverju ríki, sem gerist aðili, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um aðild er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

35. gr.

Landsvæði sem samningurinn tekur til.

1. Hvert undirritunarríki getur við undirritun, eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til. Sérhvert annað ríki getur gefið frá sér sömu yfirlýsingu við afhendingu aðildarskjals.
2. Hver aðili getur, hvenær sem er síðar og með yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, látið samning þennan taka til sérhvers annars landsvæðis, sem tilgreint er í yfirlýsingunni, enda fari ríkið með utanríkis-

cation, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

3. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 2 of the present article.
4. In respect of any Signatory which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 34

Non-member States

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may, after consultation of the Parties, invite any non-member State of the Council of Europe to accede to this Convention by a decision taken by the majority provided for in Article 20, paragraph d, of the Statute of the Council of Europe, and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee of Ministers.
2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 35

Territories

1. Any Signatory may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply. Any other State may formulate the same declaration when depositing its instrument of accession.
2. Any Party may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration and for whose interna-

mál þess og hafi heimild til að stofna til skuldbindinga fyrir þess hönd. Samningurinn öðlast gildi, að því er varðar slíkt landsvæði, frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að framkvæmdastjóranum berst slík yfirlýsing.

3. Hverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, má afturkalla með tilkynningu til framkvæmdastjórans að því er varðar hvert landsvæði sem um getur í slíkri yfirlýsingu. Afturköllunin tekur gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að framkvæmdastjóranum berst slík tilkynning.

tional relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

36. gr.
Fyrirvarar.

1. Hvert ríki og Evrópubandalagið geta, við undirritun samnings þessa eða þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, gert fyrirvara við hvert einstakt ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi lög á landsvæði þess eru ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þau lög sem um er að ræða.
3. Hver aðili, sem lætur samning þennan taka til landsvæðis, sem nefnt er í yfirlýsingunni sem um getur í 2. mgr. 35. gr., getur gert fyrirvara, í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreina, að því er varðar viðkomandi landsvæði.

4. Hver aðili, sem hefur gert þann fyrirvara sem greint er frá í þessari grein, getur afturkallað hann með yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá því að framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

Article 36
Reservations

1. Any State and the European Community may, when signing this Convention or when depositing the instrument of ratification, acceptance, approval or accession, make a reservation in respect of any particular provision of the Convention to the extent that any law then in force in its territory is not in conformity with the provision. Reservations of a general character shall not be permitted under this article.
2. Any reservation made under this article shall contain a brief statement of the relevant law.

3. Any Party which extends the application of this Convention to a territory mentioned in the declaration referred to in Article 35, paragraph 2, may, in respect of the territory concerned, make a reservation in accordance with the provisions of the preceding paragraphs.
4. Any Party which has made the reservation mentioned in this article may withdraw it by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of its receipt by the Secretary General.

37. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Article 37
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

38. gr.
Tilkynningar.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, Evrópubandalaginu, hverju undirritunarríki, hverjum aðila og hverju öðru ríki, sem hefur verið boðið að gerast aðili að samningi þessum, um:

a. hverja undirritun;
b. afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c. hvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við 33. eða 34. gr.;
d. hverja breytingu eða bókun sem samþykkt er í samræmi við 32. gr. og gildistökudag slíkrar breytingar eða bókunar;
e. hverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt ákvæðum 35. gr.;
f. hvern fyrirvara og hverja afturköllun fyrirvara samkvæmt ákvæðum 36. gr.;
g. hverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Óvíedó (Astúrías) 4. apríl 1997 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal láta hverju aðildarríki Evrópuráðsins, Evrópubandalaginu, ríkjum, sem eru ekki aðildarríki en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum, í té staðfest endurrit.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 38
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council, the European Community, any Signatory, any Party and any other State which has been invited to accede to this Convention of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 33 or 34;
d. any amendment or Protocol adopted in accordance with Article 32, and the date on which such an amendment or Protocol enters into force;
e. any declaration made under the provisions of Article 35;
f. any reservation and withdrawal of reservation made in pursuance of the provisions of Article 36;
g. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Oviedo (Asturias), this 4th day of April 1997, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the European Community, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to this Convention.

Fylgiskjal 2.

VIÐBÓTARBÓKUN við samninginn um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði, um bann við einræktun manna.

Aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki og Evrópubandalagið sem undirrita þessa viðbótarbókun við samninginn um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði,

veita athygli framförum í vísindum á sviði einræktunar spendýra, einkum með því að kljúfa fósturvísa og færa til frumukjarna;

hafa í huga þær framfarir í vísindaþekkingu og beitingu hennar innan læknisfræði sem sum einræktunartækni getur í sjálfu sér stuðlað að;

telja að einræktun manna geti orðið tæknilega framkvæmanleg;

hafa veitt því athygli að skipting fósturvísa getur orðið með eðlilegum hætti og leiðir stundum til þess að tvíburar fæðast sem hafa nákvæmlega sömu erfðaeiginleika;

telja aftur á móti að það að nota fólk líkt og tæki til að skapa menn vísvitandi með nákvæmlega sömu erfðaeiginleika sé andstætt mannlegri reisn og feli þannig í sér misnotkun á líffræði og læknisfræði;

hafa einnig í huga þau alvarlegu læknisfræðilegu, sálrænu og félagslegu vandamál sem slík vísvitandi beiting líflæknisfræði gæti haft í för með sér fyrir alla þá sem hlut eiga að máli;

hafa í huga markmið samningsins um mannréttindi og líflæknisfræði, einkum meginregluna, sem um getur í 1. gr., sem miðar að því að vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna;

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Lagt er bann við hvers kyns inngripi sem miðar að því að skapa mann sem hefur nákvæmlega sömu erfðaeiginleika og annar maður, hvort heldur hann er lífs eða liðinn.
2. Maður „sem hefur nákvæmlega sömu erfðaeiginleika og annar maður" merkir í þessari grein mann sem á samstæðu erfðavísa sameiginlega með öðrum manni.

ADDITIONAL PROTOCOL to the Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine, on the Prohibition of Cloning Human Beings

The member States of the Council of Europe, the other States and the European Community Signatories to this Additional Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine,

Noting scientific developments in the field of mammal cloning, particularly through embryo splitting and nuclear transfer;

Mindful of the progress that some cloning techniques themselves may bring to scientific knowledge and its medical application;

Considering that the cloning of human beings may become a technical possibility;

Having noted that embryo splitting may occur naturally and sometimes result in the birth of genetically identical twins;

Considering however that the instrumentalisation of human beings through the deliberate creation of genetically identical human beings is contrary to human dignity and thus constitutes a misuse of biology and medicine;

Considering also the serious difficulties of a medical, psychological and social nature that such a deliberate biomedical practice might imply for all the individuals involved;

Considering the purpose of the Convention on Human Rights and Biomedicine, in particular the principle mentioned in Article 1 aiming to protect the dignity and identity of all human beings,

Have agreed as follows:

Article 1

1. Any intervention seeking to create a human being genetically identical to another human being, whether living or dead, is prohibited.
2. For the purpose of this article, the term human being "genetically identical" to another human being means a human being sharing with another the same nuclear gene set.

2. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar bókunar á grundvelli 1. mgr. 26. gr. samningsins.

3. gr.

Aðilarnir skulu líta á ákvæði 1. og 2. gr. þessarar bókunar sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

4. gr.

Bókun þessi skal lögð fram til undirritunar fyrir undirritunaraðila samningsins. Hún er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunaraðili getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þessa bókun nema hann hafi áður fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða geri það samtímis. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu og samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

5. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi að fimm ríki, þ.m.t. að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, lýsa sig samþykk því að vera bundin af henni í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. Bókunin öðlast gildi að því er varðar hvern undirritunaraðila, sem síðar lýsir sig samþykkan því að vera bundinn af henni, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki var afhent til vörslu.

6. gr.

1. Þegar bókun þessi hefur öðlast gildi getur hvert ríki, sem hefur gerst aðili að samningnum, einnig gerst aðili að henni.
2. Aðild skal komið á með því að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins aðildarskjal til vörslu og öðlast það gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að það er afhent til vörslu.

7. gr.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp

Article 2

No derogation from the provisions of this Protocol shall be made under Article 26, paragraph 1, of the Convention.

Article 3

As between the Parties, the provisions of Articles 1 and 2 of this Protocol shall be regarded as additional articles to the Convention and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

Article 4

This Protocol shall be open for signature by Signatories to the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A Signatory may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has previously or simultaneously ratified, accepted or approved the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 5

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 4.
2. In respect of any Signatory which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 6

1. After the entry into force of this Protocol, any State which has acceded to the Convention may also accede to this Protocol.
2. Accession shall be effected by the deposit with the Secretary General of the Council of Europe of an instrument of accession which shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of its deposit.

Article 7

1. Any Party may at any time denounce this

bókun þessari með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

8. gr.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, Evrópubandalaginu, hverjum undirritunaraðila, hverjum aðila og hverju ríki sem hefur verið boðið að gerast aðili að samningnum um:

a. hverja undirritun;
b. afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c. hvern gildistökudag bókunar þessarar í samræmi við 5. og 6. gr.;
d. hverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í París 12. janúar 1998 í einu eintaki á ensku og frönsku sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal láta hverju aðildarríki Evrópuráðsins, þeim ríkjum sem ekki eru aðildarríki en tekið hafa þátt í gerð þessarar bókunar, hverju ríki sem boðið er að gerast aðili að samningnum og Evrópubandalaginu í té staðfest endurrit.

Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 8

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the European Community, any Signatory, any Party and any other State which has been invited to accede to the Convention of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 5 and 6;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Paris, this twelfth day of January 1998, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Protocol, to any State invited to accede to the Convention and to the European Community.

Fylgiskjal 3.

VIÐBÓTARBÓKUN við samninginn um mannréttindi og líflæknisfræði varðandi flutning á líffærum og vefjum úr mönnum.

Inngangsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki og Evrópubandalagið, sem undirrita þessa viðbótarbókun við samninginn um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði (hér á eftir nefndur „samningur um mannréttindi og líflæknisfræði"),

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna og að ein leiðin að þessu markmiði er að viðhalda og efla framgang mannréttinda og mannfrelsis;

hafa í huga að markmið samningsins um mannréttindi og líflæknisfræði, eins og það er skilgreint í 1. gr., er að vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna og tryggja öllum, án mismununar, að ekki sé gengið á friðhelgi þeirra eða önnur réttindi og mannfrelsi, við störf á sviði líffræði og læknisfræði;

hafa í huga að framfarir í læknavísindum, einkum á sviði líffæra- og vefjaflutninga, stuðla að því að bjarga mannslífum eða bæta gæði þeirra til muna;

hafa í huga að líffæra- og vefjaflutningar eru orðnir viðtekinn hluti af þeirri heilbrigðisþjónustu sem almenningi stendur til boða;

hafa í huga að vegna skorts á líffærum og vefjum er rétt að gera viðeigandi ráðstafanir til að auka líffæra- og vefjagjafir, einkum með því að upplýsa almenning um mikilvægi líffæra- og vefjaflutninga og með því að efla samstarf á þessu sviði innan Evrópu;

hafa enn fremur í huga þau siðferðilegu, sálrænu og félagsmenningarlegu vandamál sem óhjákvæmilega fylgja líffæra- og vefjaflutningum;

hafa í huga að misnotkun líffæra- og vefjaflutninga getur stefnt lífi manna, vellíðan eða mannlegri reisn í hættu;

hafa í huga að líffæra- og vefjaflutningar ættu að eiga sér stað við aðstæður þar sem réttinda og

ADDITIONAL PROTOCOL to the Convention on Human Rights and Biomedicine concerning Transplantation of Organs and Tissues of Human Origin

Preamble

The member States of the Council of Europe, the other States and the European Community signatories to this Additional Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine (hereinafter referred to as "Convention on Human Rights and Biomedicine"),

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its members and that one of the methods by which this aim is pursued is the maintenance and further realisation of human rights and fundamental freedoms;

Considering that the aim of the Convention on Human Rights and Biomedicine, as defined in Article 1, is to protect the dignity and identity of all human beings and guarantee everyone, without discrimination, respect for their integrity and other rights and fundamental freedoms with regard to the application of biology and medicine;

Considering that progress in medical science, in particular in the field of organ and tissue transplantation, contributes to saving lives or greatly improving their quality;

Considering that transplantation of organs and tissues is an established part of the health services offered to the population;

Considering that, in view of the shortage of organs and tissues, appropriate action should be taken to increase organ and tissue donation, in particular by informing the public of the importance of organ and tissue transplantation and by promoting European co-operation in this field;

Considering moreover the ethical, psychological and socio-cultural problems inherent in the transplantation of organs and tissues;

Considering that the misuse of organ and tissue transplantation may lead to acts endangering human life, well being or dignity;

Considering that organ and tissue transplantation should take place under conditions protecting the

frelsis gjafa, hugsanlegra gjafa og þega líffæra og vefja er gætt og að stofnanir skuli gegna lykilhlutverki við að tryggja að slíkar aðstæður séu fyrir hendi;

viðurkenna að samhliða því að auðvelda líffæra- og vefjaflutninga í þágu sjúklinga í Evrópu er nauðsynlegt að vernda réttindi og frelsi einstaklingsins og koma í veg fyrir verslun með líkamshluta manna, s.s. útvegun, skipti og úthlutun á líffærum og vefjum;

hafa hliðsjón af því starfi sem ráðherranefndin og þing Evrópuráðsins hefur þegar unnið á þessu sviði;

hafa einsett sér að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda mannlega reisn og réttindi og mannfrelsi einstaklinga með hliðsjón af líffæra- og vefjaflutningum,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli.
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Aðilar að þessari bókun skulu vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna og tryggja öllum, án mismununar, að ekki sé gengið á friðhelgi þeirra eða önnur réttindi og mannfrelsi að því er varðar flutning líffæra og vefja úr mönnum.

2. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. Bókun þessi gildir um flutning líffæra og vefja úr mönnum í lækningaskyni.

2. Ákvæði þessarar bókunar, sem gilda um vefi, skulu einnig gilda um frumur, þ.m.t. blóðmyndandi stofnfrumur.
3. Bókunin tekur ekki til:
   a. æxlunarfæra og vefja úr þeim;
   b. líffæra og vefja úr fósturvísum eða fóstrum;
   c. blóðs og afurða blóðs.
4. Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
   – hugtakið „líffæraflutningur“ nær yfir allt ferlið frá brottnámi líffæris eða vefs úr einni manneskju til ígræðslu þess líffæris eða vefs í aðra manneskju, þ.m.t. allt ferlið við undirbúning, varðveislu og geymslu líffærisins;

rights and freedoms of donors, potential donors and recipients of organs and tissues and that institutions must be instrumental in ensuring such conditions;

Recognising that, in facilitating the transplantation of organs and tissues in the interest of patients in Europe, there is a need to protect individual rights and freedoms and to prevent the commercialisation of parts of the human body involved in organ and tissue procurement, exchange and allocation activities;

Taking into account previous work of the Committee of Ministers and the Parliamentary Assembly of the Council of Europe in this field;

Resolving to take such measures as are necessary to safeguard human dignity and the rights and fundamental freedoms of the individual with regard to organ and tissue transplantation,

Have agreed as follows:

Chapter I
Object and scope

Article 1
Object

Parties to this Protocol shall protect the dignity and identity of everyone and guarantee, without discrimination, respect for his or her integrity and other rights and fundamental freedoms with regard to transplantation of organs and tissues of human origin.

Article 2
Scope and definitions

1. This Protocol applies to the transplantation of organs and tissues of human origin carried out for therapeutic purposes.
2. The provisions of this Protocol applicable to tissues shall apply also to cells, including haematopoietic stem cells.
3. The Protocol does not apply:
   a. to reproductive organs and tissue;
   b. to embryonic or foetal organs and tissues;
   c. to blood and blood derivatives.
4. For the purposes of this Protocol:
   – the term “transplantation” covers the complete process of removal of an organ or tissue from one person and implantation of that organ or tissue into another person, including all procedures for preparation, preservation and storage;

– samkvæmt ákvæðum 20. gr. á hugtakið „brottnám“ við um brottnám líffæra eða vefja til ígræðslu.

II. kafli.
Almenn ákvæði.

3. gr.
Líffæraflutningakerfi.

Aðilar skulu tryggja að fyrir hendi sé kerfi sem veitir sjúklingum jafnan aðgang að líffæraflutningaþjónustu.

Með fyrirvara um ákvæði III. kafla skal líffærum og, eftir atvikum, vefjum eingöngu úthlutað til sjúklinga á opinberum biðlista samkvæmt gagnsæjum, hlutlægum og rökstuddum reglum byggðum á læknisfræðilegum viðmiðunum. Einstaklingarnir eða stofnanirnar, sem bera ábyrgð á ákvarðanatöku um úthlutun, skulu tilnefnd í samræmi við fyrrgreind sjónarmið.

Þegar um er að ræða skipti á líffærum milli landa skulu reglurnar einnig tryggja rökstudda og skilvirka dreifingu meðal þátttökulanda á þann hátt að tekið sé tillit til samstöðureglunnar innan hvers lands.

Líffæraflutningakerfið skal tryggja að nauðsynlegra upplýsinga sé aflað og þær skráðar til að tryggt sé að rekja megi uppruna líffæra og vefja.

4. gr.
Starfsskyldur og siðareglur.

Hvers kyns inngrip á sviði líffæra- eða vefjaflutninga skal fara fram í samræmi við viðeigandi starfsskyldur og siðareglur.

5. gr.
Upplýsingar til þega.

Þeganum og, eftir atvikum, einstaklingnum eða stofnuninni, sem veitir leyfi fyrir ígræðslunni, skulu veittar viðeigandi upplýsingar fyrirfram um tilgang og eðli ígræðslunnar, afleiðingar hennar og þá áhættu sem henni fylgir og aðra kosti en inngrip sem standa til boða.

6. gr.
Heilbrigði og öryggi.

Allt fagfólk sem kemur að líffæra- eða vefjaflutningum skal gera allar ráðstafanir, sem sanngjarnt er að krefjast, til að draga úr hættu á að þegi smitist af hvers kyns sjúkdómum og forðast hverja þá aðgerð sem gæti haft neikvæð áhrif á nothæfi líffæris eða vefs til ígræðslu.

– subject to the provisions of Article 20, the term “removal” refers to removal for the purposes of implantation.

Chapter II
General provisions

Article 3
Transplantation system

Parties shall guarantee that a system exists to provide equitable access to transplantation services for patients.

Subject to the provisions of Chapter III, organs and, where appropriate, tissues shall be allocated only among patients on an official waiting list, in conformity with transparent, objective and duly justified rules according to medical criteria. The persons or bodies responsible for the allocation decision shall be designated within this framework.

In case of international organ exchange arrangements, the procedures must also ensure justified, effective distribution across the participating countries in a manner that takes into account the solidarity principle within each country.

The transplantation system shall ensure the collection and recording of the information required to ensure traceability of organs and tissues.

Article 4
Professional standards

Any intervention in the field of organ or tissue transplantation must be carried out in accordance with relevant professional obligations and standards.

Article 5
Information for the recipient

The recipient and, where appropriate, the person or body providing authorisation for the implantation shall beforehand be given appropriate information as to the purpose and nature of the implantation, its consequences and risks, as well as on the alternatives to the intervention.

Article 6
Health and safety

All professionals involved in organ or tissue transplantation shall take all reasonable measures to minimise the risks of transmission of any disease to the recipient and to avoid any action which might affect the suitability of an organ or tissue for implantation.

7. gr.
Eftirmeðferð.

Lifandi gjöfum og þegum skal standa til boða viðeigandi eftirmeðferð að loknum líffæraflutningi.

8. gr.
Upplýsingar til heilbrigðisstarfsmanna og almennings.

Aðilar skulu láta heilbrigðisstarfsmönnum og almenningi í té upplýsingar um þörfina á líffærum og vefjum. Þeir skulu einnig upplýsa um skilyrði fyrir brottnámi og ígræðslu líffæra og vefja, m.a. um málefni sem tengjast samþykki og veitingu leyfis, einkum að því er varðar brottnám líffæra úr látnum einstaklingum.

III. kafli.
Brottnám líffæra og vefja úr lifandi fólki.

9. gr.
Almenn regla.

Einungis er heimilt er að nema brott líffæri eða vefi úr lifandi manni til þess að lækna þegann og þegar hvorki er tiltækt heppilegt líffæri eða vefur úr látnum manni né önnur lækningaaðferð sem skilar sambærilegum árangri.

10. gr.
Hugsanlegir líffæragjafar.

Eingöngu má nema brott líffæri úr lifandi gjafa til hagsbóta fyrir þega sem gjafinn hefur náin, persónuleg tengsl við, eins og skilgreint er í lögum, eða, ef slík tengsl eru ekki fyrir hendi, samkvæmt skilyrðum laga og með samþykki viðeigandi sjálfstæðrar stofnunar.

11. gr.
Mat á áhættu fyrir gjafa.

Áður en líffæri eða vefur er numinn brott skal fara fram viðeigandi læknisrannsókn og inngrip til að meta og draga úr líkamlegri og sálrænni hættu sem heilsu gjafa er búin.

Óheimilt er að nema brott líffæri eða vef úr gjafa stofni það lífi hans og heilsu í alvarlega hættu.

12. gr.
Upplýsingar til gjafa.

Gjafa og, eftir atvikum, einstaklingi eða

Article 7
Medical follow-up

Appropriate medical follow-up shall be offered to living donors and recipients after transplantation.

Article 8
Information for health professionals and the public

Parties shall provide information for health professionals and for the public in general on the need for organs and tissues. They shall also provide information on the conditions relating to removal and implantation of organs and tissues, including matters relating to consent or authorisation, in particular with regard to removal from deceased persons.

Chapter III
Organ and tissue removal from living persons

Article 9
General rule

Removal of organs or tissue from a living person may be carried out solely for the therapeutic benefit of the recipient and where there is no suitable organ or tissue available from a deceased person and no other alternative therapeutic method of comparable effectiveness.

Article 10
Potential organ donors

Organ removal from a living donor may be carried out for the benefit of a recipient with whom the donor has a close personal relationship as defined by law, or, in the absence of such relationship, only under the conditions defined by law and with the approval of an appropriate independent body.

Article 11
Evaluation of risks for the donor

Before organ or tissue removal, appropriate medical investigations and interventions shall be carried out to evaluate and reduce physical and psychological risks to the health of the donor.

The removal may not be carried out if there is a serious risk to the life or health of the donor.

Article 12
Information for the donor

The donor and, where appropriate, the person

stofnun, sem veitir leyfið skv. 2. mgr. 14. gr., skulu veittar viðeigandi upplýsingar fyrirfram um tilgang og eðli brottnáms sem og afleiðingar þess og þá áhættu sem því fylgir.

Fyrrnefndir aðilar skulu einnig fá upplýsingar um rétt sinn og þá vernd gjafans sem lög mæla fyrir um. Þeir skulu einkum fá upplýsingar um rétt sinn til að fá óháða ráðgjöf um áhættu frá heilbrigðisstarfsmanni með viðeigandi reynslu sem ekki annast brottnám líffærisins eða vefsins eða líffæraflutninginn sem á eftir kemur.

13. gr.

Samþykki lifandi gjafa.

Með fyrirvara um 14. og 15. gr. þessarar bókunar er óheimilt að nema brott líffæri eða vef úr lifandi gjafa nema því aðeins að sá sem í hlut á hafi sérstaklega gefið upplýst og óþvingað samþykki sitt, annaðhvort skriflega eða hjá opinberri stofnun.

Hlutaðeigandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem vera skal.

14. gr.

Vernd þeirra sem ekki geta veitt samþykki fyrir brottnámi líffæra eða vefja.

1. Óheimilt er að nema brott líffæri eða vef úr manni sem getur ekki veitt til þess samþykki skv. 13. gr. þessarar bókunar.

2. Í undantekningartilvikum og með þeim verndarskilyrðum, sem lög mæla fyrir um, má heimila brottnám endurnýjanlegra vefja úr þeim sem getur ekki veitt samþykki fyrir því, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

   i. ekki sé tiltækur heppilegur gjafi sem gæti veitt samþykki;
   ii. þeginn sé systkini gjafans;
   iii. gjöfin geti stuðlað að því að bjarga lífi þegans;
   iv. talsmaður viðkomandi eða yfirvald, einstaklingur eða stofnun, sem lög mæla fyrir um, hafi sérstaklega gefið skriflegt leyfi sitt með samþykki lögbærrar stofnunar;
   v. væntanlegur gjafi hreyfi ekki andmælum.

or body providing authorisation according to Article 14, paragraph 2, of this Protocol, shall beforehand be given appropriate information as to the purpose and nature of the removal as well as on its consequences and risks.

They shall also be informed of the rights and the safeguards prescribed by law for the protection of the donor. In particular, they shall be informed of the right to have access to independent advice about such risks by a health professional having appropriate experience and who is not involved in the organ or tissue removal or subsequent transplantation procedures.

Article 13

Consent of the living donor

Subject to Articles 14 and 15 of this Protocol, an organ or tissue may be removed from a living donor only after the person concerned has given free, informed and specific consent to it either in written form or before an official body.

The person concerned may freely withdraw consent at any time.

Article 14

Protection of persons not able to consent to organ or tissue removal

1. No organ or tissue removal may be carried out on a person who does not have the capacity to consent under Article 13 of this Protocol.
2. Exceptionally, and under the protective conditions prescribed by law, the removal of regenerative tissue from a person who does not have the capacity to consent may be authorised provided the following conditions are met:
   i. there is no compatible donor available who has the capacity to consent;
   ii. the recipient is a brother or sister of the donor;
   iii. the donation has the potential to be life-saving for the recipient;
   iv. the authorisation of his or her representative or an authority or a person or body provided for by law has been given specifically and in writing and with the approval of the competent body;
   v. the potential donor concerned does not object.

15. gr.
Brottnám frumna úr lifandi gjafa.
Kveða má á um það í lögum að ákvæði ii- og iii-liðar 2. mgr. 14. gr. skuli ekki gilda um frumur svo fremi að ljóst sé að brottnám þeirra hafi eingöngu í för með sér lágmarksáhættu og -álag fyrir gjafann.

IV. kafli.
Brottnám líffæra og vefja úr látnu fólki.

16. gr.
Staðfesting andláts.
Líffæri eða vefir skulu ekki numdir brott úr líkama látins manns nema andlát hans hafi verið staðfest samkvæmt lögum.

Læknar, sem staðfesta andlát manns, skulu hvorki vera hinir sömu og taka beinan þátt í að nema brott líffæri eða vefi úr hinum látna eða í líffæraflutningum, sem á eftir koma, né þeir sem bera ábyrgð á umönnun mögulegra líffæra- eða vefjaþega.

17. gr.
Samþykki og leyfi.
Líffæri eða vefir skulu ekki numdir brott úr líkama látins manns nema að fengnu samþykki eða leyfi sem lög krefjast.
Brottnámið skal ekki fara fram ef hinn látni hefur andmælt því.

18. gr.
Virðing fyrir mannslíkamanum.
Sýna skal mannslíkamanum virðingu við brottnám líffæris úr líkama látins manns og gera allar ráðstafanir, sem sanngjarnt er að krefjast, til að færa útlit líksins í fyrra horf.

19. gr.
Hvatning til líffæragjafa.
Aðilar skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til líffæra- og vefjagjafa.

Article 15
Cell removal from a living donor
The law may provide that the provisions of Article 14, paragraph 2, indents ii and iii, shall not apply to cells insofar as it is established that their removal only implies minimal risk and minimal burden for the donor.

Chapter IV
Organ and tissue removal from deceased persons

Article 16
Certification of death
Organs or tissues shall not be removed from the body of a deceased person unless that person has been certified dead in accordance with the law.
The doctors certifying the death of a person shall not be the same doctors who participate directly in removal of organs or tissues from the deceased person, or subsequent transplantation procedures, or having responsibilities for the care of potential organ or tissue recipients.

Article 17
Consent and authorisation
Organs or tissues shall not be removed from the body of a deceased person unless consent or authorisation required by law has been obtained.
The removal shall not be carried out if the deceased person had objected to it.

Article 18
Respect for the human body
During removal the human body must be treated with respect and all reasonable measures shall be taken to restore the appearance of the corpse.

Article 19
Promotion of donation
Parties shall take all appropriate measures to promote the donation of organs and tissues.

V. kafli.
Ígræðsla líffæris eða vefs sem numinn var brott í öðrum tilgangi en til að gefa til ígræðslu.

20. gr.
Ígræðsla líffæris eða vefs sem numinn var brott í öðrum tilgangi en til að gefa til ígræðslu.

1. Þegar líffæri eða vefur er numinn brott úr manni í öðrum tilgangi en til að gefa til ígræðslu má eingöngu nota hann til ígræðslu ef afleiðingar og hugsanleg áhætta, sem slíkt hefur í för með sér, hafa verið skýrðar fyrir viðkomandi og hann gefið upplýst samþykki sitt eða viðeigandi leyfi verið fengið ef um er að ræða einstakling sem ekki getur veitt samþykki sitt.
2. Öll ákvæði þessarar bókunar gilda um aðstæðurnar, sem um getur í 1. mgr., nema ákvæði III. og IV. kafla.

VI. kafli.
Bann við fjárhagslegum ávinningi.

21. gr.
Bann við fjárhagslegum ávinningi.

1. Óheimilt er að hafa fjárhagslegan ávinning eða sambærilegan ágóða af mannslíkamanum og hlutum hans sem slíkum.
   Framangreint ákvæði skal ekki koma í veg fyrir greiðslur sem ekki teljast fjárhagslegur ávinningur eða sambærilegur ágóði, einkum:
   - bætur til lifandi gjafa vegna tekjutaps og annarra réttlætanlegra útgjalda sem orsakast af brottnáminu eða tengdum læknisrannsóknum;
   - greiðslu viðeigandi þóknunar fyrir lögmæta læknisþjónustu eða tengda læknisþjónustu sem veitt er í tengslum við líffæraflutninginn;
   - bætur ef lifandi menn verða fyrir ótilhlýðilegu tjóni í kjölfar brottnáms líffæra eða vefja;
2. Óheimilt er að óska eftir eða bjóða fram, með auglýsingu, líffæri eða vefi gegn fjárhagslegum ávinningi eða viðlíka ágóða.

22. gr.
Bann við verslun með líffæri og vefi.
Lagt er bann við verslun með líffæri og vefi.

Chapter V
Implantation of an organ or tissue removed for a purpose other than donation for implantation

Article 20
Implantation of an organ or tissue removed for a purpose other than donation for implantation

1. When an organ or tissue is removed from a person for a purpose other than donation for implantation, it may only be implanted if the consequences and possible risks have been explained to that person and his or her informed consent, or appropriate authorisation in the case of a person not able to consent, has been obtained.

2. All the provisions of this Protocol apply to the situations referred to in paragraph 1, except for those in Chapter III and IV.

Chapter VI
Prohibition of financial gain

Article 21
Prohibition of financial gain

1. The human body and its parts shall not, as such, give rise to financial gain or comparable advantage.
   The aforementioned provision shall not prevent payments which do not constitute a financial gain or a comparable advantage, in particular:
   - compensation of living donors for loss of earnings and any other justifiable expenses caused by the removal or by the related medical examinations;
   - payment of a justifiable fee for legitimate medical or related technical services rendered in connection with transplantation;
   - compensation in case of undue damage resulting from the removal of organs or tissues from living persons.
2. Advertising the need for, or availability of, organs or tissues, with a view to offering or seeking financial gain or comparable advantage, shall be prohibited.

Article 22
Prohibition of organ and tissue trafficking
Organ and tissue trafficking shall be prohibited.

VII. kafli.
Þagnarskylda.

23. gr.
Þagnarskylda.

1. Allar persónuupplýsingar um þann sem líffæri eða vefir hafa verið numdir brott úr og um þegann skulu háðar trúnaði. Aðeins má afla, vinna og dreifa slíkum gögnum samkvæmt reglum um þagnarskyldu í starfi og vernd persónuupplýsinga.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu túlkuð með fyrirvara um ákvæði sem gera kleift, sbr. þó viðeigandi verndarákvæði, að afla, vinna og dreifa nauðsynlegum upplýsingum um manninn, sem líffæri eða vefir hafa verið numdir brott úr, eða líffæra- og vefjaþegann eða -þegana að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt í læknisfræðilegum tilgangi, þ.m.t. að hægt sé að rekja uppruna þeirra eins og kveðið er á um í 3. gr. þessarar bókunar.

VIII. kafli.
Brot gegn ákvæðum bókunarinnar.

24. gr.
Brot gegn réttindum og meginreglum.

Aðilar skulu tryggja viðeigandi réttarvernd til að koma í veg fyrir eða stöðva, með skömmum fyrirvara, ólögmæt brot á réttindum og meginreglum sem mælt er fyrir um í þessari bókun.

25. gr.
Bætur vegna ótilhlýðilegs tjóns.

Sá sem hefur orðið fyrir ótilhlýðilegu tjóni vegna líffæraflutnings á rétt á sanngjörnum bótum með þeim skilyrðum og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem lög mæla fyrir um.

26. gr.
Viðurlög.

Aðilar skulu kveða á um hæfileg viðurlög sem beita skal við brot á ákvæðum þessarar bókunar.

IX. kafli.
Samstarf aðila.

27. gr.
Samstarf aðila.

Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirkt samstarf sín á milli á sviði líf-

Chapter VII
Confidentiality

Article 23
Confidentiality

1. All personal data relating to the person from whom organs or tissues have been removed and those relating to the recipient shall be considered to be confidential. Such data may only be collected, processed and communicated according to the rules relating to professional confidentiality and personal data protection.
2. The provisions of paragraph 1 shall be interpreted without prejudice to the provisions making possible, subject to appropriate safeguards, the collection, processing and communication of the necessary information about the person from whom organs or tissues have been removed or the recipient(s) of organs and tissues in so far as this is required for medical purposes, including traceability, as provided for in Article 3 of this Protocol.

Chapter VIII
Infringements of the provisions of the Protocol

Article 24
Infringements of rights or principles

Parties shall provide appropriate judicial protection to prevent or to put a stop to an unlawful infringement of the rights and principles set forth in this Protocol at short notice.

Article 25
Compensation for undue damage

The person who has suffered undue damage resulting from transplantation procedures is entitled to fair compensation according to the conditions and procedures prescribed by law.

Article 26
Sanctions

Parties shall provide for appropriate sanctions to be applied in the event of infringement of the provisions contained in this Protocol.

Chapter IX
Co-operation between Parties

Article 27
Co-operation between Parties

Parties shall take appropriate measures to ensure that there is efficient co-operation

færa- og vefjaflutninga, m.a. með því að skiptast á upplýsingum.

Einkum skulu þeir gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir hröðum og öruggum flutningi á líffærum og vefjum til og frá landsvæðum sínum.

X. kafli.
Tengsl milli bókunar þessarar og samningsins, og endurskoðun bókunarinnar.

28. gr.
Tengsl milli bókunar þessarar og samningsins.

Aðilarnir skulu líta á ákvæði 1. til 27. gr. þessarar bókunar sem viðbótargreinar við samninginn um mannréttindi og líflæknisfræði og öll ákvæði þess samnings skulu gilda í samræmi við það.

29. gr.
Endurskoðun bókunarinnar.

Í því skyni að fylgjast með framförum á sviði vísinda skal nefndin, sem um getur í 32. gr. samningsins um mannréttindi og líflæknisfræði, taka bókun þessa til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar og eftir það með þeim hléum sem nefndin ákveður.

XI. kafli.
Lokaákvæði.

30. gr.
Undirritun og fullgilding.

Bókun þessi skal lögð fram til undirritunar fyrir undirritunaraðila samningsins. Hún er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunaraðili getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þessa bókun nema hann hafi áður fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða geri það samtímis. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu og samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

31. gr.
Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að fimm ríki, þ.m.t. að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, lýsa sig samþykk því að vera bundin af henni í samræmi við ákvæði 30. gr.

between them on organ and tissue transplantation, inter alia through information exchange.

In particular, they shall undertake appropriate measures to facilitate the rapid and safe transportation of organs and tissues to and from their territory.

Chapter X
Relation between this Protocol and the Convention, and re-examination of the Protocol

Article 28
Relation between this Protocol and the Convention

As between the Parties, the provisions of Articles 1 to 27 of this Protocol shall be regarded as additional articles to the Convention on Human Rights and Biomedicine, and all the provisions of that Convention shall apply accordingly.

Article 29
Re-examination of the Protocol

In order to monitor scientific developments, the present Protocol shall be examined within the Committee referred to in Article 32 of the Convention on Human Rights and Biomedicine no later than five years from the entry into force of this Protocol and thereafter at such intervals as the Committee may determine.

Chapter XI
Final clauses

Article 30
Signature and ratification

This Protocol shall be open for signature by Signatories to the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A Signatory may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has previously or simultaneously ratified, accepted or approved the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 31
Entry into force

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by

2. Bókunin öðlast gildi að því er varðar hvern undirritunaraðila, sem síðar lýsir sig samþykkan því að vera bundinn af henni, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki var afhent til vörslu.

32. gr.
Aðild.

1. Þegar bókun þessi hefur öðlast gildi getur hvert ríki, sem hefur gerst aðili að samningnum, einnig gerst aðili að henni.
2. Aðild skal komið á með því að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins aðildarskjal til vörslu og öðlast hún gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að það er afhent til vörslu.

33. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp bókun þessari með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

34. gr.
Tilkynning.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, Evrópubandalaginu, hverjum undirritunaraðila, hverjum aðila og hverju ríki, sem hefur verið boðið að gerast aðili að samningnum, um:

a. hverja undirritun;
b. afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c. hvern gildistökudag bókunar þessarar í samræmi við 31. og 32. gr.;
d. hverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

the Protocol in accordance with the provisions of Article 30.
2. In respect of any Signatory which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 32
Accession

1. After the entry into force of this Protocol, any State which has acceded to the Convention may also accede to this Protocol.
2. Accession shall be effected by the deposit with the Secretary General of the Council of Europe of an instrument of accession which shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of its deposit.

Article 33
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 34
Notification

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the European Community, any Signatory, any Party and any other State which has been invited to accede to the Convention of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 31 and 32;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Gjört í Strassborg 24. janúar 2002 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal láta hverju aðildarríki Evrópuráðsins, þeim ríkjum, sem ekki eru aðildarríki en tekið hafa þátt í gerð þessarar viðbótarbókunar, hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningnum, og Evrópubandalaginu í té staðfest endurrit.

Done at Strasbourg, this 24th day of January 2002, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Protocol, to any State invited to accede to the Convention and to the European Community.

Nr. 55 22. október 2004

AUGLÝSING

um þróunarsamvinnusamning við Namibíu.

Allsherjarsamningur um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu, sem gerður var í Windhoek 15. október 2004, öðlaðist gildi sama dag. Við gildistöku samningsins féll úr gildi allsherjarsamningur um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu frá 22. september 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/1995 þar sem hann er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ALLSHERJARSAMNINGUR um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands (hér eftir nefnd Ísland) og ríkisstjórn lýðveldisins Namibíu (hér eftir nefnd Namibía), sem óska eftir að eiga samstarf um að efla efnahags- og félagslega þróun í Namibíu, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

GENERAL AGREEMENT on Forms and Procedures for Development Cooperation between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Namibia

The Government of the Republic of Iceland (hereinafter referred to as "Iceland") and the Government of the Republic of Namibia (hereinafter referred to as "Namibia"), desiring to cooperate in promoting the economic and social development of Namibia, have agreed as follows:

I. gr.
Skuldbindingar aðila.

1. Ísland skal leggja Namibíu til fjárhagsaðstoð, efnisbirgðir, tækniaðstoð og þjálfunartækifæri. Namibía skal tryggja að nefnd aðstoð og þjálfunartækifæri komi að tilætluðum notum.

2. Við framkvæmd þessa samnings skal áætlananefnd Namibíu vera í forsvari fyrir Namibíu og utanríkisráðuneyti Íslands, fyrir milligöngu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), vera í forsvari fyrir Ísland (hér eftir nefnd „aðilar"). Landsverkefnisstjóri, með búsetu í Namibíu, skal vera í forsvari fyrir ÞSSÍ.

3. Sérstakir skilmálar og starfshættir, að meðtöldum fjárhagsskuldbindingum og öðrum skuldbindingum aðilanna með tilliti til sérstakra verkefna, framkvæmdaáætlana og annarrar sameiginlegrar starfsemi samkvæmt þessum samningi (hér eftir nefnd „verkefni"), munu í hverju tilviki vera skilgreindir í starfsáætlun með skýrri tilvísun til þessa samnings með samþykki aðila eða, ef aðilar veita til þess umboð, samþykki framkvæmdaaðila.

II. gr.
Framkvæmdaaðilar.

1. Í samningi þessum merkir „framkvæmdaaðilar" sérhverja þá opinberu stofnun eða opinbert eða einkarekið fyrirtæki, sem og sérhver þau samtök, opinber eða einkarekin, sem viðurkennd eru af ríkisstjórnunum tveimur og hafa tekið að sér, með samningi við Ísland, að framkvæma starfsáætlun þá sem vísað er til í I. gr.
2. Namibía skal gera eftirfarandi ráðstafanir að því er snertir framkvæmdaaðila:
   a) veita allar tilskildar heimildir og leyfi þeim að kostnaðarlausu og án ótilhlýðilegra tafa;
   b) veita þeim undanþágu frá tekjuskatti eða hverjum þeim öðrum beina skatti eða álögum sem tengjast öflun sérhverra þeirra tekna sem þeim eru greiddar fyrir störf í Namibíu úr sjóðum eða með fjármagni utan Namibíu samkvæmt þessum samningi;
   c) veita þeim undanþágu frá þeirri skyldu að senda namibískum yfirvöldum hver-

Article I
Obligations of the Parties

1. Iceland shall make available to Namibia financial assistance, material resources, technical assistance and training opportunities. Namibia shall ensure the effective utilisation of the said assistance and training opportunities.
2. For the implementation of this Agreement, the National Planning Commission of Namibia shall represent Namibia and the Ministry for Foreign Affairs of Iceland through the Icelandic International Developmental Agency (ICEIDA) shall represent Iceland (hereinafter referred to as "the Parties"). ICEIDA will be represented by a resident Country Director in Namibia.
3. The specific terms and procedures, including the financial and other obligations of the Parties in regard to specific projects, programmes and other joint activities under this Agreement (hereinafter referred to as "Projects"), will in each case be determined in a Plan of Operations with explicit references to this Agreement agreed upon by the Parties or, if authorised by the Parties, the Executing Agencies.

Article II
Executing Agencies

1. For the purpose of this Agreement the term "Executing Agencies" means any public authority or public or private corporation as well as any organisation, whether public or private, accepted by the two Governments and contracted by Iceland to implement the Plan of Operations referred to in Article I.

2. Namibia shall take the following measures with regard to the Executing Agencies:
   a) grant them free of charge and without undue delay all necessary permits and authorisations;
   b) exempt them from income tax or any other direct tax or charge in respect of any emoluments paid to them from funds or resources outside Namibia for their services in Namibia under this Agreement;
   c) exempt them from the duty to submit to the Namibian authorities any tax or

ja þá skatta- eða fjármálayfirlýsingu sem krafist er af einstaklingum eða fyrirtækjum; og

d) ekki leggja neinar gjaldeyrishömlur á fjármuni sem sendir eru sem greiðsla til Namibíu frá framkvæmdaaðilum í þágu framkvæmdar þeirrar starfsemi sem heyrir undir þennan samning og liðka fyrir gjaldeyrisviðskiptum með þessa fjármuni sem og stofnun bankareikninga, að því tilskildu að slíkir fjármunir séu ekki lán.

financial declaration required from private persons or corporations; and

d) impose no currency or foreign exchange restrictions on funds remitted to Namibia by the expatriate Executing Agencies for the implementation of the activities under this Agreement, and facilitate the exchange and the exportation of such funds as well as the opening of bank accounts provided that such funds do not constitute a loan.

III. gr.

Starfshættir við vöru- og þjónustukaup.

1. Þar sem nota á fjármagn, sem lagt er til af Íslands hálfu, til vöru- og þjónustukaupa skal Namibía útvega slíka vöru og þjónustu. Ísland mun taka að sér vöru- og þjónustukaup fyrir hönd Namibíu eða leggja til aðstoð við slík kaup ef um það er samið milli aðila. Aðilar munu ákveða eðli og umfang aðstoðar Íslands í starfsáætluninni.

2. Kaupa ber vöru- og þjónustu hjá þeim birgðalindum sem samkeppnishæfastar eru og skulu slík kaup, þegar hægt er að koma því við og um er að ræða fjárfreka kaupsamninga, grundvallast á formlegum „alþjóðlegum útboðum“ (ICB) í samræmi við almennt viðurkenndar reglur. Í starfsáætluninni geta aðilar samið um viðmiðunarmörk þau sem beita á við ICB-útboðshætti, sem og um viðunandi venjur um vörukaup neðan ICB-viðmiðunarmarka. Aðilar skulu í sameiningu ráðgast um að ákvarða hvort vörur og þjónusta af namibískum uppruna eigi að njóta einhverrar sanngjarnrar ívilnunar.

3. Þar sem fjármagn er bundið kaupum á íslenskri vöru og þjónustu á Íslandi skulu kaup gerð á sem samkeppnishæfastan hátt og, hvenær sem hægt er að koma því við, grundvallast á formlegum útboðum.

4. Þar sem kaup á vörum og þjónustu eru gerð af Namibíu skal Namibía, ef farið er fram á það af Íslands hálfu, láta Íslandi í té allar viðeigandi upplýsingar og veita aðgang að skýrslum og skrám þar að lútandi. Ráðstafanir skulu gerðar til þess að tryggja, hvenær sem hægt er að koma því við, að íslenskum aðilum, er útvega þá vöru og þjónustu sem hér um ræðir, sé gefið tækifæri til þess að taka þátt í útboðunum.

Article III

Procurement Procedures

1. Where financial resources provided by Iceland are to be utilised for procurement of goods and services, Namibia shall procure such goods and services. Iceland will undertake procurement on behalf of Namibia or provide assistance in procurement if the Parties so agree. In the Plan of Operations the Parties will determine the nature and extent of Iceland's assistance.

2. Procurement shall be made from the most competitive sources of supply and shall for large value contracts, whenever practicable, be based on formal "International Competitive Bidding" (ICB) in accordance with generally accepted principles. In the Plan of Operations the Parties may agree on a threshold for the application of ICB procedures as well as acceptable practices for procurement below ICB-threshold. The Parties shall have consultations to determine whether any preferential margin may reasonably be accorded to goods and services of Namibian origin.

3. Where resources are tied to procurement of Icelandic goods in Iceland, procurement shall be made from the most competitive sources of supply in Iceland and, whenever practicable, be based on formal competitive bidding.

4. Where procurement is undertaken by Namibia, Namibia shall, if so requested by Iceland, furnish Iceland with all relevant information and provide access to related records and documents. Steps shall be taken to ensure that, whenever practicable, Icelandic suppliers of the goods concerned shall be granted the opportunity of participating in the bidding.

5. Í starfsáætluninni geta aðilar komið sér saman um breytingar og/eða aukið við þær reglur um vöru- og þjónustukaup sem settar eru fram í þessum samningi.

IV. gr.
Starfslið.

1. Tæknileg aðstoð, sem lögð er til að beiðni Namibíu samkvæmt þessum samningi, getur verið í formi aðstoðar tæknimenntaðs starfsliðs (aðstoð í skemmri eða lengri tíma) sem ráðið er til starfa af ÞSSÍ eða annarri íslenskri framkvæmdastofnun.
   Þjónusta sú, sem fyrrnefnt starfslið lætur í té (hér eftir nefnt „starfsliðið"), er háð því hvort tiltækir séu góðir og hæfir einstaklingar með viðeigandi reynslu þegar þörf er á.
2. Lögbært namibískt yfirvald, sem annast hvert verkefni, skal láta ÞSSÍ í té fullgerðan starfstitil og starfslýsingu fyrir það starfslið sem ÞSSÍ ræður til starfa og í öðrum tilvikum, eins og við á, skilgreina þær skyldur sem tengjast þeim störfum sem inna skal af hendi og þeirri þjónustu sem láta skal í té og skilgreina nauðsynlega og æskilega hæfni umsækjenda.
3. ÞSSÍ skal láta lögbæru namibísku yfirvaldi eða framkvæmdastofnun, sem annast hvert verkefni, í té upplýsingar um menntun, fyrri starfsreynslu o.fl. sem eru nauðsynlegar til þess að meta umsækjendur um þau störf sem vísað er til hér að framan.
4. Lögbær namibísk yfirvöld, sem annast hvert verkefni, og ÞSSÍ skulu sameiginlega ákveða að hve miklu leyti beri að tilnefna mótaðila þess starfsliðs sem er til ráðstöfunar.
5. Starfsliðið skal í starfi sínu hlíta þeim namibísku lögum og reglum sem fara ekki í bága við ákvæði þessa samnings.
6. Namibía skal tryggja að starfslið utanlands frá, makar slíkra starfsmanna og einstaklingar á framfæri þeirra njóti fullrar lögverndar og enn fremur tryggja að starfsliðið, auk maka og einstaklinga á framfæri þess, sé ætíð meðhöndlað á engan síðri hátt en starfslið sem ráðið er til Namibíu af hálfu annarra þjóða eða alþjóðastofnana og innir af hendi svipuð störf. Komi, af einhverjum ástæðum, til handtöku eða frelsisskerðingar starfsliðs erlendis frá, sem Ísland útvegar, maka slíkra starfsmanna eða einstaklinga á framfæri

5. In the Plan of Operations the Parties may agree on alterations and/or additions to the procurement procedures set forth in this Agreement.

Article IV
Personnel

1. Technical assistance provided upon Namibia's request under this Agreement may be in the form of technical personnel assistance (short-term or long-term assistance) employed by ICEIDA or by another Icelandic Executing Agency.
   The provision of the services of the aforementioned personnel (hereinafter referred to as "the Personnel") is subject to the availability of suitable qualified and experienced persons at the appropriate time.
2. The competent Namibian authority for each Project shall provide ICEIDA with a complete job title and description for the Personnel engaged by ICEIDA and in other cases, as appropriate, define the duties of the position to be held and services to be rendered as well as the essential and desirable qualifications of the candidate.
3. ICEIDA shall provide the competent Namibian authority or Executing Agency for each Project with information necessary for the appraisal of the candidate for the aforementioned positions, such as training and previous professional experience.
4. The competent Namibian authority for each project and ICEIDA shall jointly decide to which extent counterparts to the Personnel made available shall be assigned.
5. In carrying out their assignment the Personnel shall comply with the laws and regulations of Namibia, which are not inconsistent with the provisions of this Agreement.
6. Namibia shall ensure that the expatriate Personnel and their spouses and dependants enjoy full protection of the law and further ensure that the Personnel and their spouses and dependants are always treated in a manner no less favorable than that enjoyed by personnel assigned to Namibia by other countries or international organisations performing similar duties. In the event of arrest or detention for any reason of expatriate Personnel made available by Iceland, or their spouses or dependants, or of criminal

þeirra, eða standi réttarhöld yfir slíkum aðilum fyrir dyrum, skal tilkynna það strax sendiráði Íslands í Namibíu, sem skal hafa rétt til að heimsækja hvern þann einstakling sem hefur þolað frelsisskerðingu eða er í haldi. Slíkur aðili skal eiga rétt á að lögfræðingur, sem ráðinn er af sendiráðinu eða af sjálfum aðilanum, komi fram fyrir hans hönd.

proceedings being instituted against such persons, the Icelandic Embassy in Namibia is to be notified immediately and shall have the right to visit any detained or arrested person. Such a person shall have the right to be represented by a lawyer assigned by the Embassy or by the person him-/herself.

7. Namibía skal ábyrgjast öryggi starfsliðs erlendis frá auk maka og einstaklinga á framfæri þess. Skapist hættuástand, sem hefur áhrif á öryggi erlendra ríkisborgara í Namibíu, skal Namibía leyfa starfsliði, ásamt mökum og einstaklingum á framfæri þess, að yfirgefa landið á sama hátt og gildir um sendierindreka erlendra ríkja sem starfa í Namibíu. Kostnaður, sem af þessu hlýst, skal dreginn frá þeirri árlegu fjárhæð sem Ísland leggur til þróunarmála í Namibíu.

7. Namibia shall ensure the security of the expatriate Personnel and their spouses and dependants. In the event of a crisis affecting the safety of foreign nationals in Namibia, Namibia shall accord repatriation facilities to the expatriate Personnel, and their spouses and dependants, equivalent to that accorded to the diplomatic personnel serving in Namibia. The costs thus incurred shall be debited to the annual amounts made available by Iceland to Namibia for development purposes.

8. Skapist aðstæður eða skilyrði, sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, skulu ríkisstjórnirnar tvær ráðgast hvor við aðra og starfa náið saman til að sem minnst hætta skapist á meiðslum starfsliðs erlendis frá, maka þeirra starfsmanna og einstaklinga á framfæri þeirra og skemmdum á hlutum í einkaeign, efni, tækjum og ökutækjum sem notuð eru við framkvæmd verkefna samkvæmt þessum samningi.

8. Should a situation or a condition referred to in paragraph 7 of this Article occur, the two Governments shall consult with each other and act in close collaboration to minimise any risk of injury to the expatriate Personnel, their spouses and dependants, or damage to the personal effects and materials, equipment and vehicles used for the implementation of the Projects under this Agreement.

9. Starfslið erlendis frá, sem við viðsjárverðar kringumstæður hlítir fyrirmælum þeim sem sendiráð Íslands í Namibíu gefur út eða gerir á annan hátt þær varúðarráðstafanir sem talið er brýnt að gera við slíkar aðstæður og getur þar af leiðandi ekki mætt til vinnu, skal ekki sakað um vanrækslu í starfi samkvæmt viðeigandi starfssamningi.

9. Expatriate Personnel acting in accordance with instructions issued by the Icelandic Embassy in Namibia in the event of a crisis or otherwise taking such precautions as are deemed to be warranted under the circumstances, and thus being restrained from reporting to work, shall not be considered to be in dereliction of duty under the relevant employment contract.

10. Namibía og Ísland skulu eiga rétt á að fara fram á heimkvaðningu sérhvers þess í starfsliðinu sem ekki er talinn skila vinnu sinni sem skyldi eða er talinn haga sér á óviðunandi hátt. Áður en slíks réttar er neytt skulu ríkisstjórnirnar tvær ráðgast hvor við aðra.

10. Namibia and Iceland shall have the right to request the recall of any member of the Personnel whose work or conduct is deemed unsatisfactory. Before exercising such a right the two Governments shall consult with each other.

11. Ef svo um semst milli aðila má flytja starfslið á milli staða eða flytja það til í starfi meðan á ráðningartíma stendur, að teknu tilliti til þess að sem minnst óhagræði og truflun verði að því er viðkomandi verkefni varðar.

11. If agreed upon by the Parties the Personnel may be transferred from one post or function to another during the period of assignment bearing in mind the least inconvenience and disturbance to the Projects.

12. Ísland skal greiða alla þóknun, laun og

12. Iceland shall cover all fees, salaries and

kostnað starfsliðsins í samræmi við reglur og reglugerðir ÞSSÍ nema slíkur kostnaður sé borinn af Namibíu á þann veg sem áskilið er í 13. mgr. þessarar greinar.

13. Með tilliti til starfsliðsins mun Namibía:
    a) leggja til og bera kostnað af innlendri aðstoð vegna starfa starfsliðsins, þar með talið hentugri skrifstofu- og/eða rannsóknastofuaðstöðu með öllum venjulegum þægindum og símaþjónustu til opinberra nota;
    b) veita starfsleyfi og leyfa fjarveru vegna orlofs, veikinda, þungunar eða fæðingar í samræmi við tilsvarandi ráðningarsamninga.
14. Namibía ábyrgist að erlendu starfsliði og mökum slíkra starfsmanna og einstaklingum á framfæri þeirra:
    a) sé veitt undanþága frá herþjónustu og annars konar herskyldu;
    b) sé heimilt að stofna bankareikninga sem eru undanþegnir sérhverjum gengis- eða gjaldeyrishömlum á erlenda fjármuni sem fluttir eru inn til Namibíu og sé leyft að versla með og flytja út slíka fjármuni sem og hvern þann ágóða af sölu húsgagna, áhalda og hluta í einkaeign sem flutt eru inn og/eða seld í samræmi við ákvæði 15. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að slíkir fjármunir séu ekki lán;
    c) sé veitt undanþága frá kröfum um atvinnuskráningu og atvinnuleyfi.
15. Namibía skal undanþiggja starfsmenn íslenska ríkisins, sem hafa starfstöð í Namibíu samkvæmt skilmálum þessa samnings, maka þeirra og einstaklinga á framfæri þeirra:
    a) greiðslu tekjuskatts/tekjuskatts einstaklinga eða hverra þeirra beinu skatta og álaga, þar með talin framlög til almannatrygginga í Namibíu, sem tengjast launum sem þeim eru greidd af Íslands hálfu fyrir þá þjónustu sem þeir veita samkvæmt ákvæðum þessa samnings;
    b) þeirri skyldu að senda namibískum stjórnvöldum þær skatta- og fjármagnsyfirlýsingar vegna launa þeirra sem að framan greinir og krafist er af ríkisborgurum Namibíu eða útlendingum með dvalarleyfi í Namibíu;
    c) i) öllum tollum og innflutnings- og útflutningsgjöldum á tólf (12) mán-

costs of the Personnel, in accordance with ICEIDA's rules and regulations, unless covered by Namibia as stipulated in paragraph 13 of this Article.

13. In respect of the Personnel, Namibia will:
    a) provide and bear the costs of local support for the work of the Personnel including suitable office and/or laboratory space with all the normal facilities thereto and telecommunication for official purposes;
    b) grant leave and absence on account of vacation, sickness, pregnancy or childbirth, in accordance with the respective employment contracts.
14. Namibia undertakes that the expatriate Personnel and their spouses and dependants are:
    a) exempted from national service and other military obligations;
    b) entitled to open bank accounts, exempted from any currency or foreign exchange restrictions imposed on external funds introduced into Namibia, and allowed to exchange and to export such funds as well as any proceeds of households goods and personal effects imported and/or sold in accordance with the provisions of paragraph 15 of this Article, provided that such funds do not constitute a loan;
    c) exempted from professional registration and licence requirements.
15. Namibia shall exempt Icelandic government officials stationed in Namibia in terms of this Agreement, their spouses and dependents from:
    a) payment of income tax/personal income tax or any other direct tax or charge, including contributions to national social security schemes, in respect of any emoluments paid to them by Iceland for their services in Namibia under this Agreement;
    b) the duty to submit to Namibian authorities any tax or financial declarations required from the citizens of Namibia or aliens residing in Namibia for the aforementioned emoluments;
    c) (i) full customs and import and export duties during a period of twelve

aða tímabili frá því að komið er til Namibíu í fyrsta sinn eða næstu tólf (12) mánuði eftir að samningur þessi öðlast gildi;

ii) öllum tollum og innflutnings- og útflutningsgjöldum vegna inn- eða útflutnings slíkra hluta, tækja og /eða vara til endurnýjunar;

Enn fremur er heimilt að flytja inn eitt nýtt eða notað vélknúið ökutæki án álagðra tolla eða innflutningsgjalda einu sinni á fjögurra (4) ára fresti.

Verði hlutir, tæki og/eða vörur, sem eru innflutt með þeim hætti er áður getur, seldir í Namibíu öðrum en þeim sem njóta sambærilegra undanþágna samkvæmt tvíhliða samningi, sem Namibía er bundin af, innan tuttugu og fjögurra (24) mánaða frá innflutningi til Namibíu skulu allir tollar, innflutningsgjöld og önnur gjöld, álögur eða skattar, sem venjulega gilda um innflutning, útflutning eða sölu slíkra hluta, tækja eða vara, þegar í stað gilda samkvæmt namibískum lögum.

16. Í neyðartilvikum skal Namibía greiða fyrir tollafgreiðslu sérstaks varnings til lækninga og heilsumatvæla til einkanota starfsliðs, maka starfsmanna og einstaklinga á framfæri þeirra. Hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöld skulu veita samþykki sitt fyrir slíku.
17. Namibía skal, án ótilhlýðilegra tafa og endurgjaldslaust, gefa út vegabréfsáritanir með ótakmarkaðri heimild til komu og brottfarar til handa starfsliði, mökum starfsmanna og einstaklingum á framfæri þeirra, sem og dvalarleyfi, vinnuleyfi og önnur nauðsynleg leyfi og/eða heimildir sem gilda skulu allan ráðningartímann.
18. Namibía skal aðstoða við tollafgreiðslu persónulegra eigna sem um getur í c-lið 15. mgr. þessarar greinar og VI. gr.
19. Namibía skal greiða fyrir útgáfu namibískra ökuskírteina til handa starfsliðinu, mökum starfsmanna og einstaklingum á framfæri þeirra eða leyfa notkun íslenskra eða alþjóðlegra ökuskírteina og greiða fyrir skráningu ökutækja til einkanota af hálfu starfsliðsins, maka og einstaklinga á framfæri þess.

(12) months from the date of first entry into Namibia or within a period of twelve (12) months from the entry into force of this Agreement;

(ii) full customs and import and export duties for import and export of replacement for such articles, equipment and/or goods;

It shall furthermore be permissible to import one new or used motor vehicle free of any customs or import duties once every four (4) years.

Should any of the articles, equipment and/or goods imported as aforesaid be sold in Namibia to any party other than a party who enjoys similar exemptions pursuant to any bilateral agreement binding on Namibia within a period of twenty-four (24) months from the date of import into Namibia, then in such an event such articles, equipment or goods shall forthwith become subject to all customs, import and other duties, levies or taxes ordinarily applicable to the import, export or sale of such articles, equipment or goods under the laws of Namibia.

16. In cases of urgency, Namibia shall facilitate the entry through customs of special medical supplies and health foods for the personal use of the Personnel, their spouses and dependants. The approval thereof shall be given by the appropriate health authority.
17. Namibia shall issue without undue delay free multiple entry and exit visas for the expatriate Personnel and their spouses and dependants as well as residence permits, work permits and other necessary permits and/or authorisations for the entire duration of the assignment.
18. Namibia shall render assistance in clearance through customs of effects mentioned under paragraphs 15 c) of this Article and Article VI.
19. Namibia shall facilitate the issuance of national driving licences to the Personnel and their spouses and dependants or allow the use of Icelandic or international driving licences and facilitate the registration of vehicles for the personal use of the Personnel and their spouses and dependants.

V. gr.
Bótaábyrgð.

1. Namibía skal:
   a) ábyrgjast sérhverjar bætur, lögsókn, málshöfðun, kröfur, skemmdir, kostnað eða útgjöld sökum dauða eða slyss á einstaklingum er tengist einhverri athöfn eða vanrækslu af hálfu framkvæmdaaðila eða starfsliðs meðan á starfsemi samkvæmt þessum samningi stendur;
   b) í öllum öðrum tilvikum, nema um sé að ræða misferli eða stórfellt gáleysi, ekki gera framkvæmdaaðila og starfslið ábyrg fyrir bótakröfu, sem og bera alla áhættu og kröfur sem stafa af, verða til vegna eða tengjast að öðru leyti einhverri framkvæmd samkvæmt þessum samningi, þar með talið rituðu og töluðu máli við skyldustörf.

   Skyldi hins vegar verða sýnt fram á misferli eða stórfellt gáleysi samkvæmt þessari málsgrein fyrir namibískum dómstólum getur Namibía látið viðkomandi einstakling bera ábyrgð á bótakröfu.
2. Ef Namibía sættist á kröfu, sem sett er fram skv. 1. mgr., á Namibía rétt á að nýta sérhvern þann rétt til uppjöfnunar, gagnkröfu, tryggingaskaðabóta, bótakröfu, framlaga eða ábyrgðar sem Ísland, framkvæmdaaðilar eða starfslið hefur rétt á að nýta sér.

Article V
Liability

1. Namibia shall:
   a) be responsible for all liabilities, suits, actions, demands, damages, costs or fees on account of death or injury to persons connected with any act or omission by the Executing Agencies or the Personnel in the course of the operations under this Agreement;

   b) in all other cases, except in cases of willful misconduct or gross negligence, indemnify the Executing Agencies and the Personnel as well as bear all risks and claims resulting from, occurring in the course of, or otherwise connected with any operation under this Agreement, including words spoken or written in the course of the performance of their duties.

   Should, however, wilful misconduct or gross negligence under this paragraph be established by a Namibian Court, Namibia may hold the person concerned liable for indemnification.
2. In the event Namibia meets any claim under paragraph 1 it is entitled to exercise and enforce any right of set-off, counterclaim, insurance, indemnity, contribution or guarantee to which Iceland, the Executing Agencies or the Personnel may become entitled.

VI. gr.
Varningur.

1. Í samningi þessum merkir „varningur“ vöru, efni, ökutæki, vélar og tæki sem lögð eru til af Íslandi eða framkvæmdaaðilum í verkefni samkvæmt þessum samningi eða annan varning sem afhentur er Namibíu samkvæmt starfsáætluninni.

2. Ísland mun, nema um annað sé samið í starfsáætluninni:
   a) greiða allan raunverulegan kostnað, svo sem innkaup, flutning og, eins og hæfa þykir, tryggingar sem tengdar eru hverri sendingu varningsins;
   b) hafa umsjón með afhendingu varningsins til Namibíu;
   c) gera kröfu um að framkvæmdaaðilar láti tilnefnda aðila í Namibíu vita um áætlaðan komutíma vörusendinga um leið

Article VI
Commodities

1. For the purpose of this Agreement, the term "Commodities" shall mean goods, materials, vehicles, machinery and equipment made available by Iceland or the Executing Agencies for Projects under this Agreement or any other Commodities delivered to Namibia under the Plan of Operations.
2. Iceland will, unless otherwise agreed in the Plan of Operations:
   a) cover the actual costs such as purchase, transport and, as appropriate, insurance connected with each consignment of the Commodities;
   b) be in charge of the delivery of the Commodities to Namibia;
   c) require that the Executing Agencies notify designated agencies in Namibia of the estimated date of arrival of the

og þær fara af stað og senda farmbréf, reikninga og aðrar skyldar upplýsingar til þeirra.

3. Namibía mun, nema annað sé tekið fram í starfsáætluninni:
   a) tilkynna Íslandi, ef nauðsynlegt telst, um hvaða innflutningsaðili skuli tollskoða og hvaða skýrslur skuli nota og upplýsa Ísland um innflutnings- og tollskoðunarstarfshætti þá sem gilda í Namibíu;
   b) gefa út, eins fljótt og auðið er og án endurgjalds, nauðsynleg innflutningsleyfi og aðrar heimildir varðandi innflutning varningsins;
   c) veita undanþágu fyrir allan varning sem Ísland útvegar vegna samnings þessa eða verkefnis honum samkvæmt frá öllum tollum sem lagðir eru á samkvæmt rituðum lögum um tolla og vörugjald. Virðisaukaskattur (VSK), sem er greiddur þegar aflað er tækjabúnaðar, efnis, ökutækja og hluta sem ætluð eru til verkefna samkvæmt samningi þessum, verður endurgreiddur að fram kominni bréflegri heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af hálfu þess ráðuneytis sem nýtur góðs af aðstoðinni;
   d) tryggja skjóta og örugga móttöku, legurúm, meðhöndlun, tollskoðun, afhendingu, svo og geymslu og frekari flutning á hinum innflutta varningi;
   e) gera allar viðeigandi ráðstafanir og stofna til þeirra málaferla sem kunna að vera nauðsynleg vegna krafna vegna taps eða skemmda, hvort heldur er í heild eða að hluta, á hverri sendingu varnings og tilkynna Íslandi þar um;
   f) greiða fyrir skráningu vélknúinna ökutækja sem flutt eru til Namibíu.
4. Varningurinn, að meðtöldum ökutækjum sem notuð eru í verkefnunum, skal verða og halda áfram að vera eign Namibíu þegar verkefnum ÞSSÍ í Namibíu lýkur. Hins vegar skal varningurinn ávallt eingöngu notaður vegna viðkomandi verkefnis, framkvæmdaáætlunar eða annarrar sameiginlegar starfsemi samkvæmt þessum samningi á meðan á framkvæmd hans stendur.

consignments immediately upon dispatch, and forward shipping documents, invoices and other related information to them.

3. Namibia will, unless otherwise agreed in relevant project documents:
   a) notify Iceland, if necessary, of the import clearance agents to be used and of the documentation required for customs clearance and inform Iceland of the import and customs clearance procedures applied in Namibia;
   b) promptly issue, free of charge, the necessary import licences and other permits on importation of the Commodities;
   c) exempt all commodities supplied on behalf of Iceland for the purpose of this Agreement or any Project under this Agreement from any duty imposed by any written law referring to customs and excise. Any Value Added Tax (VAT) paid on the acquisition of equipment, material, vehicles and articles destined to Projects under this Agreement will be refunded upon application of a VAT Refund Authorisation Letter by the Ministry which benefits from the assistance;
   d) ensure swift and safe reception, berthing, handling, clearing, forwarding as well as storing and onward transportation of the imported Commodities;
   e) take all appropriate measures and institute any proceedings that may be necessary with regard to claims for loss or damage whether total or partial of any consignment of Commodities and notify Iceland thereafter;
   f) facilitate the registration of motor vehicles brought into Namibia.
4. The Commodities, including the Projects' vehicles, shall become and remain the property of Namibia at the termination of ICEIDA's Projects in Namibia. However, the Commodities shall always be at the exclusive disposal of the respective project, programme or other joint activity under this Agreement during their implementation.

VII. gr.
Verkefnismat.

Í því skyni að fylgjast með og meta árangur samvinnunnar, svo og í því skyni að skipuleggja framtíðarsamvinnu, skulu aðilar vera hvor öðrum tiltækir til að fram geti farið gagnkvæmt samráð og veita þær upplýsingar sem eðlilegt er að farið sé fram á.

VIII. gr.
Deilur.

Sérhver deila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skal leyst með samningaviðræðum milli aðila.

IX. gr.
Breytingar.

Gera má breytingar á samningi þessum með gagnkvæmu samþykki aðila í formi bréfaskipta.

X. gr.
Gildistaka og uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi á undirritunardegi og gildir til 31. desember 2007. Hvor aðili um sig getur sagt samningi þessum upp skriflega með sex (6) mánaða fyrirvara. Samningurinn nær einnig til þeirra verkefna sem þegar eru hafin við gildistöku samningsins.

Samningur þessi kemur í stað allsherjarsamnings um fyrirkomulag og starfshætti þróunarsamvinnu milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Namibíu sem var gerður í Windhoek 22. september 1994 og breytt í Windhoek 20. september 2002.

Gjört í Windhoek hinn 15. október 2004 í tvíriti á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Gunnar Snorri Gunnarsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Namibíu
Samuel H. /Gôagoseb

Article VII
Evaluation

For the follow-up and evaluation of the cooperation as well as for the planning of future cooperation the Parties shall be available to each other for mutual consultation and give such information as may be reasonably requested.

Article VIII
Disputes

Any dispute concerning the interpretation or implementation of this Agreement shall be settled by negotiation between the Parties.

Article IX
Amendment

This Agreement may be amended by mutual consent of the Parties by exchange of letters.

Article X
Entry into Force and Termination

This Agreement shall enter into force on the date of its signature and remain in force until 31 December 2007. The Agreement can be terminated by either of the Parties by giving six (6) months written notice. The Agreement shall also cover Projects that have already been initiated at the entry into force of the Agreement.

This Agreement shall replace the General Agreement on Forms and Procedures for Development Cooperation between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Namibia, done at Windhoek on 22 September 1994, as amended in Windhoek on 20 September 2002.

Done at Windhoek on this 15th day of October 2004 in duplicate in the English language.

For the Government of the
Republic of Iceland
Gunnar Snorri Gunnarsson

For the Government of the
Republic of Namibia
Samuel H. /Gôagoseb

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á samþykktinni um alþjóðaflugmál.

Hinn 18. október 2004 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar sem gerð var í Montreal 10. maí 1984 um breytingu á samþykktinni um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49, þar sem samningurinn er birtur, og 50 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1975, 8/1979, 1/1981, 1/1988, 10/1990, 21/1992, 17/1997, 10/2002 og 44/2002. Bókunin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar sama dag.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. október 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um breytingu á samþykktinni um alþjóðaflugmál.

[3. gr. *bis*]

ÞING ALÞJÓÐAFLUGUMFERÐARSTOFNUNARINNAR,

SEM KOM SAMAN á 25. fundi sínum (aukafundi) í Montreal hinn 10. maí 1984,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að alþjóðleg flugumferð getur stuðlað að því að koma á og viðhalda vináttu og skilningi meðal ríkja og þjóða veraldar, en jafnframt að misnotkun getur stofnað almennu öryggi í hættu,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að æskilegt sé að forðast missætti og auka þá samvinnu milli ríkja og þjóða sem heimsfriður byggist á,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að nauðsynlegt sé að alþjóðleg flugumferð geti þróast á öruggan og skipulegan hátt,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að tryggja verði öryggi og líf þeirra sem eru um borð í borgaralegum loftförum í samræmi við grundvallarmannúðarhugsjónir,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að í samþykktinni um alþjóðaflugmál sem gerð var í Chicago hinn 7. desember 1944

PROTOCOL
relating to an Amendment to the Convention on International Civil Aviation

[Article 3 *bis*]

THE ASSEMBLY OF THE INTERNATIONAL CIVIL AVIATION ORGANIZATION

HAVING MET in its Twenty-fifth Session (Extraordinary) at Montreal on 10 May 1984,

HAVING NOTED that international civil aviation can greatly help to create and preserve friendship and understanding among the nations and peoples of the world, yet its abuse can become a threat to general security,

HAVING NOTED that it is desirable to avoid friction and to promote that co-operation between nations and peoples upon which the peace of the world depends,

HAVING NOTED that it is necessary that international civil aviation may be developed in a safe and orderly manner,

HAVING NOTED that in keeping with elementary considerations of humanity the safety and the lives of persons on board civil aircraft must be assured,

HAVING NOTED that in the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944 the contracting States

– viðurkenna aðildarríki samþykktarinnar að sérhvert ríki hefur fullkomin og óskoruð yfirráð yfir eigin lofthelgi,
– skuldbinda þau sig í útgáfu reglugerða um ríkisloftför sín til að taka tilhlýðilegt tillit til öryggis almenningsloftfara, og
– samþykkja að nota ekki almenningsloftför í nokkrum tilgangi sem gengur gegn markmiðum samþykktarinnar;

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að það er ásetningur aðildarríkjanna að ráðast í viðeigandi aðgerðir í þeim tilgangi að fyrirbyggja rof á lofthelgi annarra ríkja og notkun almennrar flugumferðar í tilgangi sem gengur gegn markmiðum samþykktarinnar, og að auka enn frekar öryggi alþjóðlegrar flugumferðar,

VEKUR ATHYGLI Á ÞVÍ að það er almennur vilji aðildarríkja að styrkja þá grunnreglu að vopn skuli ekki notuð gegn almenningsloftförum á flugi,

1. ÁKVEÐUR hér með að nauðsynlegt sé því að gera breytingu á samþykktinni um alþjóðaflugmál sem gerð var í Chicago hinn 7. desember 1944, og
2. SAMÞYKKIR, í samræmi við ákvæði a-liðar 94. gr. ofangreindrar samþykktar, eftirfarandi breytingu á samþykktinni:

Að bæta við, eftir 3. gr., nýrri grein, 3 *bis*, svohljóðandi:

„3. gr. *bis*

(a) Aðildarríkin viðurkenna að sérhverju ríki ber að forðast notkun vopna gegn almenningsloftförum, og að ef stöðva þurfi loftfar skuli hvorki stofna lífi farþega né öryggi loftfarsins í hættu. Þetta ákvæði ber ekki að túlka svo að það feli í sér breytingar á réttindum og skuldbindingum ríkja sem kveðið er á um í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

(b) Aðildarríkin viðurkenna að við framkvæmd yfirráðaréttar síns hefur sérhvert ríki leyfi til að krefja borgaralegt loftfar sem flýgur innan lofthelgi þess án leyfis, eða ef leiða má rök að því að verið sé að nota loftfarið á einhvern hátt sem gengur gegn markmiðum þessarar samþykktar, um að lenda á tilgreindum flug-

– recognize that every State has complete and exclusive sovereignty over the airspace above its territory,
– undertake, when issuing regulations for their state aircraft, that they will have due regard for the safety of navigation of civil aircraft, and
– agree not to use civil aviation for any purpose inconsistent with the aims of the Convention,

HAVING NOTED the resolve of the contracting States to take appropriate measures designed to prevent the violation of other States' airspace and the use of civil aviation for purposes inconsistent with the aims of the Convention and to enhance further the safety of international civil aviation,

HAVING NOTED the general desire of contracting States to reaffirm the principle of non-use of weapons against civil aircraft in flight,

1. DECIDES that it is desirable therefore to amend the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944,
2. APPROVES, in accordance with the provision of Article 94(a) of the Convention aforesaid, the following proposed amendment to the said Convention:

Insert, after Article 3, a new Article 3 *bis*:

"Article 3 *bis*

(a) The contracting States recognize that every State must refrain from resorting to the use of weapons against civil aircraft in flight and that, in case of interception, the lives of persons on board and the safety of aircraft must not be endangered. This provision shall not be interpreted as modifying in any way the rights and obligations of States set forth in the Charter of the United Nations.

(b) The contracting States recognize that every State, in the exercise of its sovereignty, is entitled to require the landing at some designated airport of a civil aircraft flying above its territory without authority or if there are reasonable grounds to conclude that it is being used for any purpose inconsistent with the aims of this

velli eða fylgja öðrum fyrirmælum svo binda megi enda á slíkt brot. Í þessum tilgangi mega aðildarríki beita öllum tiltækum ráðum sem samrýmast viðeigandi reglum þjóðaréttar, þ.m.t. viðeigandi ákvæðum þessarar samþykktar, einkum ákvæðum a-liðar þessarar greinar. Sérhvert aðildarríki samþykkir að birta gildandi reglugerðir sínar varðandi stöðvun almenningsloftfara.

(c) Sérhvert almenningsloftfar skal fara að boðum sem gefin eru skv. b-lið þessarar greinar. Í þessu skyni skal sérhvert aðildarríki setja nauðsynleg ákvæði í landslög sín eða reglugerðir til þess að slíkt verði lögboðið öllum loftförum sem skráð eru í viðkomandi ríki eða stjórnað er af aðila sem hefur höfuðstöðvar fyrirtækis síns eða lögheimili sitt í því sama ríki. Sérhvert aðildarríki skal kveða svo á að öll brot á slíkum lögum eða reglugerðum séu refsivert athæfi sem við skulu liggja þung viðurlög, og vísa slíkum málum til þar til bærra stjórnvalda í samræmi við lög sín eða reglugerðir.

(d) Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að banna megi vísvitandi notkun loftfara sem skráð eru í viðkomandi ríki, eða stjórnað er af aðila sem hefur höfuðstöðvar fyrirtækis síns eða lögheimili í sama ríki, í tilgangi sem gengur gegn markmiðum þessa sáttmála. Þetta ákvæði skal engin áhrif hafa á a-lið, né draga úr ákvæðum b- og c-liðar þessarar greinar."

3. TEKUR FRAM að í samræmi við ákvæði a-liðar framangreindrar 94. gr. samþykktarinnar skuli fullgilding eitt hundrað og tveggja aðildarríkja nægja til þess að áðurnefnd breyting taki gildi, og

4. ÁLYKTAR að framkvæmdastjóri Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skuli semja bókun á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku, sem öll teljast jafngild tungumál, þar sem sú breyting sem lagt er til að verði gerð á samþykktinni kemur fram, auk þess sem hér fer á eftir:

(a) Bókunin skal undirrituð af þingforseta og framkvæmdastjóra.

Convention; it may also give such aircraft any other instructions to put an end to such violations. For this purpose, the contracting States may resort to any appropriate means consistent with relevant rules of international law, including the relevant provisions of this Convention, specifically paragraph (a) of this Article. Each contracting State agrees to publish its regulations in force regarding the interception of civil aircraft.

(c) Every civil aircraft shall comply with an order given in conformity with paragraph (b) of this Article. To this end each contracting State shall establish all necessary provisions in its national laws or regulations to make such compliance mandatory for any civil aircraft registered in that State or operated by an operator who has his principal place of business or permanent residence in that State. Each contracting State shall make any violation of such applicable laws or regulations punishable by severe penalties and shall submit the case to its competent authorities in accordance with its laws or regulations.

(d) Each contracting State shall take appropriate measures to prohibit the deliberate use of any civil aircraft registered in that State or operated by an operator who has his principal place of business or permanent residence in that State for any purpose inconsistent with the aims of this Convention. This provision shall not affect paragraph (a) or derogate from paragraphs (b) and (c) of this Article."

3. SPECIFIES, pursuant to the provision of the said Article 94(a) of the said Convention, one hundred and two as the number of contracting States upon whose ratification the proposed amendment aforesaid shall come into force, and

4. RESOLVES that the Secretary General of the International Civil Aviation Organization draw up a Protocol, in the English, French, Russian and Spanish languages, each of which shall be of equal authenticity, embodying the proposed amendment above-mentioned and the matter hereinafter appearing:

a) The Protocol shall be signed by the President of the Assembly and its Secretary General.

(b) Bókunin skal liggja frammi til fullgildingar af hálfu sérhvers ríkis sem fullgilt hefur eða gerst aðili að framangreindri samþykkt um alþjóðaflugmál.

(c) Fullgildingarskjöl skulu afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu.

(d) Bókunin skal taka gildi að því er varðar þau ríki sem hana hafa fullgilt þann dag sem hundraðasta og annað fullgildingarskjalið er þannig afhent.

(e) Framkvæmdastjóri skal þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjum um þann dag er sérhvert fullgildingarskjal er afhent.

(f) Framkvæmdastjóri skal tilkynna öllum aðildarríkjum framangreindrar samþykktar um þann dag er bókunin tekur gildi.

(g) Að því er varðar þau aðildarríki sem fullgilda bókunina eftir framangreindan dag tekur bókunin gildi þegar fullgildingarskjalið er afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni.

b) The Protocol shall be open to ratification by any State which has ratified or adhered to the said Convention on International Civil Aviation.

c) The instruments of ratification shall be deposited with the International Civil Aviation Organization.

d) The Protocol shall come into force in respect of the States which have ratified it on the date on which the one hundred and second instrument of ratification is so deposited.

e) The Secretary General shall immediately notify all contracting States of the date of deposit of each ratification of the Protocol.

f) The Secretary General shall notify all States parties to the said Convention of the date on which the Protocol comes into force.

g) With respect to any contracting State ratifying the Protocol after the date aforesaid, the Protocol shall come into force upon deposit of its instrument of ratification with the International Civil Aviation Organization.

ÞAR AF LEIÐANDI hefur bókun þessi verið samin af framkvæmdastjóra stofnunarinnar í samræmi við ofangreinda ákvörðun þingsins,

CONSEQUENTLY, pursuant to the aforesaid action of the Assembly, this Protocol has been drawn up by the Secretary General of the Organization.

ÞESSU TIL STAÐFESTU undirrita forseti og framkvæmdastjóri framangreinds 25. fundar (aukafundar) þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar bókun þessa, með heimild þingsins.

IN WITNESS WHEREOF, the President and the Secretary General of the aforesaid Twenty-fifth Session (Extraordinary) of the Assembly of the International Civil Aviation Organization, being authorized thereto by the Assembly, sign this Protocol.

GJÖRT í Montreal hinn 10. maí 1984 í einu eintaki á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku, og teljast allir textar jafngildir. Bókun þessi skal varðveitt í skjalasafni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skal framkvæmdastjóri stofnunarinnar senda staðfest afrit af henni til allra aðildarríkja samþykktarinnar um alþjóðaflugmál sem gerð var í Chicago hinn 7. desember 1944.

DONE at Montreal on the 10th day of May of the year one thousand nine hundred and eighty-four, in a single document in the English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic. This Protocol shall remain deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, and certified copies thereof shall be transmitted by the Secretary General of the Organization to all States parties to the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 27. október 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á tilskipun ráðsins nr. 2004/82/EB frá 29. apríl 2004, um skyldu flugrekenda til að veita upplýsingar um farþega, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. október 2004.

Tilskipunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2004/82/EB frá 29. apríl 2004 um skyldu flugrekenda til að veita upplýsingar um farþega.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 2. mgr. 62. gr. og b-lið 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði konungsríkisins Spánar[1],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að berjast megi á árangursríkan hátt gegn ólöglegum innflutningi fólks og bæta landamæraeftirlit er brýnt að öll aðildarríkin setji ákvæði um skyldur flugrekenda sem flytja farþega inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Til að tryggja skilvirkari árangur skal enn fremur samræma eins og unnt er þær fjársektir, sem nú eru í gildi í aðildarríkjunum og beitt er þegar flugrekendur bregðast skyldum sínum, að teknu tilliti til mismunandi réttarkerfa og -venja í aðildarríkjunum.

1 Stjtíð. EB C 82, 5.4.2003, bls. 23.

COUNCIL DIRECTIVE 2004/82/EC of 29 April 2004 on the obligation of carriers to communicate passenger data

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(a) and Article 63(3)(b) thereof,

Having regard to the initiative of the Kingdom of Spain[1],

Whereas:

(1) In order to combat illegal immigration effectively and to improve border control, it is essential that all Member States introduce provisions laying down obligations on air carriers transporting passengers into the territory of the Member States. In addition, in order to ensure the greater effectiveness of this objective, the financial penalties currently provided for by the Member States for cases where carriers fail to meet their obligations should be harmonised to the extent possible, taking into account the differences in legal systems and practices between the Member States.

1 OJ C 82, 5.4.2003, p. 23.

2) Leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum dagana 25. og 26. mars 2004 yfirlýsingu um baráttuna gegn hryðjuverkum og lagði þar áherslu á þörfina á að flýta því að kanna mögulegar ráðstafanir á þessu sviði og vinna að fyrirhugaðri tilskipun ráðsins um skyldu flugrekenda til að veita upplýsingar um farþega í því skyni að sú ráðstöfun komi fljótt til framkvæmda.

3) Mikils er um vert að ekki myndist tómarúm í aðgerðum bandalagsins í baráttunni gegn ólöglegum innflutningi fólks.

4) Frá og með 1. maí 2004 getur ráðið ekki lengur gripið til aðgerða að frumkvæði aðildarríkis.

5) Ráðið hefur fullreynt alla möguleika á að fá tímanlega álit Evrópuþingsins.

6) Við þessar sérstöku aðstæður ber að samþykkja tilskipunina án álits Evrópuþingsins.

7) Þær skyldur sem lagðar verða á herðar flugrekendum samkvæmt þessari tilskipun koma til fyllingar þeim sem voru lagðar á herðar þeim með ákvæðum 26. gr. Schengen-samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, eins og aukið var við hann með tilskipun ráðsins 2001/51/EB[2], þar sem þessar tvenns konar skyldur þjóna sama markmiði, að stemma stigu við straumi innflytjenda og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks.

8) Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga[3] hefur þetta engin áhrif á rétt aðildarríkjanna til að viðhalda eða innleiða viðbótarskyldur, þótt þeirra sé ekki getið í þessari tilskipun, að því er varðar flugrekendur eða aðra flytjendur, þ.m.t. upplýsingar eða gögn um farseðil til baka.

9) Til að berjast megi á árangursríkan hátt gegn ólöglegum innflutningi fólks og tryggja skilvirkari árangur er nauðsynlegt að taka sem fyrst mið af tækninýjungum, einkum að því er varðar samþættingu og notkun manngreiniþátta í upplýsingum frá flytjendum, sbr. þó ákvæði tilskipunar 95/46/EB.

(2) The European Council of 25 and 26 March 2004 adopted a Declaration on combating terrorism stressing the need to expedite examination of measures in this area and take work forward on the proposed Council Directive on the obligation of carriers to communicate passenger data with a view to an early conclusion on this measure.

(3) It is important to avoid a vacuum in the Community's action in combating illegal immigration.

(4) As from 1 May 2004 the Council can no longer act on an initiative of a Member State.

(5) The Council has exhausted all possibilities to obtain in time the opinion of the European Parliament.

(6) Under these exceptional circumstances the Directive should be adopted without the opinion of the European Parliament.

(7) The obligations to be imposed on carriers by virtue of this Directive are complementary to those established pursuant to the provisions of Article 26 of the 1990 Schengen Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985, as supplemented by Council Directive 2001/ 51/EC[2], the two types of obligation serving the same objective of curbing migratory flows and combating illegal immigration.

(8) Without prejudice to the provisions of Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data[3], the freedom of the Member States to retain or introduce additional obligations for air-carriers or some categories of other carriers, including information or data in relation to return tickets, whether referred to in this Directive or not, should not be affected.

(9) In order to combat illegal immigration more effectively and in order to ensure the greater effectiveness of this objective, it is essential that, without prejudice to the provisions of Directive 95/46/EC, account be taken at the earliest opportunity of any technological innovation, especially with reference to the

2 Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 45.
3 Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

2 OJ L 187, 10.7.2001, p. 45.
3 OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

integration and use of biometric features in the information to be provided by the carriers.

10) Aðildarríkin skulu tryggja að í hvers konar málsmeðferð sem hafin er gegn flugrekendum, sem gæti leitt til viðurlaga, sé virtur málsvarnar- og málskotsréttur gegn slíkum ákvörðunum.

(10) Member States should ensure that in any proceedings brought against carriers which may result in the application of penalties, the rights of defence and the right of appeal against such decisions can be exercised effectively.

11) Þessar ráðstafanir eru tengdar þeim möguleikum til eftirlits sem eru gefnir í ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen (SCH/Com-ex (94) 17, 4. endursk.), með það að markmiði að auka eftirlit á landamærum og að láta fara fram nákvæmt allsherjareftirlit með öllum farþegum með því að senda upplýsingar um farþega til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á slíku eftirliti.

(11) These measures take up the control options set out in the Decision of the Executive Committee of Schengen (SCH/Com-ex (94) 17-rev. 4), aimed at enabling border checks to be increased and providing for sufficient time to enable detailed and comprehensive checks to be carried out on all passengers through the transmission of passenger data to the authorities responsible for carrying out such controls.

12) Tilskipun 95/46/EB gildir að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá yfirvöldum aðildarríkjanna. Í þessu felst að þótt lögmætt verði að vinna einnig upplýsingar um farþega, sem eru sendar vegna eftirlits á landamærum, til rökstuðnings í málsmeðferð sem miðar að fullnustu laga og reglna um komu og innflytjendur, þ.m.t. ákvæði þeirra um verndun allsherjarreglu („ordre public“) og þjóðaröryggis, stangast öll frekari vinnsla þeirra, sem samrýmist ekki þeim tilgangi, á við meginregluna sem er sett fram í b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB. Aðildarríkjunum ber að koma upp kerfi viðurlaga sem gilda ef um er að ræða notkun sem fer í bága við tilgang þessarar tilskipunar.

(12) Directive 95/46/EC applies with regard to the processing of personal data by the authorities of the Member States. This means, that whereas it would be legitimate to process the passenger data transmitted for the performance of border checks also for the purposes of allowing their use as evidence in proceedings aiming at the enforcement of the laws and regulations on entry and immigration, including their provisions on the protection of public policy (ordre public) and national security, any further processing in a way incompatible with those purposes would run counter to the principle set out in Article 6(1)(b) of Directive 95/46/EC. Member States should provide for a system of sanctions to be applied in the event of use contrary to the purpose of the present Directive.

13) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi tilskipun er byggð á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa hvort hún tekur hana upp í landslög.

(13) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Directive, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Directive builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Directive whether it will implement it in its national law.

14) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi tilskipun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4] sem falla innan sviðsins sem um getur í E-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5].

15) Breska konungsríkið tekur þátt í þessari tilskipun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins og fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[6].

16) Írland tekur þátt í þessari tilskipun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar þar sem Schengen-gerðirnar eru felldar inn í lagaramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[7].

17) Þessi tilskipun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.
Markmið.

Markmið þessarar tilskipunar eru að bæta landamæraeftirlit og berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks með því að flugrekendur sendi fyrirfram upplýsingar um farþega til lögbærra, innlendra yfirvalda.

4 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
5 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
6 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
7 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

(14) As regards Iceland and Norway, this Directive constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis[4], which fall within the area referred to in Article 1, point E, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

(15) The United Kingdom is taking part in this Directive in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[6].

(16) Ireland is taking part in this Directive in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, and Article 6(2) of Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[7].

(17) This Directive constitutes an act building upon the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the 2003 Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

Article 1
Objective

This Directive aims at improving border controls and combating illegal immigration by the transmission of advance passenger data by carriers to the competent national authorities.

4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
6 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
7 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flugrekandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur farþegaflutning í lofti að atvinnu,
b) „ytri landamæri“: ytri landamæri aðildarríkjanna að þriðju löndum,
c) „landamæraeftirlit“: eftirlit sem er viðhaft á landamærum sem eingöngu tengist ásetningi um að fara yfir þau landamæri, án tillits til annarra aðstæðna,
d) „landamærastöð“: staður þar sem lögbær yfirvöld heimila að farið sé yfir ytri landamærin,
e) „persónuupplýsingar“, „vinnsla persónuupplýsinga“ og „skráningarkerfi fyrir persónuupplýsingar“: eins og mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

Article 2
Definitions

For the purpose of this Directive:

(a) "carrier" means any natural or legal person whose occupation it is to provide passenger transport by air;
(b) "external borders" means the external borders of the Member States with third countries;
(c) "border control" means a check carried out at a border in response exclusively to an intention to cross that border, regardless of any other consideration;
(d) "border crossing point" means any crossing point authorised by the competent authorities for crossing external borders;
(e) "personal data", "processing of personal data" and "personal data filing system" have the meaning as stipulated under Article 2 of Directive 95/46/EC.

3. gr.
Sending upplýsinga.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skylda flugrekendur til að senda, eftir innritun, að beiðni yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits með einstaklingum á ytri landamærum, upplýsingar um farþega sem ferðast með þeim til viðurkenndra landamærastöðva og fara þar inn á yfirráðasvæði aðildarríkis.

2. Í framangreindum upplýsingum skulu eftirfarandi atriði koma fram:
   – fjöldi og tegund ferðaskilríkja sem eru notuð,
   – ríkisfang,
   – fullt nafn,
   – fæðingardagur,
   – landamærastöðin þar sem farið er inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
   – flutningskóði,
   – brottfarar- og komutími farþegans,
   – heildarfjöldi farþega sem eru fluttir,
   – staður þar sem fyrst var farið um borð.
3. Sending framangreindra upplýsinga leysir flugrekendur aldrei undan þeirri skyldu og ábyrgð sem mælt er fyrir um í ákvæðum 26. gr. Schengen-samningsins, eins og bætt var við hann með tilskipun 2001/51/EB.

Article 3
Data transmission

1. Member States shall take the necessary steps to establish an obligation for carriers to transmit at the request of the authorities responsible for carrying out checks on persons at external borders, by the end of check-in, information concerning the passengers they will carry to an authorised border crossing point through which these persons will enter the territory of a Member State.
2. The information referred to above shall comprise:
   – the number and type of travel document used,
   – nationality,
   – full names,
   – the date of birth,
   – the border crossing point of entry into the territory of the Member States,
   – code of transport,
   – departure and arrival time of the transportation,
   – total number of passengers carried on that transport,
   – the initial point of embarkation.
3. In any case the transmission of the above mentioned data does not discharge the obligations and responsibilities laid down in the provisions of Article 26 of the Schengen Convention for carriers, as supplemented by Directive 2001/51/EC.

4. gr.
Viðurlög.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita viðurlögum gagnvart flugrekendum sem senda ekki upplýsingar vegna vanrækslu eða senda ófullnægjandi eða rangar upplýsingar. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögin séu letjandi, árangursrík og í réttu hlutfalli við brot og:
   a) að annaðhvort sé hámarksfjárhæð slíkra viðurlaga ekki lægri en 5000 evrur, eða jafngildi þeirra í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins daginn sem þessi tilskipun öðlast gildi, fyrir hverja ferð sem er farin án þess að upplýsingar um farþega séu sendar eða þær sendar á rangan hátt, eða
   b) að lágmarksfjárhæð slíkra viðurlaga sé ekki lægri en 3000 evrur, eða jafngildi þeirra í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins daginn sem þessi tilskipun öðlast gildi, fyrir hverja ferð sem er farin án þess að upplýsingar um farþega séu sendar eða þær sendar á rangan hátt.
2. Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða grípi til annarra viðurlaga, s.s. kyrrsetningar, löghalds og eignaupptöku flutningatækisins eða tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar rekstrarleyfis, þegar um er að ræða flugrekendur sem brjóta alvarlega í bága við þær skyldur sem ákvæði þessarar tilskipunar hafa í för með sér.

Article 4
Sanctions

1. Member States shall take the necessary measures to impose sanctions on carriers which, as a result of fault, have not transmitted data or have transmitted incomplete or false data. Member States shall take the necessary measures to ensure that sanctions are dissuasive, effective and proportionate and that either:
   (a) the maximum amount of such sanctions is not less than EUR 5000, or than the equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal of the European Union on the day on which this Directive enters into force for each journey for which passenger data were not communicated or were communicated incorrectly; or
   (b) the minimum amount of such sanctions is not less than EUR 3000, or than the equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal of the European Union on the day on which this Directive enters into force for each journey for which passenger data were not communicated or were communicated incorrectly.
2. This Directive shall not prevent Member States from adopting or retaining, for carriers which infringe very seriously the obligations arising from the provisions of this Directive, other sanctions, such as immobilisation, seizure and confiscation of the means of transport, or temporary suspension or withdrawal of the operating licence.

5. gr.
Málsmeðferð.

Aðildarríkin skulu tryggja að í innlendum lögum og stjórnsýslufyrirmælum sé kveðið á um að flugrekendur, sem málsmeðferð er hafin gegn í því skyni að beita þá viðurlögum, eigi raunverulegan rétt á málsvörn og málskoti.

Article 5
Proceedings

Member States shall ensure that their laws, regulations and administrative provisions stipulate that carriers against which proceedings are brought with a view to imposing penalties have effective rights of defence and appeal.

6. gr.
Gagnavinnsla.

1. Senda skal persónuupplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., til yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits á ytri landamærum með einstaklingum, sem þar koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, til að greiða

Article 6
Data processing

1. The personal data referred to in Article 3(1) shall be communicated to the authorities responsible for carrying out checks on persons at external borders through which the passenger will enter the territory of a

fyrir slíku eftirliti með það að markmiði að berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks á skilvirkari hátt.

Aðildarríkin skulu tryggja að flugrekendur safni þessum upplýsingum og sendi rafrænt eða, ef um er að ræða bilun, á einhvern annan hátt til yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd landamæraeftirlits á viðurkenndum landamærastöðvum þar sem farþegar koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis. Yfirvöldin sem bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits með einstaklingum á ytri landamærum skulu vista upplýsingarnar í bráðabirgðaskrá.

Eftir að farþegar eru komnir inn á svæðið skulu yfirvöldin eyða upplýsingunum innan 24 klst. eftir sendingu, nema frekari þörf sé á þeim til að inna af hendi lögboðin störf yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með einstaklingum á ytri landamærum, í samræmi við innlend lög og með fyrirvara um ákvæði um gagnavernd samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skylda flugrekendur til að eyða, innan sólarhrings frá komu flutningatækisins skv. 1. mgr. 3. gr., þeim persónuupplýsingum sem þeir hafa safnað og sent til landamærayfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að nota persónuupplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., til fullnustu laga í samræmi við innlend lög og með fyrirvara um ákvæði um gagnavernd samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skylda flugrekendur til að upplýsa farþega í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB. Upplýsingarnar, sem um getur í c-lið 10. gr. og c-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 95/46/EB, falla einnig undir þetta.

7. gr.
Lögleiðing.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 5. september 2006. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru

Member State, for the purpose of facilitating the performance of such checks with the objective of combating illegal immigration more effectively.

Member States shall ensure that these data are collected by the carriers and transmitted electronically or, in case of failure, by any other appropriate means to the authorities responsible for carrying out border checks at the authorised border crossing point through which the passenger will enter the territory of a Member State. The authorities responsible for carrying out checks on persons at external borders shall save the data in a temporary file.

After passengers have entered, these authorities shall delete the data, within 24 hours after transmission, unless the data are needed later for the purposes of exercising the statutory functions of the authorities responsible for carrying out checks on persons at external borders in accordance with national law and subject to data protection provisions under Directive 95/46/EC.

Member States shall take the necessary measures to oblige carriers to delete, within 24 hours of the arrival of the means of transportation pursuant to Article 3(1), the personal data they have collected and transmitted to the border authorities for the purposes of this Directive.

In accordance with their national law and subject to data protection provisions under Directive 95/46/EC, Member States may also use the personal data referred to in Article 3(1) for law enforcement purposes.

2. Member States shall take the necessary measures to oblige the carriers to inform the passengers in accordance with the provisions laid down in Directive 95/46/EC. This shall also comprise the information referred to in Article 10(c) and Article 11(1)(c) of Directive 95/46/EC.

Article 7
Transposal

1. Member States shall take the necessary measures to comply with this Directive not later than 5 September 2006. They shall forthwith inform the Commission thereof.

When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such

birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

9. gr.
Viðtakendur.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWEL
forseti.

reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.

2. Member States shall communicate the main provisions of national law which they adopt in the field covered by this Directive to the Commission.

Article 8
Entry into force

This Directive shall enter into force 30 days after its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 9
Addressees

This Directive is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Luxembourg, 29 April 2004.

For the Council

The President
M. McDowell

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 27. október 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/581/EB frá 29. apríl 2004, varðandi lágmarksupplýsingar á skiltum á ytri landamærastöðvum, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. október 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS frá 29. apríl 2004 varðandi lágmarksupplýsingar á skiltum á ytri landamærastöðvum. (2004/581/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Grikklands[1],

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins[2],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að uppfæra þær upplýsingar sem nú eru á skiltum á ytri landamærastöðvum á flugvöllum, sem beina fólki í ákveðnar raðir við komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eins og um getur í ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen SCH/COM-EX (94) 17, 4. endursk., frá 22. desember 1994 um upptöku og framkvæmd Schengen-kerfisins í flughöfnum og á flugvöllum (minni flughöfnum)[3] til þess að uppfylla skilyrði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess, annars vegar, og ríkjasambandsins Sviss, hins vegar, um frjálsa för fólks.
2) Einnig er nauðsynlegt að ákvarða á samræmdan hátt hvaða upplýsingar skulu vera á nýjum skiltum sem beina farþegum í ákveðnar raðir á ytri landamærum á landi og sjó þar sem slíkar raðir eru notaðir.
3) Til að komast hjá því að leggja óhóflegar fjárhagsbyrðar á aðildarríkin er rétt að kveða á um fimm ára aðlögunartímabil þar sem ákvæði þessarar ákvörðunar gilda einungis þegar aðildarríki setja upp ný skilti eða skipta út eldri skiltum.
4) Í samræmi við 1. gr. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar

1 Stjtíð. C 125, 27.3.2003, bls. 6.
2 Áliti var skilað 18. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).
3 Stjtíð. L 239, 22.9.2000, bls. 168.

COUNCIL DECISION of 29 April 2004 determining the minimum indications to be used on signs at external border crossing points (2004/581/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(a) thereof,

Having regard to the initiative of the Hellenic Republic[1],

Having regard to the opinion of the European Parliament[2],

Whereas:

1. It is necessary to update the existing indications on signs at external air border crossing points marking the channels for persons entering the territory of the Member States contained in Schengen Executive Committee Decision SCH/COM-EX (94) 17, rev 4 of 22 December 1994 introducing and applying the Schengen arrangements in airports and aerodromes[3] in order to take account of the Agreement on the European Economic Area and of the Agreement between the European Community and its Member States, of the one part, and the Swiss Confederation, of the other part, on the free movement of persons.
2. It is also necessary to determine, in a uniform manner, the indications for new signs marking the passenger channels at external land and sea borders, where such channels are used.
3. In order to avoid a disproportionate financial burden on Member States, it is appropriate to provide for a transitional period of five years during which the provisions of this Decision only apply where Member States set up new signs or replace existing ones.
4. In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the

1 OJ C 125, 27.3.2003, bls. 6.
2 Opinion delivered on 18 November 2003 (not yet published in the Official Journal).
3 OJ L 239, 22.9.2000, bls. 168.

ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggir á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks III. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún muni taka hana upp í landslög.

5) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[4] sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5].

6) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[6]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

7) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[7]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

8) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

4 Stjtíð. L 176, 10.7.1999, bls. 36.
5 Stjtíð. L 176, 10.7.1999, bls. 31.
6 Stjtíð. L 131, 1.6.2000, bls. 43.
7 Stjtíð. L 64, 7.3.2002, bls. 20.

adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part III of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will implement it in its national law.

5. As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[4], which fall within the area referred to in Article 1, point A of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5].

6. This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[6]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

7. This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[7]; Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

8. This Decision constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the 2003 Act of Accession.

HAS ADOPTED THIS DECISION:

4 OJ L 176, 10.7.1999, bls. 36.
5 OJ L 176, 10.7.1999, bls. 31.
6 OJ L 131, 1.6.2000, bls. 43.
7 OJ L 64, 7.3.2002, bls. 20.

1. gr.

Aðildarríkin skulu útbúa aðskildar raðir á viðurkenndum landamærastöðvum á flugvöllum á ytri landamærum þeirra til þess að sinna nauðsynlegu eftirliti með fólki sem kemur inn á yfirráðasvæði þeirra. Raðirnar skulu aðgreindar með skiltunum sem um getur í 2. gr.

Nota skal sömu skilti ef aðildarríkin útbúa aðskildar raðir á landamærastöðvum á ytri landamærum þeirra á landi og sjó.

2. gr.

Upplýsingarnar á skiltunum, sem má birta á tölvuskjá, skulu koma fram í viðaukunum.

Þessar upplýsingar geta verið á því tungumáli eða þeim tungumálum sem hvert aðildarríki telur viðeigandi.

3. gr.

1. Eftirtaldir einstaklingar:
   a) ríkisborgarar ESB,
   b) ríkisborgarar ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
   c) ríkisborgarar ríkjasambandsins Sviss og
   d) aðstandendur þeirra sem um getur í a-, b- og c-lið hér að framan, sem eru ekki ríkisborgarar neins þessara ríkja og njóta góðs af lagaákvæðum bandalagsins um frjálsa för ríkisborgara Evrópusambandsins,

   eiga rétt á því að fara í þá röð sem er auðkennd með merkingunni í I. viðauka. Þeir geta einnig farið í röðina sem er auðkennd með merkingunni í II. viðauka.
2. Allir aðrir ríkisborgarar þriðju landa skulu fara í röðina sem er auðkennd með merkingunni í II. viðauka.
3. Ef um er að ræða tímabundið ójafnvægi í umferð um tiltekna landamærastöð er lögbærum yfirvöldum þó heimilt að víkja frá reglunum, sem varða mismunandi raðir, svo lengi sem þarf til þess að koma aftur á jafnvægi.

4. gr.

Á landamærastöðvum á landi og á höfnum við sjó er aðildarríkjunum heimilt að beina umferð ökutækja inn á aðgreindar raðir fyrir létt eða þung ökutæki og hópbifreiðar, með skiltum sem eru sýnd í III. viðauka.

Aðildarríkjunum er heimilt að breyta upp-

Article 1

Member States shall provide separate lanes at authorised air border crossing points at their external borders in order to carry out the necessary border checks on persons entering their territory. The lanes shall be differentiated by means of the signs referred to in Article 2.

The same signs shall be used if Member States provide separate lanes at land and sea border crossing points at their external borders.

Article 2

The indications on the signs, which may be displayed electronically, shall be set out in the Annexes.

These indications may be displayed in such language or languages as each Member State considers appropriate.

Article 3

1. The following persons:
   a) citizens of the EU;
   b) nationals of States parties to the Agreement on the European Economic Area;
   c) nationals of the Swiss Confederation; and
   d) members of the families of persons mentioned in (a), (b) and (c) above who are not nationals of one of those States, and who benefit from the provisions of Community law on the free movement of citizens of the European Union

   are entitled to use the lane indicated by the sign in Annex I. They may also use the lane indicated by the sign in Annex II.

2. All other third-country nationals shall use the lane indicated by the sign in Annex II.

3. However, in the event of a temporary imbalance in the traffic flows at a particular border crossing point, the rules relating to the use of the different lanes may be waived by the competent authorities for the time necessary to eliminate such imbalance.

Article 4

At land and seaport border crossing points, Member States may separate vehicle traffic into different lanes for light and heavy vehicles and buses, by using signs as shown in Annex III.

Member States may vary the indications on

lýsingunum á þessum skiltum allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

5. gr.

Ákvæði 2. liðar viðaukans (SCH/I-Front (94) 39, 9. endursk.) við ákvörðun framkvæmdanefndar Schengen SCH/COM-EX (94) 17, 4. endursk. frá 22. desember 1994, ásamt 2. lið ákvörðunarinnar sem fylgir þeim viðauka um upptöku og framkvæmd Schengen-kerfisins í flughöfnum og á flugvöllum (minni flughöfnum), falli úr gildi.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2004 að svo miklu leyti sem aðildarríki setja upp ný skilti eða endurnýja eldri skilti á landamærastöðvum sem falla undir gildissvið þessarar ákvörðunar. Í öllum öðrum tilvikum öðlast ákvörðun þessi gildi 1. júní 2009.

7. gr.

Ákvörðun þessi gildir ekki um landamæri milli aðildarríkja sem 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003 tekur til.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

these signs where appropriate in the light of local circumstances.

Article 5

Point 2 of the Annex (SCH/I-Front (94) 39 rev. 9) to Schengen Executive Committee Decision SCH/COM-EX(94) 17, rev 4 of 22 December 1994, together with point 2 of the Decision attached to that Annex on introducing and applying the Schengen arrangements in airports and aerodromes (secondary airports), shall be repealed.

Article 6

This Decision shall apply from 1 June 2004 in so far as Member States set up new signs or replace existing signs at border crossing points covered by this Decision. In all other cases, this Decision shall apply from 1 June 2009.

Article 7

This Decision shall not apply to borders between Member States governed by Article 3(2) of the 2003 Act of Accession.

Article 8

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Luxembourg, 29 April 2004.

For the Council

The President
M. McDOWELL

I. VIÐAUKI



([1])

([1]) Ekki er þörf á kennimerki fyrir Noreg og Ísland.

ANNEX I



([1])

([1]) No logo is required for Norway and Iceland.

II. VIÐAUKI



ANNEX II



III. VIÐAUKI



([1])



([2])



([3])

([1]) Ekki er þörf á kennimerki fyrir Noreg og Ísland.
([2]) Ekki er þörf á kennimerki fyrir Noreg og Ísland.
([3]) Ekki er þörf á kennimerki fyrir Noreg og Ísland.

ANNEX III



([1])



([2])



([3])

([1]) No logo is required for Norway and Iceland.
([2]) No logo is required for Norway and Iceland.
([3]) No logo is required for Norway and Iceland.


ALL
PASSPORTS
CARS


ALL
PASSPORTS
LORRIES


ALL
PASSPORTS
BUSES


ALL
PASSPORTS
CARS


ALL
PASSPORTS
LORRIES


ALL
PASSPORTS
BUSES

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 27. október 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/466/EB frá 29. apríl 2004, um breytingu á sameiginlegu handbókinni til að fella inn í hana ákvæði um markvisst landamæraeftirlit með ólögráða börnum í fylgd með fullorðnum, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. október 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 29. apríl 2004 um breytingu á sameiginlegu handbókinni til að fella inn í hana ákvæði um markvisst landamæraeftirlit með ólögráða börnum í fylgd með fullorðnum.
(2004/466/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 790/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærum[1],

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Ítalíu, og

að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að setja sérstakar verklagsreglur um eftirlit með fólki, sem fer yfir ytri landamærin, við komu og brottför, þ.m.t. eftirlit með ólögráða börnum í fylgd með fullorðnum, einkum þar sem þeir sem fylgja eða virðast fylgja ólögráða börnum stunda í raun oft mansal, og kveða skal á um að landamæraeftirlitsyfirvöld gefi öllum ólögráða börnum á ferðalagi sérstakan gaum.

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 5.

COUNCIL DECISION
of 29 April 2004 amending the Common Manual in order to include provision for targeted border controls on accompanied minors
(2004/466/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 790/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for carrying out border checks and surveillance[1],

Having regard to the initiative of the Italian Republic,

Whereas:

(1) It is necessary to adopt special procedures for entry and exit checks on persons crossing the external borders, including on accompanied minors, given especially that the persons accompanying or supposedly accompanying minors are in fact often traffickers in human beings, and provision should be made for border control authorities to pay particular attention to all travelling minors.

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 5.

2) Í 5. tölul. yfirlýsingar framkvæmdanefndarinnar frá 9. febrúar 1998 um brottnám ólögráða barna segir: „Það er einnig brýnt að þau yfirvöld, sem annast landamæraeftirlit á ytri landamærunum, sinni kerfisbundnu eftirliti með persónuskilríkjum og ferðaskilríkjum ólögráða barna. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef ólögráða börn ferðast með aðeins einum fullorðnum einstaklingi."

3) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún taki hana upp í landslög.

4) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB[2] um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.

5) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[3]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

6) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki

(2) Point 5 of the Declaration of the Executive Committee of 9 February 1998 on the abduction of minors states that "it is equally imperative that the authorities responsible for border control systematically check the identity papers and the travel documents of minors. This is particularly important if minors are travelling in the company of just one adult".

(3) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark, annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Decision builds upon the Schengen acquis, under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide, within a period of six months after the Council has adopted this Decision, whether it will implement it into its national law.

(4) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis, within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis, which fall within the area referred to in Article 1, point A of Council Decision 1999/437/EC[2] on certain arrangements for the application of that Agreement.

(5) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[3]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(6) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which

2 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
3 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

2 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
3 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[4]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

7) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum í annarri málsgrein liðar 6.8.1 II. hluta sameiginlegu handbókarinnar, þar sem segir:

„Eftirlitsstarfsmenn verða að veita sérstaka athygli ólögráða börnum sem ferðast ein“ er breytt sem hér segir:

„Eftirlitsstarfsmenn verða að veita sérstaka athygli ólögráða börnum, hvort sem þau ferðast ein eða eru í fylgd með fullorðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWEL
forseti.

4 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[4]; Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

(7) This Decision constitutes an act building upon the Schengen acquis or otherwise related to it, within the meaning of Article 3(1) of the Act of Accession,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

In the second paragraph of point 6.8.1 of part II of the Common Manual, the sentence reading:

"Staff carrying out checks must pay particular attention to minors travelling unaccompanied" shall be amended as follows:

"Staff carrying out checks must pay particular attention to minors, whether travelling accompanied or unaccompanied".

Article 2

This Decision shall enter into force on the day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

Article 3

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Luxembourg, 29 April 2004.

For the Council

The President
M. McDowell

4 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 27. október 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/574/EB frá 29. apríl 2004, um breytingu á sameiginlegu handbókinni, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. október 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 29. apríl 2004
um breytingu á sameiginlegu handbókinni.
(2004/574/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 790/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærum[1],

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Ítalíu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með í huga þá samhæfingu, sem næst á grundvelli viðmiðana fyrir synjun komu á ytri landamærum aðildarríkjanna, er æskilegt að geta séð ástæður fyrri ákvarðana um að synja útlendingi komu. Því er nauðsynlegt að nota staðlað eyðublað fyrir synjun komu þar sem mögulegar ástæður synjunar eru flokkaðar og taka fram í vegabréfi viðkomandi útlendings ástæðu eða ástæður synjunarinnar. Því ber að

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 5.

COUNCIL DECISION
of 29 April 2004
amending the Common Manual
(2004/574/CE)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 790/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for carrying out border checks and surveillance[1],

Having regard to the initiative of the Italian Republic,

Whereas:

1) Given the level of harmonisation reached on the criteria for the refusal of entry at the external borders of the Member States, it is desirable to be able to identify the reasons for a previous decision to refuse the entry of an alien. It is therefore necessary to use a standard form for refusal of entry, which includes a categorisation of the possible reasons for refusal, and to indicate in the passport of the

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 5.

breyta sameiginlegu handbókinni[2] til samræmis við það. Kveðið er á um möguleika á að kæra ákvörðun synjunar komu í landslögum.

2) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggir á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún muni taka hana upp í landslög.

3) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[3] sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[4].

4) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Breska konungsríkið tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna[5]. Breska konungsríkið tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

5) Þessi ákvörðun telst vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum

alien concerned the reason(s) for refusal. The Common Manual[2] should therefore be amended accordingly. The possibilities to appeal against the decision for refusal of entry are provided for in national law.

2) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. Given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark shall, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide, within a period of six months after the Council has adopted this Decision, whether it will implement it in its national law.

3) As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[3], which fall within the area referred to in Article 1, point A, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[4].

4) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which the United Kingdom does not take part, in accordance with Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis[5]; the United Kingdom is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

5) This Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis in which Ireland does not take part, in accordance with Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to

2 Stjtíð. EB C 313, 16.12.2002, bls. 97. Handbókinni var síðast breytt með ákvörðun 2004/466/EB (Stjtíð. EB L 157, 30.4.2004, bls. 136).
3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
4 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
5 Stjtíð. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

2 OJ C 313, 16.12.2002, p. 97. Manual as last amended by Decision 2004/466/EC (OJ L 157, 30.4.2004, p. 136).
3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
5 OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

ákvæðum Schengen-gerðanna[6]. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt hennar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

6) Þessi ákvörðun er gerð sem byggist á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. hluta sameiginlegu handbókarinnar er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi texti bætist við í lok tölul. 1.4.1:

„Í því skyni skal fylla út staðlað eyðublað fyrir synjun komu á landamærum, sem er að finna í 16. viðauka, og afhenda það viðkomandi útlendingi."

2. Í stað tölul. 1.4.1a komi eftirfarandi:

„1.4.1a Þegar eftirlitsfulltrúinn synjar einhverjum um komu skal hann setja komustimpil í vegabréfið og strika yfir hann kross með svörtu bleki og færa inn til hægri bókstaf eða bókstafi með skjalableki sem tilgreina ástæðu eða ástæður synjunar komu á stöðluðu eyðublaði fyrir synjun komu á landamærum sem er að finna í 16. viðauka."

2. gr.

Staðlað eyðublað fyrir synjun komu á landamærum, sem er í viðaukanum við þessa ákvörðun, bætist við sem 16. viðauki við sameiginlegu handbókina.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

6 Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

take part in some of the provisions of the Schengen acquis[6]; Ireland is therefore not taking part in its adoption and is not bound by it or subject to its application.

6) This Decision constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(1) of the Act of Accession.

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

Part II of the Common Manual is hereby amended as follows:

1. the following sentence shall be added at the end of Section 1.4.1:
"To that end a standard form for refusal of entry at the border as contained in Annex 16 shall be filled in and handed to the alien concerned."

2. Section 1.4.1a shall be replaced by the following:
"1.4.1a When refusing entry, the checking officer will affix an entry stamp on the passport, cancelled by an indelible cross in black ink, and enter on the right hand side in indelible ink the letter(s) indicating the reason(s) for refusal of entry as set out in the standard form for refusal of entry at the border as contained in Annex 16".

Article 2

The standard form for refusal of entry at the border, as contained in the Annex to this Decision, shall be added as Annex 16 to the Common Manual.

Article 3

This Decision shall apply from 1 June 2004.

Article 4

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Luxembourg 29 April 2004.

For the Council

The President
M. McDOWELL

6 OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

VIÐAUKI

„16. viðauki

Staðlað eyðublað fyrir synjun komu á landamærum.

KENNIMERKI RÍKIS

Heiti ríkis
(Heiti stofnunar)

_____



(1)

SYNJAÐ KOMU Á LANDAMÆRUM

Hinn _____ **kl.** _____ **á landamærastöðinni** _____

Hjá undirrituðum _____ **er:**

Kenninafn _____ **Eiginnafn** _____

Fæðingardagur _____ **Fæðingarstaður** _____ **Kyn:** _____

Ríkisfang _____ **Búsett(ur) í** _____

Tegund persónuskilríkja _____ **númer** _____

Gefið út í _____ **hinn** _____

Númer vegabréfsáritunar _____ **tegund** _____ **gefið út hjá** _____
gildir frá _____ **til** _____

Í _____ **daga á eftirfarandi forsendum:** _____

sem kom frá _____ **með** _____ **(tilgreinið flutningatæki, t.d. flugnúmer), honum/henni er hér með tilkynnt að honum/henni er synjað komu inn í landið samkvæmt (*tilgreinið gildandi innlend lög*), af eftirfarandi ástæðum:**

(1) Ekki er skráð kennimerki fyrir Noreg og Ísland.

ANNEX
"Annex 16

Standard form for refusal of entry at the

LOGO OF STATE

Name of State
(Name of Office)



(1)

REFUSAL OF ENTRY AT THE BORDER

On _____ **at (time)** _____ **at the border point** _____

We, the undersigned, _____ **have before us:**

Surname _____ **First name** _____

Date of birth _____ **Place of birth** _____ **Sex:** _____

Nationality _____ **Resident in** _____

Type of identity document _____ **number** _____

Issued in _____ **on** _____

Visa number _____ **type** _____ **issued by** _____
valid from ____ **until** ____

For a period of _____ **days on the following grounds:** _____

Coming from _____ **by means of** _____ **(indicate means of transport used, e.g. flight number), he/she is hereby informed that he/she is refused entry into the country pursuant to** *(indicate references to the national legislation in force),* **for the following reasons:**

(1) No logo is registered for Norway and Iceland.

☐ (A) **Hefur ógild ferðaskilríki**

☐ (B) **Hefur frumfölsuð/grunnfölsuð/breytingarfölsuð ferðaskilríki**

☐ (C) **Hefur ekki gilda vegabréfsáritun**

☐ (D) **Hefur frumfalsaða/grunnfalsaða/breytingarfalsaða vegabréfsáritun**

☐ (E) **Hefur ekki viðeigandi gögn þar sem rökstuddur er tilgangur og forsendur dvalar**

☐ (F) **Hefur ekki nægt fé sér til framfærslu með tilliti til lengdar og tegundar dvalar eða til ferðar til baka til uppruna- eða gegnumferðarlands, með hliðsjón af upplýsingunum í 10. viðauka** við sameiginlegu handbókina

☐ (G) **Er á skrá yfir þá sem synja á komu**
☐ **í SIS**
☐ **í innlendri skrá**

☐ (H) **Ógnar allsherjarreglu, almannaöryggi, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskiptum eins eða fleiri aðildarríkja Evrópusambandsins** *(hvert ríki skal tilgreina vísanir í innlend lög þegar um slíka synjun komu er að ræða)*

Athugasemdir

Hlutaðeigandi er heimilt að áfrýja ákvörðun um synjun komu eins og kveðið er á um í landslögum. Hlutaðeigandi fær í hendur afrit af þessu skjali *(hvert ríki skal tilgreina vísanir í innlend lög varðandi rétt til málskots)*

Hlutaðeigandi einstaklingur	**Eftirlitsfulltrúi“**

☐ (A) **Has no valid travel document(s)**

☐ (B) **Has a false/counterfeit/forged travel document**

☐ (C) **Has no valid visa**

☐ (D) **Has a false/counterfeit/forged visa**

☐ (E) **Has no appropriate documentation justifying the purpose and conditions of stay**

☐ (F) **Does not have sufficient means of subsistence in relation to the period and form of stay, or the means to return to the country of origin or transit, having regard to the information given in Annex 10 to the Common Manual**

☐ (G) **Is a person for whom an alert has been issued for the purposes of refusing entry**
☐ **in the SIS**
☐ **in the national register**

☐ (H) **Is considered to be a threat to public order and public security, national security or the international relations of one or more of the Member States of the European Union** *(each State must indicate the references to national legislation relating to such cases of refusal of entry)*

Comments

The person concerned may appeal against the decision to refuse entry as provided for in national law. The person concerned receives a copy of this document *(each State must indicate the references to national legislation relating to the right of appeal).*

Person concerned	**Officer responsible for checks"**

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 27. október 2004 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2004/573/EB frá 29. apríl 2004, um skipulagningu sameiginlegs brottflutnings flugleiðis á brottfararskyldum ríkisborgurum þriðju landa frá yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. október 2004.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 29. apríl 2004
um skipulagningu sameiginlegs brottflutnings flugleiðis á brottfararskyldum ríkisborgurum þriðju landa frá yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja.
(2004/573/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 3. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði lýðveldisins Ítalíu[1],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í heildaráætlun um baráttuna gegn ólöglegum innflutningi fólks og mansali í Evrópusambandinu[2], sem ráðið samþykkti 28. febrúar 2002 og byggist á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 um sameiginlega stefnu varðandi ólöglegan innflutning fólks, kemur fram að stefna varðandi endurviðtöku og endursendingu er óaðskiljanlegur

1 Stjtíð. EB C 223, 19.9.2003, bls. 3.
2 Stjtíð. EB C 142, 14.6.2002, bls. 23.

COUNCIL DECISION
of 29 April 2004
on the organisation of joint flights for removals from the territory of two or more Member States, of third-country nationals who are subjects of individual removal orders
(2004/573/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 63(3)(b) thereof,

Having regard to the initiative of the Italian Republic[1],

Whereas:

(1) The comprehensive plan to combat illegal immigration and trafficking of human beings in the European Union[2], approved by the Council on 28 February 2002, which built upon the Communication of 15 November 2001 from the Commission to the Council and to the European Parliament on a common policy on illegal immigration states that readmission and return policy is

1 OJ C 223, 19.9.2003, p. 3.
2 OJ C 142, 14.6.2002, p. 23.

og afar mikilvægur hluti baráttunnar gegn ólöglegum innflutningi fólks. Í því skyni er í heildaráætluninni lögð áhersla á að beina þurfi athygli að hagnýtum ráðstöfunum, þ.m.t. að koma á sameiginlegri nálgun og samstarfi milli aðildarríkjanna að því er varðar framkvæmd ráðstafana til endursendingar. Samþykkja skal sameiginlega staðla varðandi ráðstafanir til endursendingar.

an integral and vital component of the fight against illegal immigration. To that end, the Comprehensive Plan emphasises the necessity of highlighting a number of practical measures, including the establishment of a joint approach and cooperation between Member States with regard to the implementation of return measures. Common standards should therefore be adopted for return procedures.

2) Í áætlun um stjórnun ytri landamæra Evrópusambandsins, sem ráðið samþykkti 13. júní 2002 og byggist á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 7. maí 2002, „Fram til samþættrar stjórnunar á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins“, er kveðið á um skynsamlegar aðgerðir varðandi heimsendingu sem hluta af ráðstöfunum og aðgerðum til samþættrar stjórnunar ytri landamæra aðildarríkja Evrópusambandsins.

(2) The plan for the management of the external borders of the European Union, approved by the Council on 13 June 2002, which built upon the Communication of 7 May 2002 from the Commission to the Council and the European Parliament «Towards integrated management of the external borders of the Member States of the European Union», provides for rational repatriation operations as one of the measures and actions for the integrated management of the external borders of the Member States of the European Union.

3) Í aðgerðaáætlun um endursendingar, sem ráðið samþykkti 28. nóvember 2002 og byggist á grænbók framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 2002 um stefnu bandalagsins varðandi endursendingu ólöglegra íbúa, sem og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 14. október 2002 um stefnu bandalagsins varðandi endursendingu ólöglegra íbúa, er mælst til þess að endursending ríkisborgara þriðju landa, sem eru ólöglega búsettir í aðildarríki, skuli vera, sem hluti af ráðstöfunum og aðgerðum til bætts rekstrarsamstarfs meðal aðildarríkjanna, eins skilvirkt og mögulegt er með því að samnýta fyrirliggjandi úrræði til skipulagningar sameiginlegs flugs.

(3) The Return Action Programme, approved by the Council on 28 November 2002, which built upon the Commission Green Paper of 10 April 2002 on a Community return policy on illegal residents, as well as on the Communication of 14 October 2002 from the Commission to the European Parliament and to the Council on a Community return policy on illegal residents recommends, as one of the measures and actions with regard to improved operational cooperation among Member States, that the return of third-country nationals illegally resident in a Member State should be made as efficient as possible by sharing existing capacities for organising joint flights.

4) Mikilvægt er að koma í veg fyrir að tómarúm myndist hjá bandalaginu að því er varðar skipulagningu sameiginlegs flugs.

(4) It is important to avoid a vacuum of the Community in the field of the organisation of joint flights.

5) Frá og með 1. maí 2004 getur ráðið ekki gripið til aðgerða að frumkvæði aðildarríkis.

(5) As from 1 May 2004 the Council can no longer act on an initiative of a Member State.

6) Ráðið hefur fullreynt alla möguleika á að fá tímanlega álit Evrópuþingsins.

(6) The Council has exhausted all the possibilities to obtain in time the opinion of the European Parliament.

7) Við þessar sérstöku aðstæður ber að samþykkja ákvörðunina án álits Evrópuþingsins.

(7) Under these exceptional circumstances the Decision should be adopted without the opinion of the European Parliament.

8) Aðildarríkin skulu virða á tilhlýðilegan hátt mannréttindi og mannfrelsi við framkvæmd þessarar ákvörðunar, einkum Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984, Genfarsamninginn frá 28. júlí 1951 og New York-bókunina við hann frá 31. janúar 1967 um réttarstöðu flóttamanna, samninginn um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 og sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi frá 18. desember 2000[3].

9) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á viðeigandi alþjóðlega gerninga sem varða brottflutning flugleiðis, eins og 9. viðauka við Chicagosamþykktina um alþjóðaflugmál (ICAO) frá 1944 og viðeigandi gögn Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC).

10) Í valfrjálsu, sameiginlegu viðmiðunarreglunum um verndarákvæði að því er varðar sameiginlegan brottflutning flugleiðis skulu vera gagnlegar leiðbeiningar vegna framkvæmdar þessarar ákvörðunar.

11) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, tekur Danmörk ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi ákvörðun byggist á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks 3. hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ber Danmörku þó, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, að ákveða innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt þessa ákvörðun hvort hún tekur hana upp í landslög.

12) Að því er lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og

3 Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

(8) Member States are to implement this Decision with due respect for human rights and fundamental freedoms, and in particular for the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950, the United Nations Convention against torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment of 10 December 1984, the Geneva Convention of 28 July 1951 and the New York Protocol thereto of 31 January 1967, relating to the status of refugees, the Convention on the rights of the child of 20 November 1989, and the Charter of fundamental rights of the European Union of 18 December 2000[3].

(9) This Decision should apply without prejudice to the relevant international instruments in the area of removal by air, such as Annex 9 to the 1944 Chicago Convention on International Civil Aviation (ICAO) and the relevant documents of the European Civil Aviation Conference (ECAC).

(10) The non-binding Common Guidelines on security provisions for joint removals by air should provide useful guidance in the implementation of this Decision.

(11) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not taking part in the adoption of this Decision, and is not bound by it or subject to its application. However, given that this Decision builds upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of Part Three of the Treaty establishing the European Community, Denmark, in accordance with Article 5 of the said Protocol, is to decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision, whether it will implement it in its national law.

(12) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 between the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom

3 OJ C 364, 18.12.2000, p. 1.

þróun Schengen-gerðanna[4] sem falla innan sviðsins sem um getur í C-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings[5]. Samkvæmt málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í fyrrnefndu samkomulagi, gilda þau réttindi og skyldur, sem leiðir af þessari ákvörðun, einnig að því er þessi tvö ríki varðar, og í samskiptum þessara tveggja ríkja og þeirra aðildarríkja Evrópubandalagsins sem þessari ákvörðun er beint til.

13) Í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, hafa þessi aðildarríki tilkynnt að þau óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar ákvörðunar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.
Markmið.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa sameiginlegan brottflutning flugleiðis á brottfararskyldum ríkisborgurum þriðju landa (hér á eftir nefndir ríkisborgarar þriðju landa) frá tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ríkisborgari þriðja lands“: einstaklingur sem er ekki ríkisborgari aðildarríkis Evrópusambandsins, lýðveldisins Íslands eða konungsríkisins Noregs,

b) „skipulagsríki“: aðildarríki sem ber ábyrgð á skipulagningu sameiginlegs flugs,

c) „þátttökuríki“: aðildarríki sem tekur þátt í sameiginlegu flugi sem skipulagsríki skipuleggur,

d) „sameiginlegt flug“: flutningur ríkisborgara þriðju landa sem flugrekandi, sem hefur verið valinn í því skyni, annast,

4 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
5 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

of Norway concerning the latters' association with the implementation, application and development of the Schengen acquis[4], which fall within the area referred to in Article 1, point C of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement[5]. As a result of the procedures laid down in the said Agreement, the rights and obligations arising from this Decision should also apply to those two States and in relations between those two States and the Member States of the European Community to which this Decision is addressed.

(13) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on the European Union and to the Treaty establishing the European Community, these Member States have notified their wish to take part in the adoption and application of this Decision,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1
Purpose

The purpose of this Decision is to coordinate joint removals by air, from two or more Member States, of third-country nationals who are subjects of individual removal orders (hereinafter referred to as third-country nationals).

Article 2
Definitions

For the purpose of this Decision:

(a) "third-country national", means any person who is not a national of a Member State of the European Union, the Republic of Iceland or the Kingdom of Norway;

(b) "organising Member State", means a Member State, which is responsible for the organisation of joint flights;

(c) "participating Member State", means a Member State which participates in joint flights organised by an organising Member State;

(d) "joint flight", means the transport of third-country nationals carried out by an air carrier selected for that purpose;

4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
5 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

e) „brottflutningur“ og „sameiginlegur brottflutningur flugleiðis“: allar aðgerðir sem eru nauðsynlegar við endursendingu viðkomandi ríkisborgara þriðju landa, þ.m.t. flutningur með sameiginlegu flugi,

f) „fylgdarmenn“: öryggisverðir, sem bera ábyrgð á því að fylgja ríkisborgurum þriðju landa í sameiginlegu flugi, einstaklingar, sem annast læknishjálp, og túlkar.

3. gr.

Innlent yfirvald.

Hvert aðildarríki skal tilnefna innlent yfirvald, sem ber ábyrgð á skipulagningu og/eða þátttöku í sameiginlegu flugi, og senda viðeigandi upplýsingar til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

Verkefni skipulagsríkis.

1. Þegar aðildarríki ákveður að skipuleggja sameiginlegt flug fyrir brottflutning ríkisborgara þriðju landa, sem hinum aðildarríkjunum er frjálst að taka þátt í, skal það tilkynna innlendum yfirvöldum þessara aðildarríkja um það.
2. Innlent yfirvald skipulagsríkisins skal samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sameiginlega flugið sé framkvæmt með viðeigandi hætti. Það skal m.a.:
   a) velja flugrekanda og ákvarða ásamt flugrekandanum allan viðeigandi kostnað við sameiginlega flugið, taka á sig þær samningsskyldur sem um ræðir og tryggja að gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlega fluginu, þ.m.t. að veita ríkisborgurum þriðju landa og fylgdarmönnum viðeigandi aðstoð,
   b) óska eftir og taka við heimildum frá þeim þriðju löndum, sem eru gegnumferðar- eða ákvörðunarstaður, sem krafist er við framkvæmd sameiginlega flugsins,
   c) notfæra sér tengiliði og gera viðeigandi ráðstafanir ásamt þátttökuríkjunum til skipulagningar sameiginlega fluginu,
   d) skilgreina formsatriði og tilhögun aðgerðarinnar og ákvarða, í samráði við þátttökuríkin, viðeigandi fjölda fylgdarmanna með tilliti til fjölda ríkisborgara þriðju landa sem á að flytja brott,

(e) "removal operations" and "joint removals by air", mean all the activities which are necessary to return the third-country nationals concerned, including transport on joint flights;

(f) "escort(s)", means the security personnel responsible for accompanying third-country nationals on a joint flight and the persons in charge of medical care and interpreters.

Article 3

National authority

Each Member State shall appoint the national authority responsible for organising and/or participating in joint flights and communicate the relevant information to the other Member States.

Article 4

Tasks of the organising Member State

1. Where a Member State decides to organise a joint flight for the removal of third-country nationals which is open to the participation of the other Member States, it shall inform the national authorities of those Member States.
2. The national authority of the organising Member State shall adopt the necessary measures to ensure that the joint flight is conducted properly. In particular, it shall:
   (a) select the air carrier and determine with the selected air carrier all the relevant costs of the joint flight, assume the relevant contractual obligations and ensure that it takes all the measures necessary for carrying out the joint flight, including providing the appropriate assistance to the third-country nationals and to the escorts;
   (b) request and receive, from the third-countries of transit and destination, the authorisations which are required for the implementation of the joint flight;
   (c) make use of contacts and make the appropriate arrangements for the organisation of the joint flight with the participating Member States;
   (d) define the operational details and procedures and determine, in agreement with the participating Member States, the number of the escorts which is appropriate in relation to the number of third-country nationals to be removed;

e) gera allar viðeigandi fjárhagsráðstafanir með þátttökuríkjunum.

5. gr.
Verkefni þátttökuríkis.

Þegar þátttökuríki ákveður að taka þátt í sameiginlegu flugi skal það:

a) tilkynna innlendu yfirvaldi skipulagsríkisins um að það hyggist taka þátt í sameiginlegu flugi og tilgreina fjölda ríkisborgara þriðju landa sem á að flytja brott,
b) útvega hæfilegan fjölda fylgdarmanna fyrir hvern ríkisborgara þriðja lands sem á að flytja brott. Ef einungis skipulagsríkinu ber að útvega fylgdarmenn skal hvert þátttökuríki tryggja að a.m.k. tveir fulltrúar þeirra séu um borð. Þessir fulltrúar, sem skulu hafa sömu stöðu og fylgdarmennirnir, skulu sjá um að afhenda yfirvöldum ákvörðunarlandsins þá ríkisborgara þriðju landa sem þeir bera ábyrgð á.

6. gr.
Almenn verkefni.

Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal:

a) tryggja að hver ríkisborgari þriðja lands og fylgdarmenn hafi gild ferðaskilríki og öll önnur nauðsynleg viðbótargögn, s.s. vegabréfsáritun til komu og/eða gegnumferðar, vottorð eða skrár,
b) tilkynna, eins fljótt og auðið er, sendiráðum sínum og ræðismönnum í þeim þriðju löndum, sem eru gegnumferðar- eða ákvörðunarstaður, um tilhögun varðandi sameiginlegt flug til að fá nauðsynlega aðstoð.

7. gr.
Lokaákvæði.

Við framkvæmd sameiginlegs brottflutnings flugleiðis skulu aðildarríki taka tillit til sameiginlegu viðmiðunarreglnanna um verndarákvæði að því er varðar sameiginlegan brottflutning flugleiðis sem fylgja þessari ákvörðun.

8. gr.
Gildistaka.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(e) conclude all the appropriate financial arrangements with the participating Member States.

Article 5
Tasks of the participating Member State

Where it decides to participate in a joint flight, a participating Member State shall:

(a) inform the national authority of the organising Member State of its intention to participate in the joint flight, specifying the number of third-country nationals to be removed;
(b) provide a sufficient number of escorts for each third-country national to be removed. If the escorts are to be provided solely by the organising Member State, each participating Member State shall ensure the presence of at least two representatives on board. These representatives, who shall have the same status as the escorts, shall be in charge of handing over the third-country nationals for whom they are responsible to the authorities of the country of destination.

Article 6
Common tasks

The organising Member State and each participating Member State shall:

(a) ensure that each third-country national and the escorts hold valid travel documents and any other necessary additional documents, such as entry and/or transit visas, certificates or records;
(b) inform, as soon as possible, their diplomatic and consular representations in the third-countries of transit and destination of the arrangements concerning the joint flight, in order to obtain necessary assistance.

Article 7
Final clause

In carrying out joint removals by air, Member States shall take into account the Common Guidelines on security provisions for joint removals by air attached hereto.

Article 8
Entry into force

This Decision shall take effect from the day following that of its publication in the Official Journal of the European Union.

9. gr.
Viðtakendur.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við sáttmálann.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL
forseti.

Article 9
Addressees

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty.

Done at Luxembourg, 29 April 2004.

For the Council

M. McDowell
The President

VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM VERNDARÁKVÆÐI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SAMEIGINLEGAN BROTTFLUTNING FLUGLEIÐIS

1. FYRIR ENDURSENDINGU

1.1. **Kröfur varðandi endursenda einstaklinga.**

1.1.1. *Réttarstaða.*

Sameiginlegt flug er skipulagt fyrir ólöglega íbúa, sem eru einstaklingar sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir komu, dvöl eða búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópusambandsins. Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal tryggja að brottflutningur sé heimilaður samkvæmt réttarstöðu hvers endursends einstaklings sem það ber ábyrgð á.

1.1.2. *Heilsufar og heilsufarsskrár.*

Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal tryggja að endursendir einstaklingar, sem það ber ábyrgð á, séu við svo góða heilsu að öruggur brottflutningur flugleiðis sé mögulegur bæði að lögum og í reynd. Útvega skal heilsufarsskrár fyrir endursenda einstaklinga sem eiga við þekkt heilsufarsvandamál að stríða eða ef þörf er á læknismeðferð. Í þessum heilsufarsskrám skulu vera niðurstöður læknisskoðana, greining og tilgreining á lyfjum sem hugsanlega er þörf með tilliti til nauðsynlegrar læknismeðferðar. Útvega

ANNEX

COMMON GUIDELINES ON SECURITY PROVISIONS FOR JOINT REMOVALS BY AIR

1. PRE-RETURN PHASE

1.1. **Requirements for returnees**

1.1.1. *Legal situation*

Joint flights are organised for illegal residents, who are persons who do not, or no longer, fulfil the conditions for entry to, presence in, or residence on the territory of a Member State of the European Union. The organising Member State and each participating Member State shall ensure that the legal situation of each of the returnees for which they are responsible allows for removal.

1.1.2. *Medical condition and medical records*

The organising Member State and each participating Member State shall ensure that the returnees for whom they are responsible are in an appropriate state of health, which allows legally and factually for a safe removal by air. Medical records shall be provided for returnees with a known medical disposition or where medical treatment is required. These medical records shall include the results of medical examinations, a diagnosis and the specification of possibly needed medication to allow for necessary med-

skal heilsufarsskrár á fleiri tungumálum ef heilbrigðisstarfsmenn, sem fylgja með, geta ekki skilið upprunalega tungumálið á réttan hátt. Skipulags- og þátttökuríki eru hvött til að nota stöðluð eyðublöð fyrir heilsufarsskrár eða yfirlýsingar um hæfi til að ferðast með flugi. Þátttökuaðildarríkin skulu tilkynna skipulagsríkinu fyrir brottflutning um heilsufarsástand sem gæti haft áhrif á hvort flytja megi viðkomandi brott. Skipulagsríkið skal áskilja sér rétt til að synja hverjum endursendum einstaklingi um aðgang að sameiginlegu flugi ef endursending hans samrýmist ekki, vegna heilsufars hans, meginreglum um öryggi og mannlega reisn.

1.1.3. *Gögn.*

Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal tryggja að gild ferðaskilríki og önnur viðbótargögn, vottorð eða skrár séu fyrir hendi fyrir hvern endursendan einstakling. Til þess bær einstaklingur skal geyma gögnin fram að komu í ákvörðunarlandinu.

Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal bera ábyrgð á að fylgdarmenn og fulltrúar ríkisins hafi, þegar þess gerist þörf, vegabréfsáritanir til komu inn í gegnumferðar- og ákvörðunarland eða -lönd sameiginlega flugsins.

1.1.4. *Tilkynningar.*

Skipulagsríkið skal tryggja að flugrekandanum, gegnumferðarríkjunum, þegar við á, og ákvörðunarlandinu sé tilkynnt fyrir fram, með viðeigandi hætti, um brottflutning og að samráð sé haft við þau.

1.2. **Kröfur varðandi fylgdarmenn.**

1.2.1. *Fylgdarmenn frá skipulagsríkinu.*

Þegar skipulagsríkið útvegar fylgdarmenn fyrir alla endursenda einstaklinga skal hvert þátttökuríkjanna tilnefna tvo fulltrúa til að vera um borð í loftfarinu; þeir skulu sjá um að afhenda þá endursendu einstaklinga, sem þeir bera ábyrgð á, staðaryfirvöldum í ákvörðunarlandinu.

ical measures. Multilingual versions of medical records shall be provided, if the accompanying medical staff is not able to understand properly the original language. Organising and participating Member States are encouraged to use common standardised forms for medical records or fit-for-fly declarations. Participating Member States shall inform the organising Member State in advance of a removal operation of any medical condition which would have a bearing on the removability of a returnee. The organising Member State shall reserve the right to refuse access to a joint flight to any returnee with a medical condition which would mean that their return was not compatible with the principles of safety and dignity.

1.1.3. *Documentation*

The organising Member State and each participating Member State shall ensure that for each returnee valid travel documents and other necessary additional documents, certificates or records are available. An authorised person shall keep the documentation until arrival in the country of destination.
It is the responsibility of the organising Member State and each participating State to ensure that escorts and representatives have entry visas where necessary for the country(ies) of transit and destination of the joint flight.

1.1.4. *Notifications*

The organising Member State shall ensure that the airlines, the transit states, where applicable, and the country of destination are notified and consulted duly in advance about the removal operation.

1.2. **Requirements for escorts**

1.2.1. *Escorts from the organising Member State*

Where the organising Member State provides the escorts for all the returnees, each participating Member State shall assign at least two representatives to be present on board the aircraft; they shall be in charge of handing over the returnees for whom they are responsible to the local authorities in the country of destination.

1.2.2. *Fylgdarmenn frá þátttökuríkjum.*

Þegar skipulagsríkið hyggst einungis annast þá endursendu einstaklinga sem það endursendir frá eigin landi skulu þátttökuríkin útvega fylgdarmenn fyrir þá sem þau bera ábyrgð á. Í slíkum tilvikum þurfa skipulagsríkið og þátttökuríkin að gera með sér gagnkvæman samning um öryggisreglur eins og sett er fram í þessum sameiginlegu viðmiðunarreglum eða í öðrum samningum milli aðildarríkjanna ef um er að ræða þátttöku ýmissa innlendra eininga og skulu fyrir fram hafa samráð sín á milli um öll önnur atriði aðgerðarinnar.

1.2.3. *Notkun fylgdarmanna úr einkageiranum.*

Þegar þátttökuríki notar fylgdarmenn úr einkageiranum skulu yfirvöld þess aðildarríkis hafa a.m.k. einn opinberan fulltrúa um borð í fluginu.

1.2.4. *Færni og þjálfun fylgdarmanna.*

Fylgdarmenn, sem eru tilnefndir til að vera um borð í sameiginlegu flugi, verða að hafa fengið sérstaka þjálfun til að geta sinnt þessum verkefnum. Þeim skal útveguð nauðsynleg aðstoð heilbrigðisstarfsmanna með tilliti til eðlis verkefnisins.

Fylgdarmenn, sem eru notaðar í sameiginlegt flug, skulu helst þekkja til reglna skipulagsríkisins og þátttökuríkjanna um brottflutning. Aðildarríkin eru því hvött til að skiptast á upplýsingum um eigin þjálfunarnámskeið fyrir fylgdarmenn og bjóða slík námskeið fylgdarmönnum frá öðrum aðildarríkjum.

1.2.5. *Starfsreglur fylgdarmanna.*

Fylgdarmennirnir skulu vera óvopnaðir. Þeir skulu vera í borgaralegum klæðnaði með einkennistákn til að sanna á sér deili. Aðrir viðurkenndir fylgdarmenn skulu einnig bera einkennistákn.

Fylgdarmennirnir skulu vera staðsettir skipulega í loftfarinu til að veita ákjósanlegt öryggi. Enn fremur skulu þeir sitja við hlið þeirra sem þeir bera ábyrgð á.

1.2.2. *Escorts from participating Member States*

Where the organising Member State intends to take charge solely of the returnees from its own country, the participating Member States shall provide escorts for the returnees, for whom they are responsible. In such cases, the participation of the various national units requires mutual agreement between the organising Member State and the participating Member States on the security rules as set out in these Common Guidelines or in other agreements between Member States and there shall be prior consultation on any other details of the operation.

1.2.3. *Use of private-sector escorts*

When a participating Member State makes use of private-sector escorts, the authorities of that Member State shall provide for at least one official representative on board the flight.

1.2.4. *Skills and training of escorts*

Escorts assigned on board the joint flights shall have received prior special training in order to carry out these missions; they must be provided with the necessary medical support depending on the mission.

Escorts used for joint flights should preferably be familiar with the removal standards of the organising Member State and the participating Member States. Member States are encouraged, therefore, to exchange information on their respective training courses for escorts and to offer training courses to escorts from other Member States.

1.2.5. *Code of conduct for escorts*

The escorts shall not be armed. They may wear civilian dress, which shall have a distinctive emblem for identification purposes. Other duly accredited accompanying staff shall also wear a distinctive emblem.

The members of the escort shall be strategically positioned in the aircraft in order to provide optimum safety. Moreover, they shall be seated with the returnees for whom they have responsibility.

1.2.6. *Fyrirkomulag varðandi fjölda fylgdarmanna.*

Ákvarða skal fjölda fylgdarmanna í hverju tilviki fyrir sig í kjölfar greiningar á hugsanlegri áhættu og á grundvelli gagnkvæms samráðs. Í flestum tilvikum er mælt með því að fylgdarmennirnir um borð séu a.m.k. jafnmargir endursendu einstaklingunum. Varasveit skal vera til taks til stuðnings þegar þörf krefur (t.d. þegar um langar vegalengdir er að ræða).

2. FYRIR BROTTFÖR Á BROTTFARAR- EÐA MILLILENDINGARFLUGVÖLLUM

2.1. **Flutningur á flugvöll og dvöl á flugvelli.**

Að því er varðar flutning á flugvöll og dvöl á flugvelli gildir eftirfarandi:

a) Að meginreglu til skulu fylgdarmennirnir og endursendu einstaklingarnir vera komnir á flugvöllinn a.m.k. þremur stundum fyrir brottför.

b) Endursendir einstaklingar skulu fá upplýsingar um framkvæmd brottflutningsins og skal þeim greint frá því að full samvinna með fylgdarmönnunum sé þeim í hag. Taka skal skýrt fram að truflandi hegðun verði ekki umborin og muni ekki leiða til þess að hætt verði við brottflutning.

c) Skipulagsríkið skal útvega öruggt svæði á brottfararflugvellinum til að tryggja að hægt sé að safna saman þeim sem á að endursenda og fara með þá um borð á afmörkuðu svæði. Þetta svæði er einnig ætlað til að tryggja örugga komu loftfara frá öðrum aðildarríkum sem flytja endursenda einstaklinga í sameiginlega flugið.

d) Ef millilending er nauðsynleg á flugvelli annars aðildarríkis til að sækja endursenda einstaklinga skal viðkomandi aðildarríki bera ábyrgð á að útvega öruggt svæði á þeim flugvelli.

e) Fulltrúar þátttökuríkisins skulu afhenda endursendu einstaklingana, sem þeir bera ábyrgð á, embættismönnum aðildarríkisins þar sem þeir eru staddir sem eru yfirleitt frá skipulagsríkinu. Fulltrúar þátttökuríkjanna skulu tilgreina, ef þörf krefur, hver endursendu einstaklinganna hafi sýnt ásetning um að fara ekki um borð í loftfarið og sérstak-

1.2.6. *Arrangements regarding the number of escorts*

The number of escorts shall be determined on a case-by-case basis following an analysis of the potential risks and following mutual consultation. It is recommended in most cases that they are at least equivalent to the number of returnees on board. A back-up unit shall be available for support, where necessary (e.g. in cases of long-distance destinations).

2. PRE-DEPARTURE PHASE IN DEPARTURE OR STOPOVER AIRPORTS

2.1. **Transportation to the airport and stay in the airport**

As regards transportation to and stay in the airport the following shall apply:

(a) in principle, the escorts and the returnees should be at the airport at least three hours before departure;

(b) returnees should be briefed regarding the enforcement of their removal and advised that it is in their interest to cooperate fully with the escorts. It should be made clear that any disruptive behaviour will not be tolerated and will not lead to the aborting of the removal operation;

(c) the organising Member State shall provide a secure area at the departure airport in order to ensure a discrete gathering and safe boarding of the returnees. This area shall also secure the arrival of the aircraft of any other Member State, which is transporting returnees to join the joint flight;

(d) if a joint flight has to stop over at an airport of another Member State for the collection of returnees, it is the responsibility of that Member State to provide for a secure area at the airport;

(e) the representatives of the participating Member State shall hand over the returnees, for whom they are responsible, to officials of the Member State of the present location, who will usually be from the organising Member State. The representatives of the participating Member States shall indicate, if need be, which of the returnees have

lega ef gefa þarf einhverjum sérstakan gaum vegna líkamlegs eða andlegs ástands hans.

f) Aðildarríkið á viðkomandi stað brottflutningsaðgerðarinnar fer með æðsta vald (t.d. þvingunarráðstafanir). Vald fylgdarmanna frá öðrum þátttökuríkjum er takmarkað við sjálfsvörn. Auk þess er fylgdarmönnunum heimilt að bregðast við bráðri og alvarlegri hættu, þegar ekki eru til staðar löggæslumenn frá viðkomandi aðildarríki eða til að aðstoða löggæslumennina, á sanngjarnan hátt og í réttu hlutfalli við brotið, til að koma í veg fyrir að endursendur einstaklingur sleppi, skaði sjálfan sig eða þriðja aðila eða valdi eignatjóni.

expressed their intention not to board the aircraft and in particular which of them need special attention due to their physical or psychological condition;

(f) the Member State of the present location of the removal operation is responsible for the performance of any sovereign power (e.g. coercive measures). The powers of the escorts from other participating Member States are limited to self-defence. In addition, in the absence of law enforcement officers from the Member State of the present location, or for the purpose of supporting the law-enforcement officers, the escorts may take reasonable and proportionate action in response to an immediate and serious risk in order to prevent the returnee from escaping, causing injury to himself or to a third party, or damage to property.

2.2. Innritun, innganga og öryggisathugun fyrir flugtak.

Fyrirkomulag varðandi innritun, inngöngu og öryggisathugun fyrir flugtak skal vera sem hér segir:

a) Fylgdarmenn aðildarríkisins, þar sem endursendu einstaklingarnir eru staddir, bera ábyrgð á innritun og veita aðstoð þegar farið er um eftirlitssvæði.

b) Allir endursendir einstaklingar skulu gangast undir nákvæma öryggisleit áður en þeir fara um borð í sameiginlegt flug. Leggja skal hald á alla hluti sem gætu ógnað öryggi einstaklinga og sameiginlega flugsins og skal þeim komið fyrir í farangursrými.

c) Ekki skal koma farangri endursends einstaklings fyrir í farþegarými. Gera skal nákvæma öryggisleit á öllum farangri sem er komið fyrir í farangursrými og skal merkja hann með nafni eigandans. Fjarlægja skal úr farangri allt sem telst hættulegt samkvæmt reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

d) Setja skal peninga og verðmæta hluti í gagnsæja pakkningu sem er merkt með nafni eigandans. Endursenda einstaklingnum skal gerð grein fyrir reglum varðandi hluti og peninga sem hafa verið teknir til varðveislu.

e) Skipulagsríkið skal ákvarða fyrir hverja brottflutningsaðgerð heimilaða hámarksþyngd farangurs hvers endursends einstaklings.

f) Starfsfólk aðildarríkisins, þar sem þeir eru

2.2. Check-in, boarding and security check before take-off

The arrangements as regards check-in, boarding and security checking before take-off shall be as follows:

(a) the escorts of the Member State of the present location are responsible for checking in and for assisting in passing control areas;

(b) all returnees shall undergo a meticulous security search before they board a joint flight. All objects that could be a threat to the safety of individuals and to the security of the joint flight shall be seized and placed in the luggage hold;

(c) the returnee's luggage shall not be placed in the passengers cabin. All luggage placed in the hold shall undergo a security check and be labelled with the owner's name. Anything that is considered as dangerous according to the rules of the International Civil Aviation Organisation (ICAO) shall be removed from luggage;

(d) money and valuable objects shall be placed in a transparent covering labelled with the owner's name. The returnees shall be informed about the procedure regarding objects and money that have been put aside;

(e) for each removal operation the organising Member State shall determine the maximum authorised weight of luggage for each returnee;

(f) all returnees shall be boarded onto the joint

staddir, skal koma öllum endursendum einstaklingum um borð og, þegar við á, njóta aðstoðar fylgdarmanna brottflutningsaðgerðarinnar.

3. VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

3.1. **Öryggisráðstafanir um borð í loftfarinu.**

Á meðan á fluginu stendur gilda eftirfarandi öryggisráðstafanir um borð í loftfarinu:

a) Yfirmaður brottflutningsaðgerðarinnar frá skipulagsríkinu skal skilgreina heildaráætlun öryggis og eftirlits um borð í loftfarinu (hreyfing í farþegarýminu, máltíðir o.s.frv.). Tilkynna skal öllum fylgdarmönnum um öryggis- og eftirlitsáætlunina áður er brottflutningsaðgerðin hefst.

b) Þegar um er að ræða endursenda einstaklinga með mismunandi ríkisfang skal þeim raðað í sæti í farþegarýminu eftir því hvaða aðildarríki ber ábyrgð á endursendingu þeirra og eftir lokaákvörðunarstað þeirra.

c) Ávallt skal hafa sætisólar spenntar á meðan fluginu stendur.

d) Ef upp kemur alvarlegt atvik um borð (þ.e. truflandi hegðun sem hugsanlega gæti teflt aðgerðinni eða öryggi þeirra sem eru í borð í tvísýnu) skal yfirmaður aðgerðarinnar frá skipulagsríkinu, í náinni samvinnu við eða samkvæmt leiðbeiningum flugmannsins, sjá um að koma aftur á röð og reglu.

3.2. **Beiting þvingunarráðstafana.**

Beita skal þvingunarráðstöfunum eins og hér segir:

a) Virða skal á tilhlýðilegan hátt rétt endursendra einstaklinga við framkvæmd þvingunarráðstafana.

b) Beita má einstaklinga sem neita eða veita viðnám við endursendingu þvingunaraðgerðum. Allar þvingunarráðstafanir skulu vera í hlutfalli við brotið og fela í sér hæfilega valdbeitingu. Vernda skal reisn og líkamlega friðhelgi endursends einstaklings. Af þessu leiðir að stöðva skal, í vafatilvikum, brottflutningsaðgerð, þ.m.t. framkvæmd löglegra þvingunarráðstafana ef endursendi einstaklingurinn veitir viðnám og er hættulegur, í samræmi við meginregluna „enginn brottflutningur án tillits til afleiðinga“.

flight by personnel of the Member State of the present location and, where appropriate, assisted by the escorts for the removal operation.

3. IN-FLIGHT PROCEDURE

3.1. **Security measures on board the aircraft**

During the flight the following security measures on board the aircraft shall apply:

(a) the head of the removal operation of the organising Member State shall define an overall security and surveillance plan to be implemented on board the aircraft (movements within the cabin, meals, etc.). All escorts must be informed about the security and surveillance plan before the beginning of a removal operation;

(b) in cases where returnees are of different nationalities, they shall be seated in the passengers' cabin according to the Member State responsible for effecting their removal and according to their final destinations;

(c) seatbelts shall be kept fastened throughout the entire duration of the flight;

(d) in the event of a major incident on board (i.e. disruptive behaviour likely to jeopardise the completion of the operation or the safety of those on board the flight), the head of operation of the organising Member State, in close liaison with or under instruction of the flight captain, shall be in charge of the operational command to restore order.

3.2. **Use of coercive measures**

Coercive measures shall be used as follows:

(a) coercive measures shall be implemented with due respect to the individual rights of the returnees;

(b) coercion may be used on individuals who refuse or resist removal. All coercive measures shall be proportional and shall not exceed reasonable force. The dignity and physical integrity of the returnee shall be maintained. As a consequence, in case of doubt, the removal operation including the implementation of legal coercion based on the resistance and dangerousness of the returnee, shall be stopped following the principle «no removal at all cost»;

c) Þvingunaraðgerðir skulu ekki þrengja að öndunarvegi endursenda einstaklingsins. Ef gripið er til þvingunarvalds skal tryggja að brjóstkassi endursenda einstaklingsins sé í uppréttri stöðu og að ekkert þrýsti á brjóstkassann með þeim afleiðingum að einstaklingurinn eigi erfitt með öndun.

d) Kyrrsetja má endursenda einstaklinga, sem veita viðnám, með fjötrum sem ógna ekki reisn þeirra og líkamlegri friðhelgi.

e) Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skulu koma sér saman um skrá yfir heimilaða fjötra fyrir brottflutninginn. Bannað er að nota róandi lyf til að auðvelda brottflutning með fyrirvara um neyðarráðstafanir til að tryggja flugöryggi.

f) Allir fylgdarmenn skulu kynna sér og vera meðvitaðir um hvaða fjötra er heimilt eða óheimilt að nota.

g) Fjötraðir einstaklingar skulu vera undir stöðugu eftirliti á meðan á fluginu stendur.

h) Yfirmaður brottflutningsaðgerðarinnar eða aðstoðarmaður hans skal ákveða hvort fjarlægja skuli fjötra tímabundið.

3.3. **Heilbrigðisstarfsmenn og túlkar.**

Fyrirkomulag varðandi heilbrigðisstarfsmenn og túlka skal vera sem hér segir:

a) Um borð í sameiginlegu flugi skal a.m.k. vera einn læknir.

b) Læknirinn skal hafa aðgang að viðeigandi heilsufarsskrám um endursenda einstaklinga og skal fá upplýsingar um þá endursenda einstaklinga sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða. Áður ókunn heilsufarsvandamál, sem uppgötvast rétt fyrir brottför og geta haft áhrif á framkvæmd brottflutningsins, skal meta í samráði við lögbær yfirvöld.

c) Einungis lækni er heimilt að sjá endursendum einstaklingum fyrir lyfjum eftir nákvæma sjúkdómsgreiningu. Lyf, sem endursendur einstaklingur þarfnast í fluginu, skal geyma um borð.

d) Hverjum endursendum einstaklingi skal gert kleift að tala beint við lækninn eða fylgdarmennina, eða með aðstoð túlks, á tungumáli sem hann getur tjáð sig á.

e) Skipulagsríkið skal tryggja að viðeigandi

(c) any coercive measures should not compromise or threaten the ability of the returnee to breathe normally. In the event that coercive force is used, it shall be ensured that the chest of the returnee remains in upright position and that nothing affects his or her chest in order to maintain normal respiratory function;

(d) the immobilisation of resisting returnees may be achieved by means of restraints that will not endanger their dignity and physical integrity;

(e) the organising Member State and each participating Member State shall agree on a list of authorised restraints in advance of the removal operation. The use of sedatives to facilitate the removal is forbidden without prejudice to emergency measures to ensure flight security;

(f) all escorts shall be informed and made aware of the authorised and forbidden restraints;

(g) restrained returnees shall remain under constant surveillance throughout the flight;

(h) the decision temporarily to remove a means of restraint shall be made by the head or deputy-head of the removal operation.

3.3. **Medical personnel and interpreters**

The arrangements with regard to medical personnel and interpreters shall be as follows:

(a) at least one medical doctor should be present on a joint flight;

(b) the doctor shall have access to any relevant medical records of the returnees and shall be informed before departure about returnees with particular medical dispositions. Previously unknown medical dispositions, which are discovered immediately before departure and which may affect the enforcement of the removal, should be assessed with the responsible authorities;

(c) only a doctor may, after a precise medical diagnosis has been made, administer medication to the returnees. Medicine required by a returnee during the course of the flight shall be held on board;

(d) each returnee shall be able to address the doctor or the escorts directly, or via an interpreter in a language in which he or she can express him- or herself;

(e) the organising Member States shall ensure

heilbrigðisstarfsmenn og túlkar séu tiltækir fyrir brottflutningsaðgerðina.

3.4. **Gögn og eftirlit með brottflutningsaðgerð.**

3.4.1. *Upptökur og áheyrnarfulltrúar frá þriðju aðilum.*

Allar mynd- og/eða hljóðupptökur eða eftirlit af hálfu áheyrnarfulltrúa frá þriðja aðila í sameiginlegu flugi skulu vera með fyrirvara um samkomulag sem skipulagsríkið og þátttökuríkin gera fyrir fram sín á milli.

3.4.2. *Innri skýrslur um brottflutningsaðgerðir.*

Skipulagsríkið og þátttökuríkin skulu skiptast á innri skýrslum um brottflutningsaðgerðir ef sameiginleg skýrsla er ekki gerð. Þetta er einkum mikilvægt ef brottflutningsaðgerðin mistekst. Allar verkefnisskýrslur eru algjört trúnaðarmál og einungis til innri notkunar. Í skýrslunum skulu vera yfirlýsingar um hugsanleg óhöpp, þvingunarráðstafanir og læknismeðferð.

3.4.3. *Umfjöllun í fjölmiðlum.*

Skipulagsríkið og þátttökuríkin skulu, áður en aðgerðin er framkvæmd, koma sér saman um eðli og tímasetningu kynningar (ef við á) á brottflutningsaðgerð. Að öðru jöfnu eru upplýsingar um brottflutningsaðgerðina einungis veittar að henni lokinni. Forðast ber að birta ljósmyndir eða persónuupplýsingar um fylgdarmenn.

4. GEGNUMFERÐ

Tilskipun ráðsins nr. 2003/110/EB frá 25. nóvember 2003 um aðstoð vegna gegnumferðar í tengslum við brottflutning flugleiðis[6] gildir um gegnumferð um aðildarríki.

5. KOMA

Við komu:

a) Skipulagsríkið skal bera ábyrgð á því að hafa samband við yfirvöld ákvörðunarlandsins. Þátttökuríkin skulu koma að þessu ferli.

6 Stjtíð. EB L 321, 6.12.2003, bls. 26.

that appropriate medical and language staff are available for the removal operation.

3.4. **Documentation and monitoring of removal operation**

3.4.1. *Recording and observers from third parties*

Any video- and/or audio-recording or monitoring by third-party observers on joint flights shall be subject to prior agreement between the organising Member State and the participating Member States.

3.4.2. *Internal reports on the removal operation*

The organising Member State and participating Member States shall exchange their internal reports on the removal operation, if a common report is not to be prepared. This is particularly important if the removal operation has failed. All mission reports are strictly confidential and for internal use only. Reports shall include statements on incidents, and coercive and medical measures, if any have taken place.

3.4.3. *Media coverage*

The organising and participating Member States shall agree before a removal operation on the nature and timing of publicity (if any) to be given to the removal operation. Information about the removal operation will normally be issued only after its completion. Publication of photographs or personal details of the escorts is to be avoided.

4. TRANSIT PHASE

Council Directive 2003/110/EC of 25 November 2003 on assistance in cases of transit for the purposes of removal by air[6] shall apply during transit in a Member State.

5. ARRIVAL PHASE

On arrival:

(a) the organising Member State shall be responsible for contacting the authorities of the country of destination; participating Member States shall be involved in this process;

6 OJ L 321, 6.12.2003, p. 26.

b) Yfirmaður brottflutningsaðgerðar frá skipulagsríkinu skal fyrstur hafa samband við staðaryfirvöld við komu, nema skipulagsríkið og þátttökuríkin hafi, fyrir komu, útnefnt annan talsmann.

c) Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skulu afhenda þá endursendu einstaklinga, sem þau bera ábyrgð á, yfirvöldum ákvörðunarlandsins, ásamt farangri þeirra og öllum hlutum sem lagt var hald á áður en farið var um borð. Aðalfulltrúar skipulagríkisins og þátttökuríkjanna skulu bera ábyrgð á afhendingu endursendu einstaklinganna yfir til staðaryfirvalda við komu. Fylgdarmennirnir fara að öðru jöfnu ekki frá borði.

d) Skipulagsríkið og þátttökuríkin skulu, ef við á og æskilegt þykir, hvetja ræðismenn, tengifulltrúa innflytjendamála eða útsenda fulltrúa viðkomandi aðildarríkis til að greiða fyrir afhendingu endursendra einstaklinga yfir til staðaryfirvalda að því marki sem það samræmist innlendum starfsvenjum og málsmeðferð.

e) Endursendir einstaklingar skulu vera lausir við handjárn og aðra fjötra þegar þeir eru afhentir staðaryfirvöldum.

f) Afhending endursendu einstaklinganna skal fara fram fyrir utan loftfarið (annaðhvort við endann á landganginum eða á viðunandi athafnasvæði á flugvellinum, eftir því sem telst viðeigandi). Eftir því sem unnt er skal hindra staðaryfirvöld í að fara um borð í loftfarið.

g) Dvöl á ákvörðunarflugvellinum skal vera eins stutt og mögulegt er.

h) Skipulagsríkið og hvert þátttökuríkjanna skal bera ábyrgð á því að til staðar sé viðbúnaðaráætlun fyrir fylgdarmenn og fulltrúa (og endursenda einstaklinga sem hefur verið synjað um endurviðtöku) ef brottför loftfarsins seinkar eftir að endursendir einstaklingar hafa farið frá borði. Í þessari áætlun skal gert ráð fyrir næturgistingu ef þörf krefur.

6. MISHEPPNAÐAR BROTTFLUTNINGSAÐGERÐIR

Ef yfirvöld ákvörðunarlandsins synja um komu inn á yfirráðasvæði sitt eða hætt hefur verið við

(b) the head of the removal operation of the organising Member State shall be the spokesperson to establish first contact with the local authorities upon arrival, unless another spokesperson has been determined among the organising and participating Member States prior to arrival;

(c) the organising Member State and each participating Member State shall hand over the returnees, for whom they are responsible, to the authorities of the country of destination, with their luggage and any items that were seized prior to boarding. The lead representatives of the organising and participating Member States will be responsible for handing over the returnees to the local authorities upon arrival. The escorts will not normally leave the aircraft;

(d) where appropriate and feasible, the organising and participating Member States should invite consular staff, immigration liaison officers or advance parties of the Member States concerned to facilitate the handover of the returnees to the local authorities insofar as this is consistent with national practices and procedure;

(e) the returnees shall be free of handcuffs or any other restraint when handed over to the local authorities;

(f) the handover of returnees shall take place outside the aircraft (either at the bottom of the gangway or in adequate premises of the airport, as considered appropriate). As far as possible the local authorities shall be prevented from coming on board the aircraft;

(g) the time spent at the airport of destination should be kept to a minimum;

(h) it is the responsibility of the organising Member State and each participating Member State to have in place contingency arrangements for escorts and representatives (and returnees whose readmission has not been permitted) in the event that the departure of the aircraft is delayed following disembarkation of the returnees. These arrangements should include the provision of overnight accommodation, if necessary.

6. FAILURE OF THE REMOVAL OPERATION

In the event that the authorities of the country of destination refuse entry to the territory, or the

brottflutningsaðgerðina af öðrum ástæðum ber skipulagsríkinu og hverju þátttökuríkjanna að senda á eigin kostnað endursendu einstaklingana, sem þau bera ábyrgð á, aftur til viðkomandi yfirráðasvæða sinna.

removal operation has to be aborted for other reasons, the organising Member State and each participating Member State shall take responsibility, at its own cost, for the return of the returnees, for whom they are responsible, to their respective territories.

3. nóvember 2004 Nr. 62

AUGLÝSING

um loftferðasamning við Hong Kong.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og stjórnvalda á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong í alþýðulýðveldinu Kína um flugþjónustu, sem gerður var í Reykjavík 9. ágúst 2004, öðlaðist gildi 29. október 2004. Um gildistöku ákvæða 10. gr. samningsins fer samkvæmt 6. mgr. þeirrar greinar og verður tilkynnt um gildistöku þessara ákvæða síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og stjórnvalda á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong í alþýðulýðveldinu Kína um flugþjónustu.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og stjórnvöld á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong í alþýðulýðveldinu Kína („sérstjórnarsvæðinu Hong Kong“) (hér á eftir nefnd samningsaðilar),

sem hafa hug á að gera samning í því skyni að skapa grundvöll að flugþjónustu milli sérstjórnarsvæðisins Hong Kong og lýðveldisins Íslands,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

AGREEMENT
between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Hong Kong Special Administrative Region of the People's Republic of China concerning Air Services

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Hong Kong Special Administrative Region of the People's Republic of China ("the Hong Kong Special Administrative Region") (hereinafter referred to as the "Contracting Parties"),

Desiring to conclude an Agreement for the purpose of providing the framework for air services between the Hong Kong Special Administrative Region and the Republic of Iceland,

Have agreed as follows :

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af samhengi:

a) „flugmálayfirvöld“ merkir, að því er varðar sérstjórnarsvæðið Hong Kong, flugmálastjóra þess og, að því er varðar lýðveldið Ísland, samgönguráðherra eða, í báðum tilvikum, annan aðila eða stofnun sem hefur verið falið að inna af hendi störf, sem nú eru í verkahring fyrrnefndra yfirvalda, eða hliðstæð störf;

b) „tilnefnt flugfélag“ merkir flugfélag sem hefur verið tilnefnt og fengið leyfi skv. 4. gr. samnings þessa;

c) „svæði“ merkir eyna Hong Kong, Kowloon og Nýju yfirráðasvæðin, að því er varðar sérstjórnarsvæðið Hong Kong, og, að því er varðar lýðveldið Ísland, „yfirráðasvæði“, samanber merkingu þess orðs í 2. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944;

d) hugtökin „flugþjónusta“, „alþjóðleg flugþjónusta“, „flugfélag“ og „viðkoma án viðskipta“ hafa þá merkingu sem hverju þeirra er gefin í 96. gr. fyrrnefndrar samþykktar;

e) „samningur þessi“ tekur til viðaukans við samning þennan og hverrar breytingar við hann eða við samning þennan;

f) „afnotagjald“ merkir gjald sem lögbær yfirvöld taka eða heimila að sé tekið af flugfélögum fyrir að láta þeim í té eignir eða aðstöðu á flugvelli eða flugleiðsögubúnað, þar með talin tengd þjónusta og aðstaða, fyrir loftför, áhafnir þeirra, farþega og farm;

g) „gjald“ merkir eitt eða fleiri eftirfarandi atriða:
   i) fargjald, sem flugfélag tekur fyrir að flytja farþega og farangur þeirra í áætlunarflugi, og gjöld og skilyrði fyrir þjónustu sem er viðbót við slíkan flutning;
   ii) verð sem flugfélag setur upp fyrir flutning farms (að frátöldum pósti) í áætlunarflugi;
   iii) skilyrði fyrir því hvenær hvert slíkt fargjald eða verð, þar með talinn hver sá

Article 1
Definitions

For the purpose of this Agreement, unless the context otherwise requires :

(a) the term “aeronautical authorities” means in the case of the Hong Kong Special Administrative Region, the Director-General of Civil Aviation, and in the case of the Republic of Iceland, the Ministry of Communications, or, in both cases, any person or body authorised to perform any functions at present exercisable by the abovementioned authorities or similar functions;

(b) the term “designated airline” means an airline which has been designated and authorised in accordance with Article 4 of this Agreement;

(c) the term “area” in relation to the Hong Kong Special Administrative Region includes Hong Kong Island, Kowloon and the New Territories and in relation to the Republic of Iceland has the meaning assigned to “territory” in Article 2 of the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944;

(d) the terms “air service”, “international air service”, “airline” and “stop for non-traffic purposes” have the meanings respectively assigned to them in Article 96 of the said Convention;

(e) the term “this Agreement” includes the Annex hereto and any amendments to it or to this Agreement;

(f) the term “user charge” means a charge made to airlines by the competent authorities or permitted by them to be made for the provision of airport property or facilities or of air navigation facilities, including related services and facilities, for aircraft, their crews, passengers and cargo;

(g) The term “tariff” means one or more of the following :
   (i) the fare charged by an airline for the carriage of passengers and their baggage on scheduled air services and the charges and conditions for services ancillary to such carriage;
   (ii) the rate charged by an airline for the carriage of cargo (excluding mail) on scheduled air services;
   (iii) the conditions governing the availability or applicability of any such fare or

ábati sem fylgir því, er boðið fram og hvenær það gildir; og

iv) umboðslaun sem flugfélag greiðir umboðsmanni vegna seldra farmiða eða fylgibréfa farms sem umboðsmaðurinn gengur frá vegna flutnings í áætlunarflugi.

2. gr.

Ákvæði Chicago-samþykktarinnar sem gilda um alþjóðlega flugþjónustu.

Samningsaðilarnir skulu, er þeir beita ákvæðum samnings þessa, aðhafast í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um alþjóðaflugmál, sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944, að meðtöldum ákvæðum viðaukanna við hana og hverrar breytingar á samþykktinni eða viðaukunum við hana, sem gilda um báða samningsaðila, að því marki sem fyrrnefnd ákvæði gilda um alþjóðlega flugþjónustu.

3. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum eftirtalin réttindi með tilliti til alþjóðlegrar flugþjónustu hans:
   a) réttindi til að fljúga þvert yfir svæði sitt án þess að lent sé;
   b) réttindi til að hafa viðkomu á svæði sínu án viðskipta.
2. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum þau réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, í þeim tilgangi að halda uppi alþjóðlegri flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í viðeigandi hluta viðaukans við samning þennan. Fyrrnefnd flugþjónusta og leiðir eru hér að aftan nefndar „samþykkt flugþjónusta“ og „tilgreindar leiðir“. Tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig skulu, meðan þau halda uppi samþykktri flugþjónustu á tilgreindri leið, njóta, auk þeirra réttinda sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, þeirra réttinda að hafa viðkomu á svæði hins samningsaðilans á stöðum, sem ákveðnir eru á viðkomandi leið í samræmi við ákvæði viðaukans við samning þennan, í þeim tilgangi að taka um borð og setja af farþega og farm, þar með talinn póst, hvort um sig eða hvoru tveggja.
3. Ekkert í 2. mgr. þessarar greinar telst veita hinum tilnefndu flugfélögum annars samningsaðilans rétt til að taka um borð, á einum stað á svæði hins samningsaðilans, farþega og farm, þar með talinn póst, sem fluttir eru

rate including any benefit attached to it; and

(iv) the rate of commission paid by an airline to an agent in respect of tickets sold or air waybills completed by that agent for carriage on scheduled air services.

Article 2

Provisions of the Chicago Convention Applicable to International Air Services

In implementing this Agreement, the Contracting Parties shall act in conformity with the provisions of the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944, including the Annexes and any amendments to the Convention or to its Annexes which apply to both Contracting Parties, insofar as these provisions are applicable to international air services.

Article 3

Grant of Rights

(1) Each Contracting Party grants the other Contracting Party the following rights in respect of its international air services :
   (a) the right to fly across its area without landing;
   (b) the right to make stops in its area for non-traffic purposes.

(2) Each Contracting Party grants the other Contracting Party the rights hereinafter specified in this Agreement for the purpose of operating international air services on the routes specified in the appropriate Section of the Annex to this Agreement. Such services and routes are hereinafter called "the agreed services" and "the specified routes" respectively. While operating an agreed service on a specified route the designated airlines of each Contracting Party shall enjoy in addition to the rights specified in paragraph (1) of this Article the right to make stops in the area of the other Contracting Party at points determined for that route in accordance with the Annex to this Agreement for the purpose of taking on board and discharging passengers and cargo, including mail, separately or in combination.

(3) Nothing in paragraph (2) of this Article shall be deemed to confer on the designated airlines of one Contracting Party the right to take on board, at one point in the area of the other Contracting Party, passengers and

gegn gjaldi til annars ákvörðunarstaðar á svæði hins samningsaðilans.

4. Geti tilnefnt flugfélag ekki haldið uppi flugþjónustu á venjubundnum leiðum sínum sakir vopnaðra átaka, óróa eða framvindu af pólitískum toga eða sérstakra og óvenjulegra aðstæðna skal hinn samningsaðilinn kappkosta að auðvelda viðkomandi flugfélagi að halda áfram uppi fyrrnefndri þjónustu með því að endurskipuleggja leiðir með viðeigandi hætti til bráðabirgða.

4. gr.
Tilnefning flugfélaga og veiting leyfis þeim til handa.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega um tilnefningu eins eða fleiri flugfélaga, sem hyggjast halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinni tilgreindu leið, og rétt til að draga slíkar tilnefningar til baka eða breyta þeim.
2. Við móttöku slíkrar tilnefningar skal hinn samningsaðilinn, án tafar og með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar, veita því flugfélagi eða þeim flugfélögum, sem tilnefnd eru, tilskilin rekstrarleyfi.
3. a) Stjórnvöldum á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong skal heimilt að synja þess að veita þau rekstrarleyfi, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða að setja þau skilyrði, sem þau kunna að telja nauðsynleg varðandi hagnýtingu tilnefnds flugfélags á réttindunum, sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. samnings þessa, ávallt þegar þau telja ekki nægilega upplýst að veruleg eignarhlutdeild í flugfélagi og raunveruleg yfirráð yfir því séu í höndum ríkisstjórnar Íslands eða íslenskra ríkisborgara.
   b) Ríkisstjórn Íslands skal heimilt að synja þess að veita rekstrarleyfið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða að setja þau skilyrði, sem hún kann að telja nauðsynleg varðandi hagnýtingu tilnefnds flugfélags á réttindunum sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. samnings þessa, ávallt þegar hún telur ekki nægilega upplýst að slíkt flugfélag sé skráð og hafi aðalstarfsstöð sína á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong.

cargo, including mail, carried for hire or reward and destined for another point in the area of the other Contracting Party.

(4) If because of armed conflict, political disturbances or developments, or special and unusual circumstances, a designated airline of one Contracting Party is unable to operate a service on its normal routing, the other Contracting Party shall use its best efforts to facilitate the continued operation of such service through appropriate temporary rearrangements of routes.

Article 4
Designation of and Authorisation of Airlines

(1) Each Contracting Party shall have the right to designate in writing to the other Contracting Party one or more airlines for the purpose of operating the agreed services on the specified routes and to withdraw or alter such designations.

(2) On receipt of such a designation the other Contracting Party shall, subject to the provisions of paragraphs (3) and (4) of this Article, without delay grant the designated airline or airlines the appropriate operating authorisations.

(3) (a) The Government of the Hong Kong Special Administrative Region shall have the right to refuse to grant the operating authorisations referred to in paragraph (2) of this Article, or to impose such conditions as it may deem necessary on the exercise by a designated airline of the rights specified in Article 3(2) of this Agreement, in any case where it is not satisfied that substantial ownership and effective control of that airline are vested in the Government of Iceland or its nationals.
   (b) The Government of Iceland shall have the right to refuse to grant the operating authorisations referred to in paragraph (2) of this Article, or to impose such conditions as it may deem necessary on the exercise by a designated airline of the rights specified in Article 3(2) of this Agreement, in any case where it is not satisfied that that airline is incorporated and has its principal place of business in the Hong Kong Special Administrative Region.

4. Flugmálayfirvöldum annars samningsaðila er heimilt að krefjast þess af flugfélagi, sem hinn samningsaðilinn tilnefnir, að það sýni fram á hæfni sína til að uppfylla þau ákvæði laga og reglugerða sem slík yfirvöld beita að jafnaði og eðlilegt má teljast er um ræðir rekstur alþjóðlegrar flugþjónustu.

5. Þegar flugfélag hefur verið tilnefnt með þeim hætti er fyrr greinir og fengið leyfi má það hefja þá samþykktu flugþjónustu, er um ræðir, að því tilskildu að það uppfylli þau ákvæði samnings þessa sem við eiga.

5. gr.

Afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfis.

1. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að afturkalla eða fella tímabundið niður rekstrarleyfi sem gerir flugfélagi, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, kleift að hagnýta sér þau réttindi, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. samnings þessa, eða að setja þau skilyrði sem hann kann að telja nauðsynleg varðandi hagnýtingu þessara réttinda:
   a) i) er um ræðir stjórnvöld á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong, ávallt þegar þau telja eigi nægilega upplýst að veruleg eignarhlutdeild í fyrrnefndu flugfélagi og raunveruleg yfirráð yfir því séu í höndum ríkisstjórnar Íslands eða íslenskra ríkisborgara;

      ii) er um ræðir ríkisstjórn Íslands, ávallt þegar hún telur eigi nægilega upplýst að fyrrnefnt flugfélag sé skráð og hafi aðalstarfsstöð sína á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong; eða
   b) ef fyrrnefnt flugfélag fullnægir ekki ákvæðum gildandi laga og reglugerða samningsaðilans sem veitir þau réttindi; eða
   c) ef fyrrnefnt flugfélag starfar á annan hátt ekki samkvæmt skilyrðum þeim sem kveðið er á um í samningi þessum.
2. Ef tafarlaus afturköllun eða tafarlaus tímabundin niðurfelling rekstrarleyfisins, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða setning skilyrða þeirra, er þar er getið, er ekki nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum eða reglugerðum skal slíkum rétti aðeins beitt að undangengnum viðræðum við hinn samningsaðilann.

(4) The aeronautical authorities of one Contracting Party may require an airline designated by the other Contracting Party to satisfy them that it is qualified to fulfil the conditions prescribed under the laws and regulations normally and reasonably applied to the operation of international air services by such authorities.

(5) When an airline has been so designated and authorised it may begin to operate the agreed services, provided that the airline complies with the applicable provisions of this Agreement.

Article 5

Revocation or Suspension of Operating Authorisation

(1) Each Contracting Party shall have the right to revoke or suspend an operating authorisation for the exercise of the rights specified in Article 3(2) of this Agreement by an airline designated by the other Contracting Party, or to impose such conditions as it may deem necessary on the exercise of those rights:
   (a) (i) in the case of the Government of the Hong Kong Special Administrative Region, in any case where it is not satisfied that substantial ownership and effective control of that airline are vested in the Government of Iceland or its nationals;
      (ii) in the case of the Government of Iceland, in any case where it is not satisfied that that airline is incorporated and has its principal place of business in the Hong Kong Special Administrative Region; or
   (b) in the case of failure by that airline to comply with the laws or regulations of the Contracting Party granting those rights; or
   (c) if that airline otherwise fails to operate in accordance with the conditions prescribed under this Agreement.

(2) Unless immediate revocation or suspension of the operating authorisation mentioned in paragraph (1) of this Article or imposition of the conditions therein is essential to prevent further infringements of laws or regulations, such right shall be exercised only after consultation with the other Contracting Party.

6. gr.
Meginreglur um rekstur samþykktrar flugþjónustu.

1. Tilnefnd flugfélög beggja samningsaðila skulu fá sanngjörn og jöfn tækifæri til að halda uppi samþykktri flugþjónustu á hinum tilgreindu leiðum.
2. Við rekstur samþykktrar flugþjónustu skulu tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig taka tillit til hagsmuna tilnefndra flugfélaga hins samningsaðilans svo að eigi sé óhæfilega íþyngt þeirri þjónustu sem hin síðarnefndu halda uppi á sömu flugleiðum eða hluta þeirra.
3. Samþykkt flugþjónusta, sem tilnefnd flugfélög samningsaðilanna veita, skal vera í nánu samræmi við flutningsþarfir almennings á hinum tilgreindu leiðum og meginmarkmiðið með henni skal vera að bjóða fram, með hæfilegri hleðslunýtingu, nægjanlega flutningsgetu til þess að anna raunverulegri og hæfilega áætlaðri flutningsþörf fyrir farþega og farm, þar með talinn póst, sem koma upphaflega frá eða eru á leið inn á svæði samningsaðilans sem hefur tilnefnt viðkomandi flugfélag. Flutningur farþega og farms, að meðtöldum pósti, sem eru teknir um borð og settir af á stöðum á hinum tilgreindu leiðum, öðrum en stöðum á svæði þess samningsaðila sem tilnefndi viðkomandi flugfélag, skal fara fram í samræmi við þá meginreglu að flutningsgeta sé miðuð við:

   a) flutningaþörf til og frá svæði samningsaðilans sem hefur tilnefnt viðkomandi flugfélag;
   b) flutningaþörf þess landsvæðis sem hin samþykkta þjónusta fer um, að teknu tilliti til annarrar flugþjónustu sem flugfélög þeirra ríkja, sem ná yfir fyrrnefnt landsvæði, hafa komið á; og
   c) þörf fyrir gegnumflug.

4. Sú flutningsgeta, sem bjóða ber fram á tilgreindum leiðum, skal vera í samræmi við sameiginlegar ákvarðanir samningsaðila hverju sinni.

Article 6
Principles Governing Operation of Agreed Services

(1) There shall be fair and equal opportunity for the designated airlines of the Contracting Parties to operate the agreed services on the specified routes.
(2) In operating the agreed services the designated airlines of each Contracting Party shall take into account the interests of the designated airlines of the other Contracting Party so as not to affect unduly the services which the latter provide on the whole or part of the same routes.
(3) The agreed services provided by the designated airlines of the Contracting Parties shall bear a close relationship to the requirements of the public for transportation on the specified routes and shall have as their primary objective the provision, at a reasonable load factor, of capacity adequate to meet the current and reasonably anticipated requirements for the carriage of passengers and cargo, including mail, originating in or destined for the area of the Contracting Party which has designated the airline. Provisions for the carriage of passengers and cargo, including mail, both taken on board and discharged at points on the specified routes other than points in the area of the Contracting Party which designated the airline shall be made in accordance with the general principles that capacity shall be related to :
   (a) traffic requirements to and from the area of the Contracting Party which has designated the airline;
   (b) traffic requirements of the region through which the agreed service passes, taking account of other air services established by airlines of the States comprising that region; and
   (c) the requirements of through airline operation.
(4) The capacity to be provided on the specified routes shall be such as is from time to time jointly determined by the Contracting Parties.

7. gr.
Viðurkenning vottorða.

Hvor samningsaðili um sig skal taka gild lofthæfisskírteini, hæfisskírteini og leyfi, sem hinn samningsaðilinn gefur út eða fullgildir og eigi eru útrunnin, til þess að unnt sé að halda uppi þeirri

Article 7
Recognition of Certificates

Each Contracting Party shall recognise as valid, for the purpose of operating the air services provided for in this Agreement, certificates of airworthiness, certificates of competency, and

flugþjónustu, sem samningur þessi kveður á um, að því tilskildu að kröfur, sem gerðar eru vegna slíkra skírteina eða leyfa, jafngildi að minnsta kosti þeim lágmarksviðmiðunum sem heimilt er að setja samkvæmt samþykktinni um alþjóðaflugmál sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944.

8. gr.
Gjöld.

1. Gjöld, sem tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans tekur fyrir flutning til svæðis hins samningsaðilans og frá því, skulu samþykkt af flugmálayfirvöldum beggja samningsaðila og miðuð við sanngjarna fjárhæð, að teknu hæfilegu tilliti til allra atriða, sem máli skipta, þar á meðal rekstrarkostnaðar, hagsmuna notenda, sanngjarns ágóða og gjalda annarra flugfélaga sem starfa á sömu leið, allri eða hluta hennar.

2. Tilnefnd flugfélög samningsaðilanna, sem leita eftir samþykki fyrir gjöldum, geta komið sér saman um gjöldin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og haft samráð við önnur flugfélög, sem starfa á sömu leið, allri eða hluta hennar, áður en þau gera tillögu um slík gjöld. Samt sem áður skal ekki meina tilnefndu flugfélagi að gera tillögu um, eða flugmálayfirvöldum samningsaðilanna að samþykkja, hvaða gjald sem er, hafi fyrrnefndu flugfélagi mistekist að fá samþykki hinna tilnefndu flugfélaganna fyrir slíku gjaldi eða ef ekkert annað tilnefnt flugfélag starfar á sömu leið.
3. Tilnefnt flugfélag, sem leitar eftir samþykki fyrir gjaldi sem tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans gerir tillögu um fyrir flutninga til eða frá svæði hins samningsaðilans, skal leggja tillögu að gjaldinu fyrir flugmálayfirvöld samningsaðilanna í þeirri mynd, sem flugmálayfirvöldin kunna hvor um sig að gera kröfu um, til þess að tryggt sé að þær upplýsingar, sem um getur í g-lið 1. gr., séu látnar í té. Leggja ber tillöguna fyrir eigi síðar en 60 dögum (eða með skemmri fyrirvara sem flugmálayfirvöld samningsaðilanna kunna að verða ásátt um) fyrir þann dag sem lagt er til að gjaldið taki gildi. Líta ber svo á að tillaga að gjaldi hafi verið lögð fyrir flugmálayfirvöld samningsaðila þann dag er þau veita henni viðtöku.

licences issued or validated by the other Contracting Party and still in force, provided that the requirements for such certificates or licences at least equal the minimum standards that may be established pursuant to the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944.

Article 8
Tariffs

(1) The tariffs to be applied by a designated airline of one Contracting Party for carriage to and from the area of the other Contracting Party shall be those approved by the aeronautical authorities of both Contracting Parties and shall be established at reasonable levels, due regard being paid to all relevant factors, including cost of operation, the interests of users, reasonable profit and the tariffs of other airlines operating on the whole or part of the same route.
(2) The tariffs referred to in paragraph (1) of this Article may be agreed by the designated airlines of the Contracting Parties seeking approval of the tariffs, which may consult other airlines operating on the whole or part of the same route, before proposing such tariffs. However, a designated airline shall not be precluded from proposing, nor the aeronautical authorities of the Contracting Parties from approving, any tariffs, if that airline shall have failed to obtain the agreement of the other designated airlines to such tariff, or because no other designated airline is operating on the same route.
(3) Any tariff proposed by a designated airline of one Contracting Party for carriage to and from the area of the other Contracting Party shall be filed with the aeronautical authorities of the Contracting Parties by the designated airline seeking approval of the tariff in such form as the aeronautical authorities may separately require to disclose the particulars referred to in Article 1(g). It shall be filed not less than 60 days (or such shorter period as the aeronautical authorities of the Contracting Parties may agree on) before the proposed effective date. The proposed tariff shall be treated as having been filed with the aeronautical authorities of a Contracting Party on the date on which it is received by those aeronautical authorities.

4. Flugmálayfirvöld annars samningsaðilans geta, hvenær sem er, samþykkt tillögu að gjaldi og, að því tilskildu að hún hafi verið lögð fyrir í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal líta svo á að flugmálayfirvöld þess sama samningsaðila hafi samþykkt hana, nema flugmálayfirvöld annars samningsaðilans hafi, innan 30 daga (eða með skemmri fyrirvara sem flugmálayfirvöld samningsaðilanna kunna að verða ásátt um) frá þeim degi er tillagan er lögð inn, afhent flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans skriflega tilkynningu þess efnis að þau samþykki ekki það gjald sem tillaga er gerð um.

5. Flugmálayfirvöld samningsaðilanna geta ákveðið gjaldið sameiginlega hafi tilkynning um andmæli verið send í samræmi við ákvæði 4. mgr. þessarar greinar. Annar samningsaðilinn getur, í þessu skyni og innan 30 daga frá afhendingu tilkynningar um andmæli, óskað eftir viðræðum milli flugmálayfirvalda samningsaðilanna sem skulu fara fram innan 30 daga frá þeim degi er annar samningsaðilinn veitir slíkri skriflegri beiðni viðtöku.

6. Flugmálayfirvöld annars samningsaðilans geta, jafnhliða því að þau samþykkja gjöld, látið þær lokadagsetningar, sem þau telja við hæfi, fylgja samþykki sínu. Fylgi gjaldi lokadagsetning skal það gilda fram til þess dags nema hlutaðeigandi flugfélag eða flugfélög felli gjaldið úr gildi með samþykki flugmálayfirvalda beggja samningsaðila eða tillaga að öðru gjaldi þess í stað sé lögð fyrir og samþykkt áður en lokadagur fyrrnefnda gjaldsins rennur upp.
   Hafi gjald verið samþykkt án lokadagsetningar og hafi engin tillaga að nýju gjaldi verið lögð inn og samþykkt skal fyrrnefnda gjaldið gilda uns flugmálayfirvöld annars hvors samningsaðila tilkynna að þau felli samþykki sitt úr gildi. Tilkynna ber um væntanlega lokadagsetningu gjaldsins með að minnsta kosti 90 daga fyrirvara. Flugmálayfirvöld hins samningsaðilans geta, innan 30 daga frá því að þau veita fyrrnefndri tilkynningu viðtöku, óskað eftir að flugmálayfirvöld samningsaðilanna hafi samráð sín á milli til þess að taka megi sameiginlega ákvörðun um nýtt gjald. Efna ber til samráðs innan 30 daga frá þeim degi er

(4) Any proposed tariff may be approved by the aeronautical authorities of a Contracting Party at any time and, provided it has been filed in accordance with paragraph (3) of this Article, shall be deemed to have been approved by the aeronautical authorities of that Contracting Party unless, within 30 days (or such shorter period as the aeronautical authorities of the Contracting Parties may agree on) after the date of filing, the aeronautical authorities of one Contracting Party have served on the aeronautical authorities of the other Contracting Party a written notice of disapproval of the proposed tariff.

(5) If a notice of disapproval is given in accordance with the provisions of paragraph (4) of this Article, the aeronautical authorities of the Contracting Parties may jointly determine the tariff. For this purpose, one Contracting Party may, within 30 days of the service of the notice of disapproval, request consultations between the aeronautical authorities of the Contracting Parties which shall be held within 30 days from the date on which the other Contracting Party receives such a request in writing.

(6) In approving tariffs, the aeronautical authorities of a Contracting Party may attach to their approval such terminal dates as they consider appropriate. Where a tariff has a terminal date, it shall remain in force until the due terminal date, unless withdrawn by the airline or airlines concerned with the approval of the aeronautical authorities of both Contracting Parties, or unless a replacement tariff is filed and approved prior to the terminal date.
   When a tariff has been approved without a terminal date and where no new tariff has been filed and approved, this tariff shall remain in force until the aeronautical authorities of either Contracting Party give notice terminating its approval. Such notice shall be given at least 90 days before the intended terminal date of the tariff. The aeronautical authorities of the other Contracting Party may, within 30 days of receipt of the said notice, request consultations between the aeronautical authorities of the Contracting Parties for the purpose of jointly determining a replacement tariff. Such consultations shall be held within 30 days from the date

samningsaðilinn, er sendi upphaflegu tilkynninguna, veitir slíkri beiðni í rituðu máli viðtöku.

7. Samþykki flugmálayfirvöld annars samningsaðilans ekki gjald í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar og hafi flugmálayfirvöldum samningsaðilanna ekki tekist að ákveða gjald sameiginlega í samræmi við 5. og 6. mgr. þessarar greinar er heimilt að leysa slíka deilu í samræmi við ákvæði 18. gr. samnings þessa.

the other Contracting Party receives such request in writing.

(7) If a tariff has been disapproved by the aeronautical authorities of a Contracting Party in accordance with paragraph (4) of this Article, and if the aeronautical authorities of the Contracting Parties have been unable jointly to determine a tariff in accordance with paragraphs (5) and (6) of this Article, the dispute may be settled in accordance with the provisions of Article 18 of this Agreement.

9. gr.
Tollar.

1. Loftför, sem hin tilnefndu flugfélög annars samningsaðilans nota í alþjóðlegri flugþjónustu, venjulegur tækjabúnaður þeirra, eldsneyti, smurefni, einnota tæknibirgðir, varahlutir, þar með taldir hreyflar, og aðföng (þar með talinn, en þó ekki eingöngu, matur, drykkir og tóbak) um borð í slíkum loftförum skulu, af hálfu hins samningsaðilans og með gagnkvæmum hætti, undanþegin öllum tollum, vörugjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum, öðrum en þeim sem til eru komin vegna veittrar þjónustu við komu, enda verði slíkur venjulegur tækjabúnaður og aðrir hlutir áfram um borð í loftförunum.
2. Venjulegur tækjabúnaður, eldsneyti, smurefni, einnota tæknibirgðir, varahlutir, þar með taldir hreyflar, aðföng (þar með talinn, en þó ekki eingöngu, matur, drykkir og tóbak), birgðir prentaðra farseðla, fylgibréf farms, prentað efni, sem ber merki tilnefnds flugfélags annars samningsaðilans, og venjulegt kynningarefni, sem það tilnefnda flugfélag dreifir án endurgjalds, sem fyrrnefnt tilnefnt flugfélag kemur með, eða komið er með fyrir þess hönd, inn á svæði hins samningsaðilans eða eru tekin um borð í loftfar, sem er í rekstri þess, skulu undanþegin öllum tollum, vörugjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum, öðrum en þeim sem til eru komin vegna veittrar þjónustu við komu, jafnvel þótt nota eigi slíkan venjulegan tækjabúnað og aðra hluti á hluta ferðarinnar yfir svæði hins samningsaðilans.

Article 9
Customs Duties

(1) Aircraft operated in international air services by the designated airlines of one Contracting Party, their regular equipment, fuel, lubricants, consumable technical supplies, spare parts including engines, and aircraft stores (including but not limited to such items as food, beverages and tobacco) which are on board such aircraft shall be exempt by the other Contracting Party on the basis of reciprocity from all customs duties, excise taxes and similar fees and charges not based on the cost of services provided on arrival, provided such regular equipment and such other items remain on board the aircraft.

(2) Regular equipment, fuel, lubricants, consumable technical supplies, spare parts including engines, aircraft stores (including but not limited to such items as food, beverages and tobacco), printed ticket stock, air waybills, any printed material which bears insignia of a designated airline of one Contracting Party and usual publicity material distributed without charge by that designated airline, introduced into the area of the other Contracting Party by or on behalf of that designated airline or taken on board the aircraft operated by that designated airline, shall be exempt by the other Contracting Party on the basis of reciprocity from all customs duties, excise taxes and similar fees and charges not based on the cost of services provided on arrival, even when such regular equipment and such other items are to be used on any part of a journey performed over the area of the other Contracting Party.

3. Heimilt er að gera kröfu um að venjulegur tækjabúnaður og aðrir hlutir, sem um getur 1. og 2. mgr. þessarar greinar, séu hafðir undir eftirliti og í umsjá tollyfirvalda hins samningsaðilans.
4. Heimilt er að afferma venjulegan tækjabúnað og aðra hluti, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, á svæði hins samningsaðilans að fram komnu samþykki tollyfirvalda þess samningsaðila. Í slíkum tilvikum skulu þær undanþágur, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, gilda um slíkan venjulegan tækjabúnað og hluti með gagnkvæmum hætti þar til þeir eru fluttir úr landi að nýju eða þeim ráðstafað á annan hátt í samræmi við tollareglugerðir. Tollyfirvöld hins samningsaðilans, sem fyrr er getið, geta, samt sem áður, gert kröfu um að slíkur venjulegur tækjabúnaður og hlutir séu hafðir undir eftirliti og í umsjá þeirra uns þeim er ráðstafað.
5. Undanþágan, sem kveðið er á um í þessari grein, gildir einnig þegar tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans hefur gert samkomulag við annað flugfélag eða flugfélög um lán eða tilfærslu, á svæði hins samningsaðilans, á þeim venjulega tækjabúnaði og öðrum hlutum, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda veiti hinn samningsaðilinn, sem fyrr er getið, fyrrnefndu öðru flugfélagi eða flugfélögum slíkar undanþágur með sama hætti.
6. Farangur og farmur í beinum umflutningi þvert yfir svæði samningsaðila skulu undanþegnir tollum, vörugjöldum og öðrum sambærilegum greiðslum og gjöldum, öðrum en þeim sem til eru komin vegna veittrar þjónustu við komu.

(3) The regular equipment and the other items referred to in paragraphs (1) and (2) of this Article may be required to be kept under the supervision or control of the customs authorities of the other Contracting Party.
(4) The regular equipment and the other items referred to in paragraph (1) of this Article may be unloaded in the area of the other Contracting Party with the approval of the customs authorities of that other Contracting Party. In these circumstances, such regular equipment and such items shall enjoy, on the basis of reciprocity, the exemptions provided for by paragraph (1) of this Article until they are re-exported or otherwise disposed of in accordance with customs regulations. The customs authorities of that other Contracting Party may however require that such regular equipment and such items be placed under their supervision up to such a time.
(5) The exemptions provided for by this Article shall also be available in situations where a designated airline of one Contracting Party has entered into arrangements with another airline or airlines for the loan or transfer in the area of the other Contracting Party of the regular equipment and the other items referred to in paragraphs (1) and (2) of this Article, provided that that other airline or airlines similarly enjoy such exemptions from that other Contracting Party.
(6) Baggage and cargo in direct transit across the area of a Contracting Party shall be exempt from customs duties, excise taxes and similar fees and charges not based on the cost of services provided on arrival.

10. gr.
Leiðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Tekjur eða hagnaður flugfélags annars samningsaðilans af rekstri loftfara í millilandaflutningum á þess vegum, þar með talinn af þátttöku í þjónustusamlagi, sameiginlegum rekstri flutninga í lofti eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum, sem er skattskyldur á svæði hans, skal undanþeginn tekjuskatti, sköttum af hagnaði og öllum öðrum sköttum af tekjum eða hagnaði sem lagðir eru á á svæði hins samningsaðilans.
2. Fé og eignir flugfélags annars samningsaðilans, er tengjast rekstri loftfara í millilandaflutningum, skulu undanþegin álögðum

Article 10
Avoidance of Double Taxation

(1) Income or profits derived from the operation of aircraft in international traffic by an airline of one Contracting Party, including participation in a pool service, a joint air transport operation or an international operating agency, which are subject to tax in the area of that Contracting Party shall be exempt from income tax, profits tax and all other taxes on income or profits imposed in the area of the other Contracting Party.
(2) Capital and assets of an airline of one Contracting Party relating to the operation of aircraft in international traffic shall be

sköttum, af öllu tagi og eins og þeim er lýst hvar sem vera skal, á fé og eignir á svæði hins samningsaðilans.

3. Gróði sem hlýst af ráðstöfun loftfara, sem notuð eru í millilandaflutningum, og ráðstöfun lausafjár, sem tengt er rekstri slíkra loftfara, og flugfélag annars samningsaðilans hirðir skal undanþeginn álögðum tekjuskatti á svæði hins samningsaðilans.

4. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
   a) „tekjur eða hagnaður“ merkir afrakstur og bruttótekjur af rekstri loftfara, sem flytja farþega, búfé, vörur, póst eða söluvarning milli landa, meðal annars:
      i) af leiguflugi eða útleigu loftfars;
      ii) af sölu farmiða eða sambærilegra skjala og af veitingu þjónustu í tengslum við slíka flutninga, annaðhvort flugfélaginu sjálfu til handa eða hverju öðru flugfélagi; og
      iii) vaxtatekjur af sjóðum sem tengjast rekstri loftfara í millilandaflutningum með beinum hætti;
   b) „millilandaflutningar“ merkir alla flutninga með loftfari nema um sé að ræða flutninga milli staða á svæði hins samningsaðilans eingöngu;
   c) „flugfélag annars samningsaðilans“ merkir, að því er varðar sérstjórnarsvæðið Hong Kong, skráð flugfélag með aðalstarfsstöð sína á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong og, að því er varðar Ísland, flugfélag þar sem veruleg eignarhlutdeild og raunveruleg yfirráð yfir því eru í höndum ríkisstjórnar Íslands eða íslenskra ríkisborgara;
   d) „lögbært yfirvald“ merkir, að því er varðar sérstjórnarsvæðið Hong Kong, skattstjóra þess eða viðurkenndan fulltrúa hans eða annan aðila eða stofnun, sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem nú eru í verkahring skattstjórans eða hliðstæð störf, og, að því er varðar lýðveldið Ísland, fjármálaráðuneytið eða viðurkenndan fulltrúa þess.

5. Lögbær yfirvöld samningsaðilanna skulu leitast við, með viðræðum, að leysa hverja deilu um túlkun eða beitingu þessarar

exempt from taxes of every kind and description on capital and assets imposed in the area of the other Contracting Party.

(3) Gains from the alienation of aircraft operated in international traffic and movable property pertaining to the operation of such aircraft which are received by an airline of one Contracting Party shall be exempt from any tax on gains imposed in the area of the other Contracting Party.

(4) For the purposes of this Article:
   (a) the term "income or profits" includes revenues and gross receipts from the operation of aircraft for the carriage of persons, livestock, goods, mail or merchandise in international traffic including:
      (i) the charter or rental of aircraft;
      (ii) the sale of tickets or similar documents, and the provision of services connected with such carriage, either for the airline itself or for any other airline; and
      (iii) interest on funds directly connected with the operation of aircraft in international traffic;
   (b) the term "international traffic" means any carriage by an aircraft except when such carriage is solely between places in the area of the other Contracting Party;
   (c) the term "airline of one Contracting Party" means, in the case of the Hong Kong Special Administrative Region, an airline incorporated and having its principal place of business in the Hong Kong Special Administrative Region and, in the case of Iceland, an airline substantially owned and effectively controlled by the Government of Iceland or its nationals;
   (d) the term "competent authority" means, in the case of the Hong Kong Special Administrative Region, the Commissioner of Inland Revenue or his authorised representative, or any person or body authorised to perform any functions at present exercisable by the Commissioner or similar functions, and, in the case of the Republic of Iceland, the Ministry of Finance, or their authorised representative.

(5) The competent authorities of the Contracting Parties shall, through consultation, endeavour to resolve by mutual agreement any dis-

greinar með gagnkvæmu samkomulagi. Ákvæði 18. gr. gilda ekki um neina slíka deilu.

6. Hvor samningsaðili um sig skal, þrátt fyrir ákvæði 22. gr., tilkynna hinum um það (skriflega) þegar meðferð þeirri, sem krafist er samkvæmt lögum hans til þess að ákvæði þessarar greinar geti öðlast gildi, er lokið og skulu ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þann dag er seinni tilkynningin er dagsett. Eftir það skulu ákvæði greinarinnar koma til framkvæmda:
   a) á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong, fyrir hvert matsár sem hefst 1. apríl eða síðar almanaksárið næst á eftir því almanaksári þegar samningur þessi eða grein þessi öðlast gildi, hvort sem síðar verður;

   b) í lýðveldinu Íslandi, fyrir hvert matsár sem hefst 1. janúar eða síðar almanaksárið næst á eftir því almanaksári þegar samningur þessi eða grein þessi öðlast gildi, hvort sem síðar verður.

7. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr., sé tilkynnt um uppsögn samnings þessa samkvæmt þeirri grein, skulu ákvæði þessarar greinar úr gildi falla:
   a) á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong, fyrir hvert matsár sem hefst 1. apríl eða síðar almanaksárið næst á eftir því almanaksári þegar tilkynning er send;

   b) í lýðveldinu Íslandi, 1. janúar almanaksárið næst á eftir því almanaksári þegar tilkynning er send.
8. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi gilda að því tilskildu að samningur sé í gildi milli samningsaðilanna um að komast hjá tvísköttun, að því er tekjuskatta varðar, þar sem kveðið er á um sambærilegar undanþágur og þær sem kveðið er á um í þessari grein.

11. gr.
Flugvernd.

1. Hvor samningsaðili um sig áréttar að skyldur hans gagnvart hinum samningsaðilanum, sem felast í að vernda almenningsflug gegn ólögmætum aðgerðum, eru óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum. Hvorum samningsaðila um sig ber sérstaklega að bregðast við í samræmi við flugverndarákvæði samnputes regarding the interpretation or application of this Article. Article 18 (Settlement of Disputes) shall not apply to any such dispute.

(6) Notwithstanding Article 22 (Entry into Force) each Contracting Party shall notify the other (in writing) of the completion of the procedures required by its law for the bringing into force of this Article and the Article shall enter into force on the date of the latter notification. The Article shall then be applied:

   (a) in the Hong Kong Special Administrative Region, for any year of assessment beginning on or after 1st April in the calendar year next following that in which this Agreement or this Article enters into force, whichever is the later;

   (b) in the Republic of Iceland, for any year of assessment beginning on or after 1st January in the calendar year next following that in which this Agreement or this Article enters into force, whichever is the later.

(7) Notwithstanding Article 20 (Termination) where notice of termination of this Agreement is given under that Article, this Article shall cease to have effect :
   (a) in the Hong Kong Special Administrative Region, for any year of assessment beginning on or after 1st April in the calendar year next following that in which notice is given;
   (b) in the Republic of Iceland, 1st January in the calendar year next following that in which notice is given.

(8) This Article shall not have effect so long as an agreement for the avoidance of double taxation with respect to taxes on income, providing for similar exemptions to those in this Article, has effect between the Contracting Parties.

Article 11
Aviation Security

(1) Each Contracting Party reaffirms that its obligation to the other Contracting Party to protect the security of civil aviation against unlawful interference forms an integral part of this Agreement. Each Contracting Party shall in particular act in conformity with the aviation security provisions of the Con-

ingsins um lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem undirritaður var í Tókýó 14. september 1963, samningsins um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970, samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971, bókunar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem undirrituð var í Montreal 24. febrúar 1988, og samningsins um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau sem undirritaður var í Montreal 1. mars 1991.

2. Hvor samningsaðili um sig skal, að fenginni beiðni þar um, veita hinum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn, flugvöllum og flugleiðsögubúnaði, og sérhverja aðra ógnun við öryggi í almenningsflugi.

3. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, bregðast við í samræmi við gildandi flugverndarákvæði sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett og eru tilgreind sem viðaukar við samþykktina um alþjóðaflugmál sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944. Hvor samningsaðili um sig skal gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara, sem eru skráð hjá honum, eða rekstraraðilar loftfara, sem hafa aðalstarfsstöð sína eða fast aðsetur á svæði hans, og rekstraraðilar flugvalla á svæði hans starfi í samræmi við slík flugverndarákvæði.

4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að slíkir rekstraraðilar loftfara skuli fara að þeim flugverndarákvæðum er um getur í 3. mgr. þessarar greinar og hinn samningsaðilinn gerir kröfu um vegna komu inn á svæði hans, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar með virkum hætti á svæði hans til að vernda loftför og skoða farþega, áhöfn, handfarangur, farangur, farm og birgðir loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal og taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins

2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðræður, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki í raun og hafi umsjón með öryggisviðmiðunum á þeim sviðum er um getur í 1. mgr., þ.e. öryggisviðmiðunum sem standast þær kröfur sem þá gilda samkvæmt Chicago-samþykktinni, skal síðarnefnda samningsaðilanum tilkynnt um þær niðurstöður og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla viðmiðanir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Skal þá síðarnefndi samningsaðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.
3. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að halda eftir, afturkalla eða takmarka rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, ef hinn samningsaðilinn gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar innan hæfilegs tíma.
4. Aðgerðum, sem annar samningsaðilinn grípur til í samræmi við ákvæði 3. mgr. hér að framan, skal hætt um leið og forsendur fyrir þeim aðgerðum eru ekki lengur til staðar.

8. gr.
Flugvernd.

1. Samningsaðilarnir árétta, í samræmi við réttindi sín og skyldur að þjóðarétti, að skylda þeirra gagnvart hvor öðrum, að vernda almenningsflug gegn ólögmætum aðgerðum, er óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum. Án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt þjóðarétti ber aðilum sérstaklega að bregðast við í samræmi við ákvæði samnings varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem undirritaður var í Tókýó 14. september 1963, samnings um að

own nationals in the case of the Republic of Iceland or, its own residents in the case of the Macao Special Administrative Region, by the other Contracting Party.

Article 7
Safety

1. Either Contracting Party may request consultations concerning the safety standards maintained in respect of an airline designated by the other Contracting Party relating to aeronautical facilities, aircrews, aircraft, and operation of the designated airlines.
2. If, following such consultations, one Contracting Party finds that the other Contracting Party does not effectively maintain and administer safety standards in the areas referred to in paragraph 1 that meet the Standards established at that time pursuant to the Convention, the other Contracting Party shall be informed of such findings and of the steps considered necessary to conform with the ICAO standards. The other Contracting Party shall then take appropriate corrective action within an agreed time period.
3. Each Contracting Party reserves the right to withhold, revoke, or limit the operating authorization or technical permission of an airline or airlines designated by the other Contracting Party in the event the other Contracting Party does not take such appropriate corrective action within a reasonable time.
4. Any action by one Contracting Party in accordance with paragraph 3 of this Article shall be discontinued once the basis for that action ceases to exist.

Article 8
Aviation Security

1. In accordance with their rights and obligations under international law, the Contracting Parties reaffirm that their obligation to each other to protect the security of civil aviation against acts of unlawful interference forms an integral part of this Agreement. Without limiting the generality of their rights and obligations under international law, the Parties shall in particular act in conformity with the provisions of the Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board

koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970, og samnings um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971, og annarra samninga um flugvernd sem síðar má beita um báða samningsaðila.

2. Samningsaðilar skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn, flugvöllum og flugleiðsögubúnaði, og til að fást við sérhverja aðra ógnun við öryggi flugleiðsögu í almenningsflugi.
3. Samningsaðilar skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, bregðast við í samræmi við allar flugverndarviðmiðanir og starfsvenjur sem mælt er með og við eiga og Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sett og eru tilgreindar sem viðaukar við Chicago-samþykktina. Þeir skulu gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara, sem eru skráð hjá þeim, rekstraraðilar loftfara, sem hafa aðalstarfsstöð sína eða fast aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra, og rekstraraðilar flugvalla á yfirráðasvæðum þeirra starfi í samræmi við slík flugverndarákvæði.
4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að virða öryggisákvæði, sem hinn samningsaðilinn gerir kröfu um vegna komu inn á yfirráðasvæði sitt, og gera fullnægjandi ráðstafanir til að vernda loftför og skoða farþega, áhöfn og farangur þeirra og handfarangur og farm og aðföng loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal og taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins samningsaðilans um sérhæfðar öryggisráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógnun.
5. Þegar hætta er á ólöglegri töku loftfara eða öðrum ólöglegum aðgerðum, sem er beint gegn öryggi farþega, áhafna, loftfara, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilar aðstoða hvorn annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða ógnun á skjótan og öruggan hátt.

Aircraft, signed at Tokyo on September 14, 1963, the Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, signed at The Hague on December 16, 1970, and the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, signed at Montreal on September 23, 1971, as well as with any other convention on aviation security which shall become applicable to both Parties.

2. The Contracting Parties shall provide upon request all necessary assistance to each other to prevent acts of unlawful seizure of civil aircraft and other unlawful acts against the safety of such aircraft, of their passengers and crew, and of airports and air navigation facilities, and any other threat to the security of civil aviation.
3. The Contracting Parties shall, in their mutual relations, act in conformity with all aviation security standards and appropriate recommended practices established by the International Civil Aviation Organization and designated as Annexes to the Convention; they shall require that operators of aircraft of their registry, operators of aircraft who have their principal place of business or permanent residence in their area, and the operators of airports in their area act in conformity with such aviation security provisions.
4. Each Contracting Party agrees to observe the security provisions required by the other Contracting Party for entry into the area of that other Contracting Party and to take adequate measures to protect aircraft and to inspect passengers, crew, and their baggage and carry-on items, as well as cargo and aircraft stores, prior to and during boarding or loading. Each Contracting Party shall also give positive consideration to any request from the other Contracting Party for special security measures to meet a particular threat.
5. When an incident or threat of an incident of unlawful seizure of aircraft or other unlawful acts against the safety of passengers, crew, aircraft, airports or air navigation facilities occurs, the Contracting Parties shall assist each other by facilitating communications and other appropriate measures intended to terminate rapidly and safely such incident or threat.

6. Ef samningsaðili hefur gilda ástæðu til að ætla að hinn samningsaðilinn hafi vikið frá flugverndarákvæðum þessarar greinar geta flugmálayfirvöld fyrrnefnda samningsaðilans óskað eftir viðræðum við flugmálayfirvöld hins síðarnefnda sem skulu fara fram án tafar. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan fimmtán (15) daga frá því að slík ósk er sett fram má telja að komnar séu forsendur fyrir því að halda eftir, afturkalla, takmarka eða setja skilyrði fyrir rekstrarleyfi og tæknileyfum flugfélags eða flugfélaga síðarnefnda samningsaðilans. Fyrrnefndi samningsaðilinn getur gripið til bráðabirgðaaðgerða hvenær sem er ef neyðarástand réttlætir það eða það er nauðsynlegt til þess að koma frekar í veg fyrir að ákvæði þessarar greinar séu ekki virt.

6. When a Contracting Party has reasonable grounds to believe that the other Contracting Party has departed from the aviation security provisions of this Article, the aeronautical authorities of that Contracting Party may request immediate consultations with the aeronautical authorities of the other Contracting Party. Failure to reach a satisfactory agreement within fifteen (15) days from the date of such request shall constitute grounds to withhold, revoke, limit, or impose conditions on the operating authorization and technical permissions of an airline or airlines of that Contracting Party. When justified by an emergency, or to prevent further non-compliance with the provisions of this Article, the first Contracting Party may take interim action at any time.

9. gr.

Svigrúm til viðskipta.

1. Tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig eiga rétt á að opna skrifstofur á yfirráðasvæði hins samningsaðilans til að kynna og selja flutninga í lofti.
2. Tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig skulu eiga rétt á því, í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja inn og hafa á yfirráðasvæði síðarnefnda samningsaðilans þá sérfræðinga, sem vinna við stjórnun, sölu, tæknistörf og rekstur, og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að bjóða fram flutninga í lofti.
3. Tilnefnd flugfélög hvors samningsaðila um sig mega stunda beina sölu á flutningum í lofti á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og, að eigin vild flugfélags, fyrir milligöngu umboðsmanna sinna, samanber þó gildandi lög um vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt farþega. Sala slíkra flutninga getur farið fram, hvort tveggja sem er, í gjaldmiðli viðkomandi lands eða í auðskiptanlegum gjaldmiðli.
4. Hvert tilnefnt flugfélag á rétt á að skipta tekjum, sem er aflað á staðnum og eru umfram útgjöld á staðnum, yfir í annan gjaldmiðil og senda til heimalandsins sé þess óskað. Heimila skal gjaldeyrisskipti og peningasendingar, umsvifalaust og án takmarkana eða skattlagningar, á gengi sem gildir um viðskipti og peningasendingar þann dag sem flugfélagið sækir fyrst um að senda peningana.

Article 9

Commercial Opportunities

1. The designated airlines of each Contracting Party shall have the right to establish offices in the area of the other Contracting Party for the promotion and sale of air transportation.
2. The designated airlines of each Contracting Party shall be entitled, in accordance with the laws and regulations of the other Contracting Party relating to entry, residence, and employment, to bring in and maintain in the area of the other Contracting Party managerial, sales, technical, operational, and other specialist staff required for the provision of air transportation.
3. Any designated airline of each Contracting Party may engage in the sale of air transportation in the area of the other Contracting Party directly and, at the airline's discretion, through its agents, subject to the applicable legislation that relates to the protection of passenger funds, and passenger cancellation and refund rights. The sale of such transportation may be effected in both local currency and in freely convertible currencies.
4. Each designated airline shall have the right to convert and remit to its area, on demand, local revenues in excess of sums locally disbursed. Conversion and remittance shall be permitted promptly without restrictions or taxation in respect thereof at the rate of exchange applicable to current transactions and remittance on the date the carrier makes the initial application for remittance.

5. Tilnefndum flugfélögum hvors samningsaðila um sig skal heimilt að greiða staðbundinn kostnað, þar á meðal kostnað vegna eldsneytiskaupa, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans í þarlendum gjaldmiðli. Flugfélögum hvors samningsaðila um sig er heimilt, að eigin vild, að greiða slíkan kostnað, sem lagt er í á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, í auðskiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt þarlendum gjaldeyrisreglum.

6. a) Öll tilnefnd flugfélög annars samningsaðilans geta, þegar þau reka eða halda uppi flugþjónustu á tilgreindum leiðum, tekið upp föst sætakaup, sameiginlegt flugnúmer eða leigu, í samvinnu við:
   i) flugfélag eða flugfélög hvors samningsaðilans sem er; og
   ii) flugfélag eða flugfélög þriðja aðila. Veiti slíkur þriðji aðili ekki heimild eða leyfi fyrir sambærilegu fyrirkomulagi milli flugfélaga hins samningsaðilans og annarra flugfélaga með tilliti til flugþjónustu til, frá og um yfirráðasvæði slíks þriðja aðila eiga samningsaðilarnir rétt á að hafna slíku fyrirkomulagi.

   b) Ákvæðin hér að framan eru þó með fyrirvara um að öll flugfélög sem eiga hlut að slíku fyrirkomulagi:
   i) hafi nauðsynlegan umferðarrétt og uppfylli meginreglur samnings þessa; og
   ii) fullnægi þeim kröfum sem flugmálayfirvöld beggja samningsaðila gera vegna slíks fyrirkomulags.

   c) Flugfélögum, sem hafa sameiginleg flugnúmer, ber að skrá fyrirhugað fyrirkomulag sameiginlegra flugnúmera og fastra sætakaupa hjá flugmálayfirvöldum beggja samningsaðila minnst fjörutíu og fimm (45) dögum áður en fyrirhugað er að slíkt fyrirkomulag taki gildi. Slíkt fyrirkomulag sameiginlegra flugnúmera og fastra sætakaupa er með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda beggja samningsaðila.

10. gr.
Tollar og gjöld.

1. Loftför, sem eru starfrækt í millilandaflutningum í lofti af tilnefndum flugfélögum annars samningsaðilans, venjulegur búnaður

5. The designated airlines of each Contracting Party shall be permitted to pay for local expenses, including purchases of fuel, in the area of the other Contracting Party in local currency. At their discretion, the airlines of each Contracting Party may pay for such expenses in the area of the other Contracting Party in freely convertible currencies according to local currency regulation.

6. a) In operating or holding out air services on the specified routes any designated airline of one Contracting Party may enter into blocked-space and code-sharing or leasing arrangements with:
   i) an airline or airlines of either Contracting Party; and
   ii) an airline or airlines of a third party. Should such a third party not authorize or allow comparable arrangements between the airlines of the other Contracting Party and other airlines on services to, from and via the area of such third party, the Contracting Parties have the right not to accept such arrangements.

   b) The above provisions are, however, subject to the condition that all airlines in such arrangements:
   i) hold the underlying traffic rights and meet the principles of this Agreement, and
   ii) meet the requirements applied to such arrangements by the aeronautical authorities of both Contracting Parties.

   c) The code-sharing airlines are required to file the proposed code-sharing and blocked-space arrangements with the aeronautical authorities of both Contracting Parties at least forty-five (45) days before its proposed introduction. Such a code-sharing and blocked-space arrangements are subject to approval by the aeronautical authorities of both Contracting Parties.

Article 10
Customs Duties and Charges

1. On arriving in the area of one Contracting Party, aircraft operated in international air transportation by the designated airlines of

þeirra, búnaður á jörðu niðri, eldsneyti, smurolíur, einnota tæknibirgðir, varahlutir (meðal annars hreyflar), aðföng loftfars (meðal annars, en þó ekki eingöngu, matur, drykkur og áfengi, tóbak og aðrar vörur sem ætlaðar eru til neyslu eða sölu til farþega á flugi í takmörkuðu magni) og aðrar vörur, eingöngu ætlaðar til nota í tengslum við rekstur loftfars í millilandaflutningum eða þjónustu við það, skulu, við komu til yfirráðasvæðis hins samningsaðilans, með gagnkvæmum hætti og eftir því sem frekast verður við komið samkvæmt landslögum síðarnefnda samningsaðilans, vera undanþegin öllum innflutningstakmörkunum, eignasköttum, tollum, vörugjöldum og álíka gjöldum sem 1) yfirvöld samningsaðila leggja á og 2) grundvallast ekki á kostnaði vegna veittrar þjónustu og að því tilskildu að slíkur búnaður og birgðir verði áfram um borð.

2. Enn fremur skal eftirfarandi, sem frekast verður við komið samkvæmt landslögum síðarnefnda samningsaðilans, vera, með gagnkvæmum hætti, undanþegið sköttum, álögum, tollum og gjöldum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að undanskildum gjöldum sem grundvallast á kostnaði vegna veittrar þjónustu:
   a) aðföng loftfars, sem eru flutt inn eða fengin á yfirráðasvæði samningsaðila og færð um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari flugfélags hins samningsaðilans, sem stundar millilandaflutninga í lofti, jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði samningsaðilans þar sem þau voru tekin um borð;
   b) búnaður á jörðu niðri og varahlutir (meðal annars hreyflar) sem eru fluttir inn á yfirráðasvæði samningsaðila vegna þjónustu, viðhalds eða viðgerða á loftfari flugfélags hins samningsaðilans sem er notað í millilandaflutningum í lofti;
   c) eldsneyti, smurolíur og einnota tæknibirgðir, sem eru flutt inn eða fengin á yfirráðasvæði samningsaðila til nota í loftfari flugfélags hins samningsaðilans, sem stundar millilandaflutninga í lofti, jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim

the other Contracting Party, their regular equipment, ground equipment, fuel, lubricants, consumable technical supplies, spare parts (including engines), aircraft stores (including but not limited to such items of food, beverages and liquor, tobacco and other products destined for sale to or use by passengers in limited quantities during flight), and other items intended for or used solely in connection with the operation or servicing of aircraft engaged in international air transportation shall be exempt, on the basis of reciprocity, from all import restrictions, property taxes, customs duties, excise taxes, and similar fees and charges that are (1) imposed by the authorities of the Contracting Parties, and (2) not based on the cost of services provided, provided that such equipment and supplies remain on board the aircraft to the fullest extent possible under that Contracting Party's law.

2. There shall also be exempt, on the basis of reciprocity, from the taxes, levies, duties, fees and charges referred to in paragraph 1 of this Article, with the exception of charges based on the cost of the service provided to the fullest extent possible under that Contracting Party's law:
   a) aircraft stores introduced into or supplied in the area of a Contracting Party and taken on board, within reasonable limits, for use on outbound aircraft of an airline of the other Contracting Party engaged in international air transportation, even when these stores are to be used on a part of the journey performed over the area of the Contracting Party in which they are taken on board;
   b) ground equipment and spare parts (including engines) introduced into the area of a Contracting Party for the servicing, maintenance, or repair of aircraft of an airline of the other Contracting Party used in international air transportation;
   c) fuel, lubricants and consumable technical supplies introduced into or supplied in the area of a Contracting Party for use in an aircraft of an airline of the other Contracting Party engaged in international air transportation, even when these

hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði samningsaðilans þar sem þau voru tekin um borð;

d) kynningar- og auglýsingaefni, sem er flutt inn eða fengið á yfirráðasvæði samningsaðila og tekið um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari flugfélags hins samningsaðilans, sem stundar millilandaflutninga í lofti, jafnvel þegar nota á þau aðföng á þeim hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði samningsaðilans þar sem þau voru tekin um borð.

3. Heimilt er að gera kröfu um að búnaður og birgðir, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, séu höfð undir eftirliti eða í umsjá viðkomandi yfirvalda.
4. Undanþágur, sem kveðið er á um í þessari grein, skulu einnig fáanlegar þegar tilnefnt flugfélag annars samningsaðilans hefur gert samninga við annað flugfélag, sem með líkum hætti nýtur slíkra undanþágna hjá hinum samningsaðilanum, um lán eða færslu á vörum, sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

11. gr.
Afnotagjöld.

1. Afnotagjöld, sem yfirvöld eða stofnanir hvors samningsaðila um sig, sem hafa heimild til gjaldtöku, geta lagt á flugfélög hins samningsaðilans, skulu vera réttlát, eðlileg, ekki mismuna á óréttlátan hátt og skal þeim skipt jafnt niður á notendaflokka. Slík afnotagjöld skulu ávallt lögð á flugfélög hins samningsaðilans með skilmálum sem ekki eru óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugfélögum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.

2. Afnotagjöld, sem lögð eru á flugfélög hins samningsaðilans, mega endurspegla, en ekki fara yfir, þann heildarkostnað sem yfirvöld eða stofnanir, sem hafa heimild til gjaldtöku, hafa af því að útvega viðeigandi flugvallaraðstöðu og -þjónustu og viðeigandi aðstöðu og þjónustu vegna umhverfisverndar flugvallar, flugleiðsögu og flugverndar á viðkomandi flugvelli eða innan viðkomandi flugvallarkerfis. Í heildarkostnaði af þessu

supplies are to be used on a part of the journey performed over the area of the Contracting Party in which they are taken on board; and

d) promotional and advertising materials introduced into or supplied in the area of one Contracting Party and taken on board, within reasonable limits, for use on outbound aircraft of an airline of the other Contracting Party engaged in international air transportation, even when these stores are to be used on a part of the journey performed over the area of the Contracting Party in which they are taken on board.

3. Equipment and supplies referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article may be required to be kept under the supervision or control of the appropriate authorities.
4. The exemptions provided for by this Article shall also be available where the designated airlines of one Contracting Party have contracted with another airline, which similarly enjoys such exemptions from the other Contracting Party, for the loan or transfer in the area of the other Contracting Party of the items specified in paragraphs 1 and 2 of this Article.

Article 11
User Charges

1. User charges that may be imposed by the competent charging authorities or bodies of each Contracting Party on the airlines of the other Contracting Party shall be just, reasonable, not unjustly discriminatory, and equitably apportioned among categories of users. In any event, any such user charges shall be assessed on the airlines of the other Contracting Party on terms not less favourable than the most favourable terms available to any other airline at the time the charges are assessed.
2. User charges imposed on the airlines of the other Contracting Party may reflect, but shall not exceed, the full cost to the competent charging authorities or bodies of providing the appropriate airport, airport environmental, air navigation, and aviation security facilities and services at the airport or within the airport system. Such full cost may include a reasonable return on assets, after depreciation. Facilities and services for which charges

tagi getur verið innifalinn eðlilegur arður af eignum eftir afskriftir. Aðstaða og þjónusta, sem gjöldin eru greidd fyrir, skulu látin í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.

3. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að fram fari viðræður milli yfirvalda eða stofnana á yfirráðasvæði sínu, sem hafa heimild til gjaldtöku, og flugfélaga, sem nota þjónustu og aðstöðu, og hvetja fyrrnefnd yfirvöld eða stofnanir og flugfélögin til að skiptast á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna samkvæmt meginreglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja yfirvöld, sem hafa heimild til gjaldtöku, til að láta notendum í té allar tillögur um breytingar á afnotagjöldum með eðlilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.
4. Við lausn deilumála skv. 17. gr. skal hvorugur samningsaðilinn teljast hafa brotið ákvæði þessarar greinar nema i) hann hafi látið hjá líða, innan eðlilegs tíma, að endurskoða gjöld eða framkvæmd sem hinn samningsaðilinn hefur gert að umkvörtunarefni; eða ii) látið hjá líða, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, að gera allar ráðstafanir, sem í hans valdi eru, til að leiðrétta gjöld eða ráða bót á framkvæmd sem samrýmist ekki ákvæðum þessarar greinar.

are made shall be provided on an efficient and economic basis.

3. Each Contracting Party shall encourage consultations between the competent charging authorities or bodies in its area and the airlines using the services and facilities, and shall encourage the competent charging authorities or bodies and the airlines to exchange such information as may be necessary to permit an accurate review of the reasonableness of the charges in accordance with the principles of paragraphs 1 and 2 of this Article. Each Contracting Party shall encourage the competent charging authorities to provide users with reasonable notice of any proposal for changes in user charges to enable users to express their views before changes are made.
4. Neither Contracting Party shall be held, in dispute resolution procedures pursuant to Article 17 (Consultations and Settlement of Disputes), to be in breach of a provision of this Article, unless (i) it fails to undertake a review of the charge or practice that is the subject of complaint by the other Contracting Party within a reasonable amount of time; or (ii) following such a review it fails to take all steps within its power to remedy any charge or practice that is inconsistent with this Article.

12. gr.

Leiðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Tekjur eða hagnaður flugfélags annars samningsaðilans af rekstri loftfara í millilandaflutningum á þess vegum, þar með talinn af þátttöku í þjónustusamlagi, sameiginlegum rekstri flutninga í lofti eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum, sem er skattskyldur á yfirráðasvæði hans, skal undanþeginn tekjuskatti, sköttum af hagnaði og öllum öðrum sköttum af tekjum eða hagnaði sem lagðir eru á á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
2. Fé og eignir flugfélags annars samningsaðilans, er tengjast rekstri loftfara í millilandaflutningum, skulu undanþegin fjármagns- og eignasköttum sem eru lagðir á á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
3. Gróði sem hlýst af ráðstöfun loftfara, sem notuð eru í millilandaflutningum, og ráð-

Article 12

Avoidance of Double Taxation

1. Income and profits derived from the operation of aircraft in international traffic by an airline of one Contracting Party, including participation in a pool service, a joint air transport operation or an international operating agency, which are subject to tax in the area of that Contracting Party shall be exempt from income tax, profits tax and all other taxes on income and profits imposed in the area of the other Contracting Party.
2. Capital and assets of an airline of one Contracting Party relating to the operation of aircraft in international traffic shall be exempt from taxes on capital and assets imposed in the area of the other Contracting Party.
3. Gains from the alienation of aircraft operated in international traffic and movable prop-

stöfun lausafjár, sem tengt er rekstri slíkra loftfara, og flugfélag annars samningsaðilans hirðir, séu tekjur og hagnaður slíks flugfélags, skv. 1. mgr., einvörðungu skattskyld á yfirráðasvæði þess sama samningsaðila, skal undanþeginn álögðum tekjuskatti á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

4. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
   a) „tekjur eða hagnaður“ merkir afrakstur og bruttótekjur af rekstri loftfara, sem flytja farþega, búfé, vörur, póst eða söluvarning milli landa, meðal annars:
      i) af leiguflugi eða útleigu loftfars ef slíkt leiguflug eða útleiga fer saman við rekstur loftfara í millilandaflutningum;
      ii) af sölu farmiða eða sambærilegra skjala og af veitingu þjónustu í tengslum við slíka flutninga, annaðhvort flugfélaginu sjálfu til handa eða öðrum flugfélögum, en í síðarnefnda tilvikinu aðeins ef slík sala eða veiting þjónustu fer saman við rekstur loftfara í millilandaflutningum; og
      iii) vaxtatekjur af sjóðum sem tengjast rekstri loftfara í millilandaflutningum með beinum hætti;
   b) „millilandaflutningar“ merkir alla flutninga með loftfari nema um sé að ræða flutninga milli staða á yfirráðasvæði hins samningsaðilans eingöngu;
   c) „lögbært yfirvald“ merkir, að því er varðar Ísland, fjármálaráðuneytið eða viðurkenndan fulltrúa þess og, að því er varðar sérstjórnarsvæðið Makaó, stjórnarskrifstofu fjármála (Direcção dos Serviços de Finanças) eða viðurkenndan fulltrúa hennar eða annan aðila eða stofnun, sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem nú eru í verkahring stjórnarskrifstofu fjármála eða hliðstæð störf.
5. Lögbær yfirvöld samningsaðilanna skulu leitast við, með viðræðum, að leysa hverja deilu um túlkun eða beitingu þessarar greinar með gagnkvæmu samkomulagi. Ákvæði 17. gr. gilda ekki um neina slíka deilu.

erty pertaining to the operation of such aircraft which are received by an airline of one Contracting Party, the income and profits of which according to paragraph 1 are taxable only in the area of that Contracting Party, shall be exempt from any tax on gains imposed in the area of the other Contracting Party.

4. For the purposes of this Article:
   a) the term "income and profits" includes revenues and gross receipts from the operation of aircraft for the carriage of persons, livestock, goods, mail or merchandise in international traffic including:
      (i) the charter or rental of aircraft if such charter or rental is incidental to the operation of aircraft in international traffic;
      (ii) the sale of tickets or similar documents, and the provision of services connected with such carriage, for the airline itself or for other airlines, but in the latter case only if such sales or provisions of service are incidental to the operation of aircraft in international traffic; and
      (iii) interest on funds directly connected with the operation of aircraft in international traffic;
   b) the term "international traffic" means any carriage by an aircraft except when such carriage is solely between places in the area of the other Contracting Party;
   c) the term "competent authority" means, in the case of Iceland, the Minister of Finance or his authorized representative and in the case of the Macao Special Administrative Region, the Finance Bureau (Direcção dos Serviços de Finanças) or its authorized representative, or any person or body authorized to perform any functions at present exercisable by the Finance Bureau or similar functions.
5. The competent authorities of the Contracting Parties shall, through consultation, endeavour to resolve by mutual agreement any disputes regarding the interpretation or application of this Article. Article 17 (Consultations and Settlement of Disputes) shall not apply to any such dispute.

6. Hvor samningsaðili um sig skal, þrátt fyrir ákvæði 21. gr., tilkynna hinum skriflega um það þegar meðferð þeirri, sem krafist er samkvæmt lögum hans til þess að ákvæði þessarar greinar geti öðlast gildi, er lokið. Ákvæði þessarar greinar skulu öðlast gildi á viðtökudegi seinni tilkynningarinnar og skulu að svo búnu gilda um tekjur, hagnað og gróða, sem verða til fyrsta dag janúarmánaðar á næsta almanaksári eða eftir þann dag, og um fé og eignir viðkomandi á þeim degi eða eftir þann dag.
7. Þrátt fyrir ákvæði 19. gr., sé tilkynnt um uppsögn samnings þessa samkvæmt þeirri grein, skulu ákvæði þessarar greinar úr gildi falla, að því er varðar fengnar tekjur, hagnað og gróða og fé og eignir viðkomandi, fyrsta dag janúarmánaðar á næsta almanaksári eftir að sex (6) mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er fyrrnefnd tilkynning er gefin út, eða eftir þann dag.
8. Ákvæði þessarar greinar skulu úr gildi falla að því tilskildu að samningur öðlist gildi milli samningsaðilanna um að komast hjá tvísköttun, að því er tekjuskatta varðar, þar sem kveðið er á um sambærilegar undanþágur og þær sem kveðið er á um í þessari grein.

6. Notwithstanding Article 21 (Entry into Force), each Contracting Party shall in writing notify the other of the completion of the relevant procedures required by its law to bring this Article into force. The Article shall enter into force on the date of the receipt of the latter of these notifications and shall thereupon have effect in respect of income, profits and gains arising on or after the first day of January of the next calendar year and on capital and assets held on or after that date.
7. Notwithstanding Article 19 (Termination), when notice of termination of this Agreement is given under that Article, this Article shall cease to have effect, in relation to income, profits and gains received as well as capital and assets held on or after the first day of January in the calendar year next following the expiry of six (6) months after the date when such notice is given.
8. This Article shall cease to have effect in the event that an agreement for the avoidance of double taxation with respect to taxes on income, providing for similar exceptions to those in this Article, enters into force between the Contracting Parties.

13. gr.
Sanngjörn samkeppni.

1. Hvor samningsaðili um sig skal gera ráð fyrir að tilnefnd flugfélög beggja samningsaðila fái sanngjörn og jöfn tækifæri til þess að keppa um að bjóða fram þá millilandaflutninga í lofti sem ákvæði samnings þessa fjalla um.
2. Hvor samningsaðili um sig skal leyfa hverju tilnefndu flugfélagi að ákvarða ferðatíðni og flutningsgetu í millilandaflutningum í lofti, sem það býður, á grundvelli viðskiptaaðstæðna á markaðinum. Í samræmi við þessi réttindi skal hvorugur samningsaðilinn einhliða takmarka umferð, ferðatíðni eða hve reglubundin þjónustan er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara tilnefnd flugfélög hins samningsaðilans starfrækja, nema að því marki sem nauðsynlegt er af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd með einsleitum skilyrðum í samræmi við 15. gr. Chicago-samþykktarinnar.
3. Hvorugur samningsaðilanna skal gera kröfur til tilnefndra flugfélaga hins samningsaðil-

Article 13
Fair Competition

1. Each Contracting Party shall allow a fair and equal opportunity for the designated airlines of both Contracting Parties to compete in providing the international air transportation governed by this Agreement.

2. Each Contracting Party shall allow each designated airline to determine the frequency and capacity of the international air transportation it offers based upon commercial considerations in the marketplace. Consistent with this right, neither Contracting Party shall unilaterally limit the volume of traffic, frequency or regularity of service, or the aircraft type or types operated by the designated airlines of the other Contracting Party, except as may be required for customs, technical, operational, or environmental reasons under uniform conditions consistent with Article 15 of the Convention.

3. Neither Contracting Party shall impose on the other Contracting Party's designated air-

ans viðvíkjandi flutningsgetu, ferðatíðni eða umferð sem eru í ósamræmi við ákvæði samnings þessa.

4. Báðir samningsaðilar skulu halda í lágmarki stjórnsýsluálagi á milliliði innan loftflutningageirans og tilnefnd flugfélög hins samningsaðilans vegna skráningarkrafna og málsmeðferðar þeim samfara.

14. gr.
Verðlagning.

1. Hvor samningsaðili um sig skal heimila hverju tilnefndu flugfélagi að ákvarða verð fyrir flutninga í lofti á grundvelli þeirra viðskiptaaðstæðna sem ríkja á markaðinum. Íhlutun samningsaðilanna skal takmarkast við að:
   a) koma í veg fyrir óeðlilega mismunun að því er varðar verð eða framkvæmd;
   b) vernda neytendur gegn verði sem er óeðlilega hátt eða takmarkandi vegna misnotkunar á yfirburðastöðu; og
   c) vernda flugfélög gegn óeðlilega lágu verði sem rekja má til beinna eða óbeinna ríkisstyrkja eða -aðstoðar.
2. Hvor samningsaðili um sig getur krafist þess að verð, sem til stendur að flugfélög hins samningsaðilans setji upp fyrir flutning til eða frá yfirráðasvæði hans, sé tilkynnt eða skráð hjá flugmálayfirvöldum hans. Óheimilt er að krefjast tilkynningar eða skráningar af hálfu flugfélaga beggja samningsaðila með skemmri fyrirvara en þrjátíu (30) dögum fyrir fyrirhugaða gildistöku. Í einstaka tilvikum er tilkynning eða skráning leyfileg með skemmri fyrirvara en venjulega er krafist.
3. Þrátt fyrir ákvæði málsgreina þessarar greinar skal það verð, sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög sérstjórnarsvæðisins Makaó hyggjast setja upp fyrir flutning einvörðungu innan Evrópubandalagsins, háð lögum Evrópubandalagsins. Samt sem áður hefur hvert tilnefnt flugfélag rétt til að bjóða sama verð og gert er á markaðinum.

15. gr.
Margþætt flutningaþjónusta.

Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa er flugfélögum beggja samningsaðila og öðrum, sem taka að sér farmflutninga, heimilt, án takmarkana, að nota, í tengslum við millilandaflutninga í lofti, hvers konar farmflutninga á jörðu

lines any requirement with respect to capacity, frequency or traffic that would be inconsistent with the purposes of this Agreement.

4. Both Contracting Parties shall minimize the administrative burdens of filing requirements and procedures on air transportation intermediaries and on designated airlines of the other Contracting Party.

Article 14
Pricing

1. Each Contracting Party shall allow prices for air transportation to be decided by each designated airline based upon commercial considerations in the marketplace. Intervention by the Contracting Parties shall be limited to:
   a) prevention of unreasonably discriminatory prices or practices;
   b) protection of consumers from prices that are unreasonably high or restrictive due to the abuse of a dominant position; and
   c) protection of airlines from prices that are artificially low due to direct or indirect governmental subsidy or support.
2. Each Contracting Party may require notification to or filing with its aeronautical authorities of prices to be charged to or from its area by the airlines of the other Contracting Party. Notification or filing by the airlines of both Contracting Parties may be required not less than thirty (30) days before the proposed date of effectiveness. In individual cases, notification or filing may be permitted on shorter notice than normally required.
3. Notwithstanding the paragraphs of this Article, the prices to be charged by the designated airline(s) of the Macao Special Administrative Region for carriage wholly within the European Community shall be subject to European Community law. However, each designated airline has the right to match any price offered in the marketplace.

Article 15
Intermodal Services

Notwithstanding any other provision of this Agreement, airlines and indirect providers of cargo transportation of both Contracting Parties shall be permitted, without restriction, to employ in connection with international air transporta-

niðri til og frá hvaða stað sem er á yfirráðasvæðum samningsaðila eða í þriðju löndum, þar á meðal flutninga til og frá öllum flugvöllum þar sem aðstaða er til tollafgreiðslu, og hafa þau, meðal annars og eftir atvikum, rétt til að flytja farm undir tollinnsigli samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skal vera aðstaða á flugvöllum til að tollskoða og tollafgreiða slíkan farm, hvort sem hann er fluttur á jörðu niðri eða í lofti. Flugfélög geta kosið að sjá sjálf um flutninga sína á jörðu niðri eða boðið slíka flutninga fram með því að gera samkomulag um þá við aðra aðila, sem annast flutninga á jörðu niðri, meðal annars er átt við flutninga á jörðu niðri sem önnur flugfélög halda uppi og aðilar sem bjóða fram farmflutninga í lofti óbeint. Slíka margþætta farmflutningaþjónustu má bjóða á einu heildarverði alla leið fyrir samtengda flutninga í lofti og á jörðu niðri, að því tilskildu að ekki sé villt um fyrir sendendum að því er slíka flutninga varðar.

tion any surface transportation for cargo to or from any points in the areas of the Contracting Parties or in third parties, including transport to and from all airports with customs facilities, and including, where applicable, the right to transport cargo in bond under applicable laws and regulations. Such cargo, whether moving by surface or by air, shall have access to airport customs processing and facilities. Airlines may elect to perform their own surface transportation or to provide it through arrangements with other surface carriers, including surface transportation operated by other airlines and indirect providers of cargo air transportation. Such intermodal cargo services may be offered at a single, through price for the air and surface transportation combined, provided that shippers are not misled as to the facts concerning such transportation.

16. gr.
Slysarannsóknir.

1. Eigi nauðlending eða slys sér stað á yfirráðasvæði annars samningsaðilans, þar sem loftfar hins samningsaðilans kemur við sögu, skulu flugmálayfirvöld þess samningsaðila, þar sem nauðlendingin eða slysið verður, tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans án tafar um það, gera strax ráðstafanir til að koma áhöfn og farþegum til hjálpar, tryggja öryggi loftfarsins og pósts, farangurs og farms um borð og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fram fari rannsókn á einstökum atriðum og aðstæðum viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu.

2. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókn á einstökum atriðum og aðstæðum viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu, skulu tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans um að rannsókn fari fram og skapa flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans fullkomna aðstöðu til þess að njóta fyrirsvars við rannsóknina. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókninni, skulu senda flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans skýrslu um rannsóknina um leið og hún liggur fyrir.

Article 16
Investigation of Accidents

1. In the case of a forced landing or accident of an aircraft of either Contracting Party within the area of the other Contracting Party, the aeronautical authorities of the Contracting Party in whose area the forced landing or accident takes place shall immediately notify the aeronautical authorities of the other Contracting Party thereof, take immediate steps to assist the crew and the passengers, provide for the safety of the aircraft and mail, baggage and cargo on board and take necessary measures for an inquiry into the particulars and circumstances of the forced landing or accident.
2. The aeronautical authorities of the Contracting Party conducting the inquiry into the particulars and circumstances of the forced landing or accident shall inform the aeronautical authorities of the other Contracting Party of the holding of the inquiry and the aeronautical authorities of the other Contracting Party shall be granted full facilities to be represented at the inquiry. The aeronautical authorities of the Contracting Party conducting the inquiry shall send to the aeronautical authorities of the other Contracting Party the report of the inquiry as soon as it is available.

17. gr.

Samráð og lausn deilumála.

1. Hvor samningsaðili sem er getur, í anda náinnar samvinnu og hvenær sem er, farið fram á viðræður um samning þennan, beitingu ákvæða hans og að farið sé að ákvæðum hans svo viðunandi sé.
2. Rísi deila milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hana með samningaviðræðum. Slíkar viðræður skulu hafnar sem allra fyrst, þó eigi síðar en sextíu (60) dögum frá því að beiðni um viðræður er veitt viðtaka, nema samningsaðilar ákveði annað.
3. Nái samningsaðilar ekki samkomulagi með því að ráðgast hvor við annan geta þeir sammælst um að vísa deilunni til einhvers einstaklings eða stofnunar til úrlausnar; að öðrum kosti er unnt að vísa deilunni, að ósk annars hvors samningsaðilans, til gerðardóms sem þrír gerðarmenn skipa, einn tilnefndur af hvorum samningsaðila um sig og sá þriðji af þeim tveimur sem þannig eru tilnefndir. Hvor samningsaðili um sig skal tilnefna gerðarmann innan sextíu (60) daga frá þeim degi er annar hvor samningsaðili tekur við tilkynningu frá hinum, eftir viðeigandi leiðum, þar sem farið er fram á að deilan verði sett í gerð og skal skipa þriðja gerðarmanninn innan sextíu (60) daga frá þeim tilnefningardegi sem fyrr er getið. Ef annar hvor samningsaðila tilnefnir ekki gerðarmann innan tiltekins frests eða ef þriðji gerðarmaður er ekki skipaður innan tiltekins frests getur hvor samningsaðilinn sem er farið fram á við forseta ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að hann skipi gerðarmann eða gerðarmenn eftir málsatvikum. Þriðji gerðarmaðurinn skal aldrei vera íbúi á sérstjórnarsvæðinu Makaó eða íslenskur ríkisborgari og skal hann gegna hlutverki forseta gerðardómsins.
4. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að hlíta hverri ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. þessarar greinar.

Article 17

Consultations and Settlement of Disputes

1. In a spirit of close co-operation, either Contracting Party may, at any time, request consultations relating to this Agreement, its implementation and satisfactory compliance with the provisions of this Agreement.
2. If any dispute arises between the Contracting Parties relating to the interpretation or application of this Agreement, the Contracting Parties shall endeavour to settle it by consultation. Such consultations shall commence as soon as practicable but in any event not later than sixty (60) days from the date of receipt of the request of consultations, unless otherwise agreed by the Contracting Parties.
3. If the Contracting Parties fail to reach a settlement by negotiation, they may agree to refer the dispute for decision to some person or body, or the dispute may, at the request of either Contracting Party be submitted for decision to a tribunal of three arbitrators, one to be nominated by each Contracting Party and the third to be appointed by the two so nominated. Each of the Contracting Parties shall nominate an arbitrator within a period of sixty (60) days from the date of receipt by either Contracting Party from the other of a notice, through the appropriate channels, requesting arbitration of the dispute and the third arbitrator shall be appointed within a further period of sixty (60) days. If either of the Contracting Parties fails to nominate an arbitrator within the period specified, or if the third arbitrator is not appointed within the period specified, the President of the Council of the International Civil Aviation Organization may be requested by either Contracting Party to appoint an arbitrator or arbitrators as the case requires. In all cases, the third arbitrator shall not be a resident of the Macao Special Administrative Region or a national of the Republic of Iceland and shall act as President of the arbitral tribunal.
4. The Contracting Parties undertake to comply with any decision rendered under paragraph 3 of this Article.

18. gr.

Breytingar.

1. Telji annar samningsaðilinn æskilegt að breyta einhverju ákvæði samnings þessa, þar með talið viðaukans, getur hann farið fram á

Article 18

Modification

1. If either of the Contracting Parties considers it desirable to modify any provision of this Agreement, including the Annex thereto, it

viðræður milli flugmálayfirvalda beggja samningsaðila um þær breytingar sem tillaga er gerð um. Slíkar viðræður skulu hefjast innan sextíu (60) daga frá viðtöku beiðni um viðræður. Sérhver breyting, sem samþykkt er með fyrrgreindum hætti, skal öðlast gildi að undangenginni staðfestingu með bréfaskiptum samningsaðila í milli eftir viðeigandi leiðum.

2. Breytingu eða breytingar á viðaukanum má gera með beinu samkomulagi milli flugmálayfirvalda beggja samningsaðila og skulu slíkar breytingar öðlast gildi eftir að það hefur verið staðfest með bréfaskiptum eftir viðeigandi leiðum.

may request consultations between the aeronautical authorities of both Contracting Parties in relation to the proposed modification. Such consultations shall commence within a period of sixty (60) days of the date of receipt of the request. Any modifications so agreed shall enter into force when they have been confirmed by an exchange of letters by both Contracting Parties, through the appropriate channels.

2. Any modification or modifications to the Annex may be made by direct agreement between the aeronautical authorities of both Contracting Parties and shall enter into force when it has been confirmed by an exchange of letters, through the appropriate channels.

19. gr.
Uppsögn.

Hvor samningsaðili sem er getur, hvenær sem er, tilkynnt hinum samningsaðilanum skriflega ákvörðun sína um að segja samningi þessum upp. Samtímis skal slík tilkynning send Alþjóðaflugmálastofnuninni. Samningur þessi fellur úr gildi (á viðtökustað tilkynningar til hins samningsaðilans) á miðnætti aðfaranætur sama dags ári eftir að hinum samningsaðilanum berst tilkynningin, nema tilkynningin sé dregin til baka með samþykki beggja samningsaðila áður en sá tími er liðinn.

Article 19
Termination

Either Contracting Party may, at any time, give notice in writing to the other Contracting Party of its decision to terminate this Agreement. Such notice shall be sent simultaneously to the International Civil Aviation Organization. This Agreement shall terminate at midnight (at the place of receipt of the notice to the other Contracting Party) immediately before the first anniversary of the date of receipt of the notice by the other Contracting Party, unless the notice is withdrawn by agreement of the Contracting Parties before the end of this period.

20. gr.
Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Skrá skal samning þennan, ásamt öllum breytingum á honum, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni eftir að hann hefur verið undirritaður.

Article 20
Registration with ICAO

This Agreement and all amendments thereto shall be registered upon its signature with the International Civil Aviation Organization.

21. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi að afloknum bréfaskiptum sem staðfesta að meðferð þeirri, sem krafist er samkvæmt lögum og nauðsynleg er til þess að samningurinn komi til framkvæmda, sé lokið.

Article 21
Entry into force

This Agreement shall enter into force upon an exchange of letters confirming that the legal procedures necessary to implement the Agreement have been completed.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments, have signed this Agreement.

GJÖRT í Reykjavík hinn 13. júlí 2004 í tvíriti á íslensku, kínversku, portúgölsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Siv Friðleifsdóttir

Fyrir hönd stjórnvalda á
sérstjórnarsvæðinu Makaó í
alþýðulýðveldinu Kína
Ao Man Long

DONE at Reykjavik this 13th day of July, 2004 in duplicate, in the Icelandic, Chinese, Portuguese and English languages, each text being equally authentic. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of the
Republic of Iceland
Siv Friðleifsdóttir

For the Government of the
Macao Special Administrative Region
of the People's Republic of China
Ao Man Long

VIÐAUKI
Alþjóðleg flugþjónusta.

Leiðaskrá.

Flugfélög hvors samningsaðila um sig, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka, skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að stunda alþjóðlega flugþjónustu milli staða á eftirfarandi leiðum:

A. *Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem ríkisstjórn lýðveldisins Íslands hefur tilnefnt:*

Frá stöðum handan við Ísland um Ísland og viðkomustaði til staðar eða staða í Makaó og sem flogið er til áfram.

Athugasemd:

Óheimilt er að þjóna nokkrum stað á meginlandi Kína, í Taívan og Hong Kong sem viðkomustað eða stað sem flogið er til áfram.

B. *Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem stjórnvöld á sérstjórnarsvæðinu Makaó hafa tilnefnt:*

Frá stöðum handan við Makaó um Makaó og viðkomustaði til staðar eða staða á Íslandi og sem flogið er til áfram.

ANNEX
International Air Services

Route Schedule

Airlines of each Contracting Party designated under this Annex shall, in accordance with the terms of their designation, be entitled to perform international air services between points on the following routes:

A. *Routes for the airline or airlines designated by the Government of the Republic of Iceland:*

From points behind Iceland via Iceland and intermediate points to a point or points in Macao and beyond.

Note:

No points in inland of China, Taiwan and Hong Kong may be served either as intermediate points or beyond points.

B. *Routes for the airline or airlines designated by the Government of the Macao Special Administrative Region:*

From points behind Macao via Macao and intermediate points to a point or points in Iceland and beyond.

AUGLÝSING

um samning um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum.

Hinn 9. nóvember 2004 var aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum sem gerður var í París 14. nóvember 1970. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 9. febrúar 2005.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum.
París 14. nóvember 1970

Sextándi fundur aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sem kom saman í París dagana 12. október til 14. nóvember 1970,

minnir á mikilvægi ákvæða yfirlýsingarinnar um grundvallarreglur alþjóðlegrar samvinnu um menningarmál sem aðalráðstefnan samþykkti á fjórtánda fundi sínum,

telur að innbyrðis skipti þjóða á menningarverðmætum í þágu vísinda, menningar og menntunar efli þekkingu á siðmenningu, auðgi menningarlíf allra þjóða og veki gagnkvæma virðingu og skilning þjóða á milli,

telur menningarverðmæti vera einn af hornsteinum siðmenningar og þjóðmenningar og að raunverulegt gildi þeirra ráðist af því hve mikið er vitað um uppruna þeirra, sögu og sögusvið,

telur það vera skyldu hvers ríkis að vernda menningarverðmæti á eigin yfirráðasvæði gegn þjófnaði, óleyfilegum uppgreftri og ólögmætum útflutningi,

CONVENTION
on the Means of Prohibiting and Preventing the Illicit Import, Export and Transfer of Ownership of Cultural Property
Paris, 14 November 1970

The General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, meeting in Paris from 12 October to 14 November 1970, at its sixteenth session,

Recalling the importance of the provisions contained in the Declaration of the Principles of International Cultural Co-operation, adopted by the General Conference at its fourteenth session,

Considering that the interchange of cultural property among nations for scientific, cultural and educational purposes increases the knowledge of the civilization of Man, enriches the cultural life of all peoples and inspires mutual respect and appreciation among nations,

Considering that cultural property constitutes one of the basic elements of civilization and national culture, and that its true value can be appreciated only in relation to the fullest possible information regarding is origin, history and traditional setting,

Considering that it is incumbent upon every State to protect the cultural property existing within its territory against the dangers of theft, clandestine excavation, and illicit export,

telur að til þess að sneiða hjá þessari hættu sé afar brýnt að sérhvert ríki vakni enn frekar til vitundar um þá siðferðilegu skyldu, sem á því hvílir, að virða eigin menningararfleifð sem og menningararfleifð allra þjóða,

Considering that, to avert these dangers, it is essential for every State to become increasingly alive to the moral obligations to respect its own cultural heritage and that of all nations,

telur að sem menningarstofnunum beri fornminjasöfnum, náttúrugripasöfnum, listasöfnum, bókasöfnum og skjalasöfnum að tryggja að munir á söfnum þeirra séu fengnir eftir leiðum sem grundvallast á almennt viðurkenndum siðareglum,

Considering that, as cultural institutions, museums, libraries and archives should ensure that their collections are built up in accordance with universally recognized moral principles,

telur að ólögmætur innflutningur, útflutningur og yfirfærsla eignarhalds á menningarverðmætum standi í vegi fyrir slíkum skilningi þjóða á milli, sem er hlutverk Menningarmálastofnunarinnar að efla, meðal annars með því að hvetja ríki, sem eiga hagsmuna að gæta, til að gerast aðilar að alþjóðasamningum á þessu sviði,

Considering that the illicit import, export and transfer of ownership of cultural property is an obstacle to that understanding between nations which it is part of UNESCO's mission to promote by recommending to interested States, international conventions to this end,

telur að verndun menningararfleifðar geti því aðeins borið árangur að hún sé skipulögð bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi meðal ríkja sem hafa nána samvinnu sín á milli,

Considering that the protection of cultural heritage can be effective only if organized both nationally and internationally among States working in close co-operation,

hefur hliðsjón af því að aðalráðstefna Menningarmálastofnunarinnar samþykkti tilmæli um þetta efni árið 1964,

Considering that the UNESCO General Conference adopted a Recommendation to this effect in 1964,

hefur fengið til umfjöllunar frekari tillögur um leiðir til að banna og koma í veg fyrir ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum, og er það mál tekið til umfjöllunar undir 19. lið á dagskrá fundarins,

Having before It further proposals on the means of prohibiting and preventing the illicit import, export and transfer of ownership of cultural property, a question which is on the agenda for the session as item 19,

ákvað, á fimmtánda fundi sínum, að um þetta mál skyldi fjallað á alþjóðlegri ráðstefnu,

Having decided, at its fifteenth session, that this question should be made the subject of an international convention,

samþykkir þennan samning 14. nóvember 1970.

Adopts this Convention on the fourteenth day of November 1970.

1. gr.

Í samningi þessum merkir hugtakið „menningarverðmæti“ verðmæti sem ríki gefur sérstaklega til kynna, af trúarlegum eða veraldlegum ástæðum, að hafi einstakt gildi fyrir fornleifafræðina og forsögulegar rannsóknir, sagnfræði, bókmenntir, listir eða vísindi og falli í einhvern eftirtalinna flokka:

a) fágæt söfn og eintök dýra, jurta, steina og líffæra og hlutir sem hafa gildi fyrir steingervingafræði,
b) menningarverðmæti sem tengjast sögunni, t.d. sögu vísinda og tækni, svo og hernaðar- og félagssögu, einnig lífshlaupi þjóðarleið-

Article 1

For the purposes of this Convention, the term "cultural property" means property which, on religious or secular grounds, is specifically designated by each State as being of importance for archaeology, prehistory, history, literature, art or science and which belongs to the following categories:

(a) Rare collections and specimens of fauna, flora, minerals and anatomy, and objects of palaeontological interest;
(b) property relating to history, including the history of science and technology and military and social history, to the life of nation-

toga, hugsuða, vísindamanna og listamanna og mikilsverðum atburðum í þjóðarsögunni,
c) fornleifar úr uppgreftri (bæði skipulegum og óleyfilegum) og fornleifafundir,

d) brot úr eða af listrænum eða sögulegum minnismerkjum, eða fornminjum, sem hafa verið hlutuð í sundur,
e) fornmunir, sem eru eldri en eitt hundrað ára, eins og áletranir, mynt og grafin innsigli,

f) munir sem teljast merkilegir í þjóðfræði,
g) menningarverðmæti sem hafa listrænt gildi, t.d.:
   i) myndir, málverk og teikningar, algerlega handunnið, á hvers kyns undirlagi og í hvers kyns efni (að undanskilinni iðnhönnun og unnum, handskreyttum munum),
   ii) frummyndir af styttum og höggmyndverkum úr hvers kyns efni,
   iii) frummyndir af stungum, þrykki og steinprenti (litógrafíum),
   iv) frummyndir listrænna klippiverka og myndraða (montage) í hvers kyns efni,
h) fágæt handrit og vögguprent, gamlar bækur, skjöl og útgáfuraðir sem hafa sérstakt gildi (sögulegt, listrænt, vísindalegt, bókmenntalegt o.s.frv.), einar sér eða sem söfn,
i) póststimplar, skattstimplar eða áþekk stimpilmerki, ein sér eða sem söfn,
j) skjalasöfn, þ.m.t. hljóðrita-, ljósmynda- og kvikmyndasöfn,
k) húsgögn sem eru eldri en eitt hundrað ára og gömul hljóðfæri.

2. gr.

1. Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, gera sér grein fyrir því að ólöglegur innflutningur, útflutningur og yfirfærsla eignarhalds á menningarverðmætum eru ein af meginástæðum þess hversu fátækleg menningararfleifð upprunalanda slíkra menningarverðmæta er og að alþjóðleg samvinna er ein vænlegasta leiðin til að vernda menningarverðmæti hvers lands fyrir öllum þeim hættum sem að þeim steðja.
2. Í þessu skyni taka aðildarríkin sér á hendur að berjast gegn slíkri iðju með öllum tiltækum ráðum, einkum með því að uppræta orsakir hennar, stöðva þá iðju sem nú viðgengst og með því að veita aðstoð sína við að bæta fyrir hana.

al leaders, thinkers, scientists and artist and to events of national importance;
(c) products of archaeological excavations (including regular and clandestine) or of archaeological discoveries;
(d) elements of artistic or historical monuments or archaeological sites which have been dismembered;
(e) antiquities more than one hundred years old, such as inscriptions, coins and engraved seals;
(f) objects of ethnological interest;
(g) property of artistic interest, such as:
   (i) pictures, paintings and drawings produced entirely by hand on any support and in any material (excluding industrial designs and manu-factured articles decorated by hand);
   (ii) original works of statuary art and sculpture in any material;
   (iii) original engravings, prints and lithographs;
   (iv) original artistic assemblages and montages in any material;
(h) rare manuscripts and incunabula, old books, documents and publications of special interest (historical, artistic, scientific, literary, etc.) singly or in collections;
(i) postage, revenue and similar stamps, singly or in collections;
(j) archives, including sound, photographic and cinematographic archives;
(k) articles of furniture more than one hundred years old and old musical instruments.

Article 2

1. The States Parties to this Convention recognize that the illicit import, export and transfer of ownership of cultural property is one of the main causes of the impoverishment of the cultural heritage of the countries of origin of such property and that international co-operation constitutes one of the most efficient means of protecting each country's cultural property against all the dangers resulting there from.
2. To this end, the States Parties undertake to oppose such practices with the means at their disposal, and particularly by removing their causes, putting a stop to current practices, and by helping to make the necessary reparations.

3. gr.

Innflutningur, útflutningur eða yfirfærsla eignarhalds á menningarverðmætum, sem fer í bága við þau ákvæði sem aðildarríkin samþykkja með þessum samningi, er ólögleg.

4. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna að í þessum samningi teljast menningarverðmæti, sem falla í einhvern eftirfarandi flokka, hluti af menningararfleifð hvers ríkis:

a) menningarverðmæti, sem eru sprottin af hugviti einstakra afburðamanna, sem eru ríkisborgarar viðkomandi ríkis, eða úr þjóðarranni þess, svo og menningarverðmæti þau, sem erlendir ríkisborgarar eða ríkisfangslausir hafa skapað á yfirráðasvæði þess ríkis,

b) menningarverðmæti sem er að finna á yfirráðasvæði ríkis,

c) menningarverðmæti, sem er aflað í rannsóknarferðum, sem höfðu að markmiði fornleifa-, þjóðfræða- eða náttúrurannsóknir, með samþykki lögbærra yfirvalda upprunalands slíkra menningarverðmæta,

d) menningarverðmæti sem hafa verið látin af hendi af fúsum og frjálsum vilja í skiptum,

e) menningarverðmæti sem voru fengin að gjöf eða keypt með lögmætum hætti með samþykki lögbærra yfirvalda upprunalandsins.

5. gr.

Til verndar menningarverðmætum sínum gegn ólöglegum innflutningi, útflutningi og yfirfærslu eignarhalds skuldbinda ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, sig til að koma á fót, eftir því sem við á í hverju landi og hvert á sínu yfirráðasvæði, einni eða fleiri innlendum stofnunum, ef þær eru ekki þegar fyrir hendi, til að vernda menningararfleifðina, og að ráða hæft og nægilega fjölmennt starfslið til að vinna eftirtalin störf svo fullnægjandi sé:

a) að semja drög að lögum og reglum sem er ætlað að tryggja vernd menningararfleifðarinnar, einkum til að hindra ólöglegan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á mikilvægum menningarverðmætum,

b) að taka saman og halda dagrétta skrá yfir mikilvæg menningarverðmæti í eigu almennings og einkaaðila, á grundvelli innlendrar þjóðminjaskrár, sem myndi rýra

Article 3

The import, export or transfer of ownership of cultural property effected contrary to the provisions adopted under this Convention by the States Parties thereto, shall be illicit.

Article 4

The States Parties to this Convention recognize that for the purpose of the Convention property which belongs to the following categories forms part of the cultural heritage of each State:

(a) Cultural property created by the individual or collective genius of nationals of the State concerned, and cultural property of importance to the State concerned created within the territory of that State by foreign nationals or stateless persons resident within such territory;

(b) cultural property found within the national territory;

(c) cultural property acquired by archaeological, ethnological or natural science missions, with the consent of the competent authorities of the country of origin of such property;

(d) cultural property which has been the subject of a freely agreed exchange;

(e) cultural property received as a gift or purchased legally with the consent of the competent authorities of the country of origin of such property.

Article 5

To ensure the protection of their cultural property against illicit import; export and transfer of ownership, the States Parties to this Convention undertake, as appropriate for each country, to set up within their territories one or more national services, where such services do not already exist, for the protection of the cultural heritage, with a qualified staff sufficient in number for the effective carrying out of the following functions:

(a) contributing to the formation of draft laws and regulations designed to secure the protection of the cultural heritage and particularly prevention of the illicit import, export and transfer of ownership of important cultural property;

(b) establishing and keeping up to date, on the basis of a national inventory of protected'property, a list of important public and private cultural property whose export

menningararf þjóðarinnar umtalsvert ef flutt yrðu úr landi,

c) að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu eða stofnun þeirra vísinda- og tæknistofnana (safna, bókasafna, skjalasafna, rannsóknastofa, verkstæða ...) sem þarf til að tryggja varðveislu og sýningu á menningarverðmætum,

d) að skipuleggja eftirlit með fornleifauppgreftri, tryggja varðveislu tiltekinna menningarverðmæta á vettvangi og verja tiltekin svæði sem eru frátekin fyrir fornleifarannsóknir í framtíðinni,

e) að setja reglur í samræmi við siðareglur, sem eru settar í þessum samningi, til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi (safnverði, safnara, forngripasala o.s.frv.) og gera ráðstafanir til að tryggja að þessum reglum sé fylgt,

f) að gera ráðstafanir í fræðslumálum til að laða fram og efla virðingu fyrir menningararfleifð allra ríkja og miðla þekkingu um ákvæði þessa samnings,

g) að sjá til þess að hvarf hvers kyns menningarverðmæta fái viðeigandi umfjöllun.

would constitute an appreciable impoverishment of the national cultural heritage;

(c) promoting the development or the establishment of scientific and technical institutions (museums, libraries, archives, laboratories, workshops ...) required to ensure the preservation and presentation of cultural property;

(d) organizing the supervision of archaeological excavations, ensuring the preservation "in situation" of certain cultural property, and protecting certain areas reserved for future archaeological research;

(e) establishing, for the benefit of those concerned (curators, collectors, antique dealers, etc.) rules in conformity with the ethical principles set forth in this Convention; and taking steps to ensure the observance of those rules;

(f) taking educational measures to stimulate and develop respect for the cultural heritage of all States, and spreading knowledge of the provisions of this Convention;

(g) seeing that appropriate publicity is given to the disappearance of any items of cultural property.

6. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, skuldbinda sig til:

a) að taka upp viðeigandi vottorð þar sem útflutningsríkið tilgreinir að útflutningur menningarverðmætanna, sem um ræðir, sé heimilaður. Vottorðið skal fylgja öllum menningarverðmætum sem eru flutt úr landi í samræmi við reglur,

b) að banna útflutning menningarverðmæta frá yfirráðasvæði sínu nema þeim fylgi framangreint útflutningsvottorð,

c) að vekja athygli á þessu banni á viðeigandi hátt, einkum athygli þeirra sem eru líklegir til að flytja menningarverðmæti úr landi eða inn í það.

Article 6

The States Parties to this Convention undertake:

(a) To introduce an appropriate certificate in which the exporting State would specify that the export of the cultural property in question is authorized. The certificate should accompany all items of cultural property exported in accordance with the regulations;

(b) to prohibit the exportation of cultural property from their territory unless accompanied by the above-mentioned export certificate;

(c) to publicize this prohibition by appropriate means, particularly among persons likely to export or import cultural property.

7. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, skuldbinda sig til:

a) að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við innlend lög, til að hindra að söfn og líkar stofnanir á yfirráðasvæði þeirra kaupi menningarverðmæti sem eru upprunnin í öðru aðildarríki og hafa verið flutt úr landi með ólögmætum hætti eftir að þessi samningur hefur öðlast gildi í hlutaðeigandi ríkjum.

Article 7

The States Parties to this Convention undertake:

(a) To take the necessary measures, consistent with national legislation, to prevent museums and similar institutions within their territories from acquiring cultural property originating in another State Party which has been illegally exported after entry into force of this Convention, in the States concerned.

Þegar því verður við komið skulu þau tilkynna það til upprunaríkis, sem á aðild að þessum samningi, fái þau tilboð um að kaupa menningarverðmæti sem hafa verið flutt frá því ríki með ólögmætum hætti eftir að þessi samningur öðlaðist gildi í báðum ríkjunum,

b) i) að banna innflutning á menningarverðmætum, sem hefur verið stolið úr söfnum eða af opinberum minnismerkjum, trúarlegum eða veraldlegum, eða líkri stofnun í öðru ríki, sem er aðili að þessum samningi, eftir að samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi ríkjum, að því tilskildu að skjalfest sé að þau séu á eignaskrá viðkomandi stofnunar,

ii) að gera viðeigandi ráðstafanir, að beiðni þess aðildarríkis sem er upprunaríki, til að endurheimta og skila öllum slíkum menningarverðmætum, sem flutt eru inn eftir að þessi samningur hefur öðlast gildi gagnvart báðum ríkjunum, að því tilskildu þó að ríkið, sem setur fram slíka beiðni, greiði kaupanda, sem var í góðri trú, eða einstaklingi, sem á réttmætt tilkall til menningarverðmætanna, sanngjarnar bætur. Beiðni um endurheimt og skil skal send eftir diplómatískum leiðum. Aðili, sem leggur fram beiðni, skal, á eigin kostnað, leggja fram skráningargögn og önnur sönnunargögn sem nauðsynleg eru til stuðnings kröfunni um endurheimt og skil. Aðilar skulu ekki leggja tolla eða önnur gjöld á menningarverðmæti sem er skilað samkvæmt þessari grein. Öll útgjöld vegna skila og afhendingar menningarverðmæta skulu falla á aðilann sem leggur fram beiðnina.

8. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að þessum samningi, skuldbinda sig til að beita hvern þann fésektum eða stjórnsýsluviðurlögum sem er ábyrgur fyrir broti gegn þeim bönnum sem getið er í b-lið 6. gr. og b-lið 7. gr. hér að framan.

9. gr.

Hvert ríki, sem er aðili að þessum samningi og á sér menningararfleið, fornminjar eða þjóðfræðilegar minjar sem hætt er við að verði rænt, getur leitað til annarra aðildarríkja sem málið varðar. Ríkin, sem eru aðilar að þessum samn-

Whenever possible, to inform a State of origin Party to this Convention of an offer of such cultural property illegally removed from that State after the entry into force of this Convention in both States;

(b) (i) to prohibit the import of cultural property stolen from a museum or a religious or secular public monument or similar institution in another State Party to this Convention after the entry into force of this Convention for the States concerned, provided that such property is documented as appertaining to the inventory of that institution;

(ii) at the request of the State Party of origin, to take appropriate steps to recover and return any such cultural property imported after the entry into force of this Convention in both States concerned, provided, however, that the requesting State shall pay just compensation to an innocent purchaser or to a person who has valid title to that property. Requests for recovery and return shall be made through diplomatic offices. The requesting Party shall furnish, at its expense, the documentation and other evidence necessary to establish its claim for recovery and return. The Parties shall impose no customs duties or other charges upon cultural property returned pursuant to this Article. All expenses incident to the return and delivery of the cultural property shall be borne by the requesting Party.

Article 8

The States Parties to this Convention undertake to impose penalties or administrative sanctions on any person responsible for infringing the prohibitions referred to under Articles 6(b) and 7(b) above.

Article 9

Any State Party to this Convention whose cultural patrimony is in jeopardy from pillage of archaeological or ethnological materials may call upon other States Parties who are affected. The States Parties to this Convention undertake, in

ingi, skuldbinda sig, í slíkum tilvikum, til þess að taka þátt í samstilltu, alþjóðlegu átaki til að ákvarða og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum og raunhæfum aðgerðum, þ.m.t. eftirliti með út- og innflutningi og alþjóðlegri verslun með tiltekin menningarverðmæti. Á meðan slíks samnings er beðið skulu hlutaðeigandi ríki gera bráðabirgðaráðstafanir, eftir því sem framast er unnt, til að koma í veg fyrir óbætanlegan skaða á menningararfleifð ríkisins sem sendir beiðnina.

these circumstances, to participate in a concerted international effort to determine and to carry out the necessary concrete measures, including the control of exports and imports and international commerce in the specific materials concerned. Pending agreement each State concerned shall take provisional measures to the extent feasible to prevent irremediable injury to the cultural heritage of the requesting State.

10. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, skuldbinda sig til:

a) að takmarka ólögmætan flutning menningarverðmæta frá hverju ríki, sem er aðili að þessum samningi, með fræðslu, upplýsingum og árvekni og, eftir atvikum í hverju landi, gera forngripasölum skylt, að viðlögðum fésektum og stjórnsýsluviðurlögum, að halda skrá um uppruna hvers hlutar, sem telst vera menningarverðmæti, með nöfnum og heimilisföngum seljenda, lýsingu og verði á hverjum seldum hlut og greina kaupanda menningarverðmætanna frá útflutningsbanni sem gæti verið á slíkum menningarverðmætum,
b) að leitast við, með uppfræðslu, að vekja og efla vitund almennings um gildi menningarverðmæta og þá hættu sem menningararfleifðinni stafar af ránum, óleyfilegum uppgreftri og ólögmætum útflutningi þeirra.

Article 10

The States Parties to this Convention undertake:

(a) To restrict by education, information and vigilance, movement of cultural property illegally removed from any State Party to this Convention and, as appropriate for each country, oblige antique dealers, subject to penal or administrative sanctions, to maintain a register recording the origin of each item of cultural property, names and addresses of the supplier, description and price of each item sold and to inform the purchaser of the cultural property of the export prohibition to which such property may be subject;
(b) to endeavour by educational means to create and develop in the public mind a realization of the value of cultural property and the threat to the cultural heritage created by theft, clandestine excavations and illicit exports.

11. gr.

Útflutningur og yfirfærsla eignarhalds á menningarverðmætum af nauðung, sem stafar beint eða óbeint af hernámi erlends valds á landi, skulu teljast ólögleg.

Article 11

The export and transfer of ownership of cultural property under compulsion arising directly or indirectly from the occupation of a country by a foreign power shall be regarded as illicit.

12. gr.

Ríkin, sem eiga aðild að þessum samningi, skulu virða menningararfleifð þeirra yfirráðasvæða sem þau bera ábyrgð á í alþjóðasamskiptum og skulu þau gera allar viðeigandi ráðstafanir til að banna og koma í veg fyrir ólöglegan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum á slíkum yfirráðasvæðum.

Article 12

The States Parties to this Convention shall respect the cultural heritage within the territories for the international relations of which they are responsible, and shall take all appropriate measures to prohibit and prevent the illicit import, export and transfer of ownership of cultural property in such territories.

13. gr.

Ríkin, sem eiga aðild að þessum samningi, skulu einnig, í samræmi við lög hvers ríkis, skuldbinda sig til:

Article 13

The States Parties to this Convention also undertake, consistent with the laws of each State:

a) að koma, með öllum tiltækum ráðum, í veg fyrir yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum sem líkur eru á að stuðli að ólögmætum inn- eða útflutningi á slíkum menningarverðmætum,

b) að tryggja að þar til bærar stofnanir þeirra vinni í sameiningu að því að menningarverðmætum, sem hafa verið flutt ólöglega úr landi, verði komið eins fljótt og kostur er aftur í hendur réttmæts eiganda,

c) að heimila aðgerðir af hálfu réttmætra eigenda glataðra eða stolinna menningarverðmæta, eða annarra fyrir þeirra hönd, til að endurheimta þau,

d) að viðurkenna að hvert ríki, sem á aðild að þessum samningi, hafi óumdeilanlegan rétt til að lýsa því yfir að tiltekin menningarverðmæti séu óafsalanleg, og flokka þau sem slík, og af þeirri ástæðu megi ekki flytja þau úr landi, og að greiða fyrir því að hlutaðeigandi ríki fái endurheimt slík menningarverðmæti hafi þau verið flutt úr landi.

14. gr.

Sérhvert ríki, sem á aðild að samningi þessum, skal, með það fyrir augum að koma í veg fyrir ólöglegan útflutning og til að fullnægja þeim skyldum sem af framkvæmd þessa samnings leiðir, að svo miklu leyti sem því er unnt, sjá þeim innlendu stofnunum, sem eru ábyrgar fyrir verndun menningararfleifðar þess, fyrir nægilegu fjármagni og, ef þörf krefur, stofna sjóð í þeim tilgangi.

15. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hindra aðildarríki í að gera sérsamninga sín á milli eða halda áfram að framkvæma gildandi samninga um endurafhendingu menningarverðmæta, sem hafa verið flutt burt af upprunasvæði sínu, hver sem ástæðan var, fyrir gildistöku þessa samnings gagnvart viðkomandi ríkjum.

16. gr.

Ríkin, sem eiga aðild að þessum samningi, skulu, í reglubundnum skýrslum til aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, þegar og með þeim hætti sem hún ákvarðar, veita upplýsingar um laga- og stjórnsýsluákvæði sem þau hafa samþykkt og aðrar aðgerðir í tengslum við framkvæmd samnings þessa, og gera grein fyrir þeirri reynslu sem þau hafa öðlast á þessu sviði.

(a) To prevent by all appropriate means transfers of ownership of cultural property likely to promote the illicit import or export of such property;

(b) to ensure that their competent services cooperate in facilitating the earliest possible restitution of illicitly exported cultural property to its rightful owner;

(c) to admit actions for recovery of lost or stolen items of cultural property brought by or on behalf of the rightful owners;

(d) to recognize the indefeasible right of each State Party to this Convention to classify and declare certain cultural property as inalienable which should therefore ipso facto not be exported, and to facilitate recovery of such property by the State concerned in cases where it has been exported.

Article 14

In order to prevent illicit export and to meet the obligations arising from the implementation of this Convention, each State Party to the Convention should, as far as it is able, provide the national services responsible for the protection of its cultural heritage with an adequate budget and, if necessary, should set up a fund for this purpose.

Article 15

Nothing in this Convention shall prevent States Parties thereto from concluding special agreements among themselves or from continuing to implement agreements already concluded regarding the restitution of cultural property removed, whatever the reason, from its territory of origin, before the entry into force of this Convention for the States concerned.

Article 16

The States Parties to this Convention shall in their periodic reports submitted to the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization on dates and in a manner to be determined by it, give information on the legislative and administrative provisions which they have adopted and other action which they have taken for the application of this Convention, together with details of the experience acquired in this field.

17. gr.

1. Ríkin, sem eiga aðild að þessum samningi, geta nýtt sér tæknilega aðstoð Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, einkum að því er varðar:
   a) upplýsingar og fræðslu,
   b) ráðgjöf og sérfræðiálit,
   c) samræmingu og aðstoð.
2. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna getur, að eigin frumkvæði, staðið fyrir rannsóknum og birt rannsóknarrit sem fjalla um ólögmætan flutning á menningarverðmætum.
3. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna kann og, í þessu skyni, að leita eftir samvinnu við þar til bær frjáls félagasamtök.
4. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna getur, að eigin frumkvæði, lagt tillögur fyrir aðildarríki að samningnum um framkvæmd hans.
5. Menningarmálastofnunin getur, að beiðni að minnsta kosti tveggja ríkja sem eru aðilar að þessum samningi og eiga í deilum um framkvæmd hans, veitt þeim aðstoð við að ná samkomulagi.

Article 17

1. The States Parties to this Convention may call on the technical assistance of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, particularly as regards:
   (a) Information and education;
   (b) consultation and expert advice;
   (c) co-ordination and good offices.
2. The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization may, on its own initiative conduct research and publish studies on matters relevant to the illicit movement of cultural property.
3. To this end, the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization may also call on the co-operation of any competent non-governmental organization.
4. The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization may, on its own initiative, make proposals to States Parties to this Convention for its implementation.
5. At the request of at least two States Parties to this Convention which are engaged in a dispute over its implementation, UNESCO may extend its good offices to reach a settlement between them.

18. gr.

Samningur þessi er gerður á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Article 18

This Convention is drawn up in English, French, Russian and Spanish, the four texts being equally authoritative.

19. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu eða staðfestingu ríkja, sem eru aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra um sig.
2. Skjöl um fullgildingu eða staðfestingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 19

1. This Convention shall be subject to ratification or acceptance by States members of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization in accordance with their respective constitutional procedures.
2. The instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

20. gr.

1. Ríkjum, sem eru ekki aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna en framkvæmdastjórn stofnunarinnar býður aðild, er heimilt að gerast aðilar að þessum samningi.
2. Aðild fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna aðildarskjal til vörslu.

Article 20

1. This Convention shall be open to accession by all States not members of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization which are invited to accede to it by the Executive Board of the Organization.
2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

21. gr.

Samningur þessi öðlast gildi eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þriðja skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða aðild er afhent til vörslu, en þó einungis gagnvart þeim ríkjum sem hafa afhent skjöl sín eigi síðar en á þeim degi. Samningurinn öðlast gildi gagnvart öðrum ríkjum þremur mánuðum eftir að skjöl hvers þeirra um fullgildingu, staðfestingu eða aðild eru afhent til vörslu.

22. gr.

Ríki, sem eiga aðild að þessum samningi, viðurkenna að samningurinn gildi ekki aðeins í móðurlandi þeirra heldur einnig á öllum þeim yfirráðasvæðum sem þau bera ábyrgð á í alþjóðasamskiptum; þau skuldbinda sig til að hafa samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við ríkisstjórnir eða önnur lögbær yfirvöld á þessum yfirráðasvæðum eigi síðar en við fullgildingu, staðfestingu eða aðild, með það í huga að tryggja að samningurinn komi til framkvæmda á þessum yfirráðasvæðum, og að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um þau yfirráðasvæði sem samningurinn tekur til; tilkynningin öðlast gildi þremur mánuðum eftir viðtöku hennar.

23. gr.

1. Hverju því ríki, sem á aðild að þessum samningi, er heimilt að segja honum upp fyrir sína hönd eða þeirra yfirráðasvæða sem það ber ábyrgð á í alþjóðasamskiptum.
2. Tilkynna skal uppsögnina skriflega og afhenda hana aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Uppsögnin tekur gildi tólf mánuðum eftir viðtöku uppsagnarskjalsins.

24. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal veita ríkjum sem eiga aðild að stofnuninni, ríkjum sem ekki eiga aðild að stofnuninni og getið er í 20. gr., svo og Sameinuðu þjóðunum upplýsingar um það þegar öll skjölin um fullgildingu, staðfestingu og aðild, sem kveðið er á um í 19. og 20. gr., hafa verið afhent til vörslu, og um allar tilkynningar og uppsagnir sem kveðið er á um í 22. og 23. gr., eftir því sem við á.

Article 21

This Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or accession, but only with respect to those States which have deposited their respective instruments on or before that date. It shall enter into force with respect to any other State three months after the deposit of its instrument of ratification, acceptance or accession.

Article 22

The States Parties to this Convention recognize that the Convention is applicable not only to their metropolitan territories but also to all territories for the international relations of which they are responsible; they undertake to consult, if necessary, the governments or other competent authorities of these territories on or before ratification, acceptance or accession with a view to securing the application of the Convention to those territories, and to notify the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and cultural Organization of the territories to which it is applied, the notification to take effect three months after the date of its receipt.

Article 23

1. Each State Party to this Convention may denounce the Convention on its own behalf or on behalf of any territory for whose international relations it is responsible.
2. The denunciation shall be notified by an instrument in writing, deposited with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.
3. The denunciation shall take effect twelve months after the receipt of the instrument of denunciation.

Article 24

The Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization shall inform the States members of the Organization, the States not members of the Organization which are referred to in Article 20, as well as the United Nations, of the deposit of all the instruments of ratification, acceptance and accession provided for in Articles 19 and 20, and of the notifications and denunciations provided for in Articles 22 and 23 respectively.

25. gr.

1. Aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er heimilt að endurskoða þennan samning. Slík endurskoðun bindur þó einungis þau ríki sem gerast aðilar að endurskoðuðum samningi.

2. Ef aðalráðstefnan samþykkir nýjan samning, sem felur í sér endurskoðun þessa samnings, í heild eða að hluta, skal ekki vera hægt að fullgilda, staðfesta eða gerast aðili að þessum samningi eftir þann dag sem nýr, endurskoðaður samningur öðlast gildi, nema kveðið sé á um annað í nýja samningnum.

Article 25

1. This Convention may be revised by the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. Any such revision shall, however, bind only the States which shall become Parties to the revising convention.
2. If the General Conference should adopt a new convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new convention otherwise provides, this Convention shall cease to be open to ratification, acceptance or accession, as from the date on which the new revising convention enters into force.

26. gr.

Samningur þessi skal skráður, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Article 26

In conformity with Article 102 of the Charter of the United Nations, this Convention shall be registered with the Secretariat of the United Nations at the request of the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

Gjört í París 17. nóvember 1970, í tveimur gildum eintökum undirrituðum af forseta sextánda fundar aðalráðstefnunnar og aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er skulu varðveitt í skjalasafni Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og skulu staðfest afrit afhent öllum ríkjunum, sem um getur í 19. og 20. gr., sem og Sameinuðu þjóðunum.

Done in Paris this seventeenth day of November 1970, in two authentic copies bearing the signature of the President of the sixteenth session of the General Conference and of the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, which shall be deposited in the archives of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, and certified true copies of which shall be delivered to all the States referred to in Articles 19 and 20 as well as to the United Nations.

AUGLÝSING

um viðbótarsamning nr. 13 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 10. nóvember 2004 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings nr. 13 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, varðandi afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum, sem gerður var í Vilníus 3. maí 2002, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954, þar sem sáttmálinn er birtur, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967, 7/1968, 6/1987, 9/1988, 21/1989, 39/1991, 19/1995, 20/1995 og 23/1998. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2005.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. nóvember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 13 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita viðbótarsamning þennan,

eru sannfærð um að réttur allra manna til lífs sé ein af undirstöðunum í lýðræðisþjóðfélagi og að afnám dauðarefsingar sé grundvallaratriði í vernd þessa réttar og því að mannleg reisn hljóti fulla viðurkenningu sem óvefengjanlegur réttur allra manna,

vilja efla vernd réttarins til lífs sem tryggður er með sáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „sáttmálinn"),

gera sér ljóst að í viðbótarsamningi nr. 6 við sáttmálann, varðandi afnám dauðarefsingar, sem undirritaður var í Strassborg 28. apríl 1983, er dauðarefsing fyrir verknaði, framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir, ekki útilokuð,

eru staðráðin í að stíga skrefið til fulls í þá átt að afnema dauðarefsingu í öllum tilvikum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

PROTOCOL NO. 13 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, concerning the Abolition of the Death Penalty in All Circumstances

The member States of the Council of Europe signatory hereto,

Convinced that everyone's right to life is a basic value in a democratic society and that the abolition of the death penalty is essential for the protection of this right and for the full recognition of the inherent dignity of all human beings;

Wishing to strengthen the protection of the right to life guaranteed by the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention");

Noting that Protocol No. 6 to the Convention, concerning the Abolition of the Death Penalty, signed at Strasbourg on 28 April 1983, does not exclude the death penalty in respect of acts committed in time of war or of imminent threat of war;

Being resolved to take the final step in order to abolish the death penalty in all circumstances,

Have agreed as follows:

1. gr.
Afnám dauðarefsingar.
Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.
Bann við frávikum.
Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa viðbótarsamnings á grundvelli 15. gr. sáttmálans.

3. gr.
Bann við fyrirvörum.
Óheimilt er að gera fyrirvara skv. 57. gr. sáttmálans um ákvæði þessa viðbótarsamnings.

4. gr.
Svæðisbundið gildissvið.
1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem viðbótarsamningur þessi skal ná til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið viðbótarsamning þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuður frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin eða breytingin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins berst slík tilkynning.

5. gr.
Tengsl við sáttmálann.
Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1.–4. gr. þessa viðbótarsamnings skoðuð sem viðbótargreinar við sáttmálann og skulu öll ákvæði sáttmálans gilda í samræmi við það.

Article 1
Abolition of the death penalty
The death penalty shall be abolished. No one shall be condemned to such penalty or executed.

Article 2
Prohibition of derogations
No derogation from the provisions of this Protocol shall be made under Article 15 of the Convention.

Article 3
Prohibition of reservations
No reservation may be made under Article 57 of the Convention in respect of the provisions of this Protocol.

Article 4
Territorial application
1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn or modified by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal or modification shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 5
Relationship to the Convention
As between the States Parties the provisions of Articles 1 to 4 of this Protocol shall be regarded as additional articles to the Convention, and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

6. gr.
Undirritun og fullgilding.

Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmálann. Hann er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þennan viðbótarsamning nema það hafi áður fullgilt sáttmálann eða geri það samtímis. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

7. gr.
Gildistaka.

1. Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að tíu aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af viðbótarsamningnum í samræmi við ákvæði 6. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu til að vera bundið af viðbótarsamningnum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjalsins.

8. gr.
Hlutverk vörsluaðila.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa skv. 4. og 7. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi viðbótarsamning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir viðbótarsamning þennan.

Gjört í Vilníus hinn 3. maí 2002 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 6
Signature and ratification

This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without previously or simultaneously ratifying the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 7
Entry into force

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which ten member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 6.
2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 8
Depositary functions

The Secretary General of the Council of Europe shall notify all the member States of the Council of Europe of:

a) any signature;
b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c) any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 4 and 7;
d) any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Vilnius, this 3 May 2002, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

AUGLÝSING

um samning við Lúxemborg um almannatryggingar.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar um almannatryggingar, sem gerður var í Lúxemborg 30. nóvember 2001, öðlaðist gildi 1. desember 2004. Samtímis féll úr gildi samningur milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar um félagslegt öryggi sem gerður var í Lúxemborg 11. desember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/1991 þar sem samningurinn er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. desember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar um almannatryggingar.	**CONVENTION entre le Republique d´Islande et le Grand-Duché de Luxembourg sur la securité social.**
Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands	Le Gouvernement du Grand-Duché de Luxembourg
og	et
ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar hafa,	le Gouvernement de la République d'Islande
með hliðsjón af 29. gr. og 1. og 2. lið í VI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 (hér eftir nefndur „EES-samningurinn");	Tenant compte de l'article 29, annexe VI, n°s 1 et 2 de l'Accord sur l'espace économique européen du 2 mai 1992 (dénommé ci-après "Accord EEE");
með vísan til 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71;	Se référant à l'article 8 du Règlement (CEE) n° 1408/71;
og með það í huga að endurskoða samskipti landanna á sviði almannatrygginga, einkum að því er varðar þá einstaklinga sem falla ekki undir þá reglugerð,	Considérant qu'il importe de reconsidérer leurs relations dans le domaine de la sécurité sociale, notamment en ce qui concerne les personnes non couvertes par le règlement;
orðið ásáttar um að gera með sér samning þennan sem kemur í stað samnings um félagslegt öryggi milli ríkjanna tveggja frá 11. desember 1989:	sont convenus de conclure la présente convention qui remplace la convention sur la sécurité sociale entre les deux Etats du 11 décembre 1989:

I. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Í þessum samningi merkir:

   a) „Reglugerð“: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja eins og henni er beitt milli samningsaðilanna hverju sinni;

   b) „Framkvæmdarreglugerð“: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja eins og henni er beitt milli samningsaðilanna hverju sinni.

2. Önnur hugtök og orðfæri sem eru notuð í þessum samningi skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í reglugerðinni, framkvæmdarreglugerðinni eða í innlendri löggjöf, eftir því sem við á.

2. gr.
Efnislegt gildissvið.

Samningur þessi skal gilda um alla löggjöf sem fellur undir efnislegt gildissvið reglugerðarinnar (tryggingaflokkar).

3. gr.
Persónulegt gildissvið.

1. Samningur þessi skal gilda um eftirtalda einstaklinga sem falla utan persónulegs gildissviðs reglugerðarinnar (einstaklingar sem eru tryggðir):
   a) einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf annars samningsaðilans eða beggja; eða
   b) aðstandendur eða eftirlifendur einstaklings sem er tilgreindur í a-lið þessarar málsgreinar.
2. Samningur þessi skal einnig gilda um einstaklinga er heyra undir persónulegt gildis-

PARTIE I
DISPOSITIONS GENERALES

Article 1er
Définitions

1. Aux fins de l'application de la présente convention:
   a. le terme "règlement" désigne le règlement (CEE) n° 1408/71 du Conseil relatif à l'application des régimes de sécurité sociale aux travailleurs salariés, aux travailleurs non salariés et aux membres de leur famille qui se déplacent à l'intérieur de la Communauté en sa teneur en vigueur au moment de son application entre les Parties contractantes;
   b. le terme "règlement d'application" désigne le règlement (CEE) n° 574/72 du Conseil fixant les modalités d'application du règlement (CEE) n° 1408/71 relatif à l'application des régimes de sécurité sociale aux travailleurs salariés, aux travailleurs non salariés et aux membres de leur famille qui se déplacent à l'intérieur de la Communauté en sa teneur en vigueur au moment de son application entre les Parties contractantes.
2. Les autres termes et expressions utilisés dans la présente convention ont la signification qui leur est attribuée respectivement dans le règlement, le règlement d'application ou dans la législation nationale, suivant le cas.

Article 2
Champ d'application matériel

La présente convention s'applique à toutes les législations relevant du champ d'application matériel (branches couvertes) du règlement.

Article 3
Champ d'application personnel

1. La présente convention s'applique aux personnes ci-après qui ne relèvent pas du champ d'application personnel (personnes couvertes) du règlement:
   a) les personnes qui sont ou ont été soumises à la législation de l'une ou des deux Parties contractantes, ou
   b) les membres de la famille ou les survivants d'une personne désignée au sous-paragraphe a) du présent paragraphe.
2. La présente convention s'applique également aux personnes qui relèvent du champ d'appli-

svið reglugerðarinnar (einstaklingar sem eru tryggðir) að því er varðar 10. gr.

4. gr.
Jafnræði við málsmeðferð.

Einstaklingar sem falla undir 3. gr. þessa samnings og sem dveljast eða eru búsettir á yfirráðasvæði samningsaðila skulu hafa sömu réttindi og skyldur og þarlendir ríkisborgarar að því er varðar beitingu löggjafar þess samningsaðila.

5. gr.
Aðgangur að frjálsum eða frjálsum viðvarandi tryggingum.

1. Lagaákvæði annars samningsaðila sem binda aðgang að frjálsum eða frjálsum viðvarandi tryggingum við búsetu á yfirráðasvæði þess aðila skulu ekki gilda um einstaklinga sem eru búsettir á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, að því tilskildu að fyrr á starfsævinni hafi þeir heyrt undir löggjöf fyrstnefnda aðilans sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.

2. Ef aðgangur að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum samkvæmt löggjöf annars samningsaðila er háður því að tryggingatímabilum sé lokið skal taka trygginga- eða búsetutímabil sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf hins aðilans til greina, eftir því sem þörf er á, eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt löggjöf fyrstnefnda samningsaðilans.

6. gr.
Komið í veg fyrir að bætur skarist.

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerðinni skal beita lagaákvæðum samningsaðila um lækkun, tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta þar sem þær skarast við aðrar bætur almannatrygginga eða vegna hvers konar annarra tekna, þegar um er að ræða bætur sem bótaþegi hefur áunnið sér samkvæmt löggjöf hins samningsaðilans eða tekjur sem er aflað á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

2. Heimilt er að beita lagaákvæðum samningsaðila um lækkun, tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta þegar um er að ræða einstakling sem fær örorkubætur eða snemmbæran ellilífeyri og stundar atvinnustarfsemi

cation personnel (personnes couvertes) du règlement aux fins de l'article 10.

Article 4
Egalité de traitement

Les personnes couvertes par l'article 3 de la présente convention, qui séjournent ou résident sur le territoire de l'une des Parties contractantes, ont les mêmes obligations et droits que les ressortissants de cette Partie contractante au regard de l'application de la législation de cette Partie contractante.

Article 5
Admission à l'assurance volontaire ou facultative continuée

1. Les dispositions de la législation d'une Partie contractante qui subordonnent l'admission à l'assurance volontaire ou facultative continuée à la résidence sur le territoire de cette Partie ne sont pas opposables aux personnes qui résident sur le territoire de l'autre Partie à condition qu'elles aient été soumises à un moment quelconque de leur carrière professionnelle à la législation de la première Partie en tant que travailleur salarié ou non salarié.
2. Si la législation d'une Partie contractante subordonne l'admission à l'assurance volontaire ou facultative continuée à l'accomplissement de périodes d'assurance, les périodes d'assurance ou de résidence accomplies sous la législation de l'autre Partie sont prises en compte, dans la mesure nécessaire, comme si elles avaient été accomplies sous la législation de la première Partie.

Article 6
Prévention du cumul de prestations

1. A moins qu'il ne soit disposé autrement dans le règlement, les clauses de réduction, de suspension ou de suppression prévues par la législation d'une Partie contractante en cas de cumul d'une prestation avec d'autres prestations de sécurité sociale ou avec d'autres revenus de toute nature sont opposables au bénéficiaire, même s'il s'agit de prestations acquises au titre de la législation de l'autre Partie contractante ou de revenus obtenus sur le territoire de l'autre Partie contractante.
2. Les clauses de réduction, de suspension ou de suppression prévues par la législation d'une Partie contractante au cas où le bénéficiaire de prestations d'invalidité ou de prestations anticipées de vieillesse exerce une activité

jafnvel þótt hann stundi starfsemi sína á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

II. HLUTI
ÁKVÖRÐUN UM HVAÐA LÖGGJÖF SKULI BEITA

7. gr.
Almenn regla.

Þeir einstaklingar sem þessi samningur nær til skulu aðeins falla undir löggjöf annars samningsaðilans. Sú löggjöf skal ákveðin í samræmi við ákvæði 13. til 17. gr. í II. bálki reglugerðarinnar.

8. gr.
Aðstandendur útsendra starfsmanna.

Maki og börn sem fylgja starfsmanni sem sendur er til starfa á yfirráðasvæði hins samningsaðilans samkvæmt 14. til 17. gr. í II. bálki reglugerðarinnar skulu falla undir löggjöf sama samningsaðila og hinn útsendi starfsmaður og skal farið með þau sem væru þau búsett á yfirráðasvæði þess samningsaðila, nema þau stundi sjálf launað starf á yfirráðasvæði samningsaðilans sem starfsmaðurinn er sendur til eða séu tryggð á grundvelli lífeyrisgreiðslna eða greiðslu bóta í peningum samkvæmt löggjöf þess samningsaðila.

professionnelle lui sont opposables même s'il exerce son activité sur le territoire de l'autre Partie contractante.

PARTIE II
DETERMINATION DE LA LEGISLATION APPLICABLE

Article 7
Règle générale

Les personnes auxquelles les dispositions de la présente convention sont applicables, ne sont soumises qu'à la législation d'une seule Partie contractante. Cette législation est déterminée conformément aux dispositions du Titre II, articles 13 à 17 du règlement.

Article 8
Membres de famille de travailleurs détachés.

Le conjoint et les enfants qui accompagnent la personne détachée sur le territoire de l'autre Partie contractante conformément au Titre II, articles 14 à 17 du règlement, sont soumis à la législation de la même Partie contractante que la personne détachée et sont réputés résider sur le territoire de cette Partie contractante, à moins qu'ils n'exercent eux-mêmes une occupation rémunérée sur le territoire de la Partie contractante où la personne est détachée, ou qu'ils n'y soient assurés en raison du bénéfice d'une pension ou d'une prestation en espèces au titre de la législation de cette Partie contractante.

III. HLUTI
SÉRÁKVÆÐI VARÐANDI RÉTT TIL BÓTA

BÆTUR VEGNA VEIKINDA, MEÐGÖNGU OG FÆÐINGAR, ÖRORKU-, ELLI- OG EFTIRLIFENDABÆTUR, DÁNARBÆTUR OG ATVINNULEYSISBÆTUR

9. gr.
Réttur til bóta.

1. Eftirfarandi ákvæði skulu eiga við á hliðstæðan hátt í samskiptum samningsaðilanna um einstaklinga sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. og búsettir á yfirráðasvæði annars samningsaðilans þegar um er að ræða mál sem heyra einungis undir þessa samningsaðila:

PARTIE III
DISPOSITIONS PARTICULIERES CONCERNANT LE DROIT AUX PRESTATIONS

PRESTATIONS DE MALADIE ET DE MATERNITE, D'INVALIDITE, DE VIEILLESSE, DE SURVIE, DE DECES ET DE CHOMAGE

Article 9
Droit aux prestations.

1. Les dispositions suivantes s'appliquent par analogie dans les relations entre les Parties contractantes, aux personnes désignées à l'article 3, paragraphe 1 qui résident sur le territoire de l'une des Parties contractantes, pour autant qu'il s'agit d'affaires qui relèvent exclusivement de la compétence de ces Parties:

a) ákvæði 1., 2., 3., 4. og 5. kafla í III. bálki reglugerðarinnar,
b) viðeigandi ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar,
c) viðeigandi ákvæði viðauka við reglugerðina og framkvæmdarreglugerðina,
d) og öll ákvæði sem sett eru vegna beitingar reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

2. Þegar þess er krafist í löggjöf annars samningsaðilans að þeim biðtíma sem þarf til þess að öðlast rétt til örorkulífeyris eða eftirlifendalífeyris skuli vera lokið innan tiltekinna tímamarka fyrir tryggingaratburð ber að taka til greina aðstæður sem lengja þetta tímabil ef þær áttu sér stað samkvæmt löggjöf hins samningsaðilans.

3. Ef einstaklingur á ekki rétt til örorku-, ellieða eftirlifandibóta á grundvelli samlagningar tímabila, með tilliti til tilheyrandi ákvæða reglugerðarinnar, þá skal rétturinn til slíkra bóta ákveðinn með samlagningu þessara tímabila og tímabila sem áunnist hafa samkvæmt löggjöf þriðja ríkis, sem báðir samningsaðilar eru bundnir við með alþjóðlegum samningi um almannatryggingar, sem gerir ráð fyrir samlagningu slíkra tímabila.

a) les dispositions du Titre III, chapitres 1, 2, 3, 4, et 5 du règlement,
b) les dispositions pertinentes du règlement d'application,
c) les dispositions pertinentes des annexes au règlement et au règlement d'application,
d) et tous les arrangements pris pour l'application du règlement et du règlement d'application.

2. Si conformément à la législation d'une Partie contractante le stage requis pour l'octroi d'une pension d'invalidité ou de survivant doit être accompli au cours d'une période déterminée précédant l'échéance du risque assuré, les circonstances qui prolongent cette période sont également prises en considération si elles sont survenues sous la législation de l'autre Partie contractante.

3. Si une personne n'a pas droit à une prestation d'invalidité, de vieillesse ou de survie sur la base de périodes totalisées conformément aux dispositions afférentes du règlement, le droit à ladite prestation est déterminé en totalisant ces périodes avec les périodes accomplies sous la législation d'un Etat tiers avec lequel les deux Parties contractantes sont liées par un instrument international de sécurité sociale qui prévoit la totalisation de périodes.

10. gr.
Börn á framfæri og börn sem misst hafa annað eða báða foreldra sína.

Vegna einstaklinga, sem getið er í 1. og 2. mgr. 3. gr. og eru búsettir utan yfirráðasvæðis aðila að EES-samningnum, og einstaklinga, sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. og eru búsettir á yfirráðasvæði aðila að EES-samningnum, að því er varðar:

a) hækkanir eða viðbætur við ellilífeyri eða örorkulífeyri vegna barna á framfæri lífeyrisþega,

b) barnalífeyri, að undanskildum barnalífeyri frá tryggingakerfum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,

skulu ákvæði 3. kafla í III. bálki reglugerðarinnar, viðeigandi ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar, viðeigandi ákvæði viðauka við reglugerðina og við framkvæmdarreglugerðina og öll ákvæði sem sett eru vegna beitingar þeirra gilda á hliðstæðan hátt.

Article 10
Enfants à charge et orphelins

En ce qui concerne

a) les majorations ou suppléments dans les pensions de vieillesse ou d'invalidité pour enfants à charge de ces bénéficiaires de pension,

b) les pensions d'orphelin à l'exception des rentes d'orphelin des régimes d'assurance contre les accidents du travail et les maladies professionnelles,

le chapitre 3 du Titre III du règlement, les dispositions pertinentes du règlement d'application, les dispositions pertinentes des annexes au règlement et au règlement d'application et tous les arrangements pris pour leur application, sont applicables par

analogie aux personnes désignées à l'article 3, paragraphes 1 et 2 qui résident en dehors du territoire d'une Partie à l'Accord EEE, et aux personnes visées à l'article 3, paragraphe 1, qui résident sur le territoire d'une Partie à l'Accord EEE.

11. gr.
Atvinnuleysisbætur.

Ákvæði 67. gr. reglugerðarinnar skulu gilda á hliðstæðan hátt um einstaklinga sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr.

Article 11
Prestations de chômage

En ce qui concerne les personnes désignées à l'article 3, paragraphe 1, l'article 67 du règlement est applicable par analogie.

12. gr.
Fjölskyldugreiðslur.

Að því er varðar einstaklinga sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. skal inna af hendi fjölskyldugreiðslur samkvæmt löggjöf þess samningsaðila sem fer með yfirráð á því landsvæði þar sem barnið er búsett, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., eftir því sem við á.

Article 12
Allocations familiales

En ce qui concerne les personnes désignées à l'article 3, paragraphe 1, les allocations familiales sont payées conformément à la législation de la Partie contractante sur le territoire de laquelle l'enfant réside en tentant compte, le cas échéant, des dispositions de l'article 8.

IV. HLUTI
ÝMIS ÁKVÆÐI

PARTIE IV
DISPOSITIONS DIVERSES

13. gr.
Framkvæmdaákvæði.

Lögbær yfirvöld geta gert með sér samkomulag um framkvæmd þessa samnings, ef nauðsyn krefur.

Article 13
Arrangements administratifs

Les autorités compétentes peuvent, si nécessaire, conclure des arrangements pour l'application de la présente convention.

14. gr.
Gagnkvæm aðstoð.

Viðeigandi ákvæði reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar um gagnkvæma aðstoð, undanþágur frá þóknun, framlagningu umsókna, málskot eða önnur skjöl, gjaldeyri og endurheimtu ofgreiddra bóta skulu gilda á hliðstæðan hátt um einstaklinga sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. og eru búsettir á yfirráðasvæði samningsaðila.

Article 14
Entraide administrative

Les dispositions pertinentes du règlement et du règlement d'application sur l'entraide administrative, l'exemption de taxes, l'introduction de demandes, de recours ou d'autres documents, les devises, le recouvrement de paiements indus, sont applicables par analogie aux personnes désignées à l'article 3, paragraphe 1 qui résident sur le territoire d'une Partie contractante.

15. gr.
Ágreiningur.

1. Ágreining sem rís í sambandi við framkvæmd þessa samnings ber að leysa með samningaviðræðum milli lögbærra yfirvalda.

2. Hafi slíkur ágreiningur ekki verið leystur innan sex mánaða frá því að samningaviðræður sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar hófust skal hann lagður í gerðardóm sem er skipaður og starfar samkvæmt samkomulagi samningsaðilanna. Gerðardómur

Article 15
Différends

1. Les différends venant à s'élever en relation avec l'application de la présente convention sont à résoudre par des négociations entre les autorités compétentes.
2. Si le différend n'a pas été réglé endéans les six mois suivant le début des négociations prescrites au paragraphe 1 du présent article, il sera soumis à une commission arbitrale dont la composition et la procédure sont déterminées d'un commun accord par les

skal leysa úr ágreiningnum í samræmi við þær meginreglur sem liggja til grundvallar og í anda þessa samnings. Úrskurðir gerðardómsins eru endanlegir og bindandi fyrir samningsaðila.

V. HLUTI
BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

16. gr.
Bráðabirgðaákvæði varðandi bætur.

1. Þessi samningur skal gilda um tilvik sem áttu sér stað áður en hann tók gildi. Engu að síður verða engar bætur inntar af hendi samkvæmt þessum samningi fyrir tímabil sem voru liðin fyrir gildistöku hans, enda þótt taka skuli til greina tryggingatímabil eða búsetutímabil, sem var lokið áður en hann tók gildi, við ákvörðun bóta.

2. Hvers konar bætur, sem hafa ekki verið veittar eða hafa verið felldar niður vegna ríkisfangs hlutaðeigandi einstaklings eða vegna búsetu hans á yfirráðasvæði hins samningsaðilans eða vegna annarra hindrana sem þessi samningur hefur rutt úr vegi, skulu veittar eða teknar upp aftur frá og með gildistökudegi þessa samnings ef sótt er um það.
3. Hvers konar bætur sem veittar hafa verið fyrir gildistöku þessa samnings skulu endurreiknaðar í samræmi við ákvæði hans ef sótt er um það. Þessi endurútreikningur getur ekki leitt til lækkunar greiddra bóta.

4. Ákvæði löggjafa samningsaðilanna um fyrningu og niðurfellingu bótaréttar eiga ekki við um réttindi sem leiða af ákvæðum í 1. til 3. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að bótaþegi leggi fram umsókn um bætur innan tveggja ára frá gildistökudegi þessa samnings.

17. gr.
Niðurfelling fyrri samnings.

Þessi samningur kemur í stað samnings milli Lúxemborgar og Íslands um félagslegt öryggi, sem var undirritaður í Lúxemborg 11. desember 1989 og öðlaðist gildi 1. janúar 1992, og skal

Parties contractantes. La commission arbitrale doit résoudre le différend selon les principes fondamentaux et l'esprit de la présente convention. La décision de la commission arbitrale est définitive et lie les Parties contractantes.

PARTIE V
DISPOSITIONS TRANSITOIRES ET FINALES

Article 16
Dispositions transitoires relatives aux prestations

1. La présente convention s'applique à des événements survenus antérieurement à son entrée en vigueur. Toutefois, aucune prestation n'est payée au titre de la présente convention pour une période antérieure à son entrée en vigueur bien que les périodes d'assurance ou de résidence accomplies avant cette entrée en vigueur doivent être prises en considération pour la détermination des prestations.
2. Toute prestation qui n'a pas été liquidée ou qui a été supprimée en raison de la nationalité de l'intéressé, ou en raison de sa résidence sur le territoire de l'autre Partie contractante ou en raison de tout autre obstacle qui a été levé par la présente convention, est liquidée ou rétablie sur demande à partir de la date de l'entrée en vigueur de la présente convention.
3. Toute prestation liquidée avant l'entrée en vigueur de la présente convention est révisée sur demande, compte tenu des dispositions de celle-ci. Une telle révision ne peut pas avoir pour effet de réduire la prestation antérieure.

4. Les dispositions des législations des Parties contractantes relatives à la prescription et la déchéance des droits aux prestations ne sont pas applicables aux droits découlant des dispositions des paragraphes 1 à 3 de cet article, à condition que le bénéficiaire présente sa demande en obtention d'une prestation endéans les deux années suivant la date de l'entrée en vigueur de la présente convention.

Article 17
Abrogation de la convention antérieure

La convention remplace la convention entre le Luxembourg et l'Islande sur la sécurité sociale, signée à Luxembourg, le 11 décembre 1989, qui est entrée en vigueur le 1er janvier 1992 et qui

hann falla úr gildi frá og með gildistökudegi þessa samnings.

18. gr.
Uppsögn.

1. Hvor samningsaðili um sig getur sagt þessum samningi upp. Uppsögn skal tilkynnt í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok almanaksársins og fellur þá samningurinn úr gildi í lok sama almanaksárs og honum var sagt upp.

2. Verði samningnum sagt upp skulu ákvæði hans gilda áfram um áunnar bætur þrátt fyrir ákvæði sem kunna að hafa verið sett í löggjöf samningsaðilanna varðandi takmarkanir á rétti til bóta vegna búsetu eða ríkisfangs í öðrum löndum. Um réttindi sem gætu hafa áunnist síðar samkvæmt þessum samningi skal fjalla í sérstöku samkomulagi.

19. gr.
Gildistaka.

Hvor samningsaðili um sig skal tilkynna hinum skriflega þegar stjórnskipulegri málsmeðferð, sem þarf til þess að samningur þessi geti öðlast gildi, er lokið. Samningurinn tekur gildi frá og með fyrsta degi þriðja mánaðar eftir dagsetningu síðari tilkynningarinnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Lúxemborg hinn 30. nóvember 2001 í tvíriti á íslensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Jón Kristjánsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
stórhertogadæmisins Lúxemborgar
Lydie Polfer

cesse d'être en vigueur à partir de la date d'entrée en vigueur de la présente convention.

Article 18
Dénonciation

1. La présente convention peut être dénoncée par chacune des Parties contractantes. La dénonciation doit être notifiée au plus tard trois mois avant la fin de l'année de calendrier en cours, à la suite de quoi la convention cesse d'être en vigueur à l'expiration de l'année de calendrier au cours de laquelle elle est dénoncée.
2. Si la convention est dénoncée, ses dispositions continuent à s'appliquer aux prestations échues, nonobstant toute disposition qui a pu être introduite dans la législation des deux Parties contractantes relative aux restrictions des droits aux prestations en raison de la résidence dans d'autres pays ou de la nationalité d'autres pays. Les droits aux prestations non échues qui ont pu être acquis en vertu de la présente convention sont réglés par voie d'accord spécial.

Article 19
Entrée en vigueur

Les deux Parties contractantes se notifient l'accomplissement de leurs procédures constitutionnelles respectives requises pour l'entrée en vigueur de la présente convention. La convention entre en vigueur le premier jour du troisième mois qui suit la date de la dernière notification.

EN FOI DE QUOI les soussignés, dûment autorisés par leurs Gouvernements respectifs ont signé la présente convention.

FAIT à Luxembourg le 30 november 2001, en double exemplaire, en langues française et islandaise, les deux textes faisant également foi.

Pour le Gouvernement
de la République d'Islande,
Jón Kristjánsson

Pour le Gouvernement
du Grand-Duché de Luxembourg,
Lydie Polfer

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Chile.

Hinn 7. maí 2004 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chile sem gerður var í Kristiansand 26. júní 2003. Samningurinn öðlaðist gildi 1. desember 2004.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. desember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um landbúnaðarsamning við Chile.

Viðbótarsamningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Chile, sem gerður var í Kristiansand 26. júní 2003, öðlaðist gildi 1. desember 2004.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. desember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um samning um Norræna fjárfestingarbankann.

Hinn 22. september 2004 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháens, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Helsinki 11. febrúar 2004. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 2005. Við gildistöku samningsins fellur úr gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann frá 23. október 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1999 þar sem hann er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. desember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháens, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháens, Noregs og Svíþjóðar, hér á eftir nefnd aðildarlönd, sem vilja efla og þróa frekar samvinnu sín á milli með Norræna fjárfestingarbankanum, en hann var upphaflega stofnaður árið 1975 af Norðurlöndunum fimm sem sameiginleg alþjóðleg fjármálastofnun með sömu stöðu og aðrir lögaðilar sem stunda sambærilega starfsemi innan og utan aðildarlandanna, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Tilgangur Norræna fjárfestingarbankans, hér á eftir nefndur bankinn, er að veita fjármagn í samræmi við traustar reglur um bankastarfsemi, að teknu tilliti til félags- og efnahagslegra þátta, til að hrinda í framkvæmd fjárfestingarverkefnum í þágu aðildarlanda og annarra landa sem njóta slíkrar fjármögnunar.

Bankinn skal vera alþjóðlegur lögaðili með fullt gerhæfi. Einkum skal hann vera bær til að gera samninga, kaupa og selja fasteignir og lausafjármuni og vera aðili að málaferlum fyrir dómstóli og öðrum yfirvöldum.

2. gr.

Starfsemi bankans skal fara fram í samræmi við samþykktir hans sem fylgja samningnum. Bankaráð getur með ákvörðun breytt þessum samþykktum að tillögu eða fengnu áliti stjórnar bankans að undanskildum þeim ákvæðum sem varða skipan og heimildir bankaráðs. Norðurlandaráði og þingum Eistlands, Lettlands og Litháens skal gefinn kostur á að leggja fram álit á tillögum að breytingum á samþykktum sem skipta meginmáli fyrir tilgang, starfsemi og stjórn bankans.

AGREEMENT
between Denmark, Estonia, Finland, Iceland, Latvia, Lithuania, Norway and Sweden concerning the Nordic Investment Bank

The Governments of Denmark, Estonia, Finland, Iceland, Latvia, Lithuania, Norway and Sweden, hereinafter referred to as the Member countries, desiring to strengthen and further develop the co-operation among them through the Nordic Investment Bank, which was originally established by the five Nordic countries in 1975, as a common international financial institution having the same status as other legal persons conducting similar operations within and outside the Member countries, have agreed as follows:

Article 1

The purpose of the Nordic Investment Bank, hereinafter referred to as the Bank, is to make financing available in accordance with sound banking principles and taking into account socio-economic considerations, to carry into effect investment projects of interest to the Member countries and other countries which receive such financing.

The Bank shall have the status of an international legal person with full legal capacity. It shall in particular have the capacity to enter into agreements, to acquire and dispose of immovable and movable property, and to be a party to legal proceedings before courts of law and other authorities.

Article 2

The Bank shall conduct its operations in accordance with its Statutes annexed to this Agreement. The Statutes may be amended by decision of the Board of Governors subsequent to a proposal or statement from the Board of Directors of the Bank, with the exception of the provisions regarding the composition and powers of the Board of Governors. The Nordic Council and the Parliaments of Estonia, Latvia and Lithuania shall be given an opportunity to submit a statement on proposals regarding amendments of the Statutes that are important in principle as to the purpose, operations and management of the Bank.

3. gr.

Aðildarlöndin skulu ábyrgjast samþykkt stofnfé bankans. Bankaráð tekur ákvörðun um hækkun eða lækkun samþykkts stofnfjár að fenginni tillögu stjórnar bankans.

Í samþykktum bankans er greint frá upphæð samþykkts stofnfjár, möguleikum á hækkun eða lækkun þess og skiptingu þess milli aðildarlanda.

4. gr.

Höfuðstöðvar bankans skulu vera í Helsinki.

5. gr.

Aðeins má höfða mál gegn bankanum fyrir bærum dómstóli á yfirráðasvæði lands þar sem bankinn hefur skrifstofu eða þar sem hann hefur skipað umboðsmann til að taka við stefnu eða þegar bankinn hefur að öðru leyti ótvírætt samþykkt lögsögu dómstólsins. Aðeins er þó unnt að höfða mál af hálfu aðildarlands eða einstaklinga, sem eru fulltrúar aðildarlands eða eiga kröfur sem eiga rætur að rekja til aðildarlands, ef bankinn hefur ótvírætt samþykkt það.

Eignir bankans skulu, óháð því hvar þær eru staðsettar og hver fer með vörslur þeirra, vera undanþegnar fullnustu dóms eða úrskurðar handhafa dómsvalds eða framkvæmdavalds þar til slíkur dómur eða úrskurður er endanlegur.

6. gr.

Eignir bankans skulu, óháð því hvar þær eru staðsettar og hver fer með vörslur þeirra, vera undanþegnar húsleit, haldlagningu, eignaupptöku og eignarnámi með stjórnvaldsaðgerð eða löggjöf.

Bankinn og eignir hans skulu vera undanþegin réttarfarslegum þvingunarráðstöfunum, svo sem kyrrsetningu.

7. gr.

Húsnæði bankans og skjalasafn og öll gögn, sem eru í eigu bankans eða hann hefur undir höndum, eru friðhelg.

8. gr.

Sérhvert aðildarland skal veita opinberum erindum bankans sömu meðferð og það veitir opinberum erindum annars aðildarlands.

Article 3

The authorised capital stock of the Bank shall be subscribed by the Member countries. Any increase or decrease in the authorised capital stock shall be decided by the Board of Governors, upon proposal of the Board of Directors of the Bank.

The size of the authorised capital stock, the possibility to increase or decrease the capital stock and its allocation among the Member countries are dealt with in the Statutes.

Article 4

The principal office of the Bank shall be located in Helsinki.

Article 5

Actions may be brought against the Bank only in a court of competent jurisdiction in the territory of a country in which the Bank has established an office, or has appointed an agent for the purpose of accepting service of process, or when the Bank has otherwise expressly accepted jurisdiction. Actions may, however, be brought by a Member country or by persons acting for or deriving claims from a Member country only if the Bank has given its express consent thereto.

Property and assets of the Bank, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from execution of judgement or decree by judicial or administrative authority before such judgement or decree is final.

Article 6

Property and assets of the Bank, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation and expropriation by executive or legislative action.

The Bank, its property and assets shall be immune from procedural measures of constraint such as seizure.

Article 7

The premises and archives of the Bank and all documents belonging to it or held by it shall be inviolable.

Article 8

The official communications of the Bank shall be accorded by each Member country the same treatment that it accords to the official communications of any other Member country.

9. gr.

Bankinn, tekjur hans og eignir skulu vera undanþegin allri skattlagningu með nánari skýringum sem settar eru fram í þessari grein.

Bankinn skal vera undanþeginn skattlagningu vegna kaupa og sölu á fasteignum og verðbréfum í tengslum við opinbera starfsemi bankans.

Lántaka og útlán bankans, svo og lántaka hjá bankanum og hækkun stofnfjár hans, skulu undanþegin allri skattlagningu og gjöldum skattalegs eðlis.

Þegar bankinn, fyrir eigin hönd eða fyrir hönd sjóða sem eru tengdir starfsemi bankans með beinum hætti og eru í vörslum hans, kaupir vöru eða þjónustu, sem er nauðsynleg vegna opinberrar starfsemi bankans, fyrir umtalsverða fjárhæð og skattur eða tollur er innifalinn í verðinu skal það aðildarland, sem lagði á skattinn eða tollinn, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá slíkum skatti eða tolli eða sjá til þess að þeir séu endurgreiddir ef unnt er að ákvarða fjárhæðina.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til skatta og gjalda sem eru eingöngu greiðsla fyrir þjónustu sem hið opinbera veitir.

10. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, yfirmenn og annað starfslið bankans og sérfræðingar ráðnir af honum, skulu, án tillits til þjóðernis, undanþegnir málsókn vegna athafna við embættisstörf sín á vegum bankans. Bankinn getur þó fallið frá friðhelginni í samræmi við ákvæði 14. gr. Friðhelgi gildir þó ekki ef um er að ræða einkaréttarlega ábyrgð sem einstaklingar sem njóta friðhelgi samkvæmt þessari grein valda í umferðarslysi.

11. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, yfirmenn og annað starfslið bankans og sérfræðingar ráðnir af honum sem sinna opinberum verkefnum að beiðni bankans:

i) skulu vera undanþegnir innflytjendatakmörkunum. Þessi undanþága nær einnig til maka þeirra og ættingja sem eru á framfæri þeirra;
ii) geta, ef sérstaka nauðsyn ber til, notið sömu

Article 9

The Bank, its income, assets, and property shall be exempt from all taxation, with clarifications as set forth in this Article.

The Bank shall be exempt from taxes on purchase and transfer of real estate and securities in connection with the official activities of the Bank.

Borrowing and lending by the Bank, as well as borrowing from the Bank and increases in the authorized capital stock of the Bank shall be exempt from all taxes and imposts of a similar nature.

When purchases or services of substantial value and necessary for the exercise of the official activities of the Bank are made or used by the Bank on its own behalf or on behalf of special funds which are directly connected with the operations of the Bank and which are held in trust directly by the Bank, and when the price of such purchases or services includes taxes or duties, the Member country which has levied the taxes or duties shall, if they are identifiable, take appropriate measures to grant exemptions from such taxes or duties or provide for their reimbursement.

The provisions of this Article do not apply to taxes and duties which are in fact no more than charges for public utility services.

Article 10

All members of the Board of Directors, their alternates, officers and other employees of the Bank, and experts appointed by the Bank shall, regardless of nationality, be accorded immunity from legal process with respect to acts performed by them in their official capacity on behalf of the Bank. Notwithstanding this, the Bank may waive the immunity, in accordance with the provisions of Article 14. No immunity shall apply, however, to civil liability in the case of damage arising from a road traffic accident caused by any of the persons enjoying immunity under this Article.

Article 11

All members of the Board of Directors, their alternates, officers and other employees of the Bank, and experts appointed by the Bank performing official tasks at the request of the Bank:

i) shall be exempt from immigration restrictions. This exemption shall likewise be extended to their spouses and dependent relatives;
ii) may be granted the same travelling facilities

ferðafríðinda og veitt eru hjá stofnunum með sambærilega starfsemi í samræmi við alþjóðlegar reglur.

12. gr.

Bankinn getur tekið við og átt fé í hvaða gjaldmiðli sem er og átt reikninga í hvaða gjaldmiðli sem er. Honum er einnig frjálst að flytja fé sitt til, frá og innan aðildarlands og er heimilt að skipta sérhverjum gjaldmiðli í sinni eigu í hvaða annan gjaldmiðil sem er.

13. gr.

Bankinn skal vera undanþeginn takmörkunum á greiðslum og aðgerðum vegna lánastefnu, sem á einhvern hátt koma í veg fyrir eða torvelda bankanum að standa við skuldbindingar sínar eða að standa við lántökur eða útlán.

14. gr.

Forréttindi og friðhelgi samkvæmt þessum samningi eru einungis veitt til að gera bankanum kleift að gegna hlutverki sínu og skulu ekki vera öðrum til hagsbóta.

Stjórn bankans er heimilt, að því marki og með þeim skilyrðum sem hún setur, að falla frá þeirri friðhelgi og forréttindum, sem veitt eru samkvæmt þessum samningi, í þeim tilvikum þegar stjórnin álítur að slík aðgerð samræmist hagsmunum bankans.

15. gr.

Bankaráð getur ákveðið að rekstri bankans skuli hætt samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samþykktum bankans.

16. gr.

Álitamál varðandi túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings og samþykktanna, sem upp koma milli aðildarlands og bankans eða milli þeirra landa sem eiga aðild að bankanum, skulu lögð fyrir stjórn bankans til að afla álits hennar. Sérstakur fulltrúi aðildarlands, sem slíkt álitamál snertir sérstaklega, skal eiga rétt á að vera viðstaddur fund stjórnar þegar málið er tekið til athugunar.

Álitamálinu, ásamt áliti stjórnar, skal að því loknu vísað til bankaráðs til lokaákvörðunar.

as are granted in respect of institutions similar to the Bank in accordance with international practice, when a particular need therefor arises.

Article 12

The Bank may receive and be in possession of monies including currencies of any kind, and may maintain accounts in all currencies. It may also freely transfer its monies to, from and within a Member country and may exchange any currency in its possession into any other currency.

Article 13

The Bank shall be exempt from payment restrictions and credit policy measures, which in any manner prevent or impede the fulfilment of commitments made by the Bank or of its borrowing and lending.

Article 14

Privileges and immunities under this Agreement are granted exclusively to enable the Bank to fulfil its functions, and not for the benefit of others.

The Board of Directors of the Bank may, to such extent and upon such conditions as it may determine, waive any of the immunities and privileges conferred under this Agreement in cases where such action would, in the opinion of the Board of Directors, be in the best interests of the Bank.

Article 15

The Board of Governors may decide that the Bank shall be put into liquidation, following the procedures laid down in the Statutes of the Bank.

Article 16

Any question of interpretation or application of the provisions of this Agreement and the Statutes arising between any Member country and the Bank, or between any Member countries of the Bank, shall be submitted to the Board of Directors for its opinion. A special representative of a Member country particularly affected by the question under consideration shall be entitled to be present in the meeting of the Board of Directors during such consideration.

The question, together with the opinion of the Board of Directors, shall then be referred to the Board of Governors for final decision.

17. gr.

Samningur þessi skal fullgiltur. Samningur þessi og þær samþykktir, sem vísað er til í 2. gr., öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag þegar öll aðildarlöndin hafa afhent fullgildingarskjöl sín til vörslu hjá norska utanríkisráðuneytinu, þó ekki fyrr en 1. janúar 2005. Norska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hinum aðildarlöndunum um afhendingu fullgildingarskjalanna til vörslu og gildistökudag samnings þessa.

Samningur þessi skal vera í vörslu norska utanríkisráðuneytisins sem skal senda staðfest endurrit til allra aðildarlandanna.

Sérhvert aðildarland skal þegar í stað gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd, einkum þeim ákvæðum sem varða stöðu, friðhelgi, forréttindi og undanþágur sem bankinn og þeir einstaklingar sem um getur í 10. gr. og 11. gr. njóta, og skal tilkynna bankanum um ráðstafanirnar í einstökum atriðum.

Við gildistöku samnings þessa og þeirra samþykkta, sem um getur í 2. gr., fellur úr gildi samningur frá 23. október 1998 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann og samþykktir bankans sem voru þá í gildi.

Þrátt fyrir framangreint skulu ákvarðanir, sem samþykktar voru samkvæmt fyrrnefndum samningi eða samþykktum, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast eða eru ekki beinlínis felldar úr gildi með þessum samningi eða samþykktum, sem honum fylgja, eða ákvörðunum sem samþykktar eru samkvæmt samningnum eða samþykktunum.

18. gr.

Sérhverju aðildarlandi er heimilt að segja sig frá samningi þessum með því að afhenda norsku ríkisstjórninni tilkynningu um úrsögn og skal hún þegar í stað tilkynna það hinum aðildarlöndunum, bankaráði og stjórn bankans.

Úrsögnin tekur gildi í fyrsta lagi í lok næsta reikningsárs eftir að hún var tilkynnt.

Bankaráð skal, þegar það fær tilkynningu um úrsögn, setja reglur um uppgjör reikninga gagn-

Article 17

This Agreement shall be ratified. This Agreement and the Statutes referred to in Article 2 shall enter into force thirty days after the date on which all the Member countries have deposited their instruments of ratification with the Norwegian Ministry for Foreign Affairs, however not earlier than 1 January, 2005. The Norwegian Ministry for Foreign Affairs shall inform the other Member countries of the deposit of the instruments of ratification and of the time this Agreement enters into force.

This Agreement shall be deposited with the Norwegian Ministry for Foreign Affairs, and certified copies shall be furnished by the Norwegian Ministry for Foreign Affairs to each of the Member countries.

Each Member country shall promptly take such action as is necessary for the purpose of implementing the provisions of this Agreement, particularly the provisions relating to the status, immunities, privileges and exemptions of the Bank and of the persons referred to in Articles 10 and 11, and shall inform the Bank of the detailed action which it has taken.

Upon entry into force of this Agreement and the Statutes referred to in Article 2, the agreement of 23 October 1998 between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden concerning the Nordic Investment Bank and the statutes of the Bank in force at the time shall cease to apply.

Notwithstanding the foregoing, decisions adopted under the said agreement or statutes shall continue to be applicable to the extent that they are compatible with or not explicitly terminated by this Agreement or the Statutes attached hereto or any decision adopted hereunder.

Article 18

Any Member country may withdraw from this Agreement by giving notice of withdrawal to the Government of Norway, which shall immediately report such notice to the other Member countries, the Board of Governors, and to the Board of Directors of the Bank.

The earliest date on which such withdrawal shall become effective shall be the end of the financial year following the year in which the notice of withdrawal was submitted.

Upon receipt of a notice of withdrawal, the Board of Governors shall adopt procedures for

vart því aðildarlandi sem segir sig frá samningnum eigi síðar en þann dag sem úrsögnin tekur gildi. Í þessu sambandi skal tryggt að það aðildarland, sem segir sig frá samningnum, beri áfram ábyrgð til jafns við hin aðildarlöndin á þeim skuldbindingum bankans sem voru fyrir hendi við úrsögn.

settlement of accounts with the withdrawing Member country, no later than the date upon which the withdrawal becomes effective. It shall then be ensured that the withdrawing Member country shall, to the same extent as the other Member countries, remain liable for those commitments of the Bank which were in force at the time of the withdrawal.

SAMÞYKKTIR NORRÆNA FJÁRFESTINGARBANKANS

Norræni fjárfestingarbankinn skal starfa í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur Norræna fjárfestingarbankans, hér á eftir nefndur bankinn, er að veita lán og ábyrgðir í samræmi við traustar reglur um bankastarfsemi, að teknu tilliti til félags- og efnahagslegra þátta, til að hrinda í framkvæmd fjárfestingarverkefnum í þágu aðildarlanda og annarra landa sem fá slík lán og ábyrgðir.

Heiti og skammstöfun.

2. gr.

Opinbert heiti bankans á eftirfarandi tungumálum er: Nordic Investment Bank á ensku, Nordiska investeringsbanken á sænsku, Den Nordiske Investeringsbank á dönsku, Põhjamaade Investeerimispank á eistnesku, Pohjoismaiden Investointipankki á finnsku, Norræni fjárfestingarbankinn á íslensku, Ziemelu Investiciju banka á lettnesku, Šiaures investiciju bankas á litháísku og Den nordiske investeringsbank á norsku.

Opinber skammstöfun á heiti bankans er NIB.

Stofnfé.

3. gr.

Samþykkt stofnfé bankans skal vera 4.141.903.086 evrur sem aðildarlöndin skulu ábyrgjast eins og hér greinir:

STATUTES OF THE NORDIC INVESTMENT BANK

The Nordic Investment Bank shall operate in accordance with the following provisions:

Purpose

Section 1

The purpose of the Nordic Investment Bank, hereinafter referred to as the Bank, is to make loans and issue guarantees in accordance with sound banking principles and taking into account socio-economic considerations, to carry into effect investment projects of interest to the Member countries and other countries which receive such loans and guarantees.

Name and abbreviation

Section 2

The Bank has the following official name in the following languages: Nordic Investment Bank in the English language, Nordiska investeringsbanken in the Swedish language, Den Nordiske Investeringsbank in the Danish language, Põhjamaade Investeerimispank in the Estonian language, Pohjoismaiden Investointipankki in the Finnish language, Norræni fjárfestingarbankinn in the Icelandic language, Ziemelu Investiciju banka in the Latvian language, Šiaurus investiciju bankas in the Lithuanian language and Den nordiske investeringsbank in the Norwegian language.

The official abbreviation of the Bank's name is NIB.

Capital

Section 3

The authorised capital stock of the Bank shall be EUR 4,141,903,086 subscribed by the Member countries as follows:

Danmörk	881.062.083	evrur	Denmark	EUR	881,062,083
Eistland	30.234.434	evrur	Estonia	EUR	30,234,434
Finnland	765.788.207	evrur	Finland	EUR	765,788,207
Ísland	38.595.722	evrur	Iceland	EUR	38,595,722
Lettland	43.852.738	evrur	Latvia	EUR	43,852,738
Litháen	67.815.914	evrur	Lithuania	EUR	67,815,914
Noregur	793.105.204	evrur	Norway	EUR	793,105,204
Svíþjóð	1.521.448.784	evrur	Sweden	EUR	1,521,448,784

Bankaráðið skal taka ákvörðun um hækkun eða lækkun samþykkts stofnfjár að fenginni tillögu stjórnar bankans. Þessari stofnfjárhækkun eða -lækkun skal skipt á milli aðildarlandanna eftir vergum þjóðartekjum á markaðsverði eins og bankaráðið ákvarðar það hverju sinni.

Any increase or decrease in the authorised capital stock shall be decided upon by the Board of Governors, after a proposal by the Board of Directors of the Bank. Any such increase or decrease in the authorised capital stock shall be allocated among the Member countries based upon their Gross National Income at market prices as determined from time to time by the Board of Governors.

4. gr.

Aðildarlöndin skulu leggja til bankans 10,106502750 prósent af samþykktu stofnfé bankans sem þau ábyrgjast. Greiðslur skulu inntar af hendi eftir kröfu bankans.

Það sem eftir stendur af stofnfjárframlagi, sem ábyrgst er, er heimilt að innkalla að því marki sem stjórn bankans telur nauðsynlegt til að standa skil á skuldum bankans.

Section 4

The Member countries shall make available to the Bank 10.106502750 per cent of the subscribed authorised capital stock. The payments shall be made upon request from the Bank.

The remainder of the subscribed capital stock shall be subject to call to the extent the Board of Directors of the Bank deems it necessary for the fulfilment by the Bank of its debt obligations.

5. gr.

Greiðslurnar, sem um getur í 4. gr., skulu inntar af hendi í evrum.

Section 5

The payments referred to in Section 4 shall be made in euro.

6. gr.

Bankinn skal afla sér nauðsynlegs fjármagns til að hann geti sinnt verkefnum sínum í aðildarlöndunum eða annars staðar. Einnig er heimilt að nota innborgað stofnfé skv. 4. gr. í þessum tilgangi.

Section 6

The Bank shall acquire the funds necessary for the performance of its tasks in the Member countries or elsewhere. Additionally, the capital paid in pursuant to Section 4 may be used for such purpose.

Starfsemi.

Operations

7. gr.

Bankanum er heimilt að veita lán og ábyrgðir að heildarfjárhæð sem jafngildir 250 prósentum samþykkts stofnfjár og samansöfnuðum, almennum varasjóðum. Til viðbótar þessum takmörkunum er bankanum heimilt að veita lán og ábyrgðir eins og sett er fram í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Við veitingu lána og ábyrgða skal bankinn krefjast þess að viðunandi trygging sé lögð fram, nema talið sé að fullnægjandi trygging sé fyrir hendi miðað við aðstæður.

Section 7

The Bank may make loans and issue guarantees up to a total amount equivalent to 250 per cent of the authorised capital stock and accumulated general reserves. In addition to these limits the Bank may make loans and issue guarantees as set out in paragraphs 3 and 4 of this Section.

In making loans and issuing guarantees the Bank shall require that adequate security be provided, unless sufficient security is considered to exist under the circumstances.

Bankanum er heimilt að veita lán til fjárfestingarverkefna og veita ábyrgðir fyrir lánum til fjárfestingarverkefna (ábyrgðir vegna fjárfestingarverkefna), eins og lýst er í 8. gr., að heildarfjárhæð sem jafngildir 4.000 milljónum evra.

Vegna fjárfestinga í umhverfismálum í nágrannahéruðum aðildarlandanna er bankanum heimilt að veita sérstök lán til fjárfestinga í umhverfismálum og veita ábyrgðir vegna lána til fjárfestingar í umhverfismálum (ábyrgðir vegna fjárfestinga í umhverfismálum), eins og lýst er í 9. gr., að heildarfjárhæð sem jafngildir 300 milljónum evra.

Bankanum er einnig heimilt að ganga frá annars konar fyrirkomulagi í tengslum við starfsemi sína sem er nauðsynlegt eða æskilegt til að styrkja tilgang bankans.

Bankinn skal vinna með öðrum lánastofnunum og þeim opinberu yfirvöldum og einkastofnunum sem hlut eiga að máli.

8. gr.

Heimilt er að lán og lánsábyrgðir, sem eru veitt til fjárfestinga utan aðildarlandanna, séu tilgreind sem lán til fjárfestingarverkefna eða ábyrgðir vegna fjárfestingarverkefna, ef stjórn bankans tekur slíka ákvörðun.

Bankinn skal, vegna lána og ábyrgða sem veitt eru til fjárfestingarverkefna, ráðstafa fé í sérstakan afskriftareikning útlána í þeim megintilgangi að mæta tapi vegna slíkra útlána og ábyrgða.

Aðildarlöndin skulu mæta tapi bankans, sem verður vegna vangoldinna greiðslna í tengslum við lán til fjárfestingarverkefna og ábyrgða vegna fjárfestingarverkefna, allt að eftirfarandi fjárhæðum:

Danmörk	377.821.491	evrur
Eistland	13.139.366	evrur
Finnland	344.859.832	evrur
Ísland	15.586.072	evrur
Lettland	19.057.647	evrur
Litháen	29.471.632	evrur
Noregur	329.308.526	evrur
Svíþjóð	670.755.434	evrur

Ábyrgðir aðildarlandanna ná með þessum hætti yfir allt að 90 prósent taps vegna lána til einstakra fjárfestingarverkefna. Stjórninni er heimilt að innkalla greiðslu samkvæmt samningum sem gerðir eru milli bankans og sérhvers aðildarlands.

The Bank may make project investment loans and issue guarantees for project investment loans (project investment guarantees) as described in Section 8, up to a total amount equivalent to EUR 4,000 million.

For environmental investments in the neighbouring region of the Member countries the Bank may make special environmental investment loans and issue guarantees for environmental investment loans (environmental investment guarantees) as described in Section 9, up to a total amount equivalent to EUR 300 million.

The Bank may also make other arrangements relating to its operations, which are necessary or desirable for furthering the purpose of the Bank.

The Bank shall co-operate with other credit institutions, and with public authorities and private institutions concerned.

Section 8

Loans made and loan guarantees issued for investments outside the Member countries may, if so determined by the Board of Directors, be designated project investment loans or project investment guarantees.

For project investment loans made and project investment guarantees issued, the Bank shall make allocations to a special credit risk fund, primarily to cover losses on such loans and guarantees.

The Member countries shall cover the Bank's losses arising from failure of payment in connection with project investment loans and project investment guarantees up to the following amounts:

Denmark	EUR	377,821,491
Estonia	EUR	13,139,366
Finland	EUR	344,859,832
Iceland	EUR	15,586,072
Latvia	EUR	19,057,647
Lithuania	EUR	29,471,632
Norway	EUR	329,308,526
Sweden	EUR	670,755,434

The Member countries' guarantees hereby cover at most 90 per cent of losses on individual project investment loans. Payment is subject to call by the Board of Directors pursuant to agreements entered into between the Bank and each Member country.

9. gr.

Ef stjórn bankans tekur ákvörðun þar að lútandi er heimilt að veitt lán og lánsábyrgðir vegna fjárfestinga í umhverfismálum í nágrannahéruðum aðildarlanda séu tilgreind sem sérstök lán til fjárfestinga í umhverfismálum eða ábyrgðir vegna fjárfestinga í umhverfismálum.

Aðildarlöndin skulu greiða 100 prósent af tapi bankans sem verður vegna vangoldinna greiðslna í tengslum við lán til fjárfestinga í umhverfismálum og ábyrgða vegna fjárfestinga í umhverfismálum allt að eftirfarandi fjárhæðum:

Danmörk	70.112.698	evrur
Eistland	2.189.894	evrur
Finnland	51.377.349	evrur
Ísland	3.186.941	evrur
Lettland	3.176.275	evrur
Litháen	4.911.939	evrur
Noregur	61.324.467	evrur
Svíþjóð	103.720.437	evrur

Stjórninni er heimilt að innkalla greiðslu samkvæmt samningum sem gerðir eru milli bankans og sérhvers aðildarlands.

10. gr.

Starfsemi bankans skal fara fram í samræmi við meginreglurnar, sem getið er um í 1. gr., og í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarreglur:

a) Ekki skal veita lán eða ábyrgðir ef ríki láneða ábyrgðarþega er mótfallið því.

b) Lántaka og miðlun lánsfjár í aðildarlöndunum skal vera í samráði við yfirvöld í hlutaðeigandi landi.

c) Stefnt skal að hagnaði af starfsemi bankans sem stendur undir myndun varasjóða og sanngjarnri ávöxtun stofnfjár eins og getið er um í 4. gr.
d) Bankanum er heimilt, ef sérstök þörf krefur, að kaupa hlutabréf eða aðrar eignir til stuðnings rekstrinum eða til að verja kröfur sínar.
e) Bankinn skal verja sig, að svo miklu leyti sem unnt er, gegn áhættunni af gengistapi.

11. gr.

Eftir að fé hefur verið ráðstafað til viðeigandi afskriftareikninga útlána skal leggja tekjuafgang bankans í varasjóð þar til sú fjárhæð hefur náð 10

Section 9

Loans made and loan guarantees issued for environmental investments in the neighbouring region of the Member countries may, if so determined by the Board of Directors, be designated special environmental investment loans or environmental investment guarantees.

The Member countries shall cover 100 per cent of the Bank's losses arising from failure of payment in connection with environmental investment loans and environmental investment guarantees up to the following amounts:

Denmark	EUR	70,112,698
Estonia	EUR	2,189,894
Finland	EUR	51,377,349
Iceland	EUR	3,186,941
Latvia	EUR	3,176,275
Lithuania	EUR	4,911,939
Norway	EUR	61,324,467
Sweden	EUR	103,720,437

Payment is subject to call by the Board of Directors pursuant to agreements entered into between the Bank and each Member country.

Section 10

The business of the Bank shall be conducted in accordance with the principles referred to in Section 1 and in accordance with the following guidelines:

a) A loan shall not be made nor a guarantee issued if opposed by the state of the beneficiary.
b) Borrowings and the investment of funds in the Member countries shall be made in consultation with the authorities of the country concerned.
c) In its operations, the Bank shall aim for a profit allowing the formation of reserves and reasonable return on the paid-in capital referred to in Section 4.
d) The Bank may when specific need arises, acquire shares or other assets, in support of its business or to protect its claims.
e) The Bank shall, to the extent practicable, protect itself against the risk of exchange rate losses.

Section 11

After allocation to appropriate credit risk funds, the surplus of the Bank shall be transferred into a reserve fund until the amount equals

prósent af samþykktu stofnfé bankans. Eftir að því marki hefur verið náð skal bankaráð, að fenginni tillögu frá stjórn bankans, taka ákvörðun um skiptingu tekjuafgangs milli varasjóðsins og arðs af stofnfé sem ábyrgst er.

12. gr.

Bókhald bankans skal fært í evrum. Reikningsárið skal fylgja almanaksárinu.

Ársskýrsla stjórnar bankans og árituð reikningsskil bankans skulu lögð fyrir bankaráð til samþykktar.

Yfirstjórn.

13. gr.

Með málefni bankans fara bankaráð, stjórn bankans, framkvæmdastjóri og annað starfslið sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi hans.

14. gr.

Í bankaráði skulu sitja átta bankaráðsmenn. Sérhvert aðildarland skal tilnefna einn ráðherra til setu í bankaráði.

Bankaráð skal tilnefna formann til eins árs í senn. Aðildarlöndin skulu skiptast á að gegna formennsku í bankaráði.

Heimildir bankaráðs skulu vera eftirfarandi:

a) Breytingar á samþykktum að undanskilinni þessari 14. gr.
b) Ákvarðanir um hækkun eða lækkun samþykkts stofnfjár.
c) Ákvarðanir um álitamál varðandi túlkun og beitingu ákvæða samningsins og samþykktanna.
d) Samþykki á ársskýrslu stjórnar bankans og endurskoðuðum reikningsskilum bankans.
e) Tilnefning tveggja manna til setu í eftirlitsnefnd bankans í samræmi við 17. gr.
f) Ákvarðanir um málsmeðferð sem tengist uppsögn aðildar að bankanum.
g) Ákvörðun um að rekstri bankans skuli hætt.

Ákvarðanir bankaráðs skulu vera samhljóða. Heimilt er að taka ákvarðanir með skriflegri málsmeðferð.

10 per cent of the authorised capital stock of the Bank. Thereafter, the Board of Governors, after proposal by the Board of Directors of the Bank, shall decide upon the allocation of the surplus between the reserve fund, and dividends on the subscribed capital.

Section 12

The Bank's accounts shall be kept in euro. The financial year shall follow the calendar year.

The annual report of the Board of Directors and audited financial statements of the Bank shall be submitted to the Board of Governors for approval.

Coverance

Section 13

The Bank shall have a Board of Governors, a Board of Directors, a President, and such other personnel as is necessary to carry out its operations.

Section 14

The Board of Governors shall be composed of eight Governors. Each Member country shall be represented by the Minister designated by it as its Governor.

The Board of Governors shall appoint a Chairman for a term of one year. The chairmanship of the Board of Governors shall rotate among the Member countries.

The Board of Governors shall be vested with the following powers:

a) Amendments of the Statutes with the exception of this Section 14.
b) Decisions on increase and decrease of the authorised capital stock.
c) Decisions on questions of interpretation and application of the provisions of the Agreement and the Statutes.
d) Approval of the annual report of the Board of Directors and audited financial statements of the Bank.
e) Appointment of two members of the Control Committee in accordance with Section 17.
f) Decisions on procedures related to withdrawal of membership of the Bank.
g) Decision on liquidation of the Bank.

Decisions of the Board of Governors shall be unanimous. Decisions may be taken by a written procedure.

Bankaráð skal halda aðalfund einu sinni á ári og aðra bankaráðsfundi eftir því sem þurfa þykir.

15. gr.

Heimildir bankans skulu vera í höndum stjórnar bankans, nema að því leyti sem kveðið er á um í 14. gr., og henni er heimilt að framselja þessar heimildir til framkvæmdastjórans að því marki sem talið er við eiga.

Í stjórn bankans skulu sitja átta menn og skal hvert aðildarlandanna tilnefna einn stjórnarmann til allt að fjögurra ára í senn. Sérhvert aðildarland skal tilnefna varamann samkvæmt sömu meginreglum.

Stjórnin skal tilnefna formann og varaformann úr eigin röðum til tveggja ára. Aðildarlöndin skulu skiptast á að gegna formennsku og varaformennsku í bankaráði.

Halda skal stjórnarfundi að ákvörðun formanns eða að ósk minnst tveggja stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra.

Stjórnarfundur telst vera ályktunarhæfur ef hann sitja sjö atkvæðisbærir stjórnarmenn eða varamenn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði; ef stjórnarmaður er fjarverandi hefur varamaður frá sama aðildarlandi atkvæðisrétt. Ákvarðanir stjórnarinnar eru bindandi ef minnst fimm atkvæðisbærir stjórnarmenn styðja tillöguna í upphafi. Heimilt er að taka ákvarðanir með skriflegri málsmeðferð.

16. gr.

Framkvæmdastjórinn skal vera ábyrgur fyrir daglegri stjórn og starfsemi bankans og skal fara eftir verklagsreglum og fyrirmælum frá stjórninni.

Stjórnin skal tilnefna framkvæmdastjóra til allt að fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn skal ekki vera stjórnarmaður eða varamaður í stjórninni. Framkvæmdastjóra er heimilt að taka þátt í fundum stjórnar en hefur ekki atkvæðisrétt.

Tveir einstaklingar, sem báðir eru annaðhvort stjórnarmenn eða varamenn í stjórninni, framkvæmdastjórinn eða einstaklingur sem stjórnin hefur veitt umboð sitt, skulu rita prókúru bankans.

The Board of Governors shall hold an annual meeting and such other meetings as deemed appropriate.

Section 15

Except as provided for in Section 14, all the powers of the Bank shall be vested in the Board of Directors, which may delegate these powers to the President to the extent considered appropriate.

The Board of Directors shall be composed of eight Directors, of whom each Member country shall appoint one Director for a term of up to four years at a time. Each Member country shall appoint one alternate according to the same principles.

The Board of Directors shall appoint from among its members a Chairman and a Deputy Chairman for a term of two years. The chairmanship and the deputy chairmanship shall rotate among the Member countries.

The Board of Directors shall be convened when decided by the Chairman or at the request of at least two of the Directors or the President.

Seven members or alternates entitled to vote shall constitute a quorum. Each member shall have one vote; in the absence of a member, an alternate from the same Member country is entitled to vote. A position supported by at least five members or alternates entitled to vote shall become the decision of the Board of Directors. Decisions may also be taken by a written procedure.

Section 16

The President shall be responsible for the conduct of the current operations of the Bank and shall follow the guidelines and instructions given by the Board of Directors.

The Board of Directors shall appoint the President for a term of up to five years at a time. The President shall not be a member or an alternate of the Board of Directors. The President may participate in the meetings of the Board of Directors, but shall not vote at such meetings.

Two persons, each being either a member or an alternate of the Board of Directors, the President or a person authorised by the Board of Directors, shall sign on behalf of the Bank.

Önnur ákvæði

17. gr.

Skipa skal eftirlitsnefnd sem skal tryggja að starfsemi bankans sé í samræmi við þessar samþykktir. Eftirlitsnefndin skal vera ábyrg fyrir endurskoðun á reikningshaldi bankans og skila skýrslu endurskoðenda árlega til bankaráðs.

Í eftirlitsnefndinni skulu eiga sæti tíu menn. Nefndarmenn skulu tilnefndir til setu í allt að tvö ár í senn. Norðurlandaráð og ríkisstjórnir Eistlands, Lettlands og Litháens skulu tilnefna einn stjórnarmann frá hverju landi. Bankaráð skal tilnefna tvo stjórnarmenn sem formann og varaformann. Aðildarlöndin skulu skiptast á að gegna formennsku og varaformennsku.

18. gr.

Ef bankaráðið ákveður að rekstri bankans skuli hætt skal það taka ákvörðun um málsmeðferð þar að lútandi og tilnefna þá einstaklinga sem skulu sjá um hana.

Aðildarlöndin skulu bera ábyrgð á skuldbindingum bankans með þeim hluta stofnfjár, sem er ógreiddur, þar til gengið hefur verið frá öllum kröfum lánardrottna eða öðrum skuldbindingum bankans. Kröfur lánardrottna eða aðrar skuldbindingar skulu fyrst greiddar af eignum bankans, síðan af kröfum, sem skulu greiddar bankanum vegna skuldbindinga vegna innborgaðs stofnfjár, og að síðustu af kröfum sem skulu greiddar bankanum vegna innkallanlegs stofnfjár. Ekki skal endurgreiða aðildarlöndunum vegna innborgaðs hluts þeirra til stofnfjár, sem ábyrgst er, eða varasjóðs fyrr en gengið hefur verið frá öllum skuldbindingum. Öll skipting stofnfjár milli aðildarlandanna skal gerð í hlutfalli við heildarhlut hvers og eins þeirra í stofnfé sem ábyrgst er.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar aðildarlandanna átta undirritað samning þennan.

Gjört í Helsinki 11. febrúar 2004 í einu frumriti á ensku og sænsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Other Provisions

Section 17

A Control Committee shall be established to ensure that the operations of the Bank are conducted in accordance with these Statutes. The Control Committee shall be responsible for the audit of the Bank's accounts and shall annually deliver an auditors' report to the Board of Governors.

The Control Committee shall be composed of ten members. The members of the committee shall be appointed for a term of up to two years at a time. The Nordic Council and the Parliaments of Estonia, Latvia and Lithuania shall appoint one member from each country. The Board of Governors shall appoint two members to serve as Chairman and Deputy Chairman. The chairmanship and the deputy chairmanship shall rotate among the Member countries.

Section 18

If the Board of Governors should decide that the Bank shall enter into liquidation, the Board of Governors shall decide on the procedures of liquidation and appoint the persons to be in charge of the liquidation.

The Member countries shall be responsible for the commitments of the Bank with their uncalled subscriptions to the capital stock until all claims of creditors or other liabilities of the Bank shall have been discharged. Claims of creditors or other liabilities shall be paid first out of the assets of the Bank, secondly out of the payments to be made to the Bank in respect of commitments of paid-in capital, and then out of payments to be made to the Bank in respect of callable capital. No disbursement shall be made to Member countries on account of their paid-in share of the subscribed capital stock or from the reserve fund, until all liabilities have been discharged or provided for. All allocations of capital among the Member countries shall be made in proportion to their respective total share of the subscribed capital stock.

In witness whereof, the undersigned authorised representatives of the eight Member countries have signed this Agreement.

Done at Helsinki on 11 February 2004, in one original in the English and Swedish languages, each of these texts being equally authentic.

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Írland.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem gerður var í Dublin 17. desember 2003, öðlaðist gildi 17. desember 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2004.

Davíð Oddsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli lýðveldisins Íslands og Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Írlands,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.
Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru lagðir á vegna samningsríkis, sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, á heildareignir eða á hluta tekna eða eigna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna.

CONVENTION
between the Republic of Iceland and Ireland for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with respect to Taxes on Income and on Capital

THE GOVERNMENT OF ICELAND and THE GOVERNMENT OF IRELAND,

DESIRING to conclude a Convention for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital,

HAVE AGREED as follows:

Article 1
Persons Covered

This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting States.

Article 2
Taxes Covered

1. This Convention shall apply to taxes on income and on capital imposed on behalf of a Contracting State or of its political subdivisions or local authorities, irrespective of the manner in which they are levied.
2. There shall be regarded as taxes on income and on capital all taxes imposed on total income, on total capital, or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of movable or immovable property.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru þessir:
   a) á Íslandi:
      i) tekjuskattar ríkissjóðs,
      ii) eignarskattar ríkissjóðs, og
      iii) útsvar,
      (hér eftir nefnt „íslenskur skattur“);
   b) á Írlandi:
      i) tekjuskattur,
      ii) tekjuskattur á fyrirtæki, og
      iii) skattur á söluhagnað,
      (hér eftir nefnt „írskur skattur“).
4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.
Almennar skilgreiningar.

1. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað leiði af samhenginu:
   a) „Ísland“ merkir lýðveldið Ísland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði lýðveldisins Íslands, þar með talið landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;
   b) „Írland“ merkir sérhvert það svæði utan landhelgi Írlands sem hefur verið eða gæti síðar orðið, í samræmi við þjóðarétt og samkvæmt lögum Írlands um landgrunnið, auðkennt sem svæði þar sem Írland hefur réttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;
   c) „aðili“ merkir mann, félag, sjóð og sérhver önnur samtök aðila;
   d) „félag“ merkir sérhverja persónu að

3. The existing taxes to which the Convention shall apply are:
   a) In Iceland:
      (i) the income taxes to the state (tekjuskattar ríkissjóðs);
      (ii) the net wealth taxes to the state (eignarskattar ríkissjóðs); and
      (iii) the income tax to the municipalities (útsvar);
      (hereinafter referred to as "Icelandic tax");
   b) In Ireland:
      (i) the income tax;
      (ii) the corporation tax; and
      (iii) the capital gains tax;
      (hereinafter referred to as "Irish tax").
4. The Convention shall apply also to any identical or substantially similar taxes that are imposed after the date of signature of the Convention in addition to, or in place of, the existing taxes. The competent authorities of the Contracting States shall notify each other of any significant changes that have been made in their taxation laws.

Article 3
General Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:
   a) the term "Iceland" means the Republic of Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of the Republic of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources;
   b) the term "Ireland" includes any area outside the territorial waters of Ireland which, in accordance with international law, has been or may hereafter be designated under the laws of Ireland concerning the Continental Shelf, as an area within which the rights of Ireland with respect to the sea bed and subsoil and their natural resources may be exercised;
   c) the term "person" includes an individual, a company, a trust and any other body of persons;
   d) the term "company" means any body cor-

lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

e) „fyrirtæki“ nær til reksturs hvers konar starfsemi;

f) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;

g) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Ísland eða Írland eftir því sem samhengið gefur til kynna;

h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í samningsríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningsríkinu;

i) „bært stjórnvald“ merkir:
   i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
   ii) á Írlandi, skattstjóra (Revenue Commissioners) eða viðurkennda fulltrúa þeirra;

j) „ríkisborgari“ merkir:
   i) að því er Ísland varðar, sérhvern mann sem hefur ríkisfang á Íslandi og sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum á Íslandi;
   ii) að því er Írland varðar, sérhvern ríkisborgara á Írlandi og sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum á Írlandi;

k) „starfsemi“ felur m.a. í sér sérfræðiþjónustu og aðra sjálfstæða starfsemi.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigporate or any entity that is treated as a body corporate for tax purposes;

e) the term “enterprise” applies to the carrying on of any business;

f) the terms “enterprise of a Contracting State” and “enterprise of the other Contracting State” mean respectively an enterprise carried on by a resident of a Contracting State and an enterprise carried on by a resident of the other Contracting State;

g) the terms “a Contracting State” and “the other Contracting State” mean Iceland or Ireland as the context requires;

h) the term “international traffic” means any transport by a ship or aircraft operated by an enterprise which has its place of effective management in a Contracting State, except when the ship or aircraft is operated solely between places in the other Contracting State;

i) the term “competent authority” means:
   (i) in the case of Iceland, the Minister of Finance or his authorised representative;
   (ii) in the case of in the case of Ireland, the Revenue Commissioners or their authorised representative;

j) the term “national” means:
   (i) in relation to Iceland, any individual possessing the nationality of Iceland and any legal person, partnership or association deriving its status as such from the laws in force in Iceland;
   (ii) in relation to Ireland, any citizen of Ireland and any legal person, partnership, association or other entity deriving its status as such from the laws in force in Ireland;

k) the term “business” includes the performance of professional services and of other activities of an independent character.

2. As regards the application of the Convention at any time by a Contracting State any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning that it has at that time under the law of that State for the purposes of the taxes to which the Convention applies, any meaning under the applicable tax laws of that State prevailing

andi skattalögum þess ríkis, skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.
Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki" sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem þar eru staðsettar.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

   a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

   b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

   c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

   d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

over a meaning given to the term under other laws of that State.

Article 4
Resident

1. For the purposes of this Convention, the term "resident of a Contracting State" means any person who, under the laws of that State, is liable to tax therein by reason of his domicile, residence, place of management or any other criterion of a similar nature, and also includes that State and any political subdivision or local authority thereof. This term, however, does not include any person who is liable to tax in that State in respect only of income from sources in that State or capital situated therein.

2. Where by reason of the provisions of paragraph 1 an individual is a resident of both Contracting States, then his status shall be determined as follows:

   a) he shall be deemed to be a resident only of the State in which he has a permanent home available to him; if he has a permanent home available to him in both States, he shall be deemed to be a resident only of the State with which his personal and economic relations are closer (centre of vital interests);

   b) if the State in which he has his centre of vital interests cannot be determined, or if he has not a permanent home available to him in either State, he shall be deemed to be a resident only of the State in which he has an habitual abode;

   c) if he has an habitual abode in both States or in neither of them, he shall be deemed to be a resident only of the State of which he is a national;

   d) if he is a national of both States or of neither of them, the competent authorities of the Contracting States shall settle the question by mutual agreement.

3. Where by reason of the provisions of paragraph 1 a person other than an individual is a resident of both Contracting States, then it shall be deemed to be a resident only of the State in which its place of effective management is situated.

5. gr.
Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.
2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:
   a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
   b) útibús;
   c) skrifstofu;
   d) verksmiðju;
   e) verkstæðis; og
   f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.
3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að það sé til staðar eða hún standi yfir lengur en tólf mánuði.
4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
   a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
   b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;
   c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
   d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
   e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
   f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.
5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningsríki til að gera samninga fyrir fyrir-

Article 5
Permanent Establishment

1. For the purposes of this Convention, the term "permanent establishment" means a fixed place of business through which the business of an enterprise is wholly or partly carried on.
2. The term "permanent establishment" includes especially:
   a) a place of management;
   b) a branch;
   c) an office;
   d) a factory;
   e) a workshop; and
   f) a mine, an oil or gas well, a quarry or any other place of extraction of natural resources.
3. A building site or construction or installation project constitutes a permanent establishment only if it lasts more than twelve months.
4. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, the term "permanent establishment" shall be deemed not to include:
   a) the use of facilities solely for the purpose of storage, display or delivery of goods or merchandise belonging to the enterprise;
   b) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of storage, display or delivery;
   c) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of processing by another enterprise;
   d) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of purchasing goods or merchandise or of collecting information, for the enterprise;
   e) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of carrying on, for the enterprise, any other activity of a preparatory or auxiliary character;
   f) the maintenance of a fixed place of business solely for any combination of activities mentioned in subparagraphs a) to e), provided that the overall activity of the fixed place of business resulting from this combination is of a preparatory or auxiliary character.
5. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, where a person - other than an agent of an independent status to whom paragraph 6 applies - is acting on behalf of an enterprise

tækið og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta - þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. - hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi í því ríki fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

7. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða hefur með höndum starfsemi í hinu ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

and has, and habitually exercises, in a Contracting State an authority to conclude contracts in the name of the enterprise, that enterprise shall be deemed to have a permanent establishment in that State in respect of any activities which that person undertakes for the enterprise, unless the activities of such person are limited to those mentioned in paragraph 4 which, if exercised through a fixed place of business, would not make this fixed place of business a permanent establishment under the provisions of that paragraph.

6. An enterprise shall not be deemed to have a permanent establishment in a Contracting State merely because it carries on business in that State through a broker, general commission agent or any other agent of an independent status, provided that such persons are acting in the ordinary course of their business.

7. The fact that a company which is a resident of a Contracting State controls or is controlled by a company which is a resident of the other Contracting State, or which carries on business in that other State (whether through a permanent establishment or otherwise), shall not of itself constitute either company a permanent establishment of the other.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

Article 6

Income from Immovable Property

1. Income derived by a resident of a Contracting State from immovable property (including income from agriculture or forestry) situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. The term "immovable property" shall have the meaning which it has under the law of the Contracting State in which the property in question is situated. The term shall in any case include property accessory to immovable property, livestock and equipment used in agriculture and forestry, rights to which the provisions of general law respecting landed property apply, usufruct of immovable property and rights to variable or fixed payments as consideration for the working of, or the right to work, mineral deposits, sources and other natural resources; ships, boats and aircraft shall not be regarded as immovable property.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis.

7. gr.
Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíka starfsemi með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð

3. The provisions of paragraph 1 shall apply to income derived from the direct use, letting or use in any other form of immovable property.

4. The provisions of paragraphs 1 and 3 shall also apply to the income from immovable property of an enterprise.

Article 7
Business Profits

1. The profits of an enterprise of a Contracting State shall be taxable only in that State unless the enterprise carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein. If the enterprise carries on business as aforesaid, the profits of the enterprise may be taxed in the other State but only so much of them as is attributable to that permanent establishment.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, where an enterprise of a Contracting State carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting State be attributed to that permanent establishment the profits which it might be expected to make if it were a distinct and separate enterprise engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the enterprise of which it is a permanent establishment.

3. In determining the profits of a permanent establishment, there shall be allowed as deductions expenses which are incurred for the purposes of the permanent establishment, including executive and general administrative expenses so incurred, whether in the State in which the permanent establishment is situated or elsewhere.

4. Insofar as it has been customary in a Contracting State to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the method of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.

5. No profits shall be attributed to a permanent

eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.

6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.
7. Where profits include items of income or gains which are dealt with separately in other Articles of this Convention, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunverulega framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
